



Greinargerð fagsviða og B-hluta fyrirtækja

með frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2022

Lagt fram í borgarráði 28. október 2021

EFNISYFIRLIT

A-hluti

FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐ	6
ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ.....	15
MANNAUÐS- OG STARFSUMHVERFISSVIÐ	27
MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ.....	33
SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ	47
UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ	59
VELFERÐARSVIÐ.....	71
ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ	85
SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU	96
EIGNASJÓÐUR.....	109
SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR	116
FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA	117

B-hluti

FAXAFLÓAHAFNIR.....	121
FÉLAGSBÚSTAÐIR	127
MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF.....	135
ORKUVEITA REYKJAVÍKUR	141
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.	155
STRÆTÓ BS.....	163
SORPA BS.	171


A-HLUTI

FJÁRMÁLA- OG ÁHÆTTUSTÝRINGARSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Fagmennska, áreiðanleiki, gagnsæi, hagkvæmni, samvinna, stuðningur.

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022*

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Rekstrartekjur	48.313	46.826	46.826
Tekjur samtals	48.313	46.826	46.826
Laun og launatengd gjöld	1.052.607	1.133.961	1.209.870
Annar kostnaður	210.178	282.633	249.419
Rekstrargjöld samtals	1.262.785	1.416.594	1.459.289
Rekstrarniðurstaða	1.214.473	1.369.768	1.412.463

*Rekstur Eignaskrifstofu færast í Eignasjóði og er undanskilinn í þeim tölum sem hér birtast.

HLUTVERK

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur yfirumsjón með fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og veitir kjörnum fulltrúum og stjórnendum upplýsingar, stuðning og aðhald á sviði fjármála og rekstrar. Sviðið ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlana og er ráðgefandi við stefnumörkun um fjárhagsleg viðfangsefni. Sviðið ber ábyrgð á bókhaldi og uppgjörum, launavinnslu, fjárstýringu og innheimtu. Sviðið fer með ráðgjöf á sviði innkaupa og ber ábyrgð á að farið sé að innkaupareglum og lögum um opinber innkaup. Sviðið ber ábyrgð á mörkun og innleiðingu áhættustefnu Reykjavíkurborgar og leiðir áhættustýringu borgarinnar. Þá fer sviðið með eigandafyrirsvar Reykjavíkurborgar og gegnir samhæfingar- og eftirlitshlutverki um upplýsingagjöf á sviði rekstrar og fjárfestinga.

Fjármála- og áhættustýringarsvið skiptist í: áætlana- og uppgjörsskrifstofu, innkaupaskrifstofu, launaskrifstofu, bókhaldsskrifstofu, skrifstofu áhættustýringar, eignaskrifstofu og fjárstýringar- og innheimtuskrifstofu auk skrifstofu sviðsstjóra.


STARFSFÓLK

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi starfsmanna	109	109	109
Fjöldi stöðugilda	99	106	106
Eftir skrifstofum / þjónustupáttum:			
Áætlana- og uppgjörsskrifstofa	10	10	9
Skrifstofa áhættustýringar	5	5	5
Bókhaldsskrifstofa	25	25	26
Launaskrifstofa	26	26	27
Innkaupaskrifstofa	7	8	8
Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa	8	8	8
Eignaskrifstofa*	5	5	6
Skrifstofa sviðsstjóra	4	7	7
Upplýsinga- og gagnadeild (með tímab.verke.)	9	12	10

*Rekstur Eignaskrifstofu í Eignasjóði.

SKIPTING REKSTRAR 2022

Sundurliðun á skrifstofur



Skipting útgjalda



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjármála- og áhættustýringarsvið hóf starfsemi þann 1. júní 2019. Megináherslur í starfsemi sviðsins er að skerpa á hlutverki og áherslum þess sem kjarnasviðs. Markmið fjármála- og áhættustýringarsviðs er að stuðla að skilvirkni til að bæta þjónustu við kjörna fulltrúa, íbúa og stjórnendur með gagnsæri miðlun upplýsinga um fjármál og rekstur og stuðla að upplýstri ákvarðanatöku, hagkvæmni og ráðdeild í rekstri.

Framtíðarsýn fjármála- og áhættustýringarsviðs er:

„Öflugt svið sem stýrir fjármálum Reykjavíkurborgar af stefnufestu og áreiðanleika“

Í því felst:

- Faglegur og áreiðanlegur stuðningur við yfirstjórn vegna fjármálastjórnunar.
- Virk áhættustýring í daglegu starfi og stefnumörkun borgarstjórnar til framtíðar.
- Þjónusta við fagsvið og kjarnasvið sé fagleg, aðgengileg og góð. Góður stuðningur á sviði fjármála- og áhættustýringar. Öflug þekkingarmiðlun.
- Upplýsingakerfi og hugbúnaður til skráningar, greiningar á rekstri, skila og framsetningar á gögnum vegna m.a. fjárhagsáætlunar, launavinnslu og stjórnsýslu séu samhæfð, aðgengileg og notendavæn.
- Öflug miðlun upplýsinga til yfirstjórnar, fagraða og stjórnenda með áherslu á að styðja við og bæta ákvarðanatöku.
- Gagnsæ og aðgengileg miðlun upplýsinga til íbúa.
- Stjórnsýsla sviðsins sé fagleg og straumlínulöguð.
- Sviðið verði eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öflugt og vel menntað fólk.

Megináherslur sviðsins árið 2022 verða á eftirfarandi sviðum:

- Eftirfylgni með markmiðum fjármálastefnu og aðgerðaráætlun í fjármálum vegna fimm ára áætlunar.
- Innleiðing á heildstæðri áhættustýringu hjá Reykjavíkurborg.
- Endurbætur á upplýsingakerfum og líkönum vegna vinnslu fjárhagsáætlunar og samantektar á skýrslum.
- Rafvæðing ferla með áherslu á launaferla.
- Fræðsla, upplýsingagjöf og bætt vinnuumhverfi vegna innkaupa.
- Skýrslugjöf og eftirlit með fjárfestingaverkefnum.
- Þarfagreina og skýra sýn borgarinnar varðandi fjármálatækni og notkun ERP kerfa.
- Efla þjónustu við notendur mannauðs- og fjárhagsupplýsingakerfa.
- Innleiða nýjar áherslur á sviði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar og efla fræðslu.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Áætlana- og uppgjörsskrifstofa

Meginhlutverk áætlana- og uppgjörsskrifstofu er vinnsla uppgjöra og gerð fjárhagsáætlunar fyrir A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar með samræmingu fjárhagslegra upplýsinga og skýrslugerðar til stjórnenda og ráða að leiðarljósi. Í því skyni hefur skrifstofan sett sér þau markmið að endurbæta grunnupplýsingakerfi borgarinnar vegna vinnslu fjárhagsáætlunar og samantektar á skýrslum og reglubundnum uppgjörum og bæta með þeim hætti aðgengi að upplýsingum, auka gagnsæi og rekjanleika.

Unit4 Business Books sem er aðgengilegt upplýsingakerfi til að útfæra áætlunarlíkön fyrir stofnanir og þjónustuþætti var tekið í notkun hjá öllum sviðum borgarinnar og miðlægri stjórnsýslu á árinu. Á næsta ári mun þróun kerfisins halda áfram og vonir standa til að kerfið muni einnig verða notað við rammaúthlutun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023. Á árinu var einnig klárað úthlutunarlíkan fyrir rekstur grunnskóla í samstarfi við skóla- og frístundasvið. Væntingar eru um að á komandi mánuðum muni fleiri úthlutunarlíkön verða endurskoðuð í samstarfi við svið borgarinnar. Ný áætlunarkerfi munu til framtíðar hafa umtalsverð áhrif á allt verklag við vinnslu fjárhagsáætlunar, bæta stýringu fjárheimilda og greiningar, auka gagnsæi og aðgengi að gögnum.

Innleitt hefur verið samstæðuuppgjör- og áætlanakerfi Unit4 FPM (Financial Performance Management) og hefur það verið nýtt við uppgjör og gerð áætlana um nokkurt skeið. Áfram verður unnið við að þróa og bæta verkferla þannig að uppgjörskerfið nýtist sem best. Markmiðið er að tryggja skilvirkt flæði á milli bókhalds, uppgjör og áætlunar auk skilvirks flæðis milli borgarinnar og B-hluta fyrirtækja. Innleiðingin er hluti af heildstæðri endurskipulagningu á fjárhagsupplýsingakerfum Reykjavíkurborgar með hliðsjón af breyttum þörfum almennt, nýjum áherslum varðandi meðhöndlun gagna og auknum kröfum á sviði upplýsingamiðlunar.

Skrifstofa áhættustýringar

Markmið skrifstofu áhættustýringar er styðja við meginmarkmið borgarinnar og sviða hennar, að styrkja grundvöll ákvarðanatöku innan borgarinnar og tryggja að settum lögum og reglum sé fylgt í starfsemi. Markmið og hlutverk skrifstofunnar er jafnframt að vakta fjárhagslegar áhættur, upplýsa og vara við óhagstæðri þróun á sviði efnahagsmála og áhrifa á rekstur borgarinnar.

Áhættustefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn 15. júní 2021. Skrifstofa áhættustýringar hefur verið falið að innleiða stefnuna og fylgja henni eftir ásamt aðgerðaráætlun til ársins 2023.

Áhersla er lögð á að halda áfram innleiðingu áhættustjórnunar og kortleggja og greina meginferla borgarinnar út frá áhættum og flöskuhálsum. Tilgangur greiningarinnar er m.a. að varpa ljósi á þær innri og ytri áhættur sem geta komið í veg fyrir að mikilvæg markmið borgarinnar og sviða hennar náist, og greina hvar sóun er að finna í núverandi verklagi. Í kjölfarið verður innra eftirlit með áhættum borgarinnar mótað í takt við mikilvægi þeirra og tillögur lagðar fram að úrbótum og tækifærum sem eyða út áhættum og flöskuhálsum í meginferlunum.

Einnig verður lögð áhersla á að koma á fót áhættugrunni fyrir verkefni borgarinnar, en þar skal haldið utan um helstu áhættuþætti hvers verkefnis, þá tjónaáhættu sem áhættunum fylgir, ásamt sérstöku utanumhaldi í kringum þá atburði sem haft hafa neikvæð áhrif á verkefni borgarinnar. Samhliða verður þróuð aðferðafræði sem hjálpar til við forgangsroðun verkefna út frá samfélagslegum ábata og áhættulandslagi verkefna.

Lögð verður áhersla á að koma á fót miðlæggu atvikaskráningarkerfi fyrir borgina, en atvik eru rekstraráhættur borgarinnar sem hafa raungerst. Með því að orsakagreina atvik verður í mörgum tilfellum hægt að koma í veg fyrir að samskonar atvik eigi sér stað ítrekað, og draga þannig úr fjárhagslegum kostnaði og orðsporstjóni borgarinnar.

Bókhaldsskrifstofa

Markmið bókhaldsskrifstofu er að tryggja faglega, örugga, skjóta, áreiðanlega og vandvirka bókun reikninga í fjárhagsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar og tryggja skilvirkt flæði á milli bókhalds, uppgjörs og áætlunar. Áhersla er á rafræna ferla og sem bestri nýtingu upplýsingatækni.

Áfram verður unnið að umbótum í verkferlum sem taka mið af farsælli innleiðingu rafrænna reikninga hjá Reykjavíkurborg. Í dag eru hátt í 75% reikninga rafrænir og unnið er að enn frekari móttöku rafrænna reikninga með birgjum. Stefnt er að því að auka hlut rafrænna reikninga frá birgjum enn frekar og gert ráð fyrir að allir birgjar sem borgin er í reglubundnum viðskiptum við sendi einungis rafrænna reikninga á næstu árum. Nýr samevrópskur staðall: EN 16931 um rafræn viðskiptaskeyti rafrænna reikninga var tekinn upp í ársbyrjun 2021, í samstarfi við valin sveitarfélög og opinber fyrirtæki, með styrk frá Evrópusambandinu. Í kjölfarið verður unnt að ná fram enn meiri sjálfvirkni í bókun reikninga sem nú er unnið að.

Áfram verður unnið að einföldun og hagræðingu í verkferlum og innlestri gagna í fjárhagskerfi borgarinnar frá öðrum kerfum. Fyrirhuguð er áframhaldandi vinna við endurskoðun bókhaldslíkans Reykjavíkurborgar með það að markmiði að nýta enn betur fjárhagsupplýsingakerfið Unit4 Business World (Agresso) og einfalda enn frekar verklag og vinnubrögð. Áfram verður unnið að endurskoðun á fjárhagslíkani Reykjavíkurborgar í samráði við stjórnendur FAS. Markmiðið er að einfalda og samræma uppsetningu og notkun fjárhagslíkansins, skerpa á ábyrgð og bæta upplýsingagjöf. Fjárhagsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar Agresso var uppfært á árinu 2020. Í framhaldi af þeirri uppfærslu er gert ráð fyrir að ýmsar nýjungar verði skoðaðar með öðrum skrifstofum FAS.

Launaskrifstofa

Markmið launaskrifstofu er að veita stjórnendum og starfsmönnum borgarinnar skilvirka og áreiðanlega þjónustu vegna afgreiðslu launa og greiða rétt laun á réttum tíma.

Lögð verður áhersla á að styrkja launaskrifstofu í hlutverki sínu. Það verður gert með því að styrkja umgjörðina í kringum SAP launakerfi borgarinnar og að rafvæða ferla launaskrifstofu. Markvisst verður unnið í því að lágmarka áhættu í launaferli borgarinnar. Lögð verður áhersla á að auka veg rafrænna undirskrifa sem eru nú á byrjunarstigi. Með aukinni rafvæðingu verður horft sérstaklega til skila á ráðningasamningum og fylgigögnum við launasetningu. Til að halda betur utan um þá þjónustu og auka skilvirkni hennar verður skoðað að innleiða þjónustubeiðnakerfi fyrir launaskrifstofu. Lagt verður mat á hvort tengja eigi þjónustubeiðnakerfið við gátt fyrir innri og ytri aðila til að kalla eftir gögnum. Með því væri hægt að auka aðgengi að upplýsingum og netöryggi gagna.

Áhersla verður lögð á styrkingu launaskrifstofu til að hún geti sinnt hlutverki sínu í flóknu umhverfi betri vinnutíma í kjölfar styttingar vinnuvikunnar og fjölgunar starfsstaða og þar með borgarstarfsmanna. Jafnframt verður unnið að hönnun á kvörðum sem skýra álag á störf launaráðgjafa. Unnið verður að uppfærslu gæðahandbókar launaskrifstofu. Með því verður verklag og vinnuferli launavinnslu skilvirkara og samræmt. Launaskrifstofa leggur áherslu á að allir starfsmenn borgarinnar geti treyst á sambærilega vinnslu sinna mála og að jafnræði verði tryggt eftir þeim ramma sem kjarasamningar setja. Einnig verður lögð áhersla á að fjölga þeim mælikvörðum sem launaskrifstofa notar til að fylgja eftir innri gæðaúttektum. Þannig er hægt að bæta ferla og auka samhæfingu.

Innkaupaskrifstofa

Markmið innkaupaskrifstofu er að veita stjórnendum og starfsfólki faglega ráðgjöf og aðhald á sviði innkaupa og hafa eftirlit með að farið sé að lögum, reglum og stefnumótun Reykjavíkurborgar á sviði innkaupa.

Áfram verður lögð áhersla á nýtingu upplýsingatækni sem á að stuðla að aukinni skilvirkni vegna innkaupa- og útboðsmála ásamt bættri þjónustu við starfsfólk og birgja Reykjavíkurborgar.

Bakgrunnur stjórnenda og starfsmanna sem fara með innkaup fyrir hönd borgarinnar er mismunandi en allir þurfa að vinna innan ramma laga og reglna sem opinberum innkaupum eru sett. Stefnt er að aukinni fræðslu fyrir mismunandi hópa þar sem ákveðnir þættir eru teknir til umfjöllunar og úrlausnar. Innkaupaskrifstofu tókst að aðlaga sig að breyttu landslagi tengt samkomutakmörkunum og nýtti sér upplýsingatækni meðal annars við fræðslu og önnur störf.

Innkaupaskrifstofa mun áfram vinna að því að uppfæra stöðluð sniðmát útboðsgagna en einnig er verið að vinna að gerð staðlaðra umhverfiskrafna sem kaupendur geta kynnt sér og sett inn eftir þörfum í samræmi við verkefni hverju sinni. Í kjölfarið verður bætt við þessa flóru þar sem fleiri kröfur svo sem vegna eigna- og afnotaréttar. Allt ofangreint hjálpar kaupendum að framfylgja stefnumótun Reykjavíkurborgar við innkaup og auðveldar innkaupaskrifstofu að veita sérhæfðari ráðgjöf á þessu sviði.

Verið er að leggja lokahönd á notendavæna framsetningu á leiðbeiningum til kaupanda á innri vef borgarinnar varðandi meginferli innkaupa, frá því að ákvörðun er tekin um að fara í tiltekin innkaup og þar til samningur er kominn á. Innkaupaskrifstofa hefur uppfært meginferil innkaupa og undirferil innkaupa, sem gefur betri birtingarmynd frá þörf á vöru eða þjónustu þangað til samningstíma er lokið og verk fullunnið eða vara afhent. Þetta hefur nýst á fleiri sviðum en með þessum feril var hægt að bæta feril varðandi græn fjármál.

Innkaupaskrifstofa mun áfram stuðla að aukinni notkun upplýsingatækni sem tengjast útboðs- og innkaupaferlum og nú stendur meðal annars yfir innleiðing á rafrænum undirritunum á útboðsvef Reykjavíkurborgar sem gefur þjóðendum kost á að undirrita tilboð sín með rafrænum hætti. Að lokinni þeirri innleiðingu mun það gera Reykjavíkurborg kleift að framkvæma alla útboðsferla Reykjavíkurborgar með 100% rafrænum hætti.

Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa

Markmið skrifstofunnar er að samræma og bæta þjónustu við innri og ytri viðskiptavinum skrifstofunnar með því að samræma verkferla og auka öryggi í vinnslu upplýsinga. Þannig verður betur hægt að veita örugga, tímanlega og skilvirka þjónustu auk þess sem aðgengi að upplýsingum verður tryggara.

Áhersla verður á skilvirka lána- og lausafjárstýringu sem miðar að því að Reykjavíkurborg hafi gott aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs auk þess að lágmarka lántökukostnað og hámarka ávöxtun á laust fé. Áhersla verður á að setja skýra mælikvarða um árangur og fylgja þeim eftir með skýrslugjöf í samræmi við fjárstýringarstefnu Reykjavíkurborgar og fjárstýringarreglur.

Á undanförunum árum hefur fjárstýringardeild farið í útboð á þjónustubáttum sem tengjast innheimtu borgarinnar, s.s. fruminnheimtu, milli- og löginheimtu og stefnt er að því að fara í útboð á færsluhirðingu og boðgreiðsluþjónustu. Meginmarkmiðið með því að fara í útboð á fjármálaþjónustu er að tryggja örugga, tímanlega og skilvirka þjónustu, lágmarka kostnað borgarbúa og borgarsjóðs vegna fjármálaþjónustu og bæta upplýsingagjöf til borgarbúa og borgarsjóðs.

Stefnt er að því að sameina alla innheimtu borgarinnar með það að markmiði að einfalda ferla, auka skilvirkni, hagkvæmni og fagmennsku og ná enn frekari árangri í því á árinu 2022.

Eignaskrifstofa

Eignaskrifstofa fer með eigendafyrirsvar fyrir hönd Eignasjóðs Reykjavíkurborgar sem er einn stærsti fasteignasjóður landsins með yfir 300 fasteignir. Sjóðurinn fer með rekstur, viðhald, kaup og sölu eigna borgarinnar. Einnig fer skrifstofan með lönd, lóðir, samgöngumannvirki og aðrar fasteignir.

Markmið skrifstofunnar er vönduð eignaumsýsla í nánú samstarfi við stofnanir og aðra sem málið varðar, með hag borgarbúa að leiðarljósi.

Áhersla verður lögð á að þróa utanumhald, framsetningu og skýrslugjöf vegna fjárfestinga og fjárfestingaráætlunar í samvinnu við önnur svið Reykjavíkurborgar. Auk þess verður haldið áfram að yfirfara verklag og ferla vegna eftirlits með fjárfestingaverkefnum, þróa mælikvarða vegna rekstrar og framsetningu þeirra.

Þá er mikilvægt að þróa og rafvæða utanumhald um tilkynningar, meðhöndlun og afgreiðslu tjónamála.

Á árinu 2022 er gert ráð fyrir að ganga frá nýjum þjónustusamningi við umhverfis- og skipulagssvið.

Mótað verður nýtt starf rekstarstjóra mannvirkja í Úlfarsárdal, en eignaskrifstofu hefur verið falið að bera ábyrgð á sameiginlegum rekstri mannvirkjanna og stoðþjónustu á sviði ræstingar, mótuneytis, o.fl.

Skrifstofa sviðsstjóra

Markmið skrifstofunnar er að stuðla að faglegri og áreiðanlegri stjórnsýslu við afgreiðslu erinda, styðja við og fylgja eftir stefnumörkun sviðsins og hafa eftirlit með rekstri þess og þjónustu við stofnanir borgarinnar. Hlutverk skrifstofunnar er að jafnframt að styðja við stjórnendur og starfsemi sviðsins, með áherslu á mannauð og fræðslu.

Stuðningur við yfirstjórn á sviði fjármála og eftirfylgni með fjármálastefnu og fjárhagsáætlun er megin verkefni sviðsins. Áhersla er lögð á að takast á við áskoranir í fjárhagsumhverfi borgarinnar í kjölfar efnahagslegra áhrifa af Covid-19 heimsfaraldrinum. Stefna Reykjavíkurborgar er að vaxa út úr niðursveiflunni með Græna planinu sem er stefnumörkun í þremur víddum sjálfbærni; efnahags-, umhverfis- og samfélagslega; og sóknaráætlun til ársins 2030. Eftirfylgni með aðgerðaráætlun borgarinnar vegna fimm ára áætlunar verður eitt meginverkefni FAS.

Lögð verður áhersla á leiðandi hlutverk FAS í innkaupum með nýjum innkaupastjóra. Áhersla verður á stefnumörkun, skipulag og samhæfingu innkaupa og leita hagkvæmustu lausna í innkaupum og rekstri.

Sviðið leggur áherslu á stafræna umbreytingu í ferlum og rekstri. Unnið er að kortlagningu á meginferlum, áhættumati og tækifærum til umbóta með hliðsjón af stafrænni umbreytingu.

Upplýsinga- og gagnadeild (UGD) þjónustar skrifstofur sviðsins og notendur fjárhags- og mannauðskerfa ásamt því að stuðla að framþróun á sviði fjármálatækni. Áhersla er lögð á að byggja upp fjármála- og mannauðsupplýsingakerfi borgarinnar með hliðsjón af þörfum stjórnenda, starfsmanna og sérfræðinga. Unnið verði að því að skýra og skerpa framtíðarsýn borgarinnar varðandi kerfislegt utanumhald og notkun hugbúnaðar. Þá hefur UGD yfirsýn og veitir stuðning við upplýsingatækniverkefni sviðsins. Áfram verður unnið með fjölmörg þróunarverkefni sem snúa að innleiðingu nýrra upplýsingakerfa og/eða þróunar á núverandi hugbúnaði.

Áhersla er á þróun mælikvarða og miðlun stefnu og árangurs í umhverfis-, samfélags- og efnahagsmálum. Reykjavíkurborg hefur innleitt tvo ISO-staðla af þremur í samvinnu við WCCD (World Council of City Data) þ.e. ISO 37120 staðalinn um sjálfbærni borga og ISO 37122 snjallborgarstaðalinn. Unnið verður að því að innleiða þriðja staðalinn ISO 37123 um þanþol borga (e. resilience) á árinu 2022. Þá verður unnið að auknu aðgengi starfsstöðva að losunarbókhaldi og þróun á heildstæðum ársreikningi Reykjavíkurborgar.

Unnið er að því að rafvæða styrkjaferla borgarinnar og er markmiðið að því verkefni verði lokið um mitt næsta ár. Sem fyrr verður lögð áhersla á að samræma og tryggja aðgengilega framsetningu á fjárhagslegum upplýsingum, kennitölum og lykiltalnahagreiðingum.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Vegna ólíkrar stöðu borgarbúa, eftir kyni og öðrum breytum, hefur tekjuöflun og ráðstöfun borgarinnar mismunandi áhrif á þeirra tækifæri til lífs og leiks, vinnu og menntunar. Kynjuð fjárhagsáætlun tekur mið af mismunandi stöðu fólks, og leitast eftir því að þjónusta og gæði mæti mismunandi þörfum sem best.

Markmiðið er að samþætta mannréttindastefnu borgarinnar við alla fjárhags- og starfsáætlunargerð og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun hjá Reykjavíkurborg er stýrt í samvinnu milli fjármála- og áhættustýringarviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Helstu verkfæri í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg eru annars vegar greining þjónustubátta og hins vegar jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum á samþykktri fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna í áætlun komandi árs. Í upphafi árs 2021 var skipaður starfshópur sem hafði það hlutverk að endurskoða framkvæmd og skipulag jafnréttisskimunar og jafnréttismats. Fulltrúi frá fjármála- og áhættustýringarviði tók þátt í vinnunni ásamt því að verkefnisstjóri KFS, sem nú er staðsett tímabundið á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, stýrði starfi hópsins. Starfshópurinn skilaði af sér tillögum að framtíðarskipulagi um mitt ár 2021 og unnið er að því að innleiða breytingar fyrir árið 2022.

Skipaður er pólitískur stýrihópur sem hefur það meginverkefni að skilgreina hvert Reykjavíkurborg stefnir í innleiðingu kynjaðra fjármála og skilgreina framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið. Á fag- og kjarnasviðum borgarinnar eru starfræktir starfshópar sem hafa það hlutverk að fylgja eftir greiningu þjónustubátta og vinnslu jafnréttisskimana og –mata á sínu sviði.

Á fjármála- og áhættustýringarviði er starfræktur starfshópur sem hefur það hlutverk að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu skv. reglum um gerð fjárhagsáætlunar. Helsta verkefni hópsins á árinu 2021 var að vinna að greiningu á nýtingu fjármuna til þeirra verkefna borgarinnar sem er beint sérstaklega að innflytjendum, í samræmi við aðgerðir í stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Reykjavíkurborg hefur átt í góðu samstarfi við innlenda sem og erlenda aðila varðandi vinnu við kynjaða fjárhagsáætlun. Sem dæmi má nefna samstarf við Háskóla Íslands varðandi greiningar á verkefnum sem tengjast innleiðingu borgarinnar á KFS. Undirritaður hefur verið samningur um áframhaldandi samstarf á þessu sviði.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2016	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útsp. 2021	Áætlun 2022
Reikningar frá birgjum alls	246.560	249.489	260.025	260.780	251.988	267.000	250.000
Rafrænir birgjareikningar (SPAN og UBL)	147.201	151.106	159.645	163.775	175.801	173.000	180.000
Hlutfall rafrænna birgjareikninga	60%	61%	62%	63%	70%	68%	72%
Hlutfall rafrænna reikninga með innrreikn.	62%	63%	63%	65%	72%	70%	75%
Fjöldi uppgjara (A, A+, B, AS, ES, Aflvaki, Þjóðarleikvangur)	49	45	42	42	42	42	42




ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASVIÐ

LEIÐARLJÓS

Borgarbúum sé sköpuð jákvæð umgjörð til íþróttta- og tómstundaiðkunar þar sem fjölbreytileiki, fagmennska og virðing ríkir

SKIPURIT



HLUTVERK

- Rekstur sundlauga, íþróttamannvirkja, Ylstrandar, Sigluness, Skíðasvæða, Hins hússins og Fjölskyldugarðsins.
- Stuðla að virkri þátttöku borgarbúa í starfsemi þar sem í fyrirrúmi er vellíðan, heilbrigði, upplifun og þroskandi viðfangsefni.
- Eiga gott samstarf við ÍBR, íþróttta- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að þjónustu við íbúa borgarinnar á sviði íþróttta- og tómstundamála.
- Veita þjónustu sem er aðgengileg og einkennist af fordómaleysi og umhyggju.
- Tryggja að öryggi í starfsemi ÍTR sé í fyrirrúmi.
- Efla og þróa fagumhverfi í þjónustu ÍTR.
- Búa starfsfólki gott umhverfi til að þróast í starfi.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Rekstrartekjur	1.504.510	1.701.984	1.909.138
Tekjur samtals	1.504.510	1.701.984	1.909.138
Laun og launatengd gjöld	2.770.013	3.019.637	3.436.567
Innri leiga	3.111.191	3.236.761	3.404.099
Annar kostnaður	4.896.279	4.831.817	4.942.502
Rekstrargjöld samtals	10.777.483	11.088.215	11.783.168
Rekstrarniðurstaða	9.272.972	9.386.231	9.874.030

STARFSFÓLK


	Áætlun 2022
Vinnuframlag	371
Stöðugildi	318
Yfirvinna	96.208
Vaktir	142.650

MEGINÁHERSLUR 2022 – BREYTINGAR FRÁ FYRRA ÁRI


Starfsemi íþróttá- og tómstundasviðs (ÍTR) snýr að stærstum hluta að almennri þjónustu við borgarbúa í íþróttá- og tómstundamálum og stuðningi við félög og samtök sem standa fyrir slíkri starfsemi. Á vegum ÍTR er meðal annars rekstur sundlauga, Hins Hússins, Sigluness, Ylstrandar, Fjölskyldugarðsins, íþróttamannvirkja, íþróttavalla og skíðasvæða. ÍTR hefur umsjón með styrkveitingum til íþróttá- og æskulýðsfélaga, Frístundakortinu og annast samskipti fyrir hönd borgaryfirvalda við íþróttá- og æskulýðsfélög og samtök þeirra. Byrjað er að vinna eftir nýrri íþróttastefnu sem var unnin og samþykkt í borgarstjórn árið 2020 og gildir til 2030.

REKSTUR 2022

Skipting rekstrarramma:



Skipting rekstrarkostnaðar:



MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Fjármál

Fjárhagsáætlun ÍTR er gerð miðað við forsendur fjárhagsáætlunar 2022. Gjaldskrár ÍTR hækka í samræmi við forsendur Reykjavíkurborgar samkvæmt áætlaðri þróun verðlags árið 2021 í samræmi við nýjustu spá Seðlabankans og verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar 2022 eða um 4,1%.

Gert er ráð fyrir að verðbætur komi á annan rekstrarkostnað þegar um er að ræða skuldbindingar í samningum gagnvart þriðja aðila í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar um 2,4% hækkun á vísitölu neysluverðs.

Launahækkningar eru bættar í samræmi við kjarasamninga, auk þess er bættur kostnaður vegna styttingu vinnuvikunnar en hann hefur töluverð áhrif á stöðugildin í sundlaugunum.

Gert er ráð fyrir hagræðingu á sviðinu sem nemur 1% af launakostnaði. Hagræðing er reiknuð á fjárheimildir sem fyrir eru í ramma sviðsins og er hún 29,9 m.kr. hjá ÍTR. Auk þess er annar rekstrarkostnaður ekki verðbættur og þar með talið heitt vatn og rafmagn sem er um 3% af útgjöldum sviðsins jafngildir það viðbóta hagræðingu upp á 25,4 m.kr.

Helstu breytingar árið 2022 eru að sundlaugin í Úlfarsárdal verður í fullum rekstri allt árið 2022. Einnig er gert ráð fyrir að taka í notkun íþróttahús í suður Mjódd í Breiðholti, Íþróttahús og velli Fram í Úlfarsárdal og nýjan tvöfaldan gervigrasvöll í Laugardal með flóðlýsingu á síðari hluta ársins 2022.

Á Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins er fyrirhuguð uppbygging samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna frá 2018 um uppbyggingu í Bláfjöllum og Skálafelli. Gert er ráð fyrir að framkvæmdatíminn muni verða á árunum 2022-2026. Þá verða byggðar upp skíðalyftur ásamt snjóframleiðslu. Þær framkvæmdir hafa áhrif á rekstrarkostnað næstu ára.

Tekjulækkun vegna Covid-19 sem kom inn í ramma ÍTR árið 2021 fellur út 50% fyrir árið 2022, þá er ennþá gert ráð fyrir áhrifum Covid-19 á rekstur ÍTR.

ÍTR ber einnig leigukostnað vegna mannvirkja í eigu annarra sem notuð eru fyrir íþrótt- og tómsundastarf, svo sem af Egilshöll, Íþrótt- og sýningarhöllinni og íþróttahúsi í Norðlingaholti og er kostnaður vegna þessara mannvirkja um 9,3% af útgjöldum íþrótt- og tómsundastarfs. Kostnaður vegna innri leigu er 29% af heildarútgjöldum, greiðslur styrkja til Íþróttafélaga og annarra eru um 17,4% af útgjöldum og launakostnaður sviðsins er um 29,2%. Annar rekstrarkostnaður er 6,2% af útgjöldum og orkukostnaður er um 2,8% af útgjöldum. Kostnaður sviðsins vegna leigu á húsnæði er því alls 36,3% eða 4.506 m.kr. og þar af er innri leiga 3.415 m.kr. og húsaleiga af þriðja aðila 1.091 m.kr.

Sundlaugar

Sundlaugarmenning Íslendinga er einstök og skipa sundlaugar stóran sess í lífi margra. ÍTR rekur sjö sundlaugar og er viðskiptavinahópurinn fjölbreyttur. Nemendur allra skólastiga sækja þar kennslu og iðkendur íþróttafélaga æfa þar og keppa. Þá hafa þær einnig fjölþættu hlutverki að gegna til heilsuræktar, slökunar og leikja. Markmið þeirra er meðal annars að mæta þörfum gesta sem félagsleg, líkamleg og andleg heilsulind.

Vegna sóttvarnareglna hafa sundlaugar ekki haft fulla starfsemi líkt og í venjulegu árferði sem hefur haft mikil áhrif á aðsókn. Árið 2021 hafa sundlaugar verið lokaðar í samtals 21 dag og opnar með takmörkunum í 160 daga, þ.e. það hefur verið skert starfsemi í u.þ.b 6 mánuði. Sundlaugar gátu tekið á móti 50% af leyfilegum fjölda frá 1. janúar – 23. febrúar og frá 15. apríl – 9. maí, síðan voru 75% takmarkanir í sundlaugum frá 24. febrúar – 24. mars, 10 maí – 24 maí og frá 25. júlí – 1. september. Þann 25. mars til 14. apríl voru allar sundlaugar lokaðar.

Heildaraðsókn árið 2019 var 2,3 milljónir gesta, árið 2020 var 1,76 milljónir gesta og áætluð aðsókn fyrir árið 2021 er 2,05 milljónir gesta.


Framkvæmdir við Dalslaug eru nú á lokametrunum og áætlað er að hefja sundkennslu í innlaug í nóvember 2021 og að full starfsemi verði í lauginni í byrjun árs 2022.


Vinna við forsögn vegna hönnunarsamkeppni um breytingar á Laugardalslaug er hafin en til stendur að endurnýja laugarker og potta á útisvæði ásamt því að bæta aðstöðu til afþreyingar fyrir börn á öllum aldri. Þá eru einnig uppi hugmyndir um að glæða stúku laugarinnar nýju lífi með menningar- og félagstengdri starfsemi. Fjárhagsáætlun vegna sundlauga 2022 er 2.398 m.kr.

Áfram er unnið að endurnýjun tækja og tæknibúnaðar í kjöllum sundlauga samkvæmt úttekt sem farið hefur fram. Innleiðing klórgerðar heldur áfram en sú vinna er mikilvægur þáttur í rekstri þegar horft er til umhverfissjónarmiða og lækkunar rekstarkostnaðar og fellur vel undir græn verkefni.

Vinna varðandi rafrænar lausnir á sölu korta og miða í sundlaugar er í gangi og vonast er til að hluti af því verði komið í gagn í byrjun árs 2022.

Taflan hér fyrir neðan sýnir hvernig aðsóknin skiptist á milli sundlauga í Reykjavík miðað við aðsókn 2020.





Sundhöllin

Sundhöllin nýtur áfram mikilla vinsælda bæði meðal borgarbúa og erlendra ferðamanna og greinilegt að gestir kunna vel að meta þær breytingar sem gerðar voru á mannvirkinu árið 2017. Gamli hluti laugarinnar sem er 84 ára gamall hefur yfir sér mikinn sjarma og er vinsæll tókustaður fyrir auglýsingar og kvikmyndir. Áfram er unnið að endurbótum á baðklefum kvenna í gamla húsnæðinu. Til stendur að hefja á árinu endurbætur á gamla sundlaugarmannvirkinu sem tekið var í notkun árið 1937.

Laugardalslaug

Laugardalslaug hefur í gegnum árin tekið á móti flestum gestum og hefur ekki orðið breyting þar á, þó þeim hafi fækkað síðustu ár og gestum í Sundhöll fjölgaði á móti. Undirbúningur er hafinn á viðamiklum framkvæmdum við Laugardalslaug og munu þær framkvæmdir standa yfir í nokkur ár. Farið verður m.a. í viðgerðir á bakka, stúku, laugarker útilaugar endurbyggt og eftirlitsturn endurnýjaður. Þá verður einnig ráðist í viðamiklar framkvæmdir á stjórnbúnaði í kjallara laugarinnar sem er kominn mjög til ára sinna og nauðsynlegt að endurnýja til að viðhalda gæðum og öryggi vatns.

Vesturbæjarlaug

Vesturbæjarlaug var tekin í notkun árið 1961 og hefur ávallt notið vinsælda og ekki síst undanfarin ár meðal ferðamanna. Laugin fær mikla og góða umfjöllun í erlendum tímaritum. Á síðasta ári var lögð lokahönd á sérklefa sem nýttist hreyfihömluðum og þeim sem af einhverjum ástæðum geta ekki eða vilja ekki nýta aðra klefa. Auk þess kláruðust framkvæmdir hjá inniklefum þar sem flísar sem liggja frá klefum og að laug voru endurnýjaðar. Þar að auki voru flísar fyrir framan útklefa endurnýjaðar. Yfirstandandi eru viðgerðir á gólfi í útklefum.

Grafarvogslaug

Mikil endurnýjun hefur átt sér stað á útisvæði í Grafarvogslaug og kunna íbúar hverfisins vel að meta enda aðsókn aukist jafnt og þétt. Ný rennibraut var tekin í notkun árið 2018 og nú hefur ný vaðlaug fyrir yngstu gestina bæst við. Loftræsting fyrir búningaklefa og innilaug hefur verið endurnýjuð.

Árbæjarlaug

Aðsókn í Árbæjarlaug hefur verið nokkuð stöðug á milli ára. Á lóð laugarinnar er strandblakvöllur og hefur aðgengi að honum verið bætt til muna. Breytingar hafa verið gerðar á sérklefa, hann færður og aðstaða lagfærð. Aðgengi fyrir hreyfihamlaða er gott í lauginni, lyfta góð og hægt að synda á milli inni og útilaugar. Lagfæringar á stjórnkerfi laugarinnar ásamt klórkerfi er í fullum gangi og í framhaldinu verður hafist handa við undirbúning á klórframleiðslukerfi.

Breiðholtslaug

Miklar framkvæmdir hafa farið fram við Breiðholtslaug síðustu árin og aðsókn aukist í takt við það. Aðstaðan sem nú er til staðar rímar vel við heilsueflandi samfélag sem unnið er að í hverfinu. Allir ættu því að finna afþreyingu við hæfi hvort sem hugmyndin er að lyfta lóðum, synda, slaka á eða skemmta sér

í vatnsleiktækjum. Laugarker innilaugar sem tekið var í notkun árið 1981 hefur fengið andlitslyftingu og verið klætt að innan en frekari lagfæringar bíða. Úttekt hefur farið fram á búnaði í kjallara laugarinnar en kominn er tími á endurnýjun á hreinsitækjum. Á útisvæði laugarinnar er gert ráð fyrir útiklefa og áhaldageymslu ásamt verönd og skýli yfir pall við anddyri og gert ráð fyrir að það séu næstu framkvæmdir sem ráðist verður í við laugina.

Fjölskyldugarðurinn

Í Fjölskyldugarðinum eru haldin íslensk húsdýr, dýr sem lifa villt í íslenskri náttúru auk framandi dýra eins og skrið, frosk- og skordýr. Dýraþjónusta Reykjavíkur tók til starfa í garðinum á árinu 2021 en þá fluttust verkefni tengd gæludýrum yfir frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur til Fjölskyldu- og húsdýragarðs. Einnig er þar rekin skemmtigarður með opnum svæðum ásamt skemmti- og leiktækjum.

Auk almennrar starfsemi við dýrahald og skemmtigarð skipa margskonar viðburðir og fræðslustarf veglegan sess. Árið 2021 heimsóttu um 6.300 leik- og grunnskólanemar skipulögð fræðslunámskeið í garðinum. Samningur er við skóla- og frístundasvið um samstarf vegna grunn- og leikskólanema á sviði náttúrufræðikennslu og frístundastarfs. Þá eru haldin sérstök sumarnámskeið fyrir 10–12 ára. Í garðinum er fjöldi tækja sem mörg hver eru gagnvirk og valin með öll aldursstig og bæði kyn í huga. Átak var gert í endurnýjun og nýjungum í tækjum á árunum 2018 og 2019 og fleiri bættust við sumarið 2020 en þá var m.a. endurnýjuð hringekja og nýtt rugguskip sett upp. Unnið verður áfram að undirbúningi uppbyggingu fræðslu- og starfsmannahúss í garðinum ásamt nýrri og betri aðstöðu fyrir seli garðsins. Garðurinn er opinn alla daga ársins en aðsókn árið 2020 var um 131 þúsund gestir, þar af um 3 þúsund erlendir gestir. Fjárhagsáætlun Fjölskyldugarðsins er 421 m.kr. fyrir árið 2022.

Hitt Húsið

Hlutverk Hins Hússins, miðstöðvar ungs fólks, er að veita ungu fólki á aldrinum 16-25 ára aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Starfsemi Hins Hússins fer fram á Rafstöðvarvegi 7-9. Í Hinu Húsinu fer fram fjölbreytt dagskrá allt árið. Viðfangsefni felast meðal annars í upplýsinga- og ráðgjafþjónustu, frístundastarfi fatlaðra ungmenna, vinnu að atvinnumálum ungs fólks, menningarstarfi ungmenna, umsjón með viðburðum og erlendu samstarfi. Frjáls félagasamtök og ýmsir hópar ungs fólks hafa aðstöðu í húsinu til lengri eða skemmri tíma. Fjárhagsáætlun Hins Hússins eru 557,9 m.kr. Þar af er frístund fatlaðra 301,9 m.kr.

Mörg verkefna Hins Hússins fara fram annars staðar en í Elliðaárdalnum, t.d. fara Jafningjafræðarar í framhaldsskólana og í Vinnuskólann til að fræða ungmenni, Músíktílaunir eru haldnar í Hörpu, Unglistin fer m.a fram í Borgarleikhúsinu, Götuleikhúsið og Listhóparnir sýna listir sínar fyrir almenning á götum úti.

Helstu verkefni eru: Áttavitinn – Jafningjafræðsla Hins Hússins – Götuleikhús Hins Hússins – Listhópar Hins Hússins – Klúbbastarf – Atvinnuráðgjöf – Virkninámskeið – Músíktílaunir – Klúbbastarf fyrir félagslega einangruð ungmenni – Unglist – Listahátíð ungs fólks – Frístundastarf fatlaðra – Starf fyrir 16 -18.ára.

Félög og félagasamtök með fasta aðstöðu í Hinu Húsinu eru: Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) – Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS) – Landssamband ungmennafélaga (LUF) - List án landamæra.

Ungmenni og óformlegir hópar ungmenna nýta sér aðstöðu Hins Hússins til lengri eða skemmri tíma, m.a. fyrir hljóðupptökur, fundi, námskeið, æfingar, ráðstefnur o.fl. Starfsstaðir Reykjavíkurborgar geta nýtt sér aðstöðu Hins Hússins fyrir fundarhöld, starfsdaga og ráðstefnur.

Nauthólsvík, Ylströndin og Siglunes

Nauthólsvík hefur verið einn helsti sjóbaðsstaður Reykvíkinga frá árinu 1949. Sérstaða Ylstrandarinnar er mikil. Samspil sjávar, strandar, heita vatnsins og náttúrunnar er magnað og mikil reynsla að upplifa. Í Siglunesi hefur Reykjavíkurborg rekið siglinga- og róðrarstarfsemi fyrir börn og unglunga síðan 1967. Nauthólsvík er vinsælt svæði til útivistar enda veðursæld og náttúrufrægur mikil.

Siglunes á sér farsæla og skemmtilega sögu. Í Siglunesi læra börn og unglingar grunnatriði siglinga og róðurs og takast á við fjölbreyttar áskoranir í öruggu umhverfi með leikgleði, fræðslu og ævintýramennsku í fyrirrúmi. Siglt er á stórum og smáum seglbátum og róíð á kajökum og arabátum. Siglinga- og róðranámskeið í Siglunesi fyrir börn á aldrinum 9-12 ára eru mjög vinsæl og seljast því öll námskeiðspláss upp á hverju ári. Einnig er mikil aðsókn í Vatnasportklúbbinn sem er klúbbur fyrir 10-16 ára. Aðstaðan í Siglunesi er fullnýtt yfir sumartímann. Húsnæði siglingaklúbbsins er orðið úr sér gengið og uppfyllir engan veginn þær kröfur sem gerðar eru í dag til slíks húsnæðis. Húsnæði Sigluness er komið til ára sinna og þarfnast töluverðar endurbóta. Fjárhagsáætlun Sigluness 2022 er 18,9 m.kr.

Ylströndin er með heitum pottum, manngerðu sjávarlóni og þjónustubyggingu sem opnaði sumarið 2000 og var einungis opin á sumrin fyrstu árin. Haustið 2006 hófust vetrarsjóböð á Ylströndinni og hafa þau notið mikilla vinsælda meðal sjóbaðsunnenda sem leggja leið sína í Nauthólsvík. Ylströndin nýtur sífellt meiri vinsælda, jafnt sumar sem vetur, bæði hjá börnum og fullorðnum. Sjósundsíðkendur á Ylströndinni eru margir og fer fjölgandi allt árið um kring. Mikil aukning hefur verið í „upplifunarheimsóknum“ á ströndina, enda mikil upplifun að synda í köldum sjónum og fara svo í heitan pott og eimbað. Þjónustutími yfir sumarmánuðina er kl. 10:00-19:00 alla daga frá 15 maí til 14 ágúst. Haustið 2021 var enn aukið við vetrar þjónustutímann og er nú opið alla virka daga kl. 11:00-19:00 og á laugardögum kl. 11:00-16:00. Breytingin sem sett var inn haustið 2021 er opnun á föstudögum sem annars voru lokunardagar á síðasta vetri, gerð í tilraunarskyni til áramóta 2021/2022. Á fyrstu 6 vikum haustsins 2021 reyndist föstudagsopnunin ekki síður vinsæl en aðrir dagar vikunnar.

Gjaldtaka er einungis yfir vetrartímann en til stendur að bæta við gjaldtöku yfir sumartímann. Það krefst þess að fundin sé leið til að stýra gestafjölda í gegnum húsið án þess að þurfa að setja upp hlið og án þess að þurfa að bæta við starfsmannakostnaði. Til stendur að bæta við heitum potti og bæta við útiskýlum sem sjósundsgarpar geta nýtt sér óháð opnunartíma Ylstrandar. Fjárhagsáætlun Ylstrandarinnar árið 2022 er 96 m.kr.

Upplýsinga- og kynningarmál


Þó nokkur skref voru tekin í upplýsinga- og kynningamálum hjá ÍTR árið 2021. Settir voru upp upplýsingaskjái í öllum sundlaugum og þeir teknir í notkun vorið 2021, um haustið bættust einnig við skjái í Fjölskyldugarðinn svo ÍTR er nú með 15 virka upplýsingaskjá í notkun. Ný uppfærsla af mannvirkjakerfi ÍTR og ÍBR var sett upp haustið 2021, aukin krafa er um samþættingu milli þess kerfis og kerfa íþróttafélaga. Skoðaðir hafa verið þeir möguleikar sem eru til staðar innanlands en ljóst er að ekkert kerfi er til sem uppfyllir öll skilyrði. Gerðar voru breytingar á Völu frístund til þess að mæta betur kröfum Hins Hússins en ljóst er að grunnvirkni kerfisins miðast við skráningu barna og því er þörf á áframhaldandi vinnu við að finna lausn sem mætir öllum þörfum Hins hússins.

Lokið var við innleiðingu afgreiðslu- og aðgangsstýringakerfis á starfstöðum ÍTR árið 2020 á alla starfsstaði ÍTR nema á Skíðasvæðunum. Um mitt ár 2021 var hafist handa við að innleiða birgðahluta kerfisins á alla starfsstaði að fyrirmynd Fjölskyldugarðsins og áætluð lok eru í desember 2021. Það sem liggur fyrir eftir það í afgreiðslukerfinu er þá að færa kerfið yfir í skýjalausn, undirbúningur er hafinn og gert er ráð fyrir að þýðing lausnarinnar á íslensku verði tilbúin í nóvember. Yfirfærsla hefur verið sett á dagskrá í janúar 2022. Næstu skref þar á eftir er að auka við sjálfsafgreiðslu viðskiptavina og hefur málið verið sett sem forgangsverkefni ÍTR inn í Græna Planið.

Frístundakortið

Miklar breytingar voru gerðar við úthlutun frístundakorts á árinu 2021. Frístundakortakerfi Rafrænnar Reykjavíkur sem haldið hafði utan um ráðstafanir frá því að frístundakortið var sett á laggirnar 2007 var lagt niður þann 1. janúar og í stað þess kom nýtt kerfi, Hvati sem heldur utan um ráðstafanir. Öll stærri félög voru tengd strax fyrsta daginn en minni félög voru að koma inn í kerfið allan janúar og febrúar. Aukinn sveigjanleiki fékkst með nýju kerfi m.a. möguleiki að framselja heimild til ráðstöfunar til annarra en lögheimilisforeldra. Auk þess var samþætting kerfisins við Agresso mikil framför frá eldra kerfi og með kerfinu var einnig tekið stórt skref m.t.t. öryggis ráðstafana. Í mars var gert app til þess að foreldrar gætu séð sínar ráðstafanir og er það í áframhaldandi þróun, búist er við þeirri uppfærslu um áramótin 2021/2022. Næstu skref er að gera app til að birta tölfraeðigögn úr nýja kerfinu sem í dag eru óaðgengileg. Þann 1. september hófust sérstakir viðbótastyrkir ríkisins að keyrast í gegnum kerfið og verið er að vinna að því að sníða hnökra af því ferli. Þann 1. janúar 2021 tóku einnig gildi uppfærðar útvíkkaðar reglur um frístundakortið sem stýrihópur skilaði af sér á haustmánuðum 2020.

Í kjölfar nýja kerfisins sem tekið var í notkun 1. janúar 2021 voru samningar um frístundakortið endurnýjaðir við öll félög og í ágúst 2021 tók ÍTR upp rafrænar undirskriftir frístundasamninga sem hefur bætt ferlið til muna.



Frístundavefurinn

ÍTR í samstarfi við félög og nágrannasveitafélög, hefur aðgengilegar á einum stað, upplýsingar um íþrótt- og tómstundastarf á höfuðborgarsvæðinu. Vefurinn er eingöngu upplýsingavefur en allar skráningar fara fram hjá viðkomandi félagi. Á þessum vef er með einföldum hætti hægt að leita að afþreyingu í þínu hverfi eftir aldri, tímabilum og áhugasviði. Félög geta auglýst starfsemi sína með því að setja inn helstu upplýsingar um sitt félag og námskeið sem eru í boði.

Einstaklingar geta skoðað stöðu frístundakorts og ráðstafað frístundakorti með því að skrá sig inn með íslykli eða rafrænum skilríkjum og er það breyting frá því í fyrra, þ.e. það var ekki hægt að ráðstafa í gegnum vefinn á síðasta ári. Heimsóknir á vefinn árið 2020 voru 35.621 og á fyrstu 9 mánuðum ársins árið 2021 voru heimsóknir komnar í 42.518.

Skíðasvæði

Bláfjöll: Skíðasvæðin hafa glímt við erfiðar aðstæður veturinn 2020-2021, annars vegar vegna veðurs og hins vegar vegna Covid-19. Skíðasvæðin opnuðu fyrst þann 15. janúar 2021 vegna Covid-19 en göngubrautir voru opnar fyrr í samræmi við sóttvarnareglur. Þegar Skíðasvæðin máttu opna var vont veður í u.þ.b 2 vikur sem gerði það að verkum að lyftur voru varla notaðar fyrr en í byrjun febrúar 2021.

Frá og með 25. mars voru Skíðasvæðin lokuð vegna hertra aðgerða og opnuðu ekki aftur. Skíðavertíðin var af þessum sökum styttri en undanfarin ár en eingöngu náðist að opna brekkur fyrir almenning í 44 daga en gönguskiðaspor var lagt 57 daga. Aðsókn í Bláfjöll veturinn 2020-2021 voru 29.613 gestir. Það var góð aðsókn á gönguskiðasvæðið en engin talning fer þar fram.

Uppbyggingaráætlun Skíðasvæðanna er hafin og gengið hefur verið frá kaupum á tveimur nýjum stólalyftum. Sú fyrri verður tekin í gagnid á suðursvæði Bláfjalla haustið 2022 og sú síðari í norðurleið Bláfjalla haustið 2023. Möguleiki verður á að síðari lyftan verði tilbúin fyrr en það skýrist um sumarið 2022.

Aðgönguhlið á gönguskiðasvæði Bláfjalla verða sett upp í haust en með þeim er þjónustustig aukið verulega og jafnframt mun loks gefast tækifæri til að telja gesti á göngubrautum. Með hliðum á göngusvæði verður hægt að fylla á kortin sín á netinu.

Skálafell: Enginn opnunardagur var í Skálafelli sökum snjóleysis veturinn 2020-2021. Aðsókn í hjólagarðinn í Skálafelli sumarið 2021 var ekki góð sökum veðurs en hann var opinn í 19 daga og komu 1200 gestir. Vélaskemma var reist í Skálafelli sumarið 2021 eftir útboð sem fór fram síðastliðið vor og mun uppbyggingu hennar ljúka haustið 2022.

Íþróttafélögin og ÍBR – styrkir

Gerður var nýr þjónustusamningur milli Reykjavíkurborgar og ÍBR í mars 2020 sem gildir til ársloka 2022. Styrkir og kostnaður vegna afnota íþróttafélaga af mannvirkjum í eigu Reykjavíkurborgar og mannvirkjum sem borgin leigir til afnota fyrir félögin nema um 2.740 m.kr. Kostnaður ÍTR er vegna afnota félaganna af Egilshöll, Laugardalsvelli, Íþrótt- og sýningahöllinni, Íþróttahúsi í Norðlingaholti, Íþróttasvæði í Úlfarsárdal, Skautahöllinni í Laugardal, Reiðhöllinni í Víðidal, Hjólabrettahúsi í Dugguvogi, gervigrasvöllum borgarinnar, Íþróttahús Austurbergi, Íþróttahús Grafarvogi, Íþróttahús í Seljahverfi, Íþróttahús KHÍ Laugaból og íþróttamiðstöðina í Fellahverfi. Markmið samningsins er að efla tengsl aðila til að íþróttastarf í Reykjavík verði áfram kraftmikið, borgarbúum til heilla. Í því felst að skapa sem bestar aðstæður til að reka starfsemi sem tryggir borgarbúum öflugt íþróttastarf, einkum í barna- og unglingsstarfi en einnig í afreksíþróttastarfi og almenningsíþróttum. Menningar, íþrótt- og tómstundaráð og stjórn ÍBR annast framgang samnings þessa. Sviðstjóri ÍTR og framkvæmdastjóri ÍBR og skrifstofur þessara aðila annast dagleg samskipti aðila. Aðalstjórnir íþróttafélaganna fara með réttindi og skyldur viðkomandi félags í samningi þessum f.h. félaganna. Aðalstjórn hvers félags ábyrgist þá þjónustu sem samningur þessi mælir fyrir um og gerir jafnframt grein fyrir fjármálum félagsins í samræmi við ákvæði samnings þessa.

ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að konur og karlar njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og siðareglur og fylgja mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar. ÍBR og félögin skulu kynna sér stefnumótun Reykjavíkurborgar í mannréttinda- og forvarnarmálum. ÍBR hefur unnið gögn fyrir íþróttafélögin í Reykjavík varðandi forvarnir, vinnubrögð og verkferla um kynferðislegt ofbeldi og kynferðislega áreitni í íþróttum.

Íþróttafélögin skulu ár hvert leggja fram áætlun fyrir 1. október, fyrir ÍTR og ÍBR um íþróttastarf og áherslur næstkomandi árs. Í áætluninni skulu koma fram markmið um starfsemina ásamt leiðum að þeim og helstu áherslur á samningstímabilinu. Einnig skal gerð grein fyrir hvernig árangur verði metinn. Samvinna skal vera á milli íþróttafélags, ÍBR og ÍTR um gerð slíkrar áætlunar. ÍTR og ÍBR taka síðan afstöðu til markmiða, mælikvarða og forgangsröðunar verkefna sem koma fram í tillögum félaganna.

Styrkir vegna KFUM og KFUK og Skátasambands Reykjavíkur nema alls um 58,6 m.kr.

KYNJUD FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

ÍTR leggur áherslu á að sú þjónusta sem sviðið veitir íbúum Reykjavíkur og nágrennis nýtist öllum hópum, tekið sé tillits til mismunandi þarfa og sé ávallt í samræmi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru helst greining þjónustupátta með aðferðafræði KFS. Þegar er búið að greina aðsókn í sundlaugar, þátttöku barna í skipulögðu starfi, fjárfestingu vegna íþróttamannvirkja og aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarð, þátttöku í Músíktílaunum og ráðningar í sumarstörf.

Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess gætt að alltaf sé hægt að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt og því hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn og sjá hvort bregðast þurfi við halla. Tækifærin framundan liggja í útbreiðslu aðferðafræðinnar á sviðinu, allir stjórnendur á sviðinu hafa fengið kynningu á helstu þáttum KFS og verður haldið áfram á þeirri vegferð á árinu 2021. Á sviðinu hefur verið gert jafnréttismat og jafnréttisskimun fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Starfsmannamál *						
Fjöldi starfsmanna	967	1023	980	1075	1075	1100
Meðalfjöldi stm. á mánuði	462	507	501	518	520	535
Fjöldi stöðugilda ÍTR	254	257	255	278	294	318
Fjöldi ársverka, karlar / konur	129/146*	120/136	118/137	129/149	135/159	147/171
Fjöldi ársverka á skíðasvæðum	19	20	22	24	21	22
Vinnuframlag	308	316	327	339	340	364
Fjöldi yfirvinnustunda	112.803	122.067	149.448	126.322	96.208	96.208
Fjöldi vinnustunda með vaktalági	113.472	122.796	120.264	136.908	129.588	142.650
Aðsóknartölur						
Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús.	2.057	2.210	2.302	1762	2.050	2.250
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarð. í þús.	168	161	199	130	170	200
Börn á sumarnámskeiðum í Húsdýragarði	112	118	133	140	150	140
Kennsla í Húsdýragarði. Fjöldi nemenda	7356	6434	5994	6511	7.000	7500
Frístundakortið - ráðstöfun						
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	83%	83%	83%	83%	75%	83%
Stelpur / Strákar	83%/82%	83%/82%	83%/83%	83%/83%	72%/78%	83%/83%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	96%	96%	96%	95%	84%	95%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	0,88	90%	90%	93%	86%	93%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	80%	80%	80%	78%	74%	78%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	83%	83%	83%	83%	75%	59%
Frístundakortið - skráning í starfsemi						
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	84%	84%	84%	83%	Ekki mælt	83%
Stelpur / Strákar	84%/83%	84%/83%	83%/83%	83%/83%	Ekki mælt	83%/83%
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	96%	96%	96%	95%	Ekki mælt	95%
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	87%	89%	90%	94%	Ekki mælt	94%
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	80%	81%	81%	79%	Ekki mælt	79%
16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	58%	60%	60%	59%	Ekki mælt	59%
Fjöldi félaga með aðild að Frístundakortinu	187	187	180	193	176	193
Frístundakorti ráðstafað til íþróttafélaga	62%	62%	62%	58%	65%	65%
Frístundakorti ráðstafað til lista- og menningarstarfsemi	21%	21%	21%	19%	19%	19%
Frístundakorti ráðstafað til æskulýðsfélaga	0,01%	0,00%	0%	1%	1%	1%
Frístundakorti ráðstafað til annars félagsstarfs	17,00%	17%	17%	22%	15%	15%

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útsp. 2021	Áætlun 2022
Styrkir til félaga (í þús.kr.)						
Rekstrarstyrkir	316.907	336.853	345.592	360.319	368.404	380.325
Húsaleigustyrkir	667.862	671.981	702.254	726.756	710.732	739.022
Greiðsla vegna mannvirkja	1.002.059	1.052.119	1.068.630	1.230.713	1.184.764	1.184.764
Aðrir styrkir	113.743	120.714	169.133	186.153	197.177	194.011
Byggingastyrkir	96.096	124.594	57.748	127.700	45.000	30.000
Styrkir ráðsins	19.620	18.620	25.638	16.750	14.000	10.000
Hitt Húsið						
Gestir Hins Hússins		34.963	26.410	10136	20.000	20.000
Netheimsóknir Hins hússins		329.280	556.924	580.212	400.000	400.000
Húsnæði og vellir						
Fermetrar í leigu hjá öðrum	36.878	38.814	38.814	38.814	38.814	38.814
Fjöldi fermetra á grasvöllum	280.000	263.800	263.800	263.800	238.000	258.000
Fjöldi fermetra á gervigrasvöllum	73.557	89.757	89.757	89.757	97.200	121.500
Rekstrartölur						
Heitt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	1.880	1.880	1.920	1.920	1.970	2.220
Kalt vatn í þús. rúmmetra alls ÍTR	830	830	850	850	860	890
Raforkunotkun í þús. kílóvattstunda alls ÍTR	6.200	6.230	6.280	6.280	6.330	6.480
Innri leiga	2.547.765	2.564.867	2.878.256	3.116.703	3.243.485	3.414.903

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

Velgengnisþættir	Mælikvarðar	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útsp. 2021	Áætlun 2022
Mannauður						
Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telja vinnuaðstöðu sína góða	78%	78%	82%	85%	88%
	Hlutfall starfsmanna sem telur sig búa við starfsöryggi	88%	86%	86%	86%	88%
Hæft og áhugasamt starfsfólk	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi	86%	85%	90%	88%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mán.	81%	82%*	86%*	83%	88%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	76%	77%	82%	82%	85%
Árangursríkir stjórnunarhættir	Hlutfall starfsmanna sem þekkir markmið og stefnu vinnustaðar síns	85%	85%	88%	88%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem telur ákvarðanir á sínum vinnustað byggja á faglegum forsendum	79%	79%	83%	84%	85%



MANNAUÐS- OG STARFSUMHVERFISSVIÐ

SKIPURIT



HLUTVERK

Mannauðs og starfsumhverfissvið fer með forystuhlutverk og hefur yfirumsjón með mannauðsmálum Reykjavíkurborgar og styður við stefnu og megináherslur borgaryfirvalda. Sviðið annast kjarasamningsgerð fyrir Reykjavíkurborg og fer með fyrirvar gagnvart viðsejendum og aðilum vinnumarkaðar. Hlutverk sviðsins er að fylgja eftir stefnumörkun með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fag- og kjarnasvið borgarinnar, auk þess að halda uppi virku eftirliti með því að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu. Starfsfólk sviðsins hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd mannauðsstefnu og annarra stefna í mannauðsmálum, tryggir samræmi í framkvæmd, annast gerð kjarasamninga og veitir stjórnendum ráðgjöf. Auk þess annast sviðið mannauðsþjónustu fyrir miðlæga stjórnýsly í Ráðhúsi. Sviðið leggur ríka áherslu á stöðugt og gott samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur sviða með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði þjónustunnar og leggja grunn að því að starfsfólk upplifi Reykjavíkurborg sem einn vinnustað í öllum sínum fjölbreytileika. Sýn sviðsins er að vera með öfluga mannauðsþjónustu í því skyni að laða að, styðja við og þróa starfsfólk þannig að það geti þjónað borgarbúum á þann hátt sem ávinnur sér virðingu og traust samfélagsins. Einnig að starfsfólk borgarinnar hafi þá hæfni og færni sem þarf til mæta ábyrgð í starfi og veita það þjónustustig sem sett hefur verið.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Rekstrartekjur	27.445	44.146	44.924
Tekjur samtals	27.445	44.146	44.924
Laun og launatengd gjöld	272.542	322.967	301.298
Annar kostnaður	44.749	69.732	64.050
Rekstrargjöld samtals	317.292	392.699	365.347
Rekstrarniðurstaða	289.847	348.553	320.423


STARFSFÓLK

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi starfsmanna	19	23	20
Fjöldi stöðugilda	19	23	19,5
Eftir skrifstofum / þjónustupáttum:			
Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis	3	3	3,5
Skrifstofa ráðninga og mönnunar	3	6	3
Skrifstofa kjaramála	4	4	4
Verkefnastofa starfsmats	4	4	4
Skrifstofa sviðsstjóra	5	6	5

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Rekstur mannauðs og starfsumhverfissvið er áætlaður 320 m.kr. árið 2022. Endurskoðuð áætlun 2021 gerir ráð fyrir að útgjöld nemi 348 m.kr. þannig að fjárheimildir lækka um 28 m.kr.

Rekstrarútgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:



Stærsti hluti rekstrarútgjalda á mannauðs- og starfsumhverfissviði, fyrir utan laun, eru forystunám fyrir stjórnendur borgarinnar, stjórnendadagur borgarinnar, margþætt fræðsla fyrir allt starfsfólk borgarinnar og rekstur jafnlaunakerfis.

Helstu breytingar fyrir utan þekktar kjarasamningsbundnar launahækkningar eru eftirfarandi:

- Sviðið fær fjármagn fyrir 0,5 stg mannauðsráðgjafa til að sinna málefnum starfsfólks af erlendum uppruna og stjórnendum þeirra og fræðslu.

MEGINÁHERSLUR OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Mannauðs- og starfsumhverfissvið er kjarnasvið og hefur það hlutverk að móta stefnur og verklag á sviði mannauðsmála og halda utan um verkefni sem ganga þvert á borgarkerfið. Þannig á sviðið að stuðla að því að samhæfa og samræma vinnubrögð á sviði mannauðsmála. Áherslur í mannauðsmálum á árinu 2022 taka mið af leiðarljósum og áherslum mannauðsstefnu borgarinnar og styðja við framtíðarsýn Reykjavíkurborgar um að borgin verði vinnustaður með aðdráttarafli fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk sem vinnur í þágu borgarbúa. Reykjavíkurborg leggur áherslu á jákvætt og öruggt starfsumhverfi þar sem gagnkvæm virðing ríkir í öllum samskiptum. Borgin vill einnig stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsfólks og leggur áherslu á stuttar boðleiðir og virkt upplýsingastreymi. Áherslur þessar birtast í hinum ýmsu verkefnum á sviði mannauðsmála. Á árinu 2022 verður áhersla lögð á

innleiðingu á nýju fræðslukerfi, nýju umsóknakerfi og nýrri öryggisstefnu. Áfram verður unnið að innleiðingu styttingar vinnuvikunnar, jafnlaunakerfis, mannauðsstefnu og stefnu borgarinnar gegn einelti, áreitni og ofbeldi, umbóta á sviði vinnuverndar og öryggismála, veita aukin stuðning við starfsfólk af erlendum uppruna og stjórnendur þeirra. Þá verður áfram lögð áhersla á innleiðingu samræmdra verkferla á sviði mannauðsmála og markvissa vinnu við að bæta leiðbeiningar og verklag. Áfram verður einnig unnið að vinnumarkaðsúræðum í gegnum atvinnu og virknimiðlun í samvinnu við velferðarsvið. Áhersla verður lögð á að vinna þessi verkefni í virku og góðu samstarf við fag- og kjarnasvið og miðlæga stjórnsýslu.



Reykjavíkurborg er vinnustaður með [aðdráttarafl](#) fyrir [hæfileikaríkt](#) og [metnaðarfullt fólk sem vinnur í þágu borgarbúa](#).

*Framtíðarsýn Reykjavíkurborgar á sviði mannauðsmála fram til ársins 2025 í mannauðsstefnu 2018-2025.

Skrifstofa sviðsstjóra

Lögð er áhersla á áframhaldandi markvissa uppbyggingu mannauðsmála með það að markmiði að starfsemi Reykjavíkurborgar einkennist af fagmennsku og framsækni og snöggu viðbragði þegar aðstæður kalla á. Á sama tíma verður unnið að því að undirbúa starfsumhverfi borgarinnar fyrir þá öru tækniþróun sem hafin er og þær breytingar sem tækni er að hafa á störf og starfsumhverfi. Horfa þarf til framtíðar og tryggja að starfsfólk borgarinnar búi yfir þeirri færni og tækni sem þarf til að veita faglega og góða þjónustu og sé tilbúið í að takast á við fjölbreyttar áskoranir. Unnið hefur verið að innleiðingu styttingu vinnuvikunnar og betri vinnutíma á árinu 2022. Með markvissum hætti verður metið hvernig tekist hefur til við að ná fram gagnkvæmum ávinningi starfsfólks og starfsemi af enn betri nýtingu vinnutímans og breytingum á vinnustaðamenningu. Viðhorfskönnun meðal starfsfólks verður endurskoðuð með það að leiðarljósi að skapa enn betra tæki til að mæla starfsumhverfi, samskipti og stjórnunarhætti. Rík áhersla verður áfram á samstarf við stjórnendur og mannauðsþjónustur fag- og kjarnasviða með það að markmiði að stuðla að fagmennsku, skilvirkni og samræmingu mannauðsþjónustu. Sérstök áhersla verður lögð á kynningu sviðsins og þeirrar þjónustu sem það veitir á, s.s. á innri vef borgarinnar, Fróða, sem og með frekari upplýsingagjöf til stjórnenda og mannauðsþjónustu á sviðum borgarinnar. Lögð verður áhersla á gerð samræmdra verkferla og leiðbeininga í mannauðsmálum, m.a. hvað varðar úrlausn mála um réttindi og skyldur starfsfólks og markvisst unnið áfram að gerð gæðahandbókar sem geymir það efni. Áfram verður unnið gegn kynbundnum launamun á árinu 2022 og unnið að enn frekari framkvæmd jafnlaunakerfis, launagreiningum og umbótum í samræmi við jafnlaunastaðal. Þá leiðir skrifstofan vinnu starfshóps um sveigjanleg starfslok sem kortleggur stöðu mála er varðar starfslok vegna aldurs og hvaða breytingar eru framundan og mótar tillögur þar að lútandi.

Skrifstofa starfsþróunar og starfsumhverfis

Á sviði starfsþróunar verður stærsta verkefni ársins 2022 að innleiða fræðslukerfi fyrir vinnustaðinn Reykjavíkurborg í kjölfar alþjóðlegs útboðs, að móta og fjármagna fræðslustefnu, þróa fræðsluefni á rafrænu formi og bæta aðgengi alls starfsfólks að fræðslu. Í ljósi nýrrar lýðheilsustefnu borgarinnar verður áhersla á að innleiða og viðhalda heilsueflandi vinnustaðamenningu á starfsstöðum Reykjavíkurborgar, að uppfæra heilsutengd hlunnindi og huga sérstaklega að andlegri heilsu. Á sviði starfsumhverfis verður lögð áhersla á að móta og fylgja eftir stefnu í öryggismálum og vinnuvernd þ.m.t. að breyta stjórnskipulagi öryggis- og vinnuverndarstarfs, styðja við starfsstaði að framkvæma áhættumat, styðja við sviðin í gerð samræmdra öryggis- og heilbrigðisáætlana, bæta öryggishandbækur og vinna að innleiðingu ábendinga- og atvikaskráningarkerfis. Áfram verður unnið að innleiðingu stefnu Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi og að eflingu jákvæðra samskipta og gagnkvæmrar virðingar. Unnið verður að frekari þróun á forystunámi fyrir stjórnendur og sérfræðinga sem starfa í stjórnslu. Mótun stefnu í innri miðlun ásamt stefnumótun varðandi innri vef og Workplace er verkefni sem hófst 2020 og mun halda áfram 2022, með aukinni útbreiðslu Workplace, endurbættum innri vef og bættu samspili við nýjan ytri vef. Áherslupættir í verkefnum sem snúa að málefnum starfsfólks af erlendum uppruna eru aukin íslenskukennsla, bætt aðgengi starfsfólks að íslenskunámi, þýðingar á mikilvægum upplýsingum fyrir þennan hóp, innleiðing tungumálaviðmiða í ráðningum og aukinn stuðningur við stjórnendur og starfsfólk. Unnið er að mótun og innleiðingu samræmdra verkferla á öllum starfsþáttum sem falla undir starfsumhverfi og starfsþróun. Þá leiðir skrifstofan vinnuhóp um framtíðar skrifstofuumhverfi í ráðhúsinu.

Skrifstofa kjaramála

Hafinn er undirbúningur við gerð nýrra kjarasamninga við stéttarfélag innan Kennarasambands Íslands sem og Félag íslenskra hljómlistarmanna sem lausir eru 1. janúar 2022. Áfram er unnið að þeim útfærslum sem samið var um í kjarasamningum sem skrifað var undir 2020 svo sem vinnutímaútfærslur. Samhliða nýjum kjarasamningum með breyttum vinnutíma breytist einnig fyrirkomulag fastlaunasamninga og verður áfram unnið að innleiðingu á þeim breytingum í samvinnu við svið, launaskrifstofu og kerfisstjórn. Félag íslenskra náttúrufræðinga mun greiða atkvæði um innleiðingu starfsmats fyrir árslok 2021 en Stéttarfélag lögfræðinga fór inn í starfsmatið í lok ársins 2020. Áfram verður lögð áhersla á aukna upplýsingagjöf og fræðslu um efni kjarasamninga og ráðgjafar á sviði vinnuréttar sem og markvissar launagreiningar.

Skrifstofa ráðningar og mönnunar

Undanfarin ár hefur verið unnið að umbótum hvað varðar ráðningarmál og á árinu 2022 verður áhersla á innleiðingu uppfærðrar ráðningahandbókar sem er mikilvægt til að tryggja fagmennsku og jafnræði í ráðningum ásamt því að vera í virku samtali, ráðgjöf og aðstoð við fag- og kjarnasvið varðandi ráðningar. Til að vera undirbúin fyrir breytingar og tækniframfarir verður unnið að gerð mannaaflaspár til næstu fimm ára og samhliða hafin vinna við kortlagningu á breytingum og þróun starfa í ljósi fjórðu iðnbyltingarinnar. Þá mun skrifstofan líka vinna með ímynd Reykjavíkurborgar sem eftirsóknarverður vinnustaður og hefur yfirsýn og gegnir samræmingarhlutverki yfir sumarstörf Reykjavíkurborgar. Rík áhersla verður lögð á að fjölga og þróa frekari tækifærum á atvinnu með stuðningi til að geta boðið fleiri störf sem endurspegli fjölbreytni borgarlífsins. Afleysingarstofa hefur verið tilraunaverkefni undanfarin 2 ár til að mæta þörf fyrir skammtíma afleysingar í leikskólum og hjá velferðarsviði og mun verða skoðuð frekari þróun á því verkefni á árinu 2022 með það að markmiði að útvíkka starfsemi þannig að hún nái til allrar starfsemi borgarinnar. Unnið verður enn frekar að því að tengja starfsnám við Háskóla Íslands við störf á Afleysingastofu. Á árinu 2021 var farið í útboð á nýju umsóknarkerfi og verður nýtt umsóknarkerfi innleitt á árinu 2022. Einnig er skrifstofan með áherslu á starfslokaferla og er undirbúningur að kortlagningu starfslokaferla hafin og verður það unnið með fag- og kjarnasviðum

Reykjavíkurborgar. Undir skrifstofuna heyrir líka vinnumarkaðsúrræði og sökum stöðunnar á vinnumarkaði í kjölfar Covid-19 verður áfram unnið að vinnumarkaðsaðgerðum sem beinast að einstaklingum án atvinnu og sköpun starfa. Skrifstofan vinnur náið með atvinnu- og virknimiðlun Reykjavíkurborgar sem er samstarfsverkefni mannauðs- og starfsumhverfissviðs og velferðarsviðs.

Verkefnastofa starfsmats

Verkefnastofa starfsmats mun flytjast til nýrrar starfseiningar, Jafnlaunastofu sf., sem verður sameignarfélag í eigu Reykjavíkurborgar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga og þar verður áfram unnið að þeim verkefnum sem Verkefnastofa sinnir fyrir Reykjavíkurborg og Samband Íslenskra sveitarfélaga. Lögð verður áhersla á að viðhalda og þróa starfsmatskerfi Reykjavíkurborgar og samningsaðila enn frekar á árinu 2022. Áherslan verður á að klára reglubundna yfirferð starfa sem hafa eldra mat en 5 ára. Jafnhliða þeirri yfirferð verður unnið að innleiðingu frekari þróunar kerfisins með það að markmiði að aðlaga að breyttum þörfum og innleiða breytingar sem gerðar hafa verið á kerfinu erlendis. Áfram verður einnig unnið að aukinni kynningu á starfsmatinu til að stuðla að upplýstri umræðu um kerfið og að kjarabundnum réttindum sé framfylgt.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Mannauðs og starfsumhverfissvið er ungt svið og því hafa ekki verið unnin sérstök verkefni áður sem snúa að markvissri innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á sviðinu. Eitt helsta tæki í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum við samþykktu fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Jafnréttisskimuninni var beitt á þær tillögur sem sem lagðar voru fram frá mannauðs- og starfsumhverfissviði á árinu 2021. Framundan er á árinu 2022 að greina þjónustu mannauðs og starfsumhverfissviðs út frá sjónarmiðum kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Með því að koma jafnréttisskimun inn í verkferli í áætlunarvinnu er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Greining þjónustubátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna á sviði mannauðsmála með hagsmuni alls starfsfólks að leiðarljósi.




MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ

LEIÐARLJÓS

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Menningarlífið í borginni er aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, víðsýni, samkennd og virðingu. Ferðamannaborgin Reykjavík er virt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru.

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Rekstrartekjur	248.958	298.147	357.607
Tekjur samtals	248.958	298.147	357.607
Laun og launatengd gjöld	1.630.472	1.773.959	1.865.788
Annar kostnaður	4.321.139	4.395.485	4.286.886
Rekstrargjöld samtals	5.951.611	6.169.444	6.152.674
Rekstrarniðurstaða	5.702.653	5.871.297	5.795.067

STARFSFÓLK


	* Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi starfsmanna			
Fjöldi stöðugilda	158,10	168,60	171,61
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Borgarbókasafn**	73,8	82,71	84,67
Borgarsögusafn***	37,5	40,15	41,81
Listasafn Reykjavíkur	22,3	26,48	26,88
Höfuðborgarstofa	5,4	5,50	5,50
Skrifstofa menningar- og ferðamálasviðs	6,3	7,00	6,50
Önnur menningarstarfsemi	7,3	6,75	6,25

* Rauntölur að frádrögnum stöðugildum vegna vinnumarkaðsaðgerða

** Borgarbókasafn viðbót 2022 1,8 stöðugildi v. Úlfarsárdals

*** Borgarsögusafn, viðbót 2022 Aðalstr. 10 vegna sumarstarfsm. og 1 stöðugildi vegna skráningar í minjateild í stað útseldrar vinnu

SKIPTING REKSTRAR 2022



HLUTVERK

Hlutverk sviðsins er að fylgja eftir stefnu Reykjavíkurborgar í menningar- og ferðamálum. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu. Þá eru einnig sérverkefni Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, Tónlistarborgin Reykjavík og viðburðirnir Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, 17. júní, Menningarnótt, Tendrun friðarsúlu og Aðventuhátíð á ábyrgð sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglum. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Menningar- og ferðamálasvið sér auk þess um samstarfssamninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrar.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Þrátt fyrir áframhaldandi óvissu og einstakar aðstæður á tímum heimsfaraldurs sem staðið hefur yfir frá ársbyrjun 2020, ríkir bjartsýni á menningar- og ferðamálasviði og eru margvísleg spennandi verkefni á dagskrá stofnana og verkefna sviðsins. Undir lok árs 2021 mun ný menningarstefna líta dagsins ljós og verða meginstef hennar ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum, Reykjavík – borg sem listafólki þykir gott að búa og starfa í og menning og listir í öllum hverfum borgarinnar. Í drögum

að menningarstefnunni er kallað eftir enn öflugri markaðssetningu á menningarframboði borgarinnar. Í mótun er aðgerðaráætlun byggð á menningarstefnunni og ljóst er að stefnan og aðgerðaráætlunin sem henni fylgir munu lita starfsemi sviðsins á nýju ári sem og öll næstu ár.

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin (EFA) verða haldin í Hörpu í desember 2022. Upphaflega var gert ráð fyrir að þau yrðu haldin árið 2020 en þeim var frestað sökum heimsfaraldurs. Viljayfirlýsing hefur verið undirrituð af borgarstjóra og mennta- og menningarmálaráðherra en gert er ráð fyrir að fjárveiting vegna EFA verði afgreidd í janúar 2022.

Samningur um stofnun Listasafns Nínu Tryggvadóttur var samþykktur á þessu ári og nú liggur fyrir að Reykjavíkurborg muni kaupa þann hluta Hafnarhúss sem Faxaflóahafnir eiga til að rúma m.a. safn Nínu Tryggvadóttur og stækka Listasafn Reykjavíkur. Á árinu 2022 verður efnt til hugarflugs og samráðs vegna útfærslu á Hafnarhúsi, húsi myndlistar, til undirbúnings hönnunarsamkeppni. Umsjón þessa verkefnis og utanumhald verður í í höndum menningar- og ferðamálasviðs auk umhverfis – og skipulagssviðs.

Pungamiðjan í starfsáætlun Borgarbókasafnsins árið 2022 er innleiðing stefnu Borgarbókasafnsins 2021-2024, Opið rými allra, og áfram verða sett á oddinn verkefni sem tilgreind eru í aðgerðaráætlun sem fylgdi stefnunni. Unnið verður að kortlagningu hagsmunaaðila og helstu markhópa hvers bókasafns og stofnað til samtals við núverandi og framtíðarnotendur í hverju hverfi fyrir sig um þróun starfseminnar. Stefnt verður að því að þróa fræðslu og þátttökumiðaða dagskrá sem snertir umhverfis- og samfélagstengd málefni og tilraunastofa borgaralegrar þátttöku verður sett á laggirnar með áherslu á jaðarhópa og gagnrýna menningarsamræðu.

Starfsemi Borgarsögusafns á komandi ári fylgja áskoranir í rekstri, en vænta má þess að nú sjái fram á betri tíma hvað gestakomur varðar. Á árinu verður unnin aðgerðaráætlun byggð á stefnumótunarvinnu sem nú er í gangi og mun sú áætlun ná til ársins 2025. Allra stærsta verkefni Borgarsögusafns á árinu 2022 verður opnun nýrrar sýningar, sem er framhald af Landnámssýningunni í Aðalstræti 10. Í Viðey verður mótuð aðgerðaráætlun og unnið að endurnýjun fræðsluskilta í eynni og á Árbæjarsafni verður lokið ákveðnum áföngum við endurbætur á safnsvæði.

Umfangsmesta sýning Listasafns Reykjavíkur á árinu verður yfirlitssýning á verkum Errós í öllum sýningasölum Hafnarhúss en listamaðurinn verður níræður á árinu. Sýningin verður einnig sett upp í MOMA-Moskvu, AROS í Árósum og víðar. Listasafn Reykjavíkur hefur frá árinu 2019 unnið með söfnum í Bandaríkjunum og Svíþjóð að sýningu þar sem kynnt verða verk listamanna sem koma frá norðlægum slóðum og fjalla um breytingar sem eru að verða á mannlífi og náttúru norðurheimskautsins. Á árinu verður einnig sett á laggirnar sérstök rannsóknarstaða við safnið sem er styrkt af safnaráði og er ætlað að taka til skoðunar stöðu kvenna í íslenskri listasögu. Staðan er til eins árs og lýkur með sýningu og útgáfu.

Starfsemi Höfuðborgarstofu stendur á ákveðnum tímapunkti þar sem viðræður um stofnun áfangastaðastofu hafa staðið yfir milli ríkis og sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu um nokkurt skeið. Líkur eru á að slík stofnun taki til starfa á nýju ári og mun hún þá taka yfir stóran hluta af verkefnum Höfuðborgarstofu. Ekki liggur fyrir þegar þetta er skrifað hvenær sú ákvörðun verður tekin en væntanlega upp úr miðju ári 2022. Öflugri innlendri og erlendri markaðsherferð var ýtt úr vör í kjölfar 150 m.kr. viðbótarstyrks vegna Covid-19 sem gert er ráð fyrir að fullnýtist undir lok ársins 2021. Áfram verður þó unnið að öflugri innlendri markaðssetningu eftir því sem fjármagn leyfir. Í erlendri markaðssetningu verður reynt eftir megni að fylgja eftir RE herferðinni og að leggja áfram áherslu á PR verkefni og almannatengsl m.a. í gegnum árangursríkt samstarf við Íslandsstofu og Inspired by Iceland North America.

Árið 2022 mun Reykjavík bókmenntaborg UNESCO fylgja eftir 10 ára afmæli sínu árið 2021 með aukinni áherslu á miðlun orðlistar og verður m.a. unnið áfram með það efni sem varð til á afmælisárinu svo og þau alþjóðlegu tengsl sem styrktust við alþjóðlegan árfund Bókmenntaborga UNESCO sem fram fór í Reykjavík. Árið 2022 mun Bókmenntaborgin auka áherslu á gerð og miðlun efnis um orðlist. Einnig ætla

Bókmenntaborgin í fyrsta sinn að standa fyrir smiðju fyrir rithöfunda sem hyggjast sækja um ritlaun en skortur er á fræðslu á þessu sviði hérlendis.

Á dagskrá Tónlistarborgarinnar eru verkefni sem hafa fest sig í sessi eins og Hitakassinn, Firestarter, Elskum plötubúðir og þátttaka Tónlistarborgarinnar í Music Cities Network en einnig ný verkefni. Samstarf við tónlistarhátíðir borgarinnar verður eftt og um mitt ár mun stóru samstarfsverkefni Tónlistarborgarinnar og tónleikastaða í borginni ljúka en verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu. BIG BANG tónlistarhátíðin fyrir unga áhorfendur fer fram í Hörpu í samstarfi við Barnamenningarhátíð og List fyrir alla og Tónlistarborgin er einnig samstarfsaðili að Upptaktinum, tónsköpunarverðlaunum barna. Samfélagsverkefnið Korda Samfónía verður endurtekið og þá er stefnt að því að koma á listamannadvöl í Reykjavík og Nantes fyrir íslenskt og franskt tónlistarfólk í samstarfi við Sendiráð Frakklands, Trempolino og fleiri aðila.

Viðburðadeildin sinnir sem fyrr sex skilgreindum hátíðum á árinu; Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, 17. júní, Menningarnótt, tending Friðarsúlu Yoko Ono og Aðventugleði í miðborginni. Stöðugt er verið að þróa viðburðina, hvetja listamenn til þátttöku og auka aðgengi almennings. Frá árinu 2020 hefur menningar- og ferðamálasvið ásamt umhverfis- og skipulagssviði tekið þátt í verkefninu Sumarborgin sem gengur út á að efla miðborgina og rekstraraðila á tímum Covid-19, og hvetja borgarbúa og landsmenn alla til að njóta miðborgarinnar. Stefnt er að því að endurtaka leikinn sumarið 2022 en ákvörðun liggur ekki fyrir þegar þetta er skrifað.

Menningar- og ferðamálasvið leggur að venju ríka áherslu á hagkvæmni í rekstri, en um leið er leitast við að uppfylla margvísleg metnaðarfull markmið sviðsins. Kostnaðareftirlit er virkt á öllum starfseiningum og leitað er fjölbreyttra leiða til að afla aukinna sérteknna og auka aðsókn borgandi gesta. Nokkurrar bjartsýni ríkir um aukna aðsókn á næsta ári og tekur áætlun mið af því. Það er þó óvarlegt að áætla að fjöldi erlendra gesta nái fyrri hæðum fyrr en eftir einhvern árafjölda. Sala á aðgangseyri og væntingar um tekjur af safnbúðum og salaleigu taka mið af þessu.

Í forsendum fjárhagsáætlunar er gerð krafa um að gjaldskrártekjur aukist almennt um 4,1% og hækka helstu gjaldskrárlíðir í samræmi við það. Vegna mikils tekjutaps safna sviðsins á síðustu tveimur árum fengu söfnin 110 m.kr. niðurfellingu á tekjukröfu fyrir árið 2021. Í ramma sviðsins fyrir árið 2022 er tekjukrafa hækkuð um helming af þeirri niðurfellingu. Það gæti reynst erfitt að ná því markmiði nema aukning erlendra ferðamanna verði veruleg miðað við þetta ár. Ítrekað hefur verið bent á að Borgarsögusafn og Listasafn eru mjög háðar því sjálfsaflafé sem byggst hefur upp á undanförunum árum. Ramminn byggir ætíð á tekjum fyrra árs með verðbótum og þ.a.l. er erfitt að halda úti sama þjónustustigi þegar tekjur dala.

Gert er ráð fyrir 2,4% hækkun á vísitölu neysluverðs, en samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunarinnar eru það eingöngu vísitölutryggðar samningsskuldbindingar gagnvart þriðja aðila sem eru verðbættar en innri leiga er verðbætt um 3,46%. Að öðru leiti er ekki um neinar verðbætur að ræða á annan kostnað. Gert er ráð fyrir 1% hagræðingu á laun eins og undanfarin ár. Nú er svo komið að það er nánast útilokað að verða að fullu við slíkri kröfu á öllum stöðum án þess að fara í þjónustuskerðingu og/eða fækka verkefnum. Því er einnig við að bæta að stytting vinnuvikunnar hefur jafnframt veruleg áhrif á afgreiðslu og þjónustu og minnkar verulega möguleika á hagræðingu. Gripið var til þess ráðs á nokkrum stöðum að lækka annan rekstarkostnað til að skila hagræðingunni. Sviðið hefur verið öflugt í að nýta sér sérstakan pott borgarinnar er varðar vinnumarkaðsaðgerðir, sem voru ein af mótvægisáðgerðum Reykjavíkurborgar við Covid-19, og stefnt er að því að halda því áfram eftir því sem mögulegt verður. Þetta hefur reynst sviðinu mjög verðmæt viðbót og hefur sviðið í kjölfarið náð að sinna mun betur ýmsum verkefnum sem ekki var hægt að sinna vegna skorts á mannskap. Má þar m.a. nefna skráningu, gagnaöflun og umsýslu safnskots, vef-, samfélags- og markaðs- og streymismál, ýmis mannauðsverkefni, forvarsla og viðhald útilistaverka, sýningarhald og styrkjaumsóknir svo eitthvað sé nefnt.

Stöðugildum á sviðinu í heild fjölgar um 3,1, en þar af eru 1,8 stöðugildi bætt í ramma vegna opunar safnsins í Úlfarsárdal. Fækkað er tímabundið um 0,5 stöðugildi á skrifstofu og 0,5 í annarri menningarstarfsemi og verður andvirðið nýtt í innlent markaðsátak með það að markmiði að styrkja tekjuöflun sviðsins. Hjá Borgarsögusafni er bætt við 1,6 stöðugildi, en 0,6 stöðugildi er vegna opunar nýrrar sýningar í Aðalstræti 10. Síðan var ákveðið að ráða í starf vegna minjaskráningar í stað þess að borga áfram fyrir útselda vinnu þar sem það er hagkvæmara.

Sviðið er með tvo stóra vísitölutryggða styrktarsamninga sem eru við Hörpu og Borgarleikhús. Vegna hagræðingarkröfu á annan rekstrarkostnað á síðasta ári þarf að bæta í ramma núverandi árs og einnig var bætt í ramma ársins 2022 til að hægt verði að standa við samningsskuldbindingar.

Á árinu 2021 verður tæplega 48% af fjárhagsramma sviðsins varið til að styrkja fjölbreytta menningarstarfsemi í Reykjavík með beinum styrkjum til einstaklinga og hópa, samstarfssamningum og styrkjum í formi innri leigu af húsnæði, en um 44% fjárhagsrammans er varið til reksturs stofnana sviðsins. Önnur menningarstarfsemi, svo sem viðburðir, Tónlistarborg, Bókmenntaborg, Menningarkortsverkefni og ýmis minni miðlæg verkefni fylla um 4% af rekstri sviðsins, ferða- og markaðsmál um 2% og stjórnun sviðs og kostnaður ráðs eru um 2%.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Menningar- og ferðamálasvið hefur menningarstefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar að leiðarljósi í öllum sínum verkefnum. Stefnurnar eru langtímaáætlanir og segja til um forgangs röðun verkefna og þróun sviðsins.

Styrkveitingar og framlag til menningarlífsins

Hæstu framlög til menningarlífsins í borginni, fyrir utan rekstur menningarstofnananna; Listasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns og Borgarbókasafns, fara sem fyrr til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Sinfóníuhljómsveitar Íslands skv. lögum og Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss vegna endurgreiðslu stofnkostnaðar á móti ríkinu og viðbótarrekstrarframlags. Jafnframt njóta fjölmargir sjálfstæðir aðilar húsnæðis- og/eða rekstrarstyrkja, t.a.m. Listahátíð í Reykjavík, Sviðlistamiðstöð í Tjarnarbíói, Sjonlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum, Myndhöggvarafélag Reykjavíkur, Bíó Paradís, Dansverkstæðið og Nýlistasafnið og Kling & Bang í Marshallhúsi, svo þeir helstu séu nefndir.

Almennar styrkveitingar á sviði menningar og lista eru veittar árlega úr svokölluðum styrkjaþotti fyrir afmörkuð verkefni, til hópa eða félaga og til samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára. Styrkjaþotturinn, sem er auglýstur árlega, er að hluta bundinn vegna þeirra samstarfssamninga sem í gildi eru. Árið 2022 eru 11 samstarfssamningar í gildi, þar af 6 borgarhátíðarsamningar, samanlagt 81,3 m.kr., en að þeirri upphæð meðtalinni eru 125,9 m.kr. í pottinum. Ekkert er laust fyrir samstarfssamninga á komandi ári. Við úthlutun árlegra styrkja er höfð til hliðsjónar menningarstefna Reykjavíkur og styrkjareglur borgarinnar. Að auki eru sérstakir árlegir styrkir veittir til myndrýkrar miðlunar tengdri sögu og menningu í Reykjavík.

Bókmenntaborgin hefur umsjón með Bókmenntaverðlaunum Tómasar Guðmundssonar, Barnabókaverðlaunum Reykjavíkurborgar og Barnabókaverðlaunum Guðrúnar Helgadóttur, sem eru veitt fyrir handrit. Tónlistarborgin hefur umsjón með Úrbótasjóði tónleikastaða sem var framlengdur um ár og verður 8 m.kr. líkt og áður.

Borgarlistamaður Reykjavíkur er jafnframt útnefndur árlega.

Stofnanir sviðsins

Borgarbókasafnið: Lýðræðisvettvangur með sjálfbærni og nýsköpun að leiðarljósi

Innleiðing stefnu Borgarbókasafnsins 2021-2024, Opið rými allra, er þungamiðja í starfsáætlun ársins 2022. Á oddinn verða sett verkefni sem tilgreind eru í aðgerðaáætlun sem fylgdi stefnunni. Unnið verður að kortlagningu hagsmunaaðila og helstu markhópa hvers bókasafns og skapaður vettvangur til að eiga samtal við núverandi og framtíðarnotendur í hverju hverfi fyrir sig um þróun starfseminnar.

Stefnt er að því að þróa fræðslu og þátttökumiðaða dagskrá sem snertir umhverfis- og samfélagstengd málefni, auk þess sem tilraunastofa borgaralegrar þátttöku verður sett á laggirnar og skapaður samráðsvettvangur fyrir notendur þar sem þeir geta komið saman í öruggu umhverfi bókasafnsins. Sérstök áhersla er lögð á jaðarsetta hópa og gagnrýna menningarsamræðu.

Átak verður gert í að framleiða nýtt efni fyrir Hlaðvarp Borgarbókasafnsins í því augnamiði að skapa vettvang fyrir fjölbreyttar raddir í menningar- og samfélagsumræðu. Haldin verða námskeið og stofnaðir umræðuhópar fyrir starfsfólk Borgarbókasafnsins til að auka skilning á sjálfbærri samfélagsþróun. Einnig verða gerðar tilraunir í dagskrárgerð í OKinu og á Verkstæðum Borgarbókasafnsins fyrir börn og ungmenni 13-15 ára og 16-20 ára.

Áfram verður unnið að aðgengismálum og þau rýnd með skipulögðum hætti til að koma til móts við ólíkar þarfir notenda. Stefnt verður að því að stofna verkefnahóp þar sem saman koma starfsmenn Borgarbókasafnsins, ÞON og VEL og halda vinnustofur um útfærslu á borgarþjónustu á bókasöfnunum. Markmiðið er að skoða einhverskonar samstarfsmódel um borgarþjónustu og bókasafnið sem vettvangur fyrir „fyrstu kynni/hjálp“ fyrir íbúa og setja stafræna þjónustu sem fyrsta val fyrir notendur. Í framhaldinu mun tilraunaverkefni með skilgreindri borgarþjónustu hefjast og starfsfólk frá Borgarbókasafninu og velferðarsviði borgarinnar fær þjálfun til að sinna verkefninu og prófa mismunandi frumgerðir af þjónustunni.

Gera má ráð fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir í Grófarhúsi muni hafa mikil áhrif á starfsemi og þjónustu safnsins og vinnuumhverfi starfsfólks. Mikilvægt er að móta áætlun um á hvaða hátt hægt verður að halda úti þjónustu í miðborginni og tryggja starfsmönnum góð starfsskilyrði á meðan á framkvæmdaferli stendur.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Starfsemi ársins 2022 er mörkuð afleiðingum erfiðs tíma síðustu missera, sökum heimsfaraldurs Covid-19, sem hefur haft mikil áhrif á störf og fjárhag safnsins. Komandi ári fylgja áskoranir í rekstri, en vænta má þess að nú sjái fram á betri tíma hvað gestakomur varðar og þar með afkomu stofnunarinnar.

Ráðgert er að ljúka stefnumótun fyrir Borgarsögusafn síðla árs 2021, sem tekur mið af áherslum á sviði safnastarfs á alþjóðasviðinu og nýrri menningarstefnu Reykjavíkur. Í kjölfarið verður á árinu 2022 unnin aðgerðaáætlun sem nær til ársins 2025.

Húsakannanir og fornleifaskráning verða unnar í tengslum við vinnu á sviði skipulagsmála, sér í lagi fyrir nýtt aðalskipulag borgarinnar. Þá verður unnið með ýmsar menningarminjar í borgarlandinu, viðhald, umsagnir, úttektir, miðlun og menningarmerkingar.

Allra stærsta verkefni Borgarsögusafns á árinu 2022 verður opnun nýrrar sýningar í Aðalstræti 10, sem er framhald af Landnámssýningunni í Aðalstræti 16 en opnun sem ráðgerð var á árinu 2021 hefur verið færð til vorsins 2022. Samhliða því verður farið í nauðsynlega endurnýjun tæknibúnaðar á Landnámssýningunni. Á Sjóminjasafninu verður fókusinn á vinnu sem tengist skipum safnsins, dráttarbátnum Magna og varðskipinu Óðni, en traust samstarf við hollvinasamtök þessara tveggja skipa hefur verið byggt upp og sinna sjálfbóðaliðar ómetanlegri vinnu við viðhald og endurgerð þessara merku og margbrotnu safngripa. Starfsemi Ljósmyndasafns Reykjavíkur verður með hefðbundnu sniði, þrjár sýningar á vegum safnsins (sýning á Ljósmyndahátíð, sýning Jessica Auer og sýning Elvars Arnar

Kjartanssonar), auk samstarfsverkefna við Blaðaljósmyndarafélag Íslands og Ljósmyndaskólann. Á Árbæjarsafni verður lokið ákveðnum áföngum við endurbætur á safnsvæði, svo sem í tengslum við Skátaskálann frá Lækjarbotnum og samstarf við skátana eftl og lokið verður við gerð útisvæðis í tengslum við Álfhól, en safnið hlaut styrk til verksins úr Safnasjóði. Áfram verður unnið að viðhaldi safnhúsa, málun, tjörgun og viðhaldi. Í Viðey verður unnið áfram að fræðsludagskrá í skólahúsinu, en styrkur fékkst til þess úr Barnamenningarsjóði og er verkefnið samstarf Borgarsögusafns og Listasafns Reykjavíkur. Þá verður mótuð aðgerðaáætlun og unnið að endurnýjun fræðsluskilta í eyinni. Jafnframt verður farið yfir eldri stefnumótun fyrir Viðey, í samráði við hagaðila og ný stefna mörkuð á árinu.

Áfram verður unnið að verkefninu *Tökum höndum saman* í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur en það miðar að því að ná til fjölbreyttra hópa samfélagsins og móta starfsemi safnsins í þeim efnunum. Viðburðahald verður venju samkvæmt fjölbreytt, með það í forgrunni að þjóna gestum nærsamfélagsins sem best. Jafnframt verður farið í sérstaka markaðssókn til að auka aðsókn þeirra gesta og þá verður unnið að því að auka sýnileika safnsins á veraldarvefnum í samræmi við aukna snjalltækjanotkun.

Listasafn Reykjavíkur

Umfangsmesta sýning ársins hjá Listasafni Reykjavíkur verður yfirlitssýning á verkum Errós í öllum sýningasölum Hafnarhúss en listamaðurinn verður níræður á árinu. Sýningin mun endurspeglar kraftmikinn feril hans og þann verðmæta menningararf sem safnið varðveitir í Erró-safninu. Sýningin hefur verið í undirbúningi frá árinu 2019 og endurspeglar það hlutverk safnsins að sinna jafnt rannsóknnum og kynningu á verkum úr viðamikilli listaverkæign borgarinnar og vægi Errós í alþjóðlegu samhengi. Þegar sýningunni lýkur í Hafnarhúsi fer hún á nokkra virta sýningarstaði erlendis, MOMA-Moskvu, AROS í Árósum og víðar.

Listasafn Reykjavíkur hefur frá árinu 2019 unnið með söfnum í Bandaríkjunum og Svíþjóð að sýningu þar sem kynnt verða verk listamanna sem koma frá norðlægum slóðum og fjalla um breytingar sem eru að verða á mannlífi og náttúru norðurheimskautsins. Á árinu verður sett á laggirnar sérstök rannsóknarstaða við safnið sem ætlað er að taka til skoðunar stöðu kvenna í íslenskrri listasögu. Staðan er styrkt af Safnaráði og er til eins árs og lýkur með sýningu og útgáfu.

Unnið verður að úrbótum varðveisluskilyrða safnsins, jafnt í safnhúsum sem í fjargeymslu. Eignasjóður var nú á haustmánuðum 2021 að ganga frá 10 ára leigusamningi á nýju geymslurými fyrir safnið og tekur leigusamningur gildi 1. desember 2021. Þessi nýja aðstaða bætir verulega úr brýnni þörf hvað varðar aðbúnað listaverkæignar Reykjavíkurborgar, eykur á öryggi verka og bætir til muna aðstöðu fyrir starfsfólk. Unnið verður áfram að viðhaldi og viðgerðum á útilistaverkum í borginni og jafnframt er unnið að uppsetningu nýrra verka samkvæmt sérstökum fjárheimildum. Áfram verður unnið að því að efla og treysta stöðu safnsins sem sjálfsagðs viðkomustaðar borgarbúa og gesta borgarinnar. Í allri miðlun er höfðað til áhugafólks um myndlist en einnig unnið að því að greina og ná til hópa sem síður hafa sótt safnið heim. Verkefni á borð við *Listin talar tungum*, *Tökum höndum saman* og fastar leiðsagnir á pólsku verða áfram á dagskrá starfsársins og hafa það markmið að koma til móts við það fjölbreytta samfélag sem safnið þjónar.

Í ljósi þess að erlendum ferðamönnum hefur fækkað mikið hér á landi í kjölfar heimsfaraldurs er það áskorun fyrir Listasafn Reykjavíkur að mæta væntingum um sjálfafla fé sem hluta af rekstrarfé safnsins. Þó enn ríki óvissa um þróun samkomutakmarkana á komandi misserum er lögð fram áætlun sem gerir ráð fyrir því að samfélagið finni sér leiðir til að njóta menningar og lista í samneyti manna og að fjöldi ferðamanna til landsins aukist.

Höfuðborgarstofa

Á undanförunum árum hefur verið unnið að endurskipulagningu og forgangsroðun verkefna Höfuðborgarstofu. Lögð hefur verið meiri áhersla á aðgengilega upplýsingagjöf sem þarfnaðist minni

mannafloa og markvissari markaðssetningu gagnvart erlendum gestum. Samhliða hefur verið unnið að því innan sviðsins að efla innlenda markaðssetningu á menningarframboði borgarinnar, svo sem á söfnum borgarinnar, Menningarkorti og öðrum menningarviðburðum og hátíðum. Innlenda markaðssetningin og uppbygging nýs innlands markaðssteymi var fjármagnað með hagræðingu og tilfærslum á verkefnum og fjármunum sem tilheyrðu skrifstofu sviðsstjóra og hefðu að óbreyttu farið í ýmis menningarverkefni. Megintilgangur þessara breytinga er að ná hagræðingu og stuðla að samvinnu verkefna þvert á sviðið og ná samlegðaráhrifum með það að markmiði að nýta betur þekkingu og fjármagn. Byggt hefur verið upp eitt öflugt markaðsteymi fyrir innlenda og erlenda markaðssetningu. Á innlendum vettvangi er gert ráð fyrir að halda áfram að styrkja og efla innlenda markaðssetningu og sinna miðlun á eigin vefsíðu og samfélagsmiðlum, styðja við söfnin, viðburði og menningarverkefni sviðsins og halda áfram öflugum samstarfi við USK um Sumarborgina. Umsjón og markaðssetning með Menningarkorti Reykjavíkur verður áfram á höndum Höfuðborgarstofu.

Áfram verður unnið að mörkun og markaðssetningu á áfangastaðnum Reykjavík með það að leiðarljósi að Reykjavík verði þekkt sem sjálfstæður áfangastaður og verði þannig mikilvægur þáttur í ákvörðun gesta um að sækja landið heim. Mikilvægt er að fylgja eftir vel heppnaðri RE herferð sem var undirbúin og ýtt úr vör fyrir andvirði sérstaks Covid-19 styrks og að vinna áfram í góðu samstarfi við Íslandsstofu, Meet in Reykjavík og Inspired by Iceland North America.

Áhersla á innlent markaðsstarf var einnig aukin verulega með sérstökum Covid-19 styrk sem var hluti af mótvægisáðgerðum við áhrifum heimsfaraldurs og liður í stuðningi við verslun og þjónustu í borginni með það að markmiði að efla ímynd Reykjavíkur og starfsemi sviðsins gagnvart íbúum borgarinnar og landsins alls og auka vitund um allt það sem hún hefur upp á að bjóða. Haldið verður áfram á þeirri braut.

Viðræður um stofnun áfangastaðastofu hafa staðið yfir milli ríkis og sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu um nokkurt skeið og líkur eru á að slík stofnun taki til starfa á nýju ári. Taki ný áfangastaðastofa til starfa er gert ráð fyrir að hún muni taka yfir erlent markaðsstarf Höfuðborgarstofu.

Önnur menningarstarfsemi

Reykjavík bókmenntaborg UNESCO

Miðlun orðlistar hefur alltaf skipað háan sess í starfsemi Bókmenntaborgarinnar en árið 2022 verður áherslan á gerð og miðlun efnis um orðlist aukin enn frekar. Miðlunarleiðir verða fjölbreyttar, svo sem hlaðvarps- og myndbandagerð og verður efnið birt á nýjum vef Bókmenntaborgarinnar og á samfélagsmiðlum. Þá verður samstarfi Bókmenntaborgarinnar og umhverfis- og skipulagsviðs um orðlist í borgarlandinu fram haldið og einnig vinnur Bókmenntaborgin með listamönnum, stofnunum og félagasamtökum að því að koma orð- og ritlist á framfæri í borginni með margvíslegum hætti.

Meðal annarra verkefna eru árleg Bókamessa í Bókmenntaborg í nóvember í samstarfi við bókaútgefendur, lestrarhvatning Sleipnis í samstarfi við Borgarbókasafn og skólasöfn í grunnskólum, utanumhald um barnamenningarverkefnið SÖGUR í samstarfi við aðra aðstandendur þess, utanumhald um öll bókmenntaverðlaun Reykjavíkurborgar og rekstur Gröndalshúss, þ.e. viðburðarárýmis, gestaíbúðar fyrir erlenda listamenn og vinnustofu fyrir innlenda rithöfunda og listamenn. Ný Sleipnisbók fyrir stálpuð börn mun líta dagsins ljós á árinu og auk þess stuðlar Bókmenntaborgin að nýrækt í barnabókmenntum með samkeppni um jólasögu í samstarfi við Borgarbókasafn.

Stuðningur og samstarf við grasrót í bókmenntalífi borgarinnar er eitt lykilverkefna Bókmenntaborgarinnar og þetta mikilvæga verkefni verður eftt á árinu og formgert frekar. Árið 2022 mun Bókmenntaborgin í fyrsta sinn standa að smíðju fyrir rithöfunda sem hyggjast sækja um ritlaun en skortur er á fræðslu á þessu sviði hérlendis.

Bókmenntaborgin tekur áfram virkan þátt í alþjóðlegu starfi Bókmenntaborga UNESCO innan Netskapanandi borga UNESCO (e. UNESCO Creative Cities Network) og verður sérstök áhersla lögð á samstarf á sviði gestadvalar og tækifæra fyrir rithöfunda þvert á borgir í netinu svo og á miðlun bókmennta milli

borga. Einnig mun Bókmenntaborgin bjóða höfundu frá annarri Bókmenntaborg til dvalar í Reykjavík. Áframhaldandi samstarf verður við Goethe stofnun í Kaupmannahöfn sem býður þýskum rithöfundu til Reykjavíkur. Þá mun Bókmenntaborgin áfram vinna með Iceland Writers Retreat og Iceland Readers Retreat að kynningu á íslenskum rithöfundum og bókmenntum í alþjóðlegu samhengi.

Tónlistarborgin

Á dagskrá Tónlistarborgarinnar árið 2022 eru m.a. verkefni sem hafa fest sig í sessi á undaförnum árum eins og Hitakassinn - námskeið um tónlistariðnaðinn fyrir hljómsveitirnar sem komast í úrslit Músíktílauna, Firestarter tónlistarhraðallinn fyrir tónlistartengdar viðskiptahugmyndir, Elskum plötubúðir, samstarfsverkefnið Record in Iceland sem vekur athygli á endurgreiðslumöguleikum vegna hljóðritunar á tónlist hér landi og Tónatal, fræðsluverkefni tónlistarsamfélagsins á Íslandi. Þá verður framhald á samfélagslega verkefninu Korda Samfónía sem felst í því að stofnuð verður hljómsveit með skjólstaðingum starfsendurhæfingarstöðva, nemendum úr Listaháskóla Íslands og meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hljómsveitin hélt tónleika í Hörpu vorið 2021 við gríðargóðar undirtektir og nú verður verkefnið endurtekið með nýjum þáttakendum.

Tónlistarborgin, ásamt hópi tónleikastaða í borginni, hlaut Evrópustyrk fyrir verkefnið *Lífvænlegir tónleikastaðir: Að tryggja sjálfbæra framtíð lítilla tónleikastaða í Reykjavík* og mun ásamt samstarfsaðilum sinna því verkefni fram á mitt ár 2022. Að auki hefur Tónlistarborgin umsjón með Úrbótasjóði tónleikastaða.

Á árinu ætlar Tónlistarborgin að efla samstarf sitt við tónlistarhátíðir t.a.m. með tengslamyndunarviðburðum og fræðsludagskrá. Í október 2022 mun Tónlistarborgin í samstarfi við Norræna músíkdaga standa að hljóðfærasýningu í Ráðhúsinu. BIG BANG tónlistarhátíðin fyrir unga áhorfendur fer fram í Hörpu í apríl 2022 í samstarfi við Barnamenningarhátíð og List fyrir alla og Tónlistarborgin er einnig nýr samstarfsaðili að Upptaktinum, tónsköpunarverðlaunum barna. Verkefni sem miða að því að auka aðgengi ferðamanna og íbúa að tónlistarviðburðum í borginni eru t.d. menningarmerkingar og tónlistargöngur. 2021 verður búin til ný tónlistarganga um tónskáldið Jón Leifs í samstarfi við Tónverkamiðstöð en árið 2022 er stefnt er að því að koma upp menningarmerkingu um Jón Leifs sem helst þá í hendur við gönguna. Tónlistarborgin mun halda áfram að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í gegnum Tengslanet tónlistarborga (e. Music Cities Network). Á þeim vettvangi gefst íslensku tónlistarfólki og fagfólki í tónlist tækifæri að taka þátt í ýmsum alþjóðlegum verkefnum. Einnig er á dagskrá að koma á listamannadvöl í Reykjavík og Nantes í Frakklandi fyrir íslenskt og franskt tónlistarfólk í samstarfi við Sendiráð Frakklands, Trempolino og fleiri aðila.

Viðburðir

Viðburðateymi menningar- og ferðamálasviðs skipuleggur og framkvæmir sex árlegar hátíðir og viðburði sem Reykjavíkurborg stendur fyrir og fjármagnar. Tilgangur hátíðanna er að gæða borgina lífi, gestum hátíðanna að kostnaðarlausu. Þá er viðburðateymið í ráðgefandi samstarfi við viðburðahaldara í borginni sem og aðrar stofnanir og svið innan Reykjavíkurborgar sem koma að viðburðum í borgarlandinu á einn eða annan hátt.

Vetrarhátíð samanstendur af ljóslistaverkum í borginni, Safnanótt og Sundlauganótt. Haldið verður áfram að þróa ljósahluta hátíðarinnar með ýmsum samstarfsaðilum og leitað verður leiða til að endurtaka samkeppni um ljóslistaverk í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, eins og gert var með góðum árangri á Vetrarhátíð 2021. Sem fyrr verður samstarf um listrænt innihald og val á ljósalistamönnum við seyðfirsku hátíðina *List í ljósi* og unnið er að því að tryggja hátíðinni aukið fjármagn með styrktarsamningi við Orku náttúrunnar. Barnamenningarhátíð leggur áherslu á öll listform og víðtæka þátttöku reykviskra barna. Enginn einn viðburður í borginni nær að virkja jafn breiðan hóp barna í fjölbreyttum menningarupplifunum á sama hátt og Barnamenningarhátíð. Barnamenningarhátíð mun

leggja áherslu á að auka aðkomu listafólks að hátíðinni og fjölga innlendum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum eins og BIG BANG hátíðin, sem nú er samstarfsaðili hátíðarinnar, er gott dæmi um. [17. júní](#) dagskráin er að vanda tvískipt. Fyrri hlutinn er morgunathöfnin á Austurvelli sem er skipulögð í samvinnu við Alþingi og forsætisráðuneytið. Seinni hlutinn er hátíðarhöldin eftir hádegi en undanfarin tvö ár hefur meiri áhersla verið lögð á óvænta viðburði í borgarlandinu og verður haldið áfram að þróa þá leið. [Menningarnótt](#) snýst öðru fremur um að skapa vettvang og tækifæri til sköpunar fyrir listafólk og aðra með góðar hugmyndir. Miðborg Reykjavíkur verður þannig leikvöllur listafólks í einn dag og vettvangur fyrir fjölbreytta flóru viðburða. [Tendrun Friðarsúlunnar](#) fer fram árlega við lágstemmda athöfn í Viðey á afmælisdegi John Lennon þann 9. október og kveikt er á súlunni á hverju kvöldi til 8. desember sem er dánardagur Lennon. [Tendrun jólaljósanna á Óslóartreinu](#) markar upphaf aðventunnar í borginni og býður fólk velkomið á Austurvöll með hátíðlegum söng og skemmtilegum uppákomum. Af öðrum aðventuviðburðum má nefna jólavættirnar sem sjást víðs vegar um borgina og eiga þátt í því að skapa skemmtilega stemningu í miðborginni í aðdraganda jólanna.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Á menningar- og ferðamálasviði er starfræktur starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Markmið hans er að samþætta mannréttinda- og fjármálastefnu borgarinnar með því að greina áhrif dreifingu gæða á kynin og jaðarsetta hópa samfélagsins. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa borgarbúa.

Árið 2022 verður áhersla lögð á að byggja ofan á verkefni síðustu ára og skapa þannig enn betri grundvöll til þess að rýna og vinna með kyngreindar upplýsingar sem og að ýta nýjum verkefnum úr vör.

Nokkrum verkefnum hefur seinkað vegna Covid-19 en nú er gert ráð fyrir að hægt verði að halda áfram með markvissari hætti.

Áætlað er að halda áfram að skoða og greina aðgangstölur á stofnunum sviðsins með því að framkvæma tímabundnar skimanir á afgreiðslustöðum til að fá betri mynd af því hverjir sækja stofnanir sviðsins og tengja við hvað er í boði á hverjum tíma. Þessu verkefni hefur þurft að fresta vegna Covid-19 og takmörkunum gestakoma á söfnin.

Fræðsla fyrir grunnskólabörn í samstarfi við SFS, verður skoðuð sérstaklega. Nýtt bókunarkerfi hefur verið innleitt sem gefur góð tækifæri til að vinna markvissara en áður og bæta kynningu, útbúa hæfniviðmið og efla undirbúning vegna heimsókna grunnskólabarna á söfn borgarinnar. Þessi vinna er komin vel af stað og eftir ákveðinn aðlögunartíma verður gerð könnun sem verður borin saman við eldri könnun um börn og menningaruppeldi.

Regluleg uppfærsla er á kynjuðum gögnum vegna sölu og notkunar á Menningarkorti Reykjavíkur, en mikill kynjahalli, konum í vil, er á bæði sölu og notkun kortanna. Markvisst verður unnið að því í markaðsmálum í samstarfi við söfnin að bæta úr kynjahalla og skýrsla unnin í kjölfarið.

Á árinu 2022 er gert ráð fyrir að uppfærðar verklagsreglur um styrki á vegum menningar, íþróttá- og tómstundaráðs taki gildi. Gert er ráð fyrir að umsóknir verði metnar með tilliti til nýrrar menningarstefnu sem verður tilbúin í lok þessa árs og er meginsteff hennar „aðgengi fyrir alla“. Að sama skapi verði þess gætt að verklagsreglurnar falli að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og hafi markmið um innleiðingu á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun að leiðarljósi. Einnig skal ráðið gæta þess að kynjahlutföll séu jöfn í þeim ólíku starfshópum sem það skipar.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Spá 2021	Áætlun 2022
Borgarbókasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi - heildartala	579.324	581.252	386.085	493.700	614.000
- Aðalsafn	155.777	157.933	102.834	131.000	160.000
- Kringlusafn	102.092	108.153	71.341	91.000	109.000
- Sólheimasafn	58.503	56.859	35.297	46.000	57.000
- Gerðubergssafn	125.365	125.365	88.879	109.000	126.000
- Foldasafn	81.241	81.535	53.867	69.000	81.000
- Ársafn	40.900	42.263	28.817	37.000	42.000
-Menningarhús Úlfarsárdal			0	3.000	30.000
- Bókabíll	8.519	7.631	3.940	6.800	7.500
- Æringi	1.927	1.513	1.110	900	1.500
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	14.167	12.492	4.267		15.000
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	132	161	106		137
Fjöldi heimsókna á vefi BBS	125.893	127.968	194.967		
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	3	5	1	0	0
Samstarfsaðilar	61	51	60	60	60
Safnkostur	407.771	395.719	391.473	400.000	400.000
Safnkostur á íbúa	3,18	3,03	2,94	2,98	2,98
Velta safnkosts-útlán á eintak	1,74	1,79	1,37	1,67	1,88
Útlán	710.074	707.833	535.862	671.000	751.000
- Aðalsafn	164.547	156.660	136.017	165.000	165.000
- Kringlusafn	146.359	150.537	114.376	146.000	150.000
- Sólheimasafn	86.809	86.104	56.116	75.000	86.000
- Gerðubergssafn	101.324	101.096	75.583	82.000	100.000
- Foldasafn	130.158	131.221	94.785	122.000	130.000
- Ársafn	72.047	72.767	52.609	65.000	70.000
-Menningarhús Úlfarsárdal				5.000	40.000
- Bókabíll	8.830	9.448	6.376	10.000	10.000
Bókin heim (fjöldi notenda)	40	39	37	40	40
Útlán á íbúa	5,54	5,41	4,02	5	5,6
Borgarsögusafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi - heildartala	223.958	200.068	60.180	67.200	185.000
- Árbæjarsafn	49.840	48.716	23.807	0	44.000
- Landnámssýning og Aðalstræti 10 *	99.603	72.639	11.850	21.000	57.000
- Ljósmyndasafn	20.306	14.349	6.145	11.000	18.000
- Viðey	22.870	21.005	7.529	13.200	22.000
- Sjóminjasafn	31.339	43.359	10.849	22.000	44.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	18.514	19.479	10.357	7.900	11.000
Fjöldi viðburða	85	81	75	44	91
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	12	8	5	4	3
Fjöldi innlita á heimasíðu	157.449	143.263	104.785	115.000	125.000
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	51	54	54	54	54
Fjöldi útgáfuverka	7	7	5	12	10
Fjöldi afgreiddra mynda	2.328	2.108	1.881	1.900	1.900
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	3.493	3.642	3.668	3.864	4.000
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	30.264	30.961	32.293	33.000	34.000
Fjöldi skráðra ljósmynda	1.710.000	1.800.000	1.960.000	2.070.000	2.170.000
Fjöldi skráðra húsa í húsakrá	7.613	7.619	7.640	7.650	7.680
* Aðalstræti 10 - opunartími eingöngu sumar 2018					

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

Listasafn Reykjavíkur					
Gestafjöldi	222.886	227.119	138.815	140.250	160.000
- Hafnarhús	112.651	100.597	58.501	82.500	90.000
- Kjarvalsstaðir	84.904	101.982	70.284	44.000	50.000
- Ásmundarsafn	25.331	24.540	10.030	13.750	20.000
Fjöldi seldra árskorta (endurnýjun)	194	364	395	406	571
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	10.470	8.670	8.590	10.000	10.000
Fjöldi viðburða	258	221	118	170	190
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	7	4	2	0	3
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	131.602	158.019	135.880	140.000	188.000
Útlán listaverka	480	460	484	495	500
Fjöldi útgáfuverka	24	17	16	15	17
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	17.154	17.193	17.237	17.360	17.380
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins	182	184	184	186	188
Bókmenntaborg UNESCO					
Alþjóðleg samstarfsverkefni	10	7	9	7	3
Samstarf með orðlistafólki (nýtt fyrir árið 2019)		116	100	80	80
Höfuðborgarstofa					
Sala á gestakorti (fjöldi korta)	16.254	13.876	1.168		500
Fjöldi heimsókna á vefsvæði www.visitreykjavik.is	1.229.425	813.537	361.773	323.000	500.000

* Upplýsingamiðstöð ferðamanna lögð niður haustið 2018

SKORKORT 2022

Menningar- og ferðamálasvið - Skorkort 2022				
Vídd / velgengnisþáttur	Mælikvarði	Rauntölur 2020	Áætlun 2021	Markmið 2022
Þjónusta				
Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	189	216	240
	Fjöldi barna og unglinga í skipulögðum heimsóknum	22.193	44.100	42.560
Menningarlegt forystuhlutverk	Fjöldi fjölmennigartengdra verkefna og viðburða	59	82	71
	Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum	57	47	45
	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna	ekki framkvæmt	94%	92%
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins	585.080	859.650	959.000
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	ekki framkvæmt	89%	91%
	Fjöldi nemenda og annarra í skipulögðu náms- eða félagsstarfi (nýr mælikvarði frá 2021)		21.100	3.340
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	12	15	8
Fjármál				
Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	0,3%	+/- 1%	+/- 1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	4.031	2.739	2.520
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	17	21	34
	Sértækur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma	-9%	-15%	-12%
Verklag				
Samstarf og samráð	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	21	16	23
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	34	27	31
Öflug miðlun	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins	1.110.743	1.924.000	1.006.000
	Hver er útbreiðsla (reach) efnis á samfélagsmiðlum	17.653.208	13.268.000	11.587.855
	Viðbragð við færslum á samfélagsmiðlum (engagement) Facebook og Instagram (nýr mælikvarði 2021)		342.000	372.757
Hlúð að sögu og menningarminjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	11	16	22
	Fjöldi menningarmerkinga í borgarlandinu	5	2	1

SKORKORT 2022 FRH.

Vídd / velgengnisþáttur	Mælikvarði	Rauntölur 2020	Áætlun 2021	Markmið 2022
Mannauður				
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	90%	92%	95%
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýtt í starfi	81%	85%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað	91%	95%	95%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað	73%	84%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	71%	80%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum	97%	100%	100%
Árangursríkir stjórnunarþættir	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns	85%	92%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnstað sínum vel stjórnað	74%	85%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mán.	80%	92%	100%
	Á sl. 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til þess að sækja námskeið eða fræðslu	87%	95%	95%

95-100% markmiðum náð

75 - <95% þarf að nást

Minna en 75% markmiða náð

Ekki mælt á tímabilinu




Ljósmynd: Ragnar Th. Sigurðsson

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ

LEIÐARLJÓS

Barnið sem virkur þátttakandi - Fagmennska og samstarf í öndvegi

SKIPURIT



HLUTVERK

Skóla- og frístundasvið hefur það hlutverk að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið. Einnig hefur sviðið það hlutverk að vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.


FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Rekstrartekjur	4.004.765	4.028.680	4.393.757
Tekjur samtals	4.004.765	4.028.680	4.393.757
Laun og launatengd gjöld	40.011.147	41.471.257	43.155.583
Annar kostnaður	22.421.717	22.208.826	24.077.951
Rekstrargjöld samtals	62.432.864	63.680.083	67.233.534
Rekstrarniðurstaða	58.428.100	59.651.403	62.839.777

STARFSFÓLK

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi starfsmanna	5.885	6.071	6.044
Fjöldi stöðugilda	4.583	4.578	4.579
Eftir skrifstofum / þjónustubáttum:			
Leikskólar	1.628	1.676	1.627
Grunnskólar	2.321	2.307	2.328
Frístundamiðstöðvar	497	455	477
Námsflokkar Reykjavíkur	5	3	3
Skólahljómsveitir	33	34	34
Miðja máls og læsis	10	14	14
Farteymi	11	12	16
Betri borg fyrir börn		11	13
Yfirstjórn SFS og miðlæg þjónusta	79	66	67

SKIPTING REKSTRAR 2022



GJALDSKRÁR – VERÐLAGSBREYTINGAR

Gert er ráð fyrir:

- Að allar gjaldskrár SFS hækki um 4,1%.
- Hækkun innri leigu húsnæðis og búnaðar um 3,46%, án tölvuþjónustu. Samtals er hækkun innri leigu 404,6 m.kr.
- Að hagræðing verði innan SFS sem nemur 1% af launakostnaði, 410,1 m.kr.
- Að tölvuþjónusta (gjaldskrá UTR) hækki í samræmi við áætlaðan útgjaldaramma deildarinnar, ný gjaldskrá liggur ekki fyrir.
- Að ekki séu reiknaðar verðbætur á almennan rekstrarkostnað en vegna bundinna samninga koma verðbætur sem eru að fjárhæð 35,1 m.kr.

- Að viðbætur vegna kjarasamningsbreytinga hækki fjárhagsramma 2022 um 1.095,8 m.kr., Samningar grunnskóla- og leikskólakennara renna út í árslok 2021, kjarasamningsbætingar vegna þeirra samninga eru ekki komnar í fjárhagsramma SFS.

Frístundastarf

Fimm frístundamiðstöðvar hafa heyrt undir sviðið, unnið er að sameiningu Ársels og Gufunesbæjar, og stýra þær starfsemi 37 frístundaheimila, 24 félagsmiðstöðva og þriggja sértækra félagsmiðstöðva. Helstu breytingar í fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að gjaldskrár hækki um 4,1%.
- Að Klettaskóli fái auknar fjárheimildir vegna fjölgunar í frístundastarfi fatlaðra, 3,8 m.kr.
- Aukningu fjárheimilda vegna breytinga á fjölda barna í frístundastarfi, 10 m.kr.

Leikskólar og dagforeldrar

Borgarreknir leikskólar eru 63 þar af þrjú sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili. Sjálfstætt starfandi leikskólar í borginni eru 17 og þar af tveir sem aðeins eru með 5 ára deildir. Helstu breytingar á fjárhagsáætlun á milli ára eru eftirfarandi.

Gert er ráð fyrir:

- Að hækkun á núverandi gjaldskrá verði 4,1%.
- Að hækkun á húsnæðis- og rekstrarframlagi til sjálfstætt starfandi leikskóla verði til samræmis við hækkun til borgarrekinnna leikskóla. Fjölgun barna í sjálfstætt reknun leikskólum er um 50 börn, hækkun vegna fjölgunar barna er 127,4 m.kr.
- Að það verði um 480 börn að meðaltali hjá dagforeldrum á árinu 2021 sem er fækkun frá árinu 2021 en þá var áætlun um 515 börn.
- Að fjölgun barna í leikskólum sem hafa verið starfandi á árinu 2021 verði um 252 börn, hækkun fjárheimilda vegna fjölgunar barna er 357,7 m.kr.
- Að vegna nýrra leikskóla sem taka til starfa á næstu mánuðum komi viðbótarfjárheimildir til samræmis við viðbótarútgjöld. Í fjárhagsáætlun SFS er aðeins komin innri leiga vegna húsnæðis við Bríetartún.

Grunnskólar

Borgarreknir grunnskólar eru 38, þar af eru 2 sérskólar og 5 grunnskólar sem eru sameinaðir leikskólum/ frístundaheimilum/tónlistarskóla. Sjálfstætt starfandi grunnskólar eru 6 auk eins sjálfstætt starfandi sérskóla sem borgin er með samning við.

Gert er ráð fyrir:

- Að hækkun á núverandi gjaldskrá verði 4,1%.
- Að nýtt líkan til úthlutunar á fjárheimildum til grunnskóla komist í rekstur, en það var samþykkt í borgarráði þann 30. september 2021. Síðustu ár hafa grunnskólar verið í miklum hallarekstri og verða viðbótarfjárheimildir til að rétta af þann halla og bæta rekstur grunnskóla, 1.546,4 m.kr.
- Að sjálfstætt starfandi grunnskólar fái greitt samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands. Í áætlun er miðað við hækkun út frá hækkun vísitölu neysliverðs og launavísitölu.
- Að fjölgun verði í sjálfstætt starfandi grunnskólum um 68 börn og viðbótarfjárheimildir vegna fjölgunar og hækkunar á gjöldum verði 235,7 m.kr.

- Að fjölgun verði í sjálfstætt starfandi sérskóla Arnarskóla, og verða 11 börn í skólanum. Hækkun fjárheimilda verður 100,6 m.kr.

Grunnskólalíkaníð Edda

Undirbúningur að útfærslu á nýju úthlutunarlíkani á fjárheimildum hófst snemma á árinu 2019 með það að markmiði að rýna eldra verklag og útfæra tillögu að meðhöndlun og stýringu fjárheimilda fyrir grunnskóla. Einnig að útfæra og taka í notkun nýtt reiknilíkan sem tæki mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030, þar sem áherslan er „að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika“ auk þess að tryggja jafnræði á milli skóla og hverfa, þar sem tekið væri tillit til mismunandi lýðfræðilegra þarfa og/eða mismunandi aðstæðna. Reiknilíkaníð tæki mið af lögum um grunnskóla og aðalnámskrá, þ.m.t. viðmiðunarstundaskrá. Þá hefur markmiðið verið að útfæra reiknilíkan með vel skilgreindum og skýrum forsendum sem eru rekjanlegar og gagnsæjar og ná fram líkani sem auðvelt væri að nýta til stýringar á fjármagni í gegnum fjárhagsáætlunar- og uppgjörsferli. Við útfærslu yrði lögð áhersla á árangursstjórnun og skipulegar mælingar. Á fundi borgarráðs þann 30. september var lagt til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2022 hækki um 1.546 m.kr. sem felur í sér fulla fjármögnun á áætluðum rekstri grunnskóla Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022 skv. líkaninu og forsendum þess.

Betri borg fyrir börn (BBB)

Á fundi skóla- og frístundaráðs og velferðaráðs þann 8. júní 2021 og í borgarráði þann 10. júní 2021 var samþykkt að verkefnið Betri borg fyrir börn yrði innleitt um alla Reykjavíkurborg. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Einnig að leggja áherslu á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Einnig var samþykkt að borginni yrði skipt í fjögur þjónustuverfi: Eitt í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum, annað í Laugardal og Háaleiti, þriðja í Grafarvogi, Árbæ og Grafarholti og það fjórða í Breiðholti. Innleiðing verkefnisins Betri borg fyrir börn um alla Reykjavík mun hefjast um áramót 2021/2022. Við þessa breytingu á þjónustuverfum þarf að sameina rekstur frístundamiðstöðvanna Ársels og Gufunesbæjar undir eina stjórn.

Á fundi skóla- og frístundaráðs 24. ágúst var samþykkt að frístundamiðstöðvarnar Ársel og Gufunesbær yrðu sameinaðar undir einni yfirstjórn. Eftir sameiningu verði í yfirstjórn einn framkvæmdastjóri ásamt fjármálastjóra, deildarstjóra barnastarfs og deildarstjóra unglingsstarfs. Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra að undirbúa og framkvæma breytinguna með þeim hætti að hún komi til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 2022 og að frá þeim tíma verði ein yfirstjórn. Lagt er til að skóla- og frístundasvið feli skrifstofustjóra frístundamála á fagskrifstofu að stýra sameiningarferlinu. Náið samráð verði haft við stjórnendur frístundamiðstöðvanna og aðra þá aðila er málið varðar.

HAGRÆÐING 2022

Fjárheimildir skóla- og frístundasviðs eru lækkaðar um 410,1 m.kr. á árinu 2022 vegna hagræðingar sem SFS er ætlað að ná og nemur 1% af launakostnaði.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Samhliða samþykkt Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 var mótuð áætlun um almennar aðgerðir á árunum 2019-2021 þar sem Reykjavíkurborg myndi veita nauðsynlegan stuðning til að fylgja menntastefnunni eftir og ná markmiðum hennar. Nú er því tímabili að ljúka og hefur framtíðarhópur um gerð aðgerðaráætlunar Menntastefnu Reykjavíkur til næstu þriggja ára, 2022-2024 lagt fram eftirfarandi drög að aðgerðaráætlun:

Loftslagsmál og umhverfi

Unnið verður markvisst að allsherjar vitundarvakningu um loftslagsmál og vistvænan lífsstíl í samræmi við Græna planið hjá Reykjavíkurborg. Efnt verður til víðtæks samstarfs við nærsamfélagið, félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki á sviði umhverfismála með sérstakri áherslu á virkar aðgerðir í skóla- og frístundastarfi. Vernd gegn loftslagsbreytingum er forsenda lífsgæða framtíðarinnar. Samtal og umræður barna um umhverfismál og hnattræn áhrif loftslagsbreytinga verður aukið ásamt aðgengi að námsefni, fræðslu og verkefnum sem fela í sér virka þátttöku barna og aukna alheimsvitund. Samstarf milli starfsstaða og við aðila tengda umhverfisvernd og loftslagsbreytingum verður eflt ásamt tengingum náms við heimsmarkmið og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Menntun til sjálfbærni verði fléttað inn í nám og leik barna og veittur verður viðeigandi stuðningur til að allir starfsstaðir SFS geti klárað innleiðingu Grænna skrefa og annarra sambærilegra verkefna í starfsemi Reykjavíkurborgar. Leitað verður leiða til að auka notkun á vistvænum samgöngum barna og starfsfólks og hvatt til ábyrgrar nýtingar efnis og auðlinda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar, þar með talið í starfsemi mótuneyta. Miðstöð útivistar og útínáms gegnir lykilhlutverki í stuðningi við skóla- og frístundaskrifstofur í hverfum og starfsstaði í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Markviss menntun fyrir öll börn

Með innleiðingu á verkefninu Betri borg fyrir börn í öllum borgarhlutum og laga um farsæld barna verður þjónusta færð nær börnunum í borginni og unnið að aukinni farsæld þeirra í þverfaglegu samstarfi skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs Reykjavíkur. Leitað verður fjölbreyttra og skapandi lausna til að koma til móts við ólíkar þarfir barna í skóla- og frístundastarfi með árangur þeirra og framfarir að leiðarljósi. Gætt verður að kynjasamþættingu, jafnrétti og jöfnuði í öllu skóla- og frístundastarfi. Með einstaklingsmiðaðri nálgun verði stuðlað að félagslegu réttlæti og jafnræði barna til náms og virkrar þátttöku. Lögð verður áhersla á að efla fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf og unnið að aukinni þátttöku fjöltyngdra barna og foreldra þeirra í skóla- og frístundastarfi.

Menningarlegur margbreytileiki

Unnið verður að auknu menningarnæmi, menningarlæsi og getu barna og fullorðinna til að bregðast við sífellt vaxandi menningarlegum fjölbreytileika í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Sérstaklega verði spornað við fordómum og hugað að þeim börnum sem á einhvern hátt eiga á hættu að vera jaðarsett í daglegu skóla- og frístundastarfi, s.s. vegna þroska, kynhneigðar, kyns, uppruna, félagslegrar stöðu eða annars.

Læsi í víðu samhengi

Unnið verður með læsi í víðum skilningi og tryggt að börn fái tækifæri til að verða læs á sig sjálf, umhverfi sitt, samfélag og náttúru með áherslu á menntun til sjálfbærni. Efla á málþroska, læsi og lesskilning barna með fjölbreyttum aðferðum á vettvangi alls skóla- og frístundastarfs. Miðja máls og læsis mun gegna þar lykilhlutverki með stuðningi við skóla- og frístundaskrifstofur í hverfum og alla starfsstaði í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Staðið verður fyrir fjölbreyttri starfsþróun og stuðningi við lærdómssamfélög verður haldið áfram. Sérstök áhersla verður lögð á að efla virkt fjöltyngi og læsi meðal annars með auknu samstarfi við foreldra.

Heilbrigði og vellíðan

Unnið verður að bættu heilbrigði og aukinni vellíðan í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Sérstaklega verði hugað að þáttum sem tengjast andlegri líðan með markvissum aðgerðum til að bæta geðheilbrigði, kynheilbrigði, efla þrautseigju og getu barna til að takast á við áföll og áskoranir í daglegu lífi. Aðgengi

barna og starfsfólks að stuðningi og ráðgjöf til að bregðast við og takast á við vanlíðan verður bætt. Sérstök áhersla verður lögð á forvarnir með fræðslu og opinni umræðu um þau málefni sem geta haft áhrif á hegðun og líðan barna. Gefið verður aukið svigrúm til fjölbreyttrar hreyfingar innan heildstæðs skóla- og frístundadags og aukin áhersla lögð á heilbrigðar neysluvenjur, útivist og útinám.

Nýsköpun og framsækni í námi og leik

Leitast verði við að skapa umhverfi þar sem börn vinna saman að samþættum verkefnum sem tengjast áhugamálum þeirra og styrkleikum með sérstaka áherslu á sjálfbærni og samfélagslegar áskoranir. Hlúð verður að umhverfi nýsköpunar, lista og menningar með áherslu á samfélagslega nýsköpun og framsæknar lausnir þegar kemur að inntaki náms og starfsaðferðum. Nýsköpunarmiðja menntamála mun gegna lykilhlutverki með stuðningi við skóla- og frístundaskrifstofur í hverfum og alla starfsstaði í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Valdefling og lýðræði

Með samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, lýðræði og virka þátttöku að leiðarljósi verður lögð áhersla á aukna félagsfærni og sjálfsefningu allra barna. Unnið verður að valdeflingu barna með virku barna- og unglíngalýðræði og þeim skapað tækifæri til að taka þátt í umræðu og koma á framfæri skoðunum sínum um öll málefni sem að þeim snúa og skipta þau máli. Markvisst verður unnið að því að efla samskiptafærni, félagsfærni og tilfinningagreind barna og fullorðinna með samkennd og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Unnið verður að því að efla náms- og starfsfræðslu með ráðgjöf og markvissum kynningum á fjölbreyttum náms- og starfstækifærum. Með fjölgun Réttindaskóla og Réttindafrístundar, auknum stuðningi við nemendafélög og ungmennaráð, ásamt verkefnum sem byggja á hugmyndafræði samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins er stuðlað að barnvænu skóla- og frístundastarfi.

Faglegt samstarf og starfsþróun

Fjölbreytt samstarf og starfsþróun verður sem fyrr undirstaðan í innleiðingu menntastefnunnar. Samstarfi við menntavísindasvið Háskóla Íslands verði haldið áfram og komið verður á samstarfi við aðra háskóla með það að markmiði að efla starfsþróun og rannsóknir. Byggt verður á niðurstöðum innlendra og erlendra rannsókna í þróun skóla- og frístundastarfs með aukinni áherslu á gagnreyndar aðferðir sem sýnt hefur verið fram á að skili árangri. Samstarf við stofnanir og félagasamtök innan sem utan Reykjavíkurborgar verður eflt og sérstök áhersla verður á víðtækt samstarf innan og á milli hverfa í tengslum við verkefnið Betri borg fyrir börn. Áfram verða veittir styrkir úr þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs til að styðja við nýsköpun, stuðla að virku samstarfi og tryggja áframhaldandi gæði og metnað á starfsstöðum við innleiðingu menntastefnunnar. Virkum stuðningi við styrkjasókn í innlenda og alþjóðlega sjóði verður haldið áfram til að tryggja nýsköpun, framþróun og aðgang að þekkingu.

Hagnýting stafrænnar tækni

Lögð er áhersla á ábyrga, skapandi og framsækna notkun stafrænnar tækni í gróskufullu skóla- og frístundastarfi. Stutt verður við fjölbreyttar þarfir barna og starfsfólks og þeim veitt jöfn tækifæri til að nýta margvíslegan tæknibúnað, rækta hæfileika sína og blómstra í námi og starfi. Hlúð verður að heildstæðri notkun stafrænnar tækni með öflugum tæknilegum innviðum, notendamiðaðri þjónustu, átaki í persónuverndarmálum, kennslufræðilegri ráðgjöf og fjölbreyttri starfsþróun með áherslu á þróun lærdómssamfélags. Stafræn hæfni tekur mið af alþjóðlegum viðmiðum og með umbótamiðum þróunarverkefnum er hugað sérstaklega að samráði og samstarfi milli starfsstaða sviðsins og stofnana utan þess. Stafræn miðlun er nýtt til að efla samstarf heimila og starfsstaða og gefa innsýn í kraftmikið skóla- og frístundastarf í borginni.

Húsnæði og búnaður

Enn frekari áhersla verður lögð á viðhald og endurnýjun húsnæðis og búnaðar til að tryggja heilnæmt og örvasandi umhverfi fyrir börnin í borginni. Hugað verður sérstaklega að fjölbreyttum þörfum barna og starfsfólks í daglegu starfi og skapað rými fyrir teymisstarf, hópastarf, verkefni sem krefjast næðis, svæði til hreyfingar, sköpunar, verkleg verkefni og aðra fjölbreytta starfsemi. Með samtali og samvinnu leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs, undir handleiðslu skóla- og frístundaskrifstofa í hverfum borgarinnar, verður leitað leiða til að nýta mannvirki betur innan sem utan hins hefðbundna skóla- og frístundadags. Áhersla verði lögð á að bæta aðgengi að öllum starfsstöðum skóla- og frístundasviðs.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Vegna allra nýrra liða þar sem sóst var eftir fjármagni var gerð skimun samkvæmt gátlista um jafnréttisskimun, sbr. skjal nr. FMS-LBE-156. Vinnsla KFS í tengslum við fjárhagsáætlun var unnin í samræmi við verklagsreglur og leiðavísi um jafnréttismat. Með því að koma KFS skimun inn í verkferli í áætlun er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynsamsetningu og jaðarsettum hópum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á réttlátan hátt með tilliti til þarfa barna og unglunga. Með það að leiðarljósi er nú unnið markvisst að greiningu á þjónustuþáttum sviðsins.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Lykiltölur	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útkomuspá 2021	Áætlun 2022
Starfsstaðir					
Fjöldi leikskóla (og leikskóla sem sameinaðir eru grunnskóla)	81	81	83	83	80
Leikskólar Reykjavíkur (þar af 3 sameinaðir leik- og grunnskólar)	62	62	63	63	63
Sjálfstætt starfandi leikskólar (þar af 2 fimm ára deildir)	19	19	20	20	17
Fjöldi grunnskóla í Reykjavík	43	43	42	44	44
Grunnskólar Reykjavíkur / sérskólar (þar af 2 sérskólar og 5 sameinaðir leikskólar, grunnskólar og frístundaheimili frá 2012)	36	36	36	38	38
Sjálfstætt starfandi grunnskólar	7	7	6	6	6
Fjöldi skólahljómsveita	4	4	4	4	4
Tónlistarskólar	19	19	18	18	18
Tónlistarskólar á vegum Reykjavíkurborgar	1	1	1	1	1
Tónlistarskólar með þjónustusamning við Reykjavík v. grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik og grunnnáms í söng	18	18	17	17	17
Tónlistarskólar sem fá gr. frá Jöfnunarsjóði í gegnum Reykjavíkurb. vegna framhaldsn. í hljóðfæraleik og mið-/framhaldsnáms í söng	12	13	15	15	13
Frístundamiðstöðvar	5	5	5	5	5
Frístundaheimili	34	34	34	34	34
Frístundaheimili sameinuð grunnskólum**	5	5	5	5	5
Sértækar félagsmiðstöðvar (áður frístundaklúbbar)	3	3	3	3	3
Félagsmiðstöðvar	20	20	20	21	23
Barnið, nemandinn, unglingurinn					
Fjöldi barna / rýma í leikskólum í Reykjavík	6.964	6.426	6.400	6.407	6.608
Leikskólar Reykjavíkur	5.522	5.081	5.017	4.947	5.059
Sjálfstætt starfandi leikskólar	1.105	1.159	1.170	1.240	1.290
Sameinaðir leik- og grunnskólar	200	186	213	220	259
Viðbótarpláss	137	0	0	0	0
Fjöldi reykvískra barna í leikskólum utan Rvk.	49	32	45	45	36
Fjöldi barna með lögheimili utan R. sem dvelja í leikskóla í Reykjavík	52	52	34	35	35
Fjöldi dvalargilda í leikskólum í Reykjavík	74.107	67.484	70.017	68.855	70.336
Leikskólar Reykjavíkur	57.020	51.600	53.517	53.206	54.275
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	12.808	14.060	14.355	13.333	13.694
Sameinaðir leik- og grunnskólar	1.950	1.824	2.145	2.316	2.367
Viðbótarpláss	2.329	0	0	0	0
Fjöldi dvalargilda í leikskólum utan Reykjavíkur					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	400	362	441	441	393
Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum í Reykjavík	57.964	52.603	52.439	51.040	52.101
Leikskólar Reykjavíkur	45.858	42.122	41.511	40.636	40.855
Sjálfstætt starfandi leikskólar í Reykjavík	9.280	8.944	9.132	8.482	8.711
Sameinaðir leik- og grunnskólar	1.661	1.537	1.796	1.922	2.535
Viðbótarpláss	1.165	0	0	0	0
Fjöldi daglegra dvalarstunda í leikskólum utan Reykjavíkur					
Sjálfstætt starfandi leikskólar utan Reykjavíkur	308	247	301	301	268

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

Lykiltölur framhald	Raun 2018	Raun 2019	Útk. spá 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Barnið, nemandinn, unglingurinn frh.					
Dagforeldrar					
Fjöldi barna hjá dagforeldrum	621	600	550	515	450
Grunnskólar / sérskólar					
Fjöldi nemenda í grunnskólum á vorönn	14.073	14.213	14.377	14.475	14.449
Fjöldi nemenda í sérskólum á vorönn	176	176	184	184	184
Fjöldi nemenda í sjálfstætt starfandi sérskólum á vor				7	11
Fjöldi nemenda í grunnskólum á haustönn	14.073	14.213	14.377	14.475	14.449
Fjöldi nemenda í sérskólum á haustönn	176	184	184	184	184
Fjöldi nemenda 6 ára og eldri í sjálfstætt starfandi grunnskólum	673	653	635	691	742
Fjöldi nemenda í sjálfstætt starfandi sérskólum á haust				11	11
Tónlistarskólar / skólahljómsveitir					
Fjöldi nemenda í skólahljómsveitum	521	521	521	521	521
Fjöldi nemendastunda í tónlistaskólum	92.715	92.715	92.715	92.715	92.715
Fristundamiðstöðvar					
Fjöldi barna á fristundaheimilum					
Fjöldi barna á fristudnaheimilum, vorönn	4.322	4.322	4.249	4.129	4.166
Fjöldi barna á fristudnaheimilum, haustönn	4.322	4.322	4.249	4.129	4.166
Fjöldi barna í fristundaheimilum, reiknað sem 5 daga vistun					
Á vorönn	3.781	3.781	3.712	3.607	3.639
Á haustönn	3.781	3.781	3.712	3.607	3.639
Fjöldi barna í sértækum félagsmiðstöðvum og fristundaheimilinu Guluhlíð					
Á vorönn	208	197	197	199	200
Á haustönn	201	197	197	199	200
Fjöldi barna í sértækum félagsmiðstöðvum og fristundaheimilinu Guluhlíð, reikn. sem 5 daga vistun					
Á vorönn	180	180	180	181	181
Á haustönn	163	180	180	181	181

SKORKORT

Velgengnisþættir/ Mælikvarðar*	Raun 2020	Útksp.2021	Áætlun 2022
Þjónusta - Hæfni og líðan barnsins, nemandans og ungmennisins			
Hlutfall foreldra sem telur að viðfangsefni leikskólans áhugaverð	91%	92%	95%
Hlutfall foreldra sem finnst viðfangsefni frístundaheimila áhugaverð	84%	86%	86%
Hlutfall foreldra sem er sammála því að barnið sé áhugasamt um að læra í skólanum	78%	78%	81%
Hlutfall foreldra leikskólabarna sem telja að barnið eigi góða féлага/aðlagist vel í barna hópnum	92%	92%	95%
Samsömun við nemendahópinn - kvarði úr nemendakönnun skólapúlsins**	5,1	4,8	5,1
Matskvarði á einelti - kvarði úr nemendakönnun skólapúlsins	5,3	5,6	5,1
Hlutfall foreldra sem telja að dvöl á frístundaheimili hafi jákvæð félagsleg áhrif á barnið sitt	89%	92%	94%
Hlutfall foreldra barna sem telur að starfsfólk styðji barnið sitt vel í leikskólastarfinu	95%	96%	98%
Sjálfsálit - kvarði úr nemendakönnun skólapúlsins	4,6	4,3	4,6
Þrautseigja í námi - kvarði úr nemendakönnun skólapúlsins	4,9	4,7	4,9
Hlutfall foreldra sem telur að barni sínu líði vel í skóla- og frístundastarfi	90%	91%	94%
Hlutfall foreldra sem telja að barnið taki stöðugum framförum í námi	80%	80%	85%
Ánægja af lestri - kvarði úr nemendakönnun skólapúlsins	4,8	4,7	5,0
Hlutfall 9. bekinga með D og A í samræmdu prófinum íslensku ¹	12,9% / 14,2%	*	*
Hlutfall 9. bekinga með D og A í samræmdu prófinum stærðfræði ¹	12,2% / 8%	*	*
Fjármál - Auðlindir			
Hlutfall starfsstaða þar sem halli er innan við 2% m.v. fjárhagsramma	40%	5%	70%
Hlutfall starfsstaða sem skila frávikagreiningu vegna uppgjöra	95%	95%	95%
Verklag - lýðræðisleg þátttaka barna og samstarf			
Hlutfall frístundaheimila/félagsmiðstöðva með barnaráð/unglingaráð	60%	*	90%
Tíðni leiðsagnarmats - kvarði úr nemendakönnun skólapúlsins	5,0	4,9	5,1
Virk þáttataka nemenda í tímum	5,1	5,0	5,2
Hlutfall foreldra leikskólabarna sem segjast taka þátt í að meta framfarir barnsins	75%	71%	78%
Hlutfall foreldra sem telja samræmingu frístundaheimila við annað frístundastarf ganga vel	92%	91%	95%
Mannauður			
Mínun vinnustað er vel stjórnað	4,18	4,26	4,30
Hlutfall starfsmanna sem hefur fengið tækifæri til starfsþróunar á síðustu 12 mánuðum ²	86%	77%	87%
Hlutfall starfsmanna sem telja sig hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á vinnustað sínum	2,9%	3,2%	0%
Starf mitt er metið af verðleikum af yfirmanni og samstarfsfólki	4,35	4,41	4,50
Hæfni mín er vel nýtt í starfi	4,39	4,43	4,50
Starfsfólk miðlar þekkingu sín á milli	4,35	4,37	4,50

Athugasemdir við skorkort. Mælikvarðar í skorkorti gefa innsýn í nokkra af mælikvörðum menntastefnunnar borgarinnar en er ekki tæmandi

* Spurt er um þetta í spurningarvögnum sem sendir eru stjórnendum starfsstaða í nóvember.

** Kvarðar skólapúlsins eru settar fram á stöðluðum kvarða sem kallast staðalniur (e. stanines). Staðalniur eru með meðaltalið 5 og staðalfrávikid 2. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig á staðalniukvarða ekki mikill munur. Skólar eru ekki skyldugir til að taka þátt í skólapúlsinum, mögulegar sveiflur geta því orðið eftir því hvaða skólar taka þátt hverju sinni

- Kannanir á viðhorfum foreldra eru að jafnaði gerðar annað hvert ár. Oddatölurárin í leikskólum og frístundaheimilum en á sléttutölurárum í grunnskólum.

¹ Niðurstöður úr samræmdu prófum voru ekki birtar fyrir 2021 vegna vandamála við fyrirlögn. Óvissa er um framtíða útfærslu á samræmdu prófum og verða nýjir mælikvarðar fundnir.


² Spurningunni var breytt lítillega í Á síðustu 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til að sækja námskeið eða fræðslu - Áhrif Covid sjást í tölunum

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós Umhverfis- og skipulagssviðs eru aukin lífsgæði í Reykjavík með framúrskarandi þjónustu og metnaði fyrir enn betri borg

SKIPURIT



HLUTVERK

Umhverfis- og skipulagssvið (USK) gegnir fjölbættu hlutverki, allt frá því að vinna með kjörnum fulltrúum að stefnumótun í umhverfis-, skipulags- og samgöngumálum til þess að samþykkja teikningar og tryggja eftirlit í heilbrigðismálum. Að auki stýrir sviðið framkvæmdum og viðhaldi og sinnir almennum rekstri í borgarlandinu eins og garðyrkju og grasslætti, snjómokstri og hreinsun.

Á sviðinu er unnið að fjölbreyttum verkefnum sem eiga að auðga mannlífið í borginni. Lögbundin verkefni byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur tilheyra sviðinu. Bílastæðasjóður er einnig hluti af umhverfis- og skipulagssviði sem og Grasagarður Reykjavíkur. Árið 2014 markaði ákveðin tímamót því nýtt aðalskipulag til ársins 2030 tók gildi og er leiðarljós í allri vinnu sviðsins. Þar birtist sá græni þráður sem ber að halda á lofti í stefnumótun jafnt sem framkvæmd og endurspeglast í öllu starfinu á sviðinu. Starfsfólk umhverfis- og skipulagssviðs býr yfir einstakri fagþekkingu í þeim málaflokkum sem sviðið sinnir og gegnir lykilhlutverki í því að gera Reykjavík að enn betri borg. Sviðið er umhverfisevntað og leggur áherslu á að veita borgarbúum og öðrum viðskiptavinum góða þjónustu.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022

USK aðalsjóður

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Rekstrartekjur	-3.644.214	-4.168.444	-4.594.558
Tekjur samtals	-3.644.214	-4.168.444	-4.594.558
Laun og launatengd gjöld	3.058.002	3.200.235	3.257.264
Annar kostnaður	10.228.955	10.656.504	11.788.436
Rekstrargjöld samtals	13.286.957	13.856.740	15.045.701
Rekstrarniðurstaða	9.642.743	9.688.296	10.451.143

USK eignasjóður


	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Rekstrartekjur	-719.232	-743.794	-743.794
Rekstrartekjur fluttar í aðalsjóð	111.676	93.600	93.600
Tekjur samtals	-607.556	-650.194	-650.194
Laun og launatengd gjöld	1.998.218	2.305.864	2.406.116
Annar kostnaður	5.688.593	5.266.185	5.627.112
Rekstur fluttur í aðalsjóð	-4.105.382	-3.877.815	-3.979.953
Rekstrargjöld samtals	3.581.429	3.694.234	4.053.275
Rekstrarniðurstaða	2.973.873	3.044.040	3.403.080

STARFSFÓLK

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi starfsmanna	443	449	450
Fjöldi stöðugilda	412,5	416,6	417,6
Fjöldi sumarstarfsmanna	389	439/327	327
Fjöldi nemenda í vinnuskólanum	3316	3451	2365/3600
Eftir skrifstofum/ þjónustubáttum:			
Sviðsstjóri	18,4	18,8	18,8
Skrifstofa sviðsstjóra	10	10	10
Mannauðsdeild	5	5	5
Fjármáladeild	5	5	5
Skipulagsfulltrúi	16,5	16,5	16,5
Byggingafulltrúi	22	22	22
Samgöngustjóri og borgarhönnun	44	44	44
Heilbrigðiseftirlit	25	25,7	23,7
Umhverfisgæði	80	80	83
Framkvæmdir og viðhald	51,8	55	55
Rekstur og umhirðar borgarlandsins	134,8	134,6	134,6


SKIPTING REKSTRAR 2022

Skipting rekstrarkostnaðar í aðalsjóð 2022




- Rekstur og umhirða borgarlands - 7.120 mkr
- Umhverfisgæði - 3.399 mkr
- Skrifstofa sviðsstjóra og miðlægar einingar - 1.222 mkr
- Framkvæmdir og viðhald mannvirkja - 1.183 mkr
- Samgöngustjóri og borgarhönnun - 1.104 mkr
- Skipulagsfulltrúi - 365 mkr
- Byggingarfulltrúi - 333 mkr
- Heilbrigðiseftirlit - 320 mkr

Skipting tekna í aðalsjóð 2022



- Umhverfisgæði - 2.623 mkr
- Samgöngustjóri og borgarhönnun - 1.233 mkr
- Skrifstofa sviðsstjóra - 265 mkr
- Heilbrigðiseftirlit - 162 mkr
- Byggingarfulltrúi - 146 mkr
- Skipulagsfulltrúi - 70 mkr
- Rekstur og umhirða borgarlands - 66 mkr
- Framkvæmdir og viðhald mannvirkja - 30 mkr

Skipting rekstrarkostnaðar í eignasjóð 2022



- Viðhald fasteigna - 3.306 mkr
- Ferlimál fatlaðs fólks - 70 mkr
- Rekst.eigna - Færanl.kennslustofur - 27 mkr

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Árið 2021 hafa verið stigin fleiri skref í átt að kolefnishlutlausri framtíð en nokkru sinni. Græna planið er lykilstefnumótun á umhverfis-og skipulagssviði því það er okkar rammi utan um skipulag, fjárfestingar, framkvæmdir og innkaup. Reykjavík vill vera í forystu í umhverfismálum og er skýr stefna, markmið og mælikvarðar undirstaða þess að vel takist til.

Reykjavík ætlar sér að verða kolefnishlutlaus árið 2040. Endurskoðun á aðgerðaráætlun í loftslagsmálum er lokið en þar eru listaðar upp þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru svo því markmiði verði náð. Árið 2022 verður áfram aðstoðað, eftir þörfum, við innleiðingu þeirra aðgerða. Á árinu sem er að líða var unnin viðauki við gildandi aðalskipulag, skipulagstímabilið lengt og skerpt á aðalatriðum en meginstefnan er sú sama. Það er græn, þétt lífsgæðaborg þar sem fólk er í fyrirrúmi.

Þrátt fyrir áframhaldandi heimsfaraldur heldur uppbyggingin í Reykjavík áfram af fullum krafti. Nú eru verkefni síðustu ára að líta dagsins ljós eins og til dæmis Kirkjusandur, Landssímareitur, íbúðir Bjargs víðsvegar um borgina og nýir stúdentagarðar. Undirbúningur fyrir hönnunarsamkeppni Grófarhúss er í gangi, beðið er eftir tillögum um nýtt Lækjartorg og samkeppnir um tvo grunnskóla auk sundlaugar í Fossvogsdal eru fyrirhugaðar á næstunni. Aftur var metár í fjárfestingu á vegum borgarinnar samkvæmt Græna Planinu og verður enn gefið í.

Vinna við breytingar á deiliskipulagi vegna Borgarlínu er hafin en það þarf að breyta 42 deiliskipulagsáætlunum. Ný og framsækin hjólréiðaáætlun fyrir borgina var samþykkt á vormánuðum og hefur innleiðing hennar tekið við. Markmiðið hvað varðar samgöngur í borginni er áfram að auka hlutfall þeirra sem nota virka ferðamáta, það er hjóla, ganga, nýta sér örflæði eða almenningsamgöngur milli staða. Það er nauðsynleg forsenda þess að verða kolefnishlutlaus eftir 19 ár.

Verkefnið Sumarborgin hefur fest sig í sessi og heldur áfram sumarið 2022. Sumarborgin er skemmtilegt samstarfsverkefni þvert á nokkur svið borgarinnar þar sem markmiðið er að gera miðborgina að blómlegum og skemmtilegum áfangastað í sumar í samvinnu við rekstraraðila og hugmyndaríka borgarbúa. Blómleg, lífleg og skemmtileg borg er meginstef þeirrar vinnu.

Umhverfis-og skipulagssvið ber ábyrgð á margvíslegum og mikilvægum verkefnum og sinnir fjölbreyttri þjónustu við borgarbúa. Vönduð vinnubrögð, skilvirkni, fagmennska og notendamiðuð þjónusta eru lykilþættir í að vel til takist. Því hefur starfsfólk sviðsins sinnt innri stefnumótun á árinu og mótað ný gildi og sett sér markmið um meiri samvinnu þvert á starfseiningar og betri þjónustu við borgarbúa.

Stafræn umbreyting er handan við hornið. Þar eru gríðarleg tækifæri fyrir umhverfis-og skipulagssvið því við viljum veita framsæknari þjónustu og gera hana einfaldari og aðgengilegri fyrir þá sem þurfa á henni að halda. Hafin er vinna við að undirbúa verkefnastofu á sviðinu þar sem stærstu verkefni eru keyrð í gegn en ofuráhersla verður lögð á teymisvinnu í öllum verkefnum sviðsins. Það minnkar sóun og eykur gæði verkefnanna auk þess sem tími sparast.

Forsendur fjárhagsáætlunar 2022 gera líkt og undanfarin ár ráð fyrir 1% hagræðingu sem felur í sér eðlilegt aðhald í opinberum rekstri. Við þurfum því að forgangsraða skynsamlega og í fullu samræmi við Græna planið. Framundan eru spennandi verkefni í gangi á öllum starfsstöðum sviðsins þar sem ólíkir straumar umhverfismála og sjálfbærni fléttast inn í ákvarðanatöku, framkvæmdir og rekstur. Reykjavík hefur aldrei verið eins fjölbreytt og framsækin eins og núna og er umhverfis-og skipulagssvið stolt af því að vera þáttakandi í þeirri umbreytingu sem nú á sér stað

HELSTU FJÁRHAGSLEGAR BREYTINGAR MILLI ÁRA

Á árinu 2022 er gert ráð fyrir að rekstrarrámi sviðsins hækki um 1.399 m.kr. frá upphaflegri fjárhagsáætlun ársins 2021. Stærsta breytingin er sú að viðbótarfjármagn upp á 279 m.kr. kemur inn í rekstrarrámi sviðsins vegna kjarasamningsbundinna launahækkana og kjaranefndarraðaðra starfsmanna. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna verðbóta á annan rekstrarkostnað

2,4% á samninga sem eru vísitölutryggðir að upphæð 109 m.kr. en á móti er gerð hagræðingarkrafa á launakostnað 1% að upphæð 53 m.kr. og verðbóta á gjaldskrártekjur að upphæð 46 m.kr. Gert er ráð fyrir að innri leiga hækki um 811 m.kr. sem er að stærstum hluta vegna leigu gatna 769 m.kr. Viðbótarfjármagni er bætt í ramma vegna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu vegna viðhalds við húsnæði borgarinnar að upphæð 270 m.kr. Þar sem endurgreiðsluheimildir falla niður um áramótin. Þá er gert ráð fyrir hækkingu á launatöxtum nemenda vinnuskólans að upphæð 44 m.kr. en hún var samþykkt í borgarráði s.l. vor. Þá var færður úr ramma sviðsins rekstur hundaeftirlitsins, sem færðist til ÍTR á árinu 2021. Við útfærslu á hagræðingarkröfu sviðsins var ákveðið að reikna út ramma fyrir hverja rekstrareiningu fyrir sig sem byggði á forsendum rammaúthlutunar þ.e. hagræðingarkrafa 1% á launakostnað. Niðurstaðan var síðan útfærð innan hversrar rekstrareiningar fyrir sig.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Aðalskipulag

Ráðgert er að yfirstandandi endurskoðun aðalskipulagsins, með framlengingu tímabils til 2040, verði lokið á haustdögum 2021 og fái staðfestingu í lok árs. Endurskoðunin snýr einkum að íbúðarbyggð og blandaðri byggð innan marka þéttbýlis, en felur í reynd í sér tæknilega heildaruppfærslu aðalskipulagsins. Með þessum breytingum og uppfærslu verður kominn nýr skipulagsgrunnur til að vinna eftir þó megin markmið aðalskipulagsins sé í öllum aðalatriðum þau sömu og áður. Í kjölfar staðfestingar þarf að huga að uppfærslu á vefumhverfi aðalskipulagsins, m.a. skipulagssjá og almennt stafrænni miðlun aðalskipulagsins innan sviða borgarinnar til almennings og hagsmunaaðila utan borgarkerfis.

Á næsta ári er áformað að ráðast í heildarmat á stefnu aðalskipulagsins varðandi útivistarsvæði, verndarsvæði, landbúnaðarsvæði og almennt landnotkun á Kjalarnesi. Í þeirri vinnu verður einblínt á land utan vaxtarmarka þéttbýlis borgarinnar. Undirbúningur þeirra breytinga mun væntanlega hefjast fyrir áramót. Við mótun breytingartillagna verður stefna borgarinnar í loftslagsmálum til grundvallar auk þess sem horft verður til áherslna sem koma fram í endurskoðaðri Landsskipulagsstefnu ríkisins, stefnu borgarinnar um Græna netið og líffræðilegan fjölbreytileika svo og sérstakrar stefnumótunar um landbúnaðarsvæði á Kjalarnesi. Auk þess má reikna með nokkrum smærri og staðbundnari breytingum á aðalskipulaginu, líkt og verið hefur. Meðal annars þarf að huga að sértækum ákvæðum í miðborginni. Einnig hefur verið í vinnslu breyting á aðalskipulaginu vegna Borgarlínu og þeirra innviða sem hún kallar á. Sú breyting verður í vinnu- og afgreiðsluferli fram á haustið 2022, en vinnan fylgir hönnunar- og matsferli við framkvæmdir Borgarlínu. Besta leiðin til þess að vinna markvisst að innleiðingu aðalskipulags og festa það í sessi sem öflugt stjórnþæki sveitarfélags, er að stuðla að stöðugri umræðu um það og þá langtímasýn sem í því felst og taka stöðuna reglulega með skilgreindum mælikvörðum. Áfram verður unnið með valda mælikvarða þar sem metið er árlega hvernig gengur að ná tilteknum markmiðum aðalskipulagsins. Skilgreindir hafa verið allmargir nýir mælikvarðar og huga þarf betur að því hvernig best er að miðla þeim upplýsingum innan borgarkerfis og utan. Aðkeypt vinna og þjónusta á árinu 2022 verður einkum vegna ofangreindra breytinga á stefnu aðalskipulags, vegna umhverfismats stakra breytinga, mögulegra sérfræðiathugana sem einstakar breytingar á aðalskipulaginu kalla á, auglýsingakostnaður vegna lögbundinna kynninga á breytingum og eftir atvikum vegna miðlunar aðalskipulagsins. Árlegt framlag vegna reksturs svæðisskipulagsskrifstofu höfuðborgarsvæðisins verður svipað og árið 2021 en meta þarf sérstaklega aukaframlög vegna sérstakra verkefna, s.s. vegna Borgarlínuverkefnisins. Einnig þarf að reikna með kostnaði vegna uppfærslu og þróun skipulagssjár og mögulegum útgáfukostnaði uppfærðs aðalskipulags til ársins 2040.

Stefnumótun, greining og miðlun

Haldið verður áfram að vinna að kolefnishlutlausri Reykjavíkurborg árið 2040. Áfram verður aðstoðað eftir þörfum við innleiðingu aðgerða sem stuðla að því að Reykjavíkurborg verði kolefnishlutlaus 2040 og aðlagist loftslagsbreytingum. Haldið verður áfram samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga um

loftslagsmál og Festu, félags um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja auk þátttöku í rannsóknarverkefni á vegum Norrænu Ráðherranefndarinnar og Evrópusambandsins m.a. um hringrásarhagkerfið og aðlögun að loftslagsbreytingum. Gæði miðlunar og upplýsingagjafar til borgarbúa verða áfram í fyrirrúmi. Unnið verður eftir nýjum ferlum um framkvæmdir í samstarfi við Veitur til að tryggja góða upplýsingamiðlun til hagsmunaaðila, borgarbúa og fjölmiðla varðandi verkefni í miðborginni. Lögð verður áhersla á að ímynd USK endurspegli þá framúrskarandi þjónustu sem sviðið veitir og einnig að aðstoða sérfræðinga sviðsins til að vera virkir í faglegrri fræðslu og umræðu um málefni sviðsins. Upplýsingaflæði um starfsemi USK til samfélagsins verður eftir og jákvæðum fréttum komið betur á framfæri. Notkun samfélagsmiðla hefur verið aukin í þessum tilgangi og svo verður áfram. Áhersla verður á fjölbreytta miðlun, m.a. sjónræna miðlun eins og myndir og myndbönd tengt völdu efni og stöðum í borgarlandinu. Unnið verður áfram að endurhönnun á efni og útliti fyrir vefsvæði umhverfis- og skipulagssviðs á nýjum vef Reykjavíkurborgar út frá notanda. Miðlunarteymi USK metur í samstarfi við stjórnendur bestu útfærslur á kynningum og samráði vegna verkefna og unnið verður með samskiptateymi Reykjavíkurborgar. Áfram unnið að því að auka gæði samráðs- og íbúafunda um verkefni sviðsins, m.a. streymisfunda. Gert verður kynningarefni um valda þætti í aðalskipulagi og loftslagsáætlun út frá lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar. Efni verður framleitt til notkunar á útivistarsvæðum bæði til kynningar og hugleiðslu.

Landupplýsingar

Farið verður í endurskoðun á sveitarfélagsmörkum Reykjavíkurborgar í samvinnu við lögfræðinga sviðsins. Skipulagssjá verður uppfærð í JavaScript 4 eins og Borgarvefsjá. Samhliða þessari uppfærslu verða notendaviðmót og upplýsingabirting endurskoðuð og endurhönnuð. Þróun nýrra veflausna byggðar á ArcGIS hugbúnaði mun halda áfram. Þessar lausnir munu gera starfsmönnum kleift að safna og uppfæra landupplýsingagögn beint úti í mörkinni. Yfirferð allra lóða í Reykjavík er nú lokið. Í framhaldinu verður farið í markvissa vinnu til að samræma lóðastærðir í gagnagrunnum mælingadeildar, LUKR og í fasteignaskránni. Skoðaðir verða áfram möguleikar á ítarlegri notkun upplýsinga úr fasteignaskránni, þjóðskránni, fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og úr gögnum Heilbrigðiseftirlits. Þróaðar verða áfram lausnir sem munu gera notendum kleift að sækja sjálfvirk valin gögn beint af netinu. Endurskoðun á vefsíðum Landupplýsinga mun halda áfram með það að markmiði að einfalda aðgengi að gögnum og þjónustu. Skráning landfræðilegra gagna sem verða til við hverfisskipulagsvinnu mun halda áfram. Lögð verður aukin áhersla á að varpa eldri lóðauppdráttum í staðbundnu hnitakerfi yfir í hnitakerfi Reykjavíkur. Yfirferð og endurskönnun mæliblaða og lóðauppdrátta mun halda áfram. Farið í endurskoðun á mörkum Faxaflóahafna í LUKR í samvinnu við Faxaflóahafnir.

Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofan hefur forystu og frumkvæðishlutverk við eflingu stjórnsýslu á umhverfis- og skipulagssviði. Áhersla verður áfram á skilvirkni, skýrari ferla og góða þjónustu við borgarana og afgreiðslu erinda innan tímafresta auk þess að halda áfram innleiðingu nýrra persónuverndarlaga á sviðinu. Sérstök áhersla verður á þátttöku í vinnu við stafræna umbreytingu borgarinnar og samstarf við stafrænan leiðtoga PON hjá umhverfis- og skipulagssviði. Skrifstofan fylgist með breytingum á lögum og reglum, dómatúlkunum og úrskurðum sem varða verkefni sviðsins til að tryggja að breytingar skili sér inn í verklag og stjórnsýsluframkvæmd. Áfram verður unnið að innleiðingu gæðastjórnunarkerfis sviðsins fyrir nýjar starfseiningar. Öryggismál verða í forgrunni og m.a. haldið áfram að innleiða öryggisstjórnunarkerfi í samræmi við ISO 45001, með vottun í huga síðar. Verkefnastofa vinnur áfram að þróun og innleiðingu faglegrar verkefnastjórnunar á sviðinu.

Mannauður

Áherslur mannauðsdeildar felast í framkvæmd og útfærslu mannauðstengdra verkefna í kjölfar undangenginnar stefnumótunarvinnu. Við viljum skapa eftirsóknarvert starfsumhverfi sem styður við

þjónustustefnu sviðsins. Lögð verður áhersla á að endurskoða móttöku og þjálfun starfsfólks, innleiða breytt vinnuskipulag og markvissa teymisvinnu. Fyrir liggur innleiðing á nýju fræðsluferfi hjá borginni sem meðal annars felur í sér þarfagreiningu á fræðslu og þjálfun til að mæta þörfum fjölbreyttra verkefna og ólíkra starfa. Við ætlum að leggja kraft í framkvæmd almennrar endurgjafar og markvissra starfsþróunarsamtala og skoða breytta nálgun í vinnu við gerð starfslýsinga. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að skapa og viðhalda vinnustaðamenningu sem styður við starfsánægju. Við gerum það meðal annars með því að efla liðsheild og fagna áfangasigrum en rík áhersla verður á uppbyggjandi endurgjöf og gagnkvæma virðingu í samskiptum.

Skipulagsfulltrúi

Samkvæmt verkefnisáætlun verður unnið og lokið við gerð hverfisskipulags fyrir nokkra borgarhluta þ.e. Hlíðar (BH3), Háaleiti, Bústaði (BH5), Grafarvog (BH8) og Kjalarnes (BH10) á árinu, að undangengnu samráðs- og kynningarferli. Hafin verður vinna við gerð hverfisskipulags fyrir Laugardal (BH4) og Vesturbæ (BH1). Gert er ráð fyrir að hverfisskipulagsáætlanir fyrir Háaleiti, Bústaði og Hlíðar komi úr formlegu auglýsinga- og kynningarferli á 2. ársfjórðungi og Grafarvogs og Kjalarness á 3. ársfjórðungi. Önnur helstu skipulagsverkefni tengjast með einum eða öðrum hætti uppbyggingar- og húsnæðisáætlun borgarinnar og skipulags- og uppbyggingaráætlanir meðfram Borgarlínu og deiliskipulagsgerð fyrir einstaka kafla Borgarlínu. Áfram verður unnið að skipulagsgerð í Elliðaárvogi, Ártúnshöfða, Gufunesi, Skerjafirði og á Keldum í samstarfi við Betri samgöngur. Einnig verður unnið að gerð skipulags fyrir Sæbraut og Miklubraut í stokk, í framhaldi af hugmyndaleit um skipulag svæðanna. Önnur skipulagsverkefni eru þróunaráætlun fyrir skipulag í og við Ármúla og Síðumúla, deiliskipulagsgerð fyrir Kringlusvæði, í Hátúni, Vogabyggð og á fjölmörgum þéttingarreitum í öllum hverfum borgarinnar ásamt grænum þróunarlóðum í samstarfi við valda samstarfsaðila. Unnið verður áfram í samstarfi við ríkið að þróun og skipulagningu á lóðum og löndum í Reykjavík sem eru í eigu ríkisins í samræmi við viljayfirlýsingu ríkis og borgar þar um. Í útmörk borgarinnar eru helstu verkefni á árinu 2022, athafnasvæði austast á Hólmsheiði. Stefnt er að öflugri útgáfu á vegum skipulagsfulltrúa og mun embættið leggja enn frekari áherslu á útgáfu- og kynningarmál sem lið í að efla umræðu um skipulagsmál í borginni ásamt því að gefa út formlega umhverfisvísa fyrir skipulagsgerð sem þróaðir voru í upphafi vinnu við gerð hverfisskipulags. Innleiðing verkefnastofu PIAB og gæðastjórnunarkerfis ISO 9001 er einnig á dagskrá.

Byggingarfulltrúi

Stöðugt er unnið að því bæta vinnuferli við afgreiðslu fyrirspurna og umsókna til embættis byggingarfulltrúa með það að leiðarljósi að stytta þann tíma sem afgreiðsla erinda tekur. Mikilvægur þáttur í því er að stuðla að vönduðum gögnum sem embættinu berast, með góðri ráð- og upplýsingagjöf til hönnuða, byggingaraðila og annarra viðskiptavina embættisins. Stefnt er að því að innan nokkurra mánaða verði tekið í gagnið nýtt rekstrar- og skjalakerfi fyrir Reykjavíkurborg og lögbundin tenging gerð í kjölfarið við byggingargátt Mannvirkjastofnunar og aukin rafræn afgreiðsla innleidd. Vegna þessa þarf að breyta vinnulagi embættisins nokkuð, en það krefst m.a. aðlögunar verklagsreglna gæðakerfis embættisins að því að hefja móttöku umsókna og yfirferð þeirra á rafrænu formi. Nú er verið að vinna í möguleikum á flutningi gagna úr núverandi kerfi í nýtt kerfi til varðveislu skjala og upplýsinga og áframhaldandi skráningu á opnun byggingarleyfa. Áfram mun verða unnið að því að tryggja rétta skráningu byggingarstigs, sem m.a. felst í því að skoða og taka á óleyfisframkvæmdum.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Á árinu 2022 verður áfram unnið að framgangi samgöngumála og borgarhönnunar í samræmi við stefnumörkun Reykjavíkurborgar og sameiginlega stefnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins. Unnið er að því að auka hlutfall gangandi, hjólandi og almenningssamgangna í ferðum fólks innan

borgarinnar, að borgin geti vaxið og dafnað, og að íbúum og störfum fjölgi án þess að bílaumferð aukist í sama hlutfalli. Á árinu 2021 hófst vinna við að taka upp gæðastjórnunarkerfi á skrifstofunni. Gert er ráð fyrir að sú vinna haldi áfram og ljúki með vottun á árinu 2022. Meiri og markvissari áhersla verður lögð á miðlun upplýsinga um stöðu samgangna og fyrirhugaðar breytingar m.t.t. samgangna m.a. í samstarfi við landupplýsingar USK, miðlunarteymi USK og þróunar- og nýsköpunarsvið. Unnið verður í samræmi við samþykktar verklagsreglur um innleiðingu nýrra gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur og um verðbreytingu gjaldsvæða á borgarlandi Reykjavíkur sem samþykktar voru 2019. Gjaldskrá gjaldskyldra bílastæða getur því bæði hækkað og lækkað og gjaldskyldutími lengst eða styst eftir niðurstöðum reglubundinna talninga á nýtingu bílastæða. Verið er að ljúka uppsetningu á nýjum aðgangsstýringar- og gjaldbúnaði fyrir bílahús sem munu auka sveigjanleika í áskriftarleiðum og þjónustu s.s. aðgengi að bílahúsum. Gert er ráð fyrir að uppsetningu ljúki og að kerfið verði komið í fulla notkun fyrir árslok 2021. Gjaldskrá bílahúsa, samningar við langtímanotendur, áskriftarleiðir og fleira verður tekið til endurskoðunar. Unnið er að þarfagreiningu vegna innleiðingar nýs álagninga- og málaskrárkerfi fyrir afgreiðslu íbúakorta bílastæðasjóðs, en eldri búnaður uppfyllir ekki þær þarfir sem leitað er eftir. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki 2021 og að vinna við innleiðingu nýs kerfis hefjist í framhaldinu. Endurhönnun göturýma, torga og göngugatna í miðborginni verða helstu verkefni á sviði borgarhönnunar á næsta ári. Sérstök áhersla verður áfram lögð á útfærslu varanlegra göngugatna í miðborginni, forhönnun göturýma og torga við Borgarlínu ásamt leiðbeiningum um jaðarsvæði 1. lotu Borgarlínu, hönnun borgargatna í eldri hverfum utan miðborgarinnar og gerð hönnunarhandbóka fyrir stærri deiliskipulagssvæði ásamt þátttöku í Sumarborginni. Áfram verður unnið að umferðaröryggismálum í samræmi við Umferðaröryggisáætlun Reykjavíkur 2019-2023 m.a. með lækkun hámarks hraða í samræmi við samþykktu hámarks hraðaáætlun. Styrkir til íbúa til úrbóta í hljóðvistarmálum íbúðarhúsnæðis verða áfram til meðferðar og undirbúningur uppbyggingar hljóðvarna skv. aðgerðaáætlun. Unnið verður að innleiðingu Hjólræðiáætlunar 2021-2025. Í samræmi við áætlunina verður aukin áhersla á ýmsar „mýkri“ aðgerðir til viðbótar við lagningu hjólræðistíga. Sérstök áhersla verður á að koma upp öruggum hjóla- og hlaupahjólastæðum við grunnskóla borgarinnar. Í samvinnu við Vegagerðina verður áfram unnið að greiningu og undirbúningi úrbóta á umferðarflæði á stofnvegum innan borgarinnar. Áfram verður unnið að bættum umferðarljósastýringum m.a. með samstarfshópi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðarinnar um umferðarljósastýringar sem vinnur á grundvelli niðurstöðu úttektar á stöðu búnaðar, viðhalds og rekstrar umferðarstýringa 2020. Undirbúningur nýs kerfis almenningsamgangna, Borgarlínu, heldur áfram í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og ríkið. Tillaga að endurskoðun á leiðakerfi Strætó, með hliðsjón af Borgarlínu, verður unnin áfram og aðgerðir til að bæta aðgengi allra að biðstöðvum strætó undirbúnaðar. Á árinu verða umfangsmestu verkefni í samgönguskipulagi og undirbúningi framkvæmda tengd þróunarsvæðum í borginni og Borgarlínu.

Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Eins og áður leggur skrifstofa framkvæmda og viðhalds áherslu á að gott verklag sé viðhaft við áætlanagerð og framkvæmdir á vegum sviðsins. Leitast er við að upplýsingar og kynningar varðandi framkvæmdir séu skilmerkilega fram settar og að fagleg vinnubrögð séu ávallt viðhöfð við undirbúning, hönnun og framkvæmd verkefna. Aukin áhersla verður áfram lögð á gerð kostnaðaráætlana og gerð skilamata vegna framkvæmdaverkefna. Þá verða áfram þróaðar kröfur vegna ýmissa umhverfisþátta til að setja fram við val á verktökum vegna framkvæmda á vegum sviðsins. Þá verður aðilum sem vinna að framkvæmdaverkefnum gert að skila inn upplýsingum um orkunotkun, úrgangsmál o.fl. sem tengist þeim verkefnum sem unnið er við. Aukin áhersla verður á umhverfisvottun (BREEAM) við nýbyggingar og meiriháttar endurgerð fasteigna. Framkvæmdir við menningarmiðstöð, sundlaugar og íþróttamannvirki í Úlfarsárdal eru í fullum gangi. Stefnt er að opnun nýrrar almenningsundlaugar í lok árs 2021 og að framkvæmdum við íþróttamiðstöð ljúki á árinu 2022. Á árinu 2021 var unnið við endurgerð og ýmsar lagfæringar á alls 18 lóðum við leik- og grunnskóla á árinu. Á árinu 2022 verður haldið áfram með framkvæmdir á nýjum byggingarsvæðum s.s. við Elliðavog–Vogabyggð, Hlíðarenda, Gufunes o.fl.

Verkefni í nýbyggingahverfum í Úlfarsárdal og í Reynisvatnsás halda áfram í takt við þróun íbúðabygginga. Þá verður haldið áfram með framkvæmdir vegna verkefna Hjólreiðaáætlunar samkvæmt áætlun. Á árinu 2021 voru lögð ný malbiksslitlög á um 23 km af götum í Reykjavík auk hefðbundinna malbiksviðgerða. Á árinu 2022 verður haldið áfram með aðgerðir við endurheimt votlendis og unnið verður áfram skv. áætlun um Græna netið við gróðursetningar í borgarlandinu.

Skrifstofa reksturs og umhirðu

Sem fyrr verður lögð áhersla á hagkvæman og skilvirkan rekstur á verkefnum en gera má ráð fyrir að áhrif Covid-19 heimsfaraldursins hafi minnkandi áhrif á verkefni skrifstofunnar miðað við undanfarin 2 árin þar á undan. Haldið verður áfram með innleiðingu LEAN aðferðarfræðinnar í stýringu verkefna og allrar starfsemi, en heimsfaraldurinn hefur tafið verkefnið nokkuð og lokið við upphafsfasa þess á öllum starfstöðvum. Haldið verður áfram með skoðun á hverfastöð austur þar sem markmiðið er að sameina gatnamál og garðyrkju í eina starfsstöð líkt og í vesturhlutanum. Haldið verður áfram með endurbætur á stjórnsýslu afnotaleyfa og einblínt á úrræði við eftirlit með leyfisveitingum. Lyklútboð á verkefnum í grasslætti, hreinsun og vetrarþjónustu verða gerð á árinu. Haldið verður áfram að skoða rekstrarform almenningssalerna samfara uppbyggingu þeirra, ef fjármagn fæst í verkefnið. Lögð verður meiri áhersla á öryggis-, gæða- og umhverfismál á skrifstofunni og mögulegar úrbætur skoðaðar og innleiddar eftir því sem aðstæður leyfa. Á árinu verður einnig lögð áhersla á skoðun og innleiðingu stafrænna lausna í þjónustu skrifstofunnar eftir því sem fjármagn og tæknigeta leyfir. Hér má sérstaklega nefna skynjara í ruslastampa og tæknilegar lausnir í vetrarþjónustu. Samfara ofangreindum áherslum verður rík áhersla á skoðun og greiningu á aukinni skilvirkni í starfsemi skrifstofunnar þar sem leiðarljósið er að finna bestu lausn á hverju verkefni.

Skrifstofa umhverfisgæða

Byrjað var að bjóða upp á hirðu á flokkuðum lífrænum eldhúsúrgangi í Reykjavík 1. september 2021. Stefnt er að því að öllum íbúum Reykjavíkur standi til boða brún tunna fyrir lífrænan eldhúsúrgang vorið 2022. Lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 var breytt vorið 2021 þ.a. frá og með áramótum 2022/2023 ber að safna pappír, plasti og lífrænum eldhúsúrgangi við heimili. Unnið verður að undirbúningi þessara breytinga samhliða samræmingu á flokkun og hirðu úrgangs á höfuðborgarsvæðinu. Virkja þarf starf stýrihóps um aðgerðaáætlun í úrgangsmálum og skilgreina m.a. áætlanir borgarinnar í innleiðingu hringrásarhagkerfis. Unnið er að því að koma öllum starfstöðum Reykjavíkurborgar í verkefnið Græn skref sem er aðgerðamiðað umhverfisstjórnunarkerfi. Samhliða fjölgun staða sem taka þátt í verkefninu, fræðslu og stuðningi við starfsstaði verður unnið að því að uppfæra aðgerðir hvers skrefs Grænna skrefa til samræmis við stefnur og aðgerðaáætlanir borgarinnar. Áfram verður unnið að markmiðum aðgerðaáætlunar um líffræðilegan fjölbreytileika m.a. vöktun og náttúruvafarsúttektir. Unnin verður áætlun um forgangsroðun um að hefta framgang ágengra tegunda. Verkefni meindýravarna Reykjavíkurborgar verða endurskoðuð, m.a. þörf fyrir grenjavinnslu og veiðar á máfum. Unnið verður að friðlýsingu svæða í Grafarvogi, Blikastaðakró og Skerjafirði í samvinnu við Umhverfisstofnun og tillögum að loftslagsskógum í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Unnið verður að endurskipulagningu ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar. Unnið hefur verið að leiðbeiningum um val á gróðri fyrir landslagshönnuði og gróðursetningu í borgarlandinu sem grunn fyrir endurskipulagningu á ræktunarsvæði stöðvarinnar og endurnýjunar á búnaði með hagræðingu að markmiði. Árið 2021 var metár í skráningu þátttakenda í Vinnuskóla Reykjavíkur og má gera ráð fyrir að þátttaka verði mikil árið 2022. Leitast hefur verið við að bjóða nemendum fjölbreytt störf svo taka megj við auknum fjölda nemenda og hagræða í rekstri m.a. með að veita nemendum aðstöðu í skólum í stað vinnuskúra.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Starfsemi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) er áætluð árið 2022 með hefðbundnu sniði í framfylgd laga og reglugerða. Meginstarfsemin fer fram skv. starfs- og eftirlitsáætlunum, með reglubundnu eftirliti í starfsleyfisskyld fyrirtæki, eftirfylgni og útgáfu starfsleyfa til samræmis við ákvæði laga og reglugerða sem HER framfylgir. Starfsáætlun er unnin í samræmi við mannafla þar sem reiknuð eru út mannár og verkefni miðuð við tíma í eftirliti og tíðni eftirlits skv. áhættumati sett inn. Verkefnum og eftirliti er síðan forgangsraðað miðað við mikilvægi og þess sem raunhæft er að komast yfir. Einnig eru helstu önnur verkefni tekin inn í starfsáætlun, s.s. vöktun umhverfis, leyfisveitingar auk áætlaðra kvartana sem berast og símenntun starfsfólks. Umhverfi eftirlits hefur breyst síðustu ár og mun árið 2022 einkennast af t.d. auknu eftirliti með vefverslun á matvælum. Auk þess má reikna með talverðri aðkomu starfsfólks að innleiðingu nýs tölvu- og upplýsingakerfis á árinu, sem þarf að setja í nokkurn forgang, sem gæti haft áhrif á önnur verkefni. Helstu verkefni 2022 þess fyrir utan eru samfélagsþjónusta ýmiskonar, umsgagnir um fagleg málefni sem og lög og reglugerðir, samskipti og samstarf við aðrar stofnanir m.a. í formi vinnslu sérstakra verkefna sem unnin eru á landsvísu. Árið 2022 eru áætlaðar 3700 eftirlitsferðir og 1500 kvartanir.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustubátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Þrátt fyrir að ekki hafi náðst að fylgja þeim tímaramma sem við settum upp fyrir árið 2021 þá skilaði verkefnahópurinn KFS greiningu á þjónustubættinum Stefnumótun og greining ásamt því að vera komin á lokastig með greiningu af þjónustubættinum Náttúru og garðar / Umhverfi og útivist. Einnig skilaði starfshópurinn af sér jafnréttismati og jafnréttisskimunum fyrir ýmis verkefni innan sviðsins.

Þjónustubættir til KFS greiningar 2021-2022	Ábyrgðaraðili	Greiningar - tímabil (frá - til)
Rekstur hverfahluta austur og vestur	Sviðsstjóri	Janúar - maí 2022
Náttúra & garðar og Umhverfi & útivist	Sviðsstjóri	September - Október 2021
Stefnumótun og greining (aðalskipulag og svæðaskipulag, umhverfis- og gæðamál)	Sviðsstjóri	Mars - Maí 2021
Bílastæðasjóður	Sviðsstjóri	Október - Desember 2021
Viðhald gatna og opinna svæða	Sviðsstjóri	Ágúst - Október 2022

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útsp. 2021	Áætlun 2022
Byggingarfulltrúi					
Samþykktir m3	1.567.947	866.323	806.232	900.000	900.000
Byggðir m3 (lokið við)	537.704	667.702	918.973	900.000	900.000
Samþykktir m2	396.360	198.894	193.600	250.000	250.000
Byggðir m2 (lokið við)	135.373	187.901	241.753	250.000	250.000
Fullgerðar íbúðir	461	1.003	1.572	1.500	1.500
Hafin smíði nýrra íbúða	1.417	846	1.174	1.200	1.200
Fjöldi úttekta	3.847	2.459	1.639	1.700	1.700
Yfirferð uppráttar	42.456	36.461	28.769	30.000	30.000
Eignask.yfirl., yfirferð / samþykktir	293/184	356/191	385/203	300/200	300/200
Móttekin og afgreidd bréf vegna erinda	21.157	20.269	21.022	20.000	20.000
Fjöldi mála á afgreiðslufundum	3.141	2.962	2.935	2.900	3.000
Heilbrigðiseftirlit					
Útgefin starfsleyfi	534	610	487	470	500
Tóbakssöluleyfi	39	50	34	25	25
Fjöldi eftirlitsferða	3.600	3.500	3.100	3.200	3.700
Fjöldi kvartana	1.094	1.300	1.480	1.250	1.500
Svifryk (PM10) yfir heilsuverndarmörkum (dagar)	18	12	7	7	-
Gæði neysluvatns (hlutfall sýna sem standast ekki kröfur reglugerðar um neysluvatn)	1,5%	0%	0%	0%	0%
Vatnsgæði strandsjávar: (Fjöldi sýna yfir umhverfismörk fyrir örverumengun í yfirborðsvatni)	9,0%	2,0%	4,4%	5%	-

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

Rekstur og umhirða					
Bekkir	1.164	1.164	1.263	1.291	1.300
Stampar	1.421	1.429	1.520	1.542	1.550
Sláttur - flatarmál (m2)	4.696.838	4.724.056	4.697.828	4.644.969	4.644.969
Sláttur - fjöldi sláttusvæða	9.893	10.133	10.258	10.359	10.359
Hitakerfi - flatarmál (m2)	181.640	189.225	203.896	229.935	239.132
Ljósastaurar	22.178	22.699	22.819	23.411	24.011
Vetrarþjónusta gatna - ökulengd (km)	957	963	963	966	966
Vetrarþjónusta gönguleiða (km)	814	818	824	832	832
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m2)	6.631.140	6.621.095	6.622.964	6.663.076	6.663.076
Útgefin afnotaleyfi	950	1.191	1.318	1.500	1.600
Skipulagsfulltrúi					
Fjöldi mála á afgreiðslufundi	1.942	1.748	1.583	2.200	2.200
Deiliskipulag auglýst í B-deild	141	128	134	140	140
Grk. / þar af v. byggingarl. ums.	96/53	95/40	79/35	90/40	90/40
Bilastæðasjóður					
Fjöldi bilastæða við götukanta	3.271	3.600	3.606	3.500	3.800
Fjöldi bilastæða í bílahúsum	1.145	1.145	1.265	1.265	1.265
Fjöldi aukastöðugjalda	53.362	59.933	50.823	55.000	60.000
Fjöldi stöðubrota	13.516	14.921	9.472	11.000	12.000
Fjöldi endurupptökumála	4.387	5.387	4.665	5.000	5.500
Fjöldi samþykktra endurupptökumála	3.330	4.017	3.818	4.200	4.600
Fjöldi hafnaðra endurupptökumála	1.053	1.361	847	900	1.000
Samgönguskrifstofa					
Lengd hjólaleiða (stígar, reinar) (km)	29	31	33	37	42
Sameiginlegir göngu- og hjólastígar (km)	11	13	15	16	18
Banaslys í umferðinni	0	0	0	-	-
Umferðaróhöpp þar sem einhver slasast	249	237	202	-	-
Börn yngri en 18 ára sem slasast í umferðaslysi	34	43	31	-	-
Fjöldi umferðarljósa	117	118	119	120	121
Fjöldi gönguljósa	37	38	39	40	40
Nagladekkjanotkun (hlutfall)	46	40	42	41	38
Náttúra og garðar					
Skráðir safngripir í Grasagarði	-	4.223	4.784	4.900	5.000
Þátttakendur í viðburðum og fræðslu Grasagarðsins	3.770	4.758	3.056	4.500	4.500
Heildarfjöldi gesta í Grasagarði	122.534	200.356	201.511	200.000	200.000
Nemendur í Vinnuskóla	1.947	2.295	3.316	3.541	3.600
Sorphirða					
Fjöldi grárra tunna og kerja, blandaður úrgangur [tunnuigildi]	33.000	31.567	31.519	31.517	31.500
Fjöldi spartunna, blandaður úrgangur [tunnuigildi]	1.650	1.653	1.681	1.682	2.360
Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [stk]	9	64	144	189	210
Fjöldi djúpgáma (allir flokkar) [tunnuigildi]	180	1.215	2.791	3.621	4.010
Blandaður úrgangur [tonn]	17.696	17.434	17.899	17.593	17.450
Magn blandaðs úrgangs á íbúa [kg/íbúa]	140	134	136	132	130
Fjöldi blárra tunna og kerja [tunnuigildi]	14.897	15.529	15.685	16.090	16.500
Pappír- og pappi í bláur tunnur [tonn]	3.107	2.914	2.596	2.544	2.550
Fjöldi grænna tunna [tunnuigildi]	4.465	5.341	5.989	6.490	7.140
Plast í grænar tunnur [tonn]	335	394	455	449	500
Fjöldi brúnna tunna [tunnuigildi]	-	-	-	600	2.950
Lífúrgangur í brúnar tunnur [tonn]	-	-	-	45	300
Grenndarstöðvar					
Fjöldi grenndarstöðva	58	57	57	57	58
Pappír og pappi skilað á grenndarst. [tonn]	1.069	1.250	1.090	1.102	1.200
Plast skilað á grenndarstöðvar [tonn]	145	189	186	194	210
Gleri skilað á grenndarstöðvar [tonn]	110	157	216	235	260
Endurvinnslustöðvar					
Fjöldi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu.	6	6	6	6	6
Móttakið magn úrgangs. [tonn]	53.402	52.666	60.521	56.890	60.520




VELFERÐARSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Virðing – virkni – velferð

SKIPURIT



HLUTVERK

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar stuðlar að auknum lífsgæðum sérhvers íbúa Reykjavíkur með því að sýna frumkvæði og bregðast við fjölbreyttum þörfum einstaklinga og fjölskyldna fyrir velferðarþjónustu.

Velferðarsvið annast framkvæmd velferðarþjónustu í umboði velferðarráðs og vinnur í samstarfi við stjórnvöld á sviði heilbrigðis- og velferðarmála, félagsamtök og aðra hagsmunaaðila að auknum lífsgæðum íbúa borgarinnar. Sviðið ber ábyrgð á rekstri, áætlanagerð, samhæfingu og samþættingu verkefna á sviði velferðarþjónustu og eftirliti í samræmi við lög, reglur, samþykktir og stefnu velferðarráðs í velferðarmálum. Einnig sér sviðið um mat á árangri og þróun velferðarþjónustu og nýrra úrræða.

Verkefni sem velferðarsvið ber ábyrgð á samkvæmt stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar eru meðal annars fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf, skólaþjónusta, málefni eldri borgara, málefni fatlaðs fólks, málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir, sérhæfð húsnæðisaðstoð og búsetuþjónusta, barnavernd, heimahjúkrun, félagsleg heimaþjónusta, matarþjónusta, félagsstarf fyrir aldraða, akstursþjónusta fatlaðs fólks og eldri borgara, stuðningsþjónusta, daggæsluráðgjöf, forvarnir og almenn upplýsingagjöf. Dagleg framkvæmd velferðarþjónustunnar fer fram á þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar, hjúkrunarheimilum og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Undir þjónustumiðstöðvar heyra starfseiningar í hverfum borgarinnar svo sem heimaþjónusta og heimahjúkrun, þjónustuíbúðir, félagsmiðstöðvar, heimili fyrir fatlað fólk, skammtímadvalir og dagþjónusta.

FJÁRHAGSÁÆTLUN

	Raun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Þjónustutekjur	3.746.655	2.578.896	2.706.876
Tekjur v. verkefna frá ríki	3.617.696	3.557.127	4.142.874
Tekjur samtals	7.364.351	6.136.023	6.849.750
Laun og launatengd gjöld	21.609.840	22.401.793	24.289.222
Annar rekstrarkostnaður	17.004.162	18.271.400	18.849.485
Rekstrargjöld samtals	38.614.002	40.673.193	43.138.707
Rekstrarniðurstaða	31.249.651	34.537.170	36.288.957


STARFSFÓLK

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi starfsmanna	3.175	3.521	3.576
Fjöldi stöðugilda	1.885	2.090	2.124
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
*Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf	341	335	354
Búsetuúrræði	722	833	836
Félagsmiðstöðvar	42	46	41
Dagþjónusta	74	56	74
Heimaþjónusta og heimahjúkrun	308	390	374
Hjúkrunarheimili	134	139	145
Rafræn þjónusta	0	0	14
Þjónustuíbúðir	56	57	58
Samningar og styrkir	12	6	4
Stuðnings- og stoðþjónusta	134	157	126
Ýmis úrræði og þróunarverkefni	25	39	53
Önnur gjöld og óflokkað	20	16	17
**Keðjan	18	16	27

*p.m.t. þjónustumiðstöðvar og barnavernd.

**Sinnir stuðningsþjónustu fyrir börn.

SKIPTING REKSTRAR 2022



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Ein af megináherslum sviðsins til næstu fimm ára er að framfylgja nýsamþykktri velferðarstefnu Reykjavíkurborgar. Einkunnarorð stefnunnar er *Reykjavík – fyrir okkur öll*. Velferðarstefnan er rammi utan um metnaðarfulla velferðarþjónustu sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði og stuðla að því að allir Reykvíkingar eigi kost á að lifa með reisn. Stefnan er hugsuð sem vegvísir fyrir borgarbúa og um leið fyrir starfsfólk í velferðarþjónustu. Áfram eru til stefnur í einstaka málaflokkum, svo sem í málefnum fólks með miklar og flóknar stuðningsþarfir, málefnum aldraðra, málefnum fatlaðs fólks, málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Við mótun velferðarstefnunnar var hlustað á fjölbreyttar raddir borgarbúa, starfsfólks, samstarfsaðila og kjörinna fulltrúa.

Fjárhagsrammi velferðarsviðs árið 2022 byggir á frumvarpi ársins 2021, launahækkunum vegna kjarasamninga og *betri vinnutíma í vaktavinnu*, viðaukum og samningsbundnum skuldbindingum við þriðja aðila í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar sem nemur 2,4% hækkun á vísitölu neysluverðs. Innri leiga er verðbætt og gert er ráð fyrir að gjaldskrár vegna þjónustugjalda hækki í samræmi við verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar um 4,1% sem er í samræmi við verðbólguþá Hagstofu Íslands. Gert er ráð fyrir hagræðingu sem nemur 1% af launakostnaði eða um 216 m.kr.

Viðbætur í ramma sviðsins árið 2022 vegna nýrra kjarasamninga og *betri vinnutíma í vaktavinnu* nema 2 ma.kr. Verðbætur vegna samningsskuldbindinga nema 357 m.kr. Á árinu 2020 tóku í gildi nýjar reglur um stuðning við börn og fjölskyldur og er fjárheimild aukin um 117,7 m.kr. til að fjölga stuðningsfjölskyldum, skimunum á kvíða og þunglyndi barna og til að annast foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf. Áfram verður unnið samkvæmt stefnu í málefnum barna sem búa við sárafátækt og var fjárheimild sviðsins aukin um 30 m.kr. Vistgreiðslur Barnaverndar hækka um 61,2 m.kr. og áfram verður starfsemi Barnaverndar styrkt á árinu 2022 með tímabundinni fjölgun stöðugilda. Með styrkingunni er verið að bregðast við aukningu í fjölda tilkynninga sem skapast hefur vegna Covid-19.

Gert er ráð fyrir að fjölgun í vinnumiðaðri stoðþjónustu fyrir ungt fatlað fólk vegna nýliðunar og hækkar fjárheimild ársins 2022 um 120 m.kr. vegna þessa. Áfram verður unnið að fjölgun sértækra

húsnæðisúrræða og munu fjórir íbúðakjarnar fyrir fatlað fólk opna á árinu 2022. Niðurlagning herbergjasambýla heldur áfram í samræmi við bráðabirgðaákvæði II í lögum nr.38/2018. NPA-samningum mun fjölga í samræmi við fjármálaáætlun ríkisins.

Aukin fjárheimild vegna nýrra reglna um stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nemur 100 m.kr. og 36 m.kr. vegna reglna um stuðningsþjónustu (heimaðþjónusta). Gert er ráð fyrir fjölgun notenda í félagslegri heimaþjónustu í takt við fjölgun aldraðra hér á landi og hækkar fjárheimild um 67,7 m.kr.

Fjárhagsaðstoð og sérstakur húsnæðisstuðningur eru bundnir liðir samkvæmt ákvörðun borgarráðs Reykjavíkurborgar. Í áætlun 2022 er gert ráð fyrir útgjöldum að fjárhæð 5.186 m.kr. fyrir báða liði. Af þeirri fjárhæð er áætlað að um 3.085 m.kr. fari í fjárhagsaðstoð og um 1.348 m.kr. fari í sérstakan húsnæðisstuðning. Gert er ráð fyrir lítilsháttar lækkun á mánaðarlegum meðalfjölda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu eða um rétt rúmlega 1% lækkun. Í forsendum áætlunar 2022 er gert ráð fyrir að atvinnulífið muni jafna sig hægt og rólega á þeim efnahagsáhrifum sem fylgdu Covid-19 en þó tekið mið af því að ekki sér alfarið fyrir endann á þeim afleiðingum sem kreppan hefur haft í för með sér. Áfram er gert ráð fyrir svipuðum fjölda í hópi þeirra sem eru með erlent ríkisfang. Hækkun grunnfjárhæðar fjárhagsaðstoðar nemur 2,4% sem er í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar.

Samningur Reykjavíkurborgar vegna heimahjúkrunar við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) var endurnýjaður í byrjun árs 2021 og gildir sá samningur til 31. desember 2024. Helstu nýmæli eru þau að á samningstíma verði unnið að frekari sérhæfingu í heimahjúkrun með tilkomu sérhæfðra líknar- og heilabilunarteyma. Heildarupphæð samnings á árinu 2022 er 2.289,8 m.kr. og viðbótarfjármagn að fjárhæð 67 m.kr. verður veitt á árinu 2022 til að vinna áfram að rafrænum lausnum í þágu heimahjúkrunar.

MEGINÁHERSLUR OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Samhliða nýrri velferðarstefnu eru skipulagsbreytingar á velferðarsviði og verður ný þjónustumiðstöð sett á laggirnar í austurhluta borgarinnar á grunni tveggja, þ.e. þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness og þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts. Verkefnið *Betri borg fyrir börn* sem hefur verið í gildi í Breiðholti verður yfirfært á allar þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs í samstarfi við skóla- og frístundasvið. Áfram verður unnið að stafrænni umbreytingu á árinu 2022 til að bæta þjónustu velferðarsviðs, gera hana notendavænni og skilvirkari sem mun til lengri tíma litið leiða til lækkunar á kostnaði við ýmiskonar umsýslu.

Stofnuð verður rafræn þjónustumiðstöð sem verður fyrsta stopp íbúa í þjónustu hjá velferðarsviði og þaðan verða umsóknir afgreiddar rafrænt. Einnig verður þar símsvörun þar sem borgarbúar geta fengið leiðbeiningar í einstaka málaflokkum, s.s. á sviði öldrunar og í málaflokki fatlaðs fólks. Verið er að vinna að því að rafvæða alla þjónustuferla og grunnkerfi verða endurnýjuð og samþætt á næstu árum.

Í kjölfar Covid-19 hefur sviðið þurft að grípa til umfangsmikilla breytinga á þjónustu við íbúa og í rekstri sviðsins til að tryggja öryggi og heilsu íbúa, meðal annars í búsetukjörnum, á hjúkrunarheimilum og í þjónustuíbúðum ásamt dagdvölum og félagsmiðstöðvum. Jafnframt hefur Covid-19 haft alvarlegar afleiðingar hvað varðar heimilisofbeldi, atvinnumissi og félagslega einangrun. Kvíði hefur aukist á meðal ungmenna, sem má rekja beint til Covid-19. Enn ríkir óvissa hvað varðar Covid-19 og rýna þarf áfram fjárhagslegar afleiðingar af völdum faraldursins og þau áhrif sem hann hefur haft á þá hópa sem sviðið þjónustar.

BÖRN OG FJÖLSKYLDUR

Betri borg fyrir börn

Í samstarfi við skóla- og frístundasvið verður verkefnið *Betri borg fyrir börn* yfirfært á allar þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs en verkefnið hefur verið í gildi í Breiðholti undanfarin tvö ár. Markmið verkefnisins er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Lögð er áhersla á að þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs í þjónustu við börn og fjölskyldur. Þjónustan er í auknum mæli færð á vettvang barna með aðferðum snemmtækrar íhlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og ná fram samlegðaráhrifum. Þjónustumiðstöðvar þurfa að skapa svigrúm til þess að taka á móti starfsfólki frá skóla- og frístundasviði og lögð er áhersla á að vinna með ólíka menningu sviðanna, í þágu þeirra barna og fjölskyldna sem velferðarsvið og skóla- og frístundasvið þjónusta.

Farsæld barna

Alþingi samþykkti lög um samþættingu í þágu farsældar barna þann 6. júní 2021. Lögunum er ætlað að stuðla að farsæld barna með því að tryggja snemmtækan stuðning og samþætta þjónustu. Nýmæli er að öll börn og foreldrar sem þurfa á þjónustu að halda hafi aðgang að aðila sem aðstoðar þau við að fá viðeigandi þjónustu án hindrana. Í fyrsta lagi er um að ræða sérstakan tengilið sem hefur það hlutverk að veita upplýsingar og styðja við samþættingu þjónustu á fyrsta stigi. Tengiliðir verða á heilsugæslustöðvum, leik-, grunn- og framhaldsskólum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir tilnefningu málstjóra á þjónustumiðstöðvum sem kemur til sögunnar ef barn þarfnast frekari stuðnings en veitt er á fyrsta stigi. Hlutverk málstjóra er að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf og leiða samþættingu þjónustu.

Fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög eru kostnaður vegna tengiliða og málstjóra. Gert er ráð fyrir að ný verkefni tengiliða kalli á um 100 viðbótarstöðugildi og bæta þurfi við stöðugildum vegna málstjóra. Gert er ráð fyrir að kostnaður sveitarfélaga sé á bilinu 662 til 1.104 m.kr. Við gildistöku laganna var gerð breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga þar sem Jöfnunarsjóður fær auknar tekjur á árunum 2022–2024 sem skal ráðstafa til sveitarfélaga til að mæta kostnaði sveitarfélaga vegna laganna. Gert er ráð fyrir að framlagið á árinu 2022 verði um 1.100 m.kr. Starfshópur er að vinna að aðferðafræði við úthlutun framlagsins, gagnasöfnun og nýrri reglugerð. Gert er ráð fyrir að vinnu starfshópsins verði lokið um miðjan október 2021. Ekki er því komið í ljós hver hlutur Reykjavíkurborgar verður.

Skipuð hefur verið verkefnastjórn velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem hefur það að markmiði að undirbúa Reykjavíkurborg fyrir gildistöku löggjafar um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Þjónusta við börn og ungmenni

Keðjan veitir stuðningsþjónustu fyrir börn, unglínga og fjölskyldur þeirra. Hlutverk Keðjunnar er að þróa og bjóða þjónustu sem uppfyllir þarfir og væntingar þjónustunotenda með áherslu á „heilðstæða og samfellda“ þjónustu fyrir börn (0–18 ára) og fjölskyldur þeirra. Um 1.100 börn og fjölskyldur þeirra njóta árlega stuðningsþjónustu á vegum velferðarsviðs. Meðal verkefna Keðjunnar er foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf, einstaklingsstuðningur, hópastarf, námskeið og smíðjur ásamt umsjón með stuðningsfjölskyldum. Á fyrstu sjö mánuðum ársins 2021 fengu um 362 börn einstaklingsstuðning sem felst í aukinni þátttöku í samfélaginu til að rjúfa félagslega einangrun. Um 183 fötluð börn og 224 börn sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður dvöldu á sama tímabili hjá stuðningsfjölskyldum einu sinni í mánuði eða oftar. 148 fjölskyldur fengu foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf, 99 fjölskyldur (138 foreldrar) hafa sótt PMTO-foreldrafræðsinámskeið og um 45 fjölskyldur hafa sótt námskeið vegna tilfinningalegs vanda barns. Á árinu 2022 verður fjárheimild aukin um 117,7 m.kr. vegna nýrra reglna um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

Barnavernd Reykjavíkur

Í kjölfar Covid-19 varð aukning í fjölda tilkynninga til Barnaverndar, auk þess sem tilkynningum hafði fjölgað mikið á árinu 2019 og því uppsafnaður vandi til staðar fyrir Covid-19. Ákvörðun var tekin haustið 2020 um að styrkja starfsemi Barnaverndar tímabundið og var stöðugildum fjölgað til að bregðast við fjölgun tilkynninga. Þar sem aukningin er viðvarandi verður aukin fjárheimild enn til staðar á árinu 2022, eða 116 m.kr. sem samsvarar fjármagni fyrir 10 stöðugildi hjá Barnaverndinni.

Eftir fyrstu átta mánuði ársins hefur tilkynningum fækkað um 6% en fjöldi barna sem tilkynnt er um fjölgað um 5%. Það er mat sviðsins að hið aukna álag á Barnavernd sem varð á árunum 2019–2020 sé ekki gengið til baka og óvíst hvenær það geti orðið. Því sé ekki tímabært að hverfa frá aukningu fjárheimildar frá því í fyrra. Auk þess verði að horfa til þess að nokkurn tíma tekur að vinna úr og vinna niður þann vanda sem fylgdi Covid-19 fyrir skjólstæðinga Barnaverndar Reykjavíkur.

Fjárheimild vegna vistgreiðslna verður aukin um 61,2 m.kr. og um 31,7 m.kr. vegna vistheimilisins Mánabergs vegna fjölgunar barna sem vistuð er á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002.

FJÁRHAGSAÐSTOÐ OG VIRKNI

Atvinnu- og virknimiðlun

Á fundi velferðarráðs 16. desember 2021 samþykkti velferðarráð að fela velferðarsviði að undirbúa stofnun Virkniúss sem heldur utan um virkniúrræði á vegum sviðsins, þ.e. Kvennasmiðju, Karlasmíðju, Grettistak, Tinnu og Bataskólann. Einnig samþykkti borgarráð í byrjun árs 2021 að koma á fót atvinnu- og virknimiðlun en Virkniúss er einn liður í öflugri atvinnu- og virknimiðlun. Markmiðið er að koma virkni- og vinnuaðgerðum í framkvæmd í áföngum eftir því hvernig staða á vinnumarkaði þróast á tímabilinu. Einnig að fjölga ráðningum tímabundið hjá Reykjavíkurborg og veita fleiri einstaklingum kost á vinnu og virkni. Áætlað var að atvinnu- og virknimiðlun muni í fyrsta áfanga skapa um 200 störf, meðal annars í samstarfi við Vinnuálastofnun. Ráðinn hefur verið stjórnandi atvinnu- og virknimiðlunar sem vinnur með bæði mannauðs- og starfsumhverfissviði og velferðarsviði. Af þessum 200 störfum eru 50 vegna einstaklinga sem eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum og eru á fjárhagsaðstoð.

Fjárhagsaðstoð

Fjárhagsáætlun fjárhagsaðstoðar var sá liður sem tók mestum breytingum í áætlun ársins 2021 en efnahags- og atvinnulíf urðu fyrir miklum skelli samfara Covid-19 faraldrinum. Í áætlun ársins 2022 er gert ráð fyrir hægunum bata í efnahagslífinu og batnandi atvinnuástandi. Áætlunin er þó varfærin þar sem ekki sér fyrir endann á faraldrinum né útséð með hver langtímaáhrif hans verða. Gert er ráð fyrir 3.085 m.kr. í fjárhagsaðstoð og lítilsháttar fækkun þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu á ársgrundvelli á árinu 2022. Gert er ráð fyrir að tiltölulega stór hluti þeirra sem bættust við á árinu 2021 muni áfram fá fjárhagsaðstoð til framfærslu á einhverjum tímamarki á komandi ári. Enn fremur er gert ráð fyrir svipuðu hlutfalli íbúa með erlent ríkisfang.

Borgarráð samþykkti á árinu 2021 að setja 67,1 m.kr. í breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð. Breytingarnar voru liður í aðgerðaráætlun stýrihóps velferðarsviðs um aðgerðir gegn sárafátækt barna og fjölskyldna þeirra. Veigamestu breytingarnar sneru að stuðningi við barnafjölskyldur en með breytingunum er í hverjum mánuði greidd sérstök fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn sem er með lögheimili í Reykjavík og á framfæri foreldris sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð. Skal aðstoðin mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma og dvalar barna á frístundaheimili, fimm daga í viku, auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða og síðdegishressingar. Um þjónustugreiðslur er að ræða sem greiðast til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Sama gildir um daggæslu barns í heimahúsi eða á einkareknum leikskóla. Foreldri sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum fær sérstaka

fjárhagsaðstoð fyrir hvert barn með lögheimili og á framfæri foreldris sem er í daggæslu í heimahúsi eða á einkareknum leikskóla. Miðað er við að aðstoðin nemi sömu upphæð og foreldrar greiða í náms- og fæðisgjald fyrir átta stundir á leikskólum Reykjavíkurborgar. Samhliða voru hækkaðar viðmiðunargreiðslur tannlækninga og útfararstyrks. Fjárheimild ársins 2022 var aukin um 30 m.kr. til að vinna áfram að aðgerðum í tengslum við stefnuna.

ÞJÓNUSTA VIÐ FATLAÐ FÓLK

Samhliða nýrri velferðarstefnu og skipulagsbreytingum á velferðarsviði verður hlutverk skrifstofu málefna fatlaðs fólks eftt og skerpt á ákveðnum verkefnum. Þar ber helst að nefna aukið hlutverk skrifstofunnar varðandi faglegt og fjárhagslegt eftirlit með þjónustu sem veitt er frá þjónustumiðstöðvum og í sambýlum og íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk, gæðastýringu og samhæfingu vinnulags.

Unnið hefur verið að endurnýjun samnings við Styrktarfélagið Ás, sjálfseignarstofnun með áratuga reynslu af þjónustu við fatlað fólk. Nýr samningur er til fimm ára og tekur til búsetuþjónustu við 36 fatlaða einstaklinga, vinnu- og virknimiðaðrar stoðþjónustu til allt að 140 einstaklinga og sérhæfðrar dagþjónustu fyrir fötluð og langveik börn.

NPA-samningar hjá Reykjavíkurborg eru nú 29 talsins. Á árinu 2022 er gert ráð fyrir að fjölga samningum í samræmi við fjármálaáætlun ríkisins og efla þekkingu á NPA á velferðarsviði. Fjárheimild sem nemur 256,4 m.kr. verður færð með viðauka á árinu 2022. Á árinu 2022 verður áfram unnið að því að innleiða samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og tryggja að hann endurspeglir í öllu starfi.

Stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013–2023 verður fylgt eftir með fræðslu og lögð áhersla á hugmyndafræðina um sjálfstætt líf. Innleiðing færnikerfis (skills system) verður haldið áfram á árinu 2022 en um er að ræða aðferð tilfinningastjórnunar fyrir fólk með þroskaskerðingu.

Gert er ráð fyrir að nýjar reglur um stuðnings- og stoðþjónustu fyrir fullorðið fatlað fólk á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 taki gildi í ársbyrjun 2022 sem og nýjar reglur um notendasamninga sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu velferðarsviðs.

Húsnæði fyrir fatlað fólk mun fjölga um fjóra íbúðakjarna á árinu 2022 með íbúðum fyrir 25 fatlaða einstaklinga samkvæmt uppbyggingaráætlun húsnæðis fyrir fatlað fólk. Þá verður stuðningur við fatlað fólk í sjálfstæðri búsetu þróaður áfram. Áfram verður unnið að niðurlagningu herbergjasambýla en þeim hefur fækkað úr 16 í 9 frá árinu 2011. Í bráðabirgðaákvæði II í lögum nr.38/2018 er greint frá því að öllum sem búa á herbergjasambýlum skuli bjóðast aðrir búsetukostir.

Velferðarsvið Reykjavíkur rekur í dag fjóra vinnustaði fyrir verndaða vinnu, hæfingu og virknipjálfun fatlaðs fólks. Þetta eru Gylfahlöt dagþjónusta, dagþjónustan lðjuberg, Ópus – vinnu- og virknimiðstöð og SmíRey – smíðaverkstæði fyrir einhverfa. Allir eru þessir staðir fullnýttir í dag. Á næstu árum mun þörf fyrir ný tilboð í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu fyrir fatlað fólk aukast. Fjárheimild sviðsins var aukin um 120 m.kr. á árinu 2022 til að koma til móts við þá einstaklinga sem munu útskrifast úr framhaldsskólum á árinu.

Árið 2021 færðist hluti þjónustu velferðarsviðs yfir í nýja lausn er kallast *Ráðgjafinn*. Ráðgjafinn er fjórþætt lausn. Í fyrsta lagi símabókunarkerfi þar sem íbúi getur bókað símtal við ráðgjafa. Í öðru lagi viðmót fyrir ráðgjafa þar sem hann hefur yfirlit yfir bókuð viðtöl og skráir inn grunnupplýsingar úr símaviðtali. Í þriðja lagi viðmót fyrir ráðgjafa á þjónustumiðstöð þar sem hægt að skrá skráð samskipti, umsóknir, mat á stuðningsþörf, þjónustu, tengiliði, gögn o.s.frv. Að lokum er lausnin þjónustugátt þar sem íbúinn getur fyllt út mat á eigin stuðningsþörf, samþykkt umsóknir, skráð tengiliði og nálgast öll helstu gögn.

Notendasamráð og samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks verður áfram sett í öndvegi á árinu 2022.

Húsnæðismál

Velferðarsvið hefur unnið markvisst að því að efla samvinnu við þær skrifstofur og stofnanir innan og utan Reykjavíkurborgar sem koma að húsnæðismálum, til að hraða öllum ferlum sem snúa að skipulagi og uppbyggingu félagslegs húsnæðis. Áfram verður unnið í samræmi við húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á árinu 2017. Stefnt var að því að fjölga félagslegum íbúðum um 600 á tímabilinu 2018–2022. Keyptar hafa verið 467 íbúðir á tímabilinu. Hlutfall leiguhúsnæðis á vegum Félagsbústaða er í kringum 5% af íbúðarhúsnæði í borginni eða um 3.000 félagslegar leiguíbúðir. Á árinu 2022 er stefnt að því að stækka eignasafn Félagsbústaða um 95 íbúðir.

Velferðarsvið hefur það að leiðarljósi að tryggja fjölbreytileika, gæði og félagslega blöndun í uppbyggingu félagslegs húsnæðis.

ÞJÓNUSTA VIÐ ELÐRA FÓLK

Á velferðarsviði hefur verið lögð áhersla á samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar, á velferðartækni og verkefnið *Endurhæfing í heimahúsi*. Unnið verður áfram að þessum verkefnum auk þess sem áhersla verður á sértækari þjónustu fyrir tiltekna hópa. Í dag eru þrjú endurhæfingarteymi starfrækt í þremur hverfum borgarinnar. Teymin eru annars vegar fjármögnuð af Reykjavíkurborg sem stendur undir 40% af kostnaði, og hins vegar af heilbrigðisráðuneytinu, með 60% af kostnaði.

Sérhæft hreyfanlegt öldrunarteymi, SELMA, tók til starfa í lok árs 2021 en markmið teymisins er meðal annars að draga úr innlögnum hrumra aldraðra á bráðamóttöku Landspítalans. Árangursmat fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2021 sýndi góðan árangur og á árinu 2022 er stefnt að stækkun teymisins að beiðni Sjúkratrygginga Íslands. Aukin fjárveiting vegna SELMU-teymisins verður 66 m.kr. á árinu 2022, styrking innviða tæpar 116 m.kr. og vegna Velferðartæknismiðju 50 m.kr. Auk þess var gerður viðauki vegna Velferðartæknismiðju 1. október að upphæð 67.m.kr.

Hlutverk Velferðartæknismiðju sem tók til starfa haustið 2018 er að vera í fararbroddi í þróun og innleiðingu á velferðartækni í þjónustu við notendur á heimilum þeirra. Helstu verkefni næstu tveggja ára er áframhaldandi innleiðing skjáheimsókna í heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu. Um 400 skjáheimsóknir eru veittar frá skjáveru heimaþjónustu í hverjum mánuði. Auk þess hefur verið unnið að innleiðingu skjáheimsókna í öðrum verkefnum heimaþjónustu. Innleiðing lyfjaskammtara er hafin og í byrjun, meðan unnið er að notendaprófunum og verklagi, verða 25 slíkir skammtarar nýttir til að veita öruggari lyfjapjónustu. Útreikningar Velferðartæknismiðju sýna að með því innleiða einn lyfjaskammtara er hægt að spara 1–2 vitjanir starfsfólks á dag. Tæknilæsi, prófun og þróun á heimaþjónustukerfi og raflásur verða áhersluatriði smiðjunnar, ásamt öðrum verkefnum.

Þann 25. maí 2021 undirrituðu heilbrigðisráðherra og borgarstjóri samning um byggingu hjúkrunarheimilis við Mosaveg í Grafarvogi fyrir allt að 144 íbúa. Samhliða því staðfestu ráðherra og borgarstjóri sameiginlega viljayfirlýsingu um byggingu hjúkrunarheimilis fyrir allt að 200 íbúa á svæði við Ártúnshöfða. Unnið er að skipulagningu svæðisins og er stefnt að því að hægt verði að hefja verklegar framkvæmdir við nýtt hjúkrunarheimili í Grafarvogi árið 2023.

Á haustmánuðum 2021 verður unnin tillaga að breytingum á 20 hjúkrunarrýmum í Seljahlíð að beiðni heilbrigðisráðuneytis. Gert er ráð fyrir að ef sú tillaga nái fram að ganga verði 50 manna sveigjanleg dagþjálfun rekin í Seljahlíð í stað 20 hjúkrunarrýma, auk þess að þjónustuíbúðum fjölgi um 4–6.

Aðgerðir með stefnu Reykjavíkurborgar um þjónustu við eldri borgara taka mið af því markmiði að Reykjavík sé aldursvæn borg og farið verður í aðgerðir í þeim tilgangi að draga úr einmanaleika eldri borgara og koma á meiri sérhæfingu í þjónustu við fólk með heilabilun. Nýtt kerfi fyrir heimsendan mat verður tekið í notkun á árinu 2022.

STAFRÆN UMBREYTING

Rafræn þjónustumiðstöð tekur til starfa 1. janúar 2022. Þjónustumiðstöðin mun annast móttöku allra umsókna sviðsins og veita símaráðgjöf og leiðbeiningar. Hlutverk rafrænnar þjónustumiðstöðvar er að framfylgja þeim þáttum velferðarstefnunnar sem snúa að þjónustu við notendur, setja gæðaviðmið vegna þjónustu og hafa samræmingar- og eftirlitshlutverk með þáttum eins og viðmóti, aðgengi og þjónustuferlum í starfsemi velferðarsviðs. Fjárheimildir til rekstursins eru fluttar frá öllum þjónustumiðstöðvum sviðsins og rafrænt þjónustuteymi mun verða staðsett í þessari nýju einingu.

Á árinu 2022 verður áfram unnið að ýmsum stafrænum verkefnum en stafræn umbreyting er einn af hornsteinum nýrrar velferðarstefnu borgarinnar. Stærst þessara verkefna er áframhaldandi endurnýjun grunnkerfa. Árið 2021 færðist hluti þjónustu velferðarsviðs úr málaskrárkerfi sviðsins yfir í nýja lausn er kallast *Ráðgjafinn*, sem þróuð var í samstarfi velferðarsviðs og þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Árið 2022 er stefnt að því að færa frekari þjónustu í fösum yfir í það kerfi. Jafnframt er stefnt að innkaupum á heimaþjónustu-, stuðningsþjónustu- og búsetukerfi. Mörg smærri verkefni eru einnig í farvatninu, sem hafa öll það markmið að bæta upplifun íbúa af þjónustu velferðarsviðs, auka skilvirkni og veita starfsfólki verkfæri sem aðstoða það við að veita eins góða þjónustu og auðið er.

MANNAUÐUR

Hlutverk mannauðsþjónustu velferðarsviðs verður eftl á árinu 2022 með það að markmiði að auka þjónustu við stjórnendur stofnana sviðsins.

Velferðarsvið leggur áherslu á jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi sem eflir starfsgleði og frumkvæði starfsfólks sem ytir undir góða þjónustu við borgarbúa. Velferðarsvið vill stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsfólks með skýrum boðleiðum og virku upplýsingastreymi. Mannauðsráðgjafar eru með viðveru á öllum þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs sem hefur reynst mjög vel og stuðlar að betra aðgengi stjórnenda og starfsfólks að mannauðsráðgjafa. Viðvera mannauðsráðgjafa á þjónustumiðstöðvum verður aukin enn frekar með tilkomu verkefnisins *Betri borg fyrir börn* á allar þjónustumiðstöðvar. Móttaka nýrra stjórnenda verður efl og bætt sem stuðlar að öruggari stjórnendum og betri stjórnun á hverjum starfsstað. Að auki verða verkferlar í mannauðsmálum gerðir sýnilegri og aðgengilegri stjórnendum í hverju hverfi.

Tímamótasamkomulag um styttingu vinnutíma náðist í síðustu kjarasamningum en markmið styttingar vinnutímans er að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólks og auðvelda samræmi á milli vinnu og einkalífs. Styttingin hefur einnig að markmiði að bæta vinnustaðamenningu og auka skilvirkni og þjónustu. Áfram munu stjórnendur og mannauðsráðgjafar vinna að innleiðingu og eftirfylgni vegna styttingar vinnuvikunnar hjá dagvinnufólki og vaktavinnufólki.

Öllu starfsfólki velferðarsviðs eiga að bjóðast fjölbreyttir möguleikar til fræðslu og starfsþróunar. Með það að markmiði er lögð áhersla á framsækna fræðsluáætlun sem stjórnendur taka þátt í að móta, með óskir starfsfólks og þarfir vinnustaðarins að leiðarljósi. Í samræmi við velferðarstefnuna verður sérstaklega aukið við fræðslu sem snýr að notendamiðaðri hönnun, menningarnæmi og þjónustumenningu. Áfram verður lögð áhersla á rafræna fræðslu og gott aðgengi að nýliðafræðslu. Þá verður innleitt nýtt verklag og „starfatorg“, til að auðvelda starfsfólki að færa sig á milli starfsstaða á velferðarsviði.

Ráðningarferli, starfsglýsingar og hæfniskröfur við ráðningar nýs starfsfólks verða endurskoðaðar með það að markmiði að starfsfólk velferðarsviðs endurspegli fjölbreytni samfélagsins. Aukin áhersla verður á ráðningar fatlaðs fólks í ábyrgðar- og sérfræðistöður á velferðarsviði. Eins verður lögð áhersla á ráðningu fólks með tungumálakunnáttu sem nýtist í störfum sem fela í sér bein samskipti við notendur af erlendum uppruna.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Sviðsstjóri velferðarsviðs skipaði fjögurra manna starfshóp til að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu, samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar. Í kjölfarið skipaði starfshópurinn fjóra vinnuhópa til greiningar á akstursþjónustu fatlaðra og aldraðra, fjárhagsaðstoð, framleiðslueldhúsi og þjónustu við flóttafólk. Tilgangurinn er að greina hvort núverandi framkvæmd þjónustunnar og/eða dreifing fjárheimilda leiði til jafnréttis. Vinnuhóparnir hafa ýmist lokið greiningum eða munu ljúka þeim að hausti 2021.

Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé. Lagðar verða til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna. Greiningar á þjónustubáttum sviðsins og niðurstöður rýningar hafa leitt í ljós að þjónusta hefur í meginráttum verið í samræmi við mismunandi þarfir kynjanna og jaðarsettra hópa.

Velferðarsvið hefur jafnréttisskimað og metið fjárfestingar- og fjárhagsáætlun sviðsins frá árinu 2018 og að auki eru allar tillögur velferðarráðs jafnréttisskimaðar. Frá því að innleiðing hófst á árinu 2011 hefur velferðarsvið tekið fullan þátt og lokið rýningu allra þjónustubátta.

ÁHERSLUR OG AÐGERÐIR 2022

Stefnumarkandi áherslur	Forgangsaðherslur	Aðgerðir
1 Engin tvö eru eins	1.1 Skilgreina einstaklingsmiðaða nálgun í þjónustu	Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk
	1.2 Útfæra og innleiða einstaklingsmiðaða nálgun í þjónustu	Endurskoða verk dagsreglur
	1.3 Mæta fólki af erlendum uppruna	Sérhæft teymi um málefni fólks af erlendum uppruna • Upplýsingar aðgengilegar á fleiri tungumálum • Endurskoða hæfnis-kröfur vegna starfa
2 Nálægð og aðgengileiki	2.1 Útfæra breytingar á þjónustunni	Rafræn þjónustumiðstöð
	2.2 Efla notkun starfrænna lausna	Allar umsóknir rafrænar • Endurskoða og rafvæða alla þjónustuferla • Setja upp gagnvirkar „Minor síður“ • Endurnýja grunnkerfi og tryggja samþættingu
	2.3 Nota vandað, skýrt og auðskilið mál	Yfirfara öll stöðluð bréf • Yfirfara efni með áherslu á skýrt málfrá
3 Þjónustulipurð og skilvirkni	3.1 Endurskoða skipulag velferðarsviðs	Rafræn þjónustu- miðstöð • Þjónustusvæði verði fjögur • Betri borg fyrir börn yfirfært á önnur svæði • Skipurit þjónustu- miðstöðva samræmd • Sérhæft teymi sett á laggimar • Hlutverk fagskrifstofa og stoðþjónustueininga eft
	3.2 Tryggja að notendur séu alltaf í forgrunni	Skilgreina þjónustupætti sem mældir verða reglubundið • Sjálfvirkni í þjónustukönnunum í kjölfar þjónustuveitingar • Gagnvirkar „Minor síður“
	3.3 Meta þarfir ólíkra samfélagshópa	Skilgreina ólíka samfélagshópa • Árleg aðgengiskönnun
	3.4 Skilgreina heildarþjónustu	Kortlagning samstarfsaðila • Verkerlar um samvinnu velferðarsviðs og helstu samstarfsaðila
	3.5 Samræma þjónustustig	Meta samræmi í þjónustuveitingu
4 Virðing og umhyggja	4.1 Auka áherslu á valdeffingu	Auka valkosti innan virkni- og endurhæfingarúrræða • Fjölga vinnustöðum sem taka þátt í atvinnu- og virknimiðlun
	4.2 Efla traust	Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk
	4.3 Vinna gegn fordómum	Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk
5 Frumkvæði og forvarnir	5.1 Efla forvarnir	Lágþroskuldabjónusta við börn og fjölskyldur • Endurnýja stefnu í forvarnamálum
	5.2 Auka frumkvæði	Rafræn fræðsla fyrir starfsfólk • Endurskoða verklag svo að starfsfólk fái rýrta umboð til athafna
	5.3 Efla gagnadrifna ákvarðanatöku	Greiningar á samfélagshópum • Spár um þróun samfélagshópa og langtíma kostnaðaráætlanir • Mælaborð með rauntíma tölfræði um þjónustu og ánægju
6 Samtal og samráð	6.1 Skipuleggja virkt samráð við hagsmunaaðila	Kortlagning hagsmunahópa og verkferill samráðs
	6.2 Styrkja miðlun upplýsinga	Ritstjórn og ritstjóri • Nýr vefur • Fjölbreyttar leiðir til upplýsingamiðlunar • Verklagsreglur um samskipti við fjölmiðla
	6.3 Skoða strauma og stefnur á markvissari hátt	Vöktun og miðlun á straumum og stefnum • Umræðuvettvangur fyrir starfsfólk, hagsmunaaðila og háskólasamfélag
	6.4 Tryggja reglubundna endurgjöf frá notendum	Hagsmunaaðilar geti komið athugasemdum á framfæri með rafrænum hætti • Greiningar á samfélagshópum • Sjálfvirkni í þjónustukönnunum í kjölfar þjónustuveitingar • Mælaborð með rauntíma tölfræði um þjónustu og ánægju
7 Fagmennska og framsýni	7.1 Skapa framsækið vinnuumhverfi	Verkefnastjórnunartól fyrir stjórnendur og starfsfólk • Innleiða „starfatorg“ vegna starfsþróunar
	7.2 Styðja við þekkingardrifna vinnustaðamenningu	Fræðsluáætlun sem endurspeglar óskir starfsfólks og þarfir vinnustaða.
	7.3 Auka margbreytileika í hópi starfsfólks	Endurskoða ráðningarferli, starfsauglýsingar og hæfniskröfur • Kortleggja aðgengi allra starfseininga • Starfsfólk geti sótt íslenskukennslu • Ráðningar starfsfólks með tungumálakunnáttu sem nýtist í starfi • Ráðningar fólks af erlendum uppruna í ábyrgðarstöður
	7.4 Styrkja innri upplýsingamiðlun	Workplace og Workplace Knowledge Library • Verk- og þjónustuferlar í gæðahandbók uppfærðir

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Fjárhagsaðstoð					
Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar	2.096.235	2.368.183	2.563.213	4.449.610	3.085.582
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	1.589.417	1.711.855	1.785.162	3.534.258	2.123.267
Framfærsla vegna náms	103.290	145.879	162.175	210.038	192.570
Aðrar heimildagreiðslur og átaksverkefni	403.528	510.449	615.876	705.314	769.745
Fjöldi notenda með fjárhagsaðstoð alls	2.698	2.930	3.320	3.450	3.450
Sérstakar húsaleigubætur / Sérstakur húsnæðisstuðningur á almennum markaði					
Heildarupphæð	531.003	386.529	497.715	456.940	608.568
Hlutur Reykjavíkurborgar	531.003	386.529	497.715	456.940	608.568
Fjöldi heimila	1.259	1.571	2.039	2.447	2.600
Félagslegt leiguhúsnæði					
Fjöldi íbúða	2.628	2.753	2.897	3022	3155
Fjöldi úthlutana – almennt félagslegt leiguhúsnæði	146	160	187	204	200
Fjöldi á biðlista í árslok – almennt félagslegt leiguhúsnæði	901	697	525	500	480
Sérstakar húsaleigubætur / Sérstakur húsn. stuðningur v/ íbúða FB	543.634	756.774	654.891	634.594	739.310
Hlutur Reykjavíkurborgar	543.634	756.774	654.891	634.594	739.310
Fjöldi úthlutana – þjónustuíbúðir aldraðra	65	64	66	55	55
Fjöldi á biðlista í árslok – þjónustuíbúðir aldraðra	157	127	135	125	125
Hjúkrunarrými					
Fjöldi hjúkrunarrýma á Droplaugarstöðum	82	82	82	82	82
Heildarkostnaður – Droplaugarstaðir	1.267.340	1.430.502	1.529.942	1.435.817	1.526.056
Meðalkostnaður á notað rými á dag	42	48	51	48	51
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á Droplaugarstöðum	30	32	33	36	38
Fjöldi hjúkrunarrýma í Seljahlíð	20	20	20	20	20
Heildarkostnaður – Seljahlíð hjúkrunardeild	334.125	369.565	402.766	413.637	389.082
Meðalkostnaður á notað rými á dag í Seljahlíð	46	51	55	57	53
Framlag ríkissjóðs á rými á dag	30	32	33	39	37
Heimabjónusta					
Heildarrekstrarkostnaður í fél. heimabjónustu (gjöld)	2.113.181	2.194.264	2.450.587	2.705.086	2.716.469
Par af heildarkostnaður vegna kvöld- og helgarþjónustu	327.160	359.333	431.221	452.901	486.293
Félagsleg heimabjónusta – fjöldi heimila	3.608	3.603	3.568	3.640	3.650
Heildarkostnaður heimahjúkrun	1.420.657	1.562.036	1.717.415	2.181.704	2.486.131
Heimahjúkrun – fjöldi notenda	2.268	2.457	2.684	2.900	3.000
Stuðningsþjónusta (Liðv. og Tilsj./ persl. ráðgj.)					
Heildarkostnaður	566.747	704.486	519.671	485.867	645.404
Fjöldi notenda	693	723	810	939	905
Þjónusta við fatlað fólk					
Frekari liðveisla fyrir fatlað fólk – heildarkostnaður	210.998	192.001	227.556	198.364	225.981
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn – heildarkostnaður	149.512	166.230	173.446	146.291	168.336
Stuðningsfjölskyldur fyrir fötluð börn – fjöldi barna	191	196	188	205	205
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) – heildarkostnaður	397.599	641.154	817.779	1.078.648	1.126.333
Dagþjónusta fyrir fatlað fólk – heildarkostnaður	388.507	429.547	462.723	481.666	494.284
Búsetuúrræði – heildarkostnaður	6.570.036	7.306.119	9.489.524	10.103.282	10.885.474

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Matarþjónusta					
Fjöldi notenda með heimsendan mat	799	829	1.347	1.200	1.200
Fjöldi heimsendra máltíða	91.569	100.075	128.213	128.500	128.500
Þjónusta við börn					
Fjöldi barnaverndartilkynninga	4.401	4.677	5.316	5.200	5.200
Heildarkostnaður við varanlegt fóstur	332.423	344.685	352.296	376.597	306.265
Fjöldi barna í varanlegu fóstri	155	154	165	165	165
Heildarkostnaður við tímab. fóstur og fóstur skv. 84 gr. bvl.	169.913	244.696	170.758	188.339	164.753
Fjöldi barna í tímab. fóstri og fóstri skv. 84 gr. bvl.	124	112	109	111	111
Heildarkostnaður – stuðningsfjölskyldur	85.863	100.087	117.865	52.295	84.952
Fjöldi barna – stuðningsfjölskyldur	161	194	230	275	275

Upphæðir eru í þúsundum króna og tekjur ekki meðtaldar. Allar upplýsingar eru á ársgrundvelli nema að annað sé tekið fram.

- 1) Dregin hefur verið frá endurgreiðsla ríkisins vegna erlendra ríkisborgara.
- 2) Seljahlíð meðtalin.




ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ

LEIÐARLJÓS

Við veitum fyrsta flokks þjónustu sem er í stöðugri þróun. Við leiðum stafræna vegferð borgarinnar með nýsköpun og eflingu sjálfvirkrar stjórnsýslu. Við erum boðberar frjórrar menningar, nýrra aðferða og framsækins hugsunarháttar

Skipurit



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Rekstrartekjur	1.285.953	1.325.266	1.545.117
Tekjur samtals	1.285.953	1.325.266	1.545.177
Laun og launatengd gjöld	1.380.795	1.363.910	1.310.681
Annar kostnaður	2.166.445	2.419.341	3.154.674
Rekstrargjöld samtals	3.547.240	3.783.251	4.465.354
Rekstrarniðurstaða	2.261.287	2.457.985	2.920.177

STARFSFÓLK


	Raun 2020	Útsp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi starfsmanna	134	133	133
Fjöldi stöðugilda	108,2	106,8	106
Fjöldi starfsmanna v. stafrænnar vegferðar og umbreytingu ferla*		57	75
Fjöldi starfa v. Bloomberg**		5	5
Eftir skrifstofum:***			
Skrifstofa sviðsstjóra	15,4	8	8
Skrifstofa gagnþjónustu	9	4	4
Skrifstofa upplýsingatæknipjónustu	38	36	36
Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur	9	8	8
Skrifstofa þjónustu og umbreytinga	26	34	34
Skrifstofa skjalastýringar	0	8	8
Borgarskjalasafn Reykjavíkur	10,8	8,8	8

*Fjölgun starfsmanna er tímabundin vegna stafrænnar vegferðar og umbreytingu ferla og hafa heimildir fengist fyrir henni í borgarráði.

**Fjölgun starfsmanna sem greitt er fyrir með styrk frá Bloomberg

*** Þjónustu- og nýsköpunarsvið fór í gegnum skipulagsbreytingu á árinu 2021 til að mæta stafrænni vegferð. Tilfærslur voru þess vegna á verkefnum og stöðugildum milli skrifstofa sem útskýrðar eru frekar í greinargerð.

SKIPTING REKSTRAR 2022



HLUTVERK

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) er skilgreint sem eitt af þremur kjarnasviðum borgarinnar, og starfar þvert á önnur hennar. Megináherslur í starfsemiinni er að annast innri þjónustu borgarinnar og stuðla að nýsköpun í starfsemi hennar. Sviðið ber ábyrgð á stafrænni vegferð, þjónustuumbreytingu, upplýsingatækni, gagnastjórnun og tæknilegum umbótum og þjónustu á þeim sviðum. Þá leiðir sviðið innleiðingu á gildandi þjónustustefnu borgarinnar, upplýsingatæknistefnu og skjalastefnu borgarinnar. Það ber ábyrgð á rekstri þjónustuvers og stjórnýslybbygginga borgarinnar auk þess að fara með rekstur Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Sviðið er einnig borgaryfirvöldum til faglegrar ráðgjafar í málaflokknum.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Leiðarljósið í áætlunargerð sviðsins er að finna í greinargerð með tillögu að fjárhagsramma fyrir svið borgarinnar sem samþykkt var í borgarráði í júní 2021. Þjónusta við íbúa borgarinnar er þar sett í forgang með fjárfestingu í starfrænni umbreytingu, notkun nýrrar tækni og breytingu á þjónustuferlum. Áhersla er á verkefni hafi stöð í Græna planinu og feli í sér fjárhagslegan ávinning til framtíðar. Þá eru áætlanir sviðsins unnar samræmi við áherslur og forgangsröðun mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs á bætt aðgengi að þjónustu, notendasamráð, nýsköpun, rafvæðingu ferla og skilvirka nýtingu gagna. Rík áhersla er lögð á að færa starfsemi borgarinnar í nútímalegra horf með heilsteyptri nálgun.

HELSTU FJÁRHAGSLEGAR BREYTINGAR MILLI ÁRA

Í fjárhagsáætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs er að mestu gert ráð fyrir óbreyttum fjárhagsramma vegna ársins 2022, þó með viðaukum vegna kjarasamninga, innri leigu og samningsbundinna skuldbindinga við þriðja aðila annars vegar og 1% hagræðingarkröfu hins vegar. Aðrar breytingar á fjárhagsramma eru þær að rekstur rannsóknarþjónustu flyst yfir í miðlæga stjórnsýslu auk ess sem gerður var viðauki vegna reksturs fjarfundabúnaðar stjórnsýsluhúsa. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur vaxi á milli ára og skýrist það einkum af gjaldskrárhækkun upplýsingatæknideildar (UTR) sem tekur mið af sömu breytingum og meginlínur rammaúthlutunar, þ.e. launahækkunum, verðbótum á samningsbundinn annan rekstrarkostnað og 1,0% hagræðingarkröfu ásamt en einnig af styrk frá Bloomberg Philanthropies vegna verkefnisins *i-teymi*. Breyting á rekstrargjöldum milli ára skýrist m.a. af auknum gjöldum vegna Bloomberg verkefnis en þeim gjöldum er að fullu mætt með styrkjum, kjarasamningsbundnum hækkunum, samningum við þriðja aðila er fylgja breytingu á vísitölu annars vegar eða á gengi íslensku krónunnar hins vegar og svo hækkun á innri leigu. Launakostnaður nemur 29% af rekstrarkostnaði ársins, innri leiga húsnæðis og tækja nemur 33% og annar kostnaður 38%.

Útfærsla 1% hagræðingarkröfu

Þar sem áhrif heimsfaraldurs á rekstur borgarinnar hefur verið umtalsverður gerir fimm ára áætlun Reykjavíkurborgar ráð fyrir halla í rekstri hennar næstu árin, og tekur rammaúthlutun borgarinnar fyrir árið 2022 mið af því. Áframhaldandi krafa um 1% hagræðingu felur í sér niðurskurð á rekstri þjónustu- og nýsköpunarsviðs í heild sinni. Mikill kostnaður er bundinn í samningum við þriðja aðila s.s. í upplýsingatækni, þá eru takmarkað hægt að hreyfa við liðum eins og innri leigu á stjórnsýsluhúsum í rekstri borgarinnar eins og Ráðhúsi Reykjavíkur og Höfða. Áætlað er því að hagræðingarkröfu verði mætt með endurskoðun á tilhögun verkefna og starfa, meðal annars á skrifstofu sviðsstjóra.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Skrifstofa sviðsstjóra

Skrifstofa sviðsstjóra hefur forystu og frumkvæðishlutverk við eflingu stjórnsýslu á sviðinu öllu. Hún ber ábyrgð á stefnumótun sviðsins, fjármálum og mannauði ásamt meðferð lögfræðilegra álitaefna, gæðamála og upplýsingagjöf. Þá fer skrifstofan með undirbúning mála fyrir ráð og nefndir auk þess að fylgja eftir ákvörðunum sem snúa að málaflokki þjónustu og nýsköpunar. Rannsóknarþjónustan heyrir ekki lengur undir skrifstofuna en hún var flutt á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara í upphafi árs.

Lögfræðiþjónustan er sviðinu til ráðgjafar í stjórnsýslumálum. Aðkoma lögfræðinga að innleiðingu nýrra hugbúnaðarlausna og upplýsingakerfa með tilliti til persónuverndar verður helsta áherslumálið á nýju ári. Þá mun lögfræðiþjónustan vinna náið með öðrum sérfræðingum borgarinnar í persónuvernd að innleiðingu á samræmdri vinnsluskra persónuupplýsinga. Loks verður kláruð innleiðing á almennum verkferlum fyrir samningastjórnun á sviðinu svo tryggja megi betra eftirliti og aðhald með framkvæmd samninga með virkri vöktun og rýni á samningstímanum.

Gæðastarf sviðsins mun einkennast af markvissri formgerð gæðahandbókar annars vegar og áhættumati fjárfestingarverkefna hins vegar með það að markmiðið að tryggja gæði verklags, gæði fjárfestinga og afurða verkefna, stýringu áhættu og skýra ábyrgðaskiptingu. Lögð verður áhersla á áframhaldandi kortlagningu og samræmingu ferla og innleiðingu þeirra í starfsemi sviðsins. Þá verður haldið áfram með innleiðingu áhættustýringar en í því felst að koma á samræmdu verklagi við gerð áhættumats verkefna ásamt því að tryggja eftirfylgni stjórnenda og starfsmanna.

Formleg færsla fjármálastýringar sviðsins frá fjárhags- og áhættustýringarsviði yfir á þjónustu- og nýsköpunarsvið, var kláruð í lok árs 2021 með stofnun stöðu fjármálastjóra en tilfærslunni er ætlað að skila virkum stuðningi og ráðgjöf til stjórnenda með það að markmiði að ná enn frekari árangri árið 2022. Haldið verður áfram með umbætur á verkferlum fjármála í því skyni að beita öflugri fjárfestingu, sem stuðlar að hagkvæmni og skilvirkni. Lokið verður við innleiðingu á umbreytingarverkefni sem felur í sér að aðgreina fjárfestingaverkefni frá hefðbundnum rekstri sviðsins í bókhaldskerfi borgarinnar með það markmið að tryggja enn frekar gagnsæi og rekjanleika í kringum bókhaldslega meðferð fjármála.

Skrifstofa sviðsstjóra hefur umsjón með þátttöku borgarinnar í verkefni Bloomberg Philanthropies um *i-teymi* en verkefninu er ætlað er að hraða stafrænni umbreytingu í þjónustu hins opinbera. Fimm manna teymi, fjármagnað af verkefninu til þriggja ára, verður falið að innleiða skapandi aðferðir svo nýta megi stafrænar lausnir enn frekar til að bæta þjónustu og þar með lífsgæði borgarbúa. Tækni og kerfi spila þar stórt hlutverk, ekki síður en fólk og ferlar. Verkefnið er unnið í samstarfi við svið, skrifstofur og stofnanir Reykjavíkurborgar sem og í Amsterdam í Hollandi, San Francisco og Washington í Bandaríkjunum og Mexíkóborg í Mexíkó og Bógóta í Kólumbíu.

Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur

Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur samanstendur af verkefna- og vörustýringardeild, vefdeild og teymi stafrænna leiðtoga. Ein af stærstu áskorunum skrifstofunnar árið 2022 verður að leiða hugmyndafræði stafrænnar vegferðar, halda áfram innleiðingu og uppsetningu verkefnaskráa á sviðum borgarinnar ásamt því að svara þörfum sviðanna þegar kemur að uppfærslum og nýjum lausnum.

Vefdeildin hefur umsjón með þróun, uppsetningu og heilsu vefja í eigu borgarinnar. Helstu áskoranir ársins 2022 snúa að innleiðingu á nýjum *Mínar síður* og aðlögun á framsetningu þjónustu á nýjum vef borgarinnar. Viðhald og þróun og á stafrænu hönnunarkerfi heldur áfram og útfærsla þess yfir á viðmót flestra vefeininga borgarinnar. Hugmyndafræði notendamiðaðrar hönnunar verður áfram beitt með það að markmiði að þróa veflausnir fyrir íbúa sem svara þörfum þeirra. Unnið verður að því að fækka vefjum borgarinnar enn frekar til að einfalda utanumhald og framsetningu mikilvægra upplýsinga og tryggja áreiðanleika hennar, en ágætis árangur hefur náðst í því fram til þessa. Einnig þarf að huga vel að stafrænum lausnum fyrir einingar borgarinnar með sölu í gegnum veflausnir t.d. listasöfn og sundlaugar. Þá verður unnið að uppsetningu eftirlitskerfis í samstarfi við skrifstofu upplýsingatækniþjónustu sem tryggja mun öryggi veflausna og aðgengi út frá hugmyndafræði og stöðlum algildrar hönnunar.

Verkefna- og vörustýringardeild stýrir þeim verkefnum sem fjármögnuð eru af fjárfestingaráætlun ÞON, þvert á borgina. Verkefnin snúa einna helst að innleiðingu nýrra tæknilausna, nýsköpun í tæknilegu umhverfi borgarinnar, endurnýjun hugbúnaðar og innleiðingu á nýjum stafrænum lausnum. Unnið verður að innleiðingu nýrra lausna í innri starfsemi tæknireksturs og útfösun eldri lausna. Tekin hefur verið upp hugmyndafræði vörustýringar og nýtt teymi stofnað sem starfar áfram á nýju ári. Teymið ber ábyrgð á framþróun nýrra lausna og kerfa sem tekin eru í rekstur hjá borginni og tryggir viðhald þeirra.

Stafrænir leiðtogar hófu störf á öllum sviðum borgarinnar á vormánuðum 2021. Hlutverk þeirra er að styðja við svið borgarinnar í stafrænni vegferð til þess að ná utan um og móta þær stafrænu áskoranir sem sviðin standa frammi fyrir ásamt því að koma þeim í framkvæmd. Það er gert með því að setja upp verkefnaráð, verkefnaskrár og forgangs röðun verkefna hvers sviðs fyrir sig þegar kemur að fjárfestingum í stafrænum lausnum, uppfærslu, útfösun eldri kerfa og framsækna þróun nýrra lausna. Helstu áskoranir

árið 2022 verða að tryggja flæði verkefna inn í rétta strauma, tryggja samráð á milli sviða og nálgun stafræna lausnir út frá heildarhagsmunum borgarinnar.

Skrifstofa þjónustu og umbreytinga

Skrifstofa þjónustu og umbreytinga (áður skrifstofa þjónustuhönnunar) tók breytingum í mars 2021 þegar stafræn umbreyting og rekstrarþjónusta stjórnsýsluhúsa voru færð undir skrifstofuna. Skrifstofan samanstendur því af fjórum megin verkefnum sem skiptast í framlínuþjónustu, þjónustuver, rekstrarþjónustu stjórnsýsluhúsa og loks þjónustuumbreytingu. Megin markmiðið í starfsemi skrifstofunnar er áfram að veita og þróa fyrirmyndar þjónustu við borgarbúa og aðra gesti.

Í þjónustuveri borgarinnar sem staðsett er í Höfðatorgi er veitt öflug framlínuþjónusta í gegnum fjölbreytta miðla á borð við síma, netspjall, ábendingavef og í persónu. Á árinu 2022 verður lögð áhersla á stafræna þjónustu í takt við þjónustuumbreytingu borgarinnar. Þróun á ábendingarvef borgarinnar ásamt innleiðingu á nýjum Mínar síður verða stærstu áskoranirnar ásamt því að efla enn frekar gott samstarf við svið og stofnanir borgarinnar. Gert er ráð fyrir því að stórir þjónustuþættir borgarinnar eins og innritun í grunnskóla og ferlar embætta skipulags- og byggingarfulltrúa taki breytingum á árinu 2022. Þetta eru ferlar sem hafa mikla snertingu við þjónustuverið sem munu verða virkir þátttakendur í þeirri umbreytingavegferð sem hafin er. Ásamt því að halda úti, sem áður fyrr, öflugri þjónustu við borgarbúa og gesti þar sem markmiðið er ávallt úrlausn erinda í fyrstu snertingu.

Rekstrarþjónustan ber ábyrgð á rekstri stjórnsýsluhúsa borgarinnar, það er Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 12, Höfðatorgi og Höfða ásamt rekstri mötuneyta stjórnsýsluhúsanna. Rekstrarþjónustan starfar náið með öllum skrifstofum og sviðum borgarinnar sem hafa starfsstöðvar í stjórnsýsluhúsunum, auk þess að vera í nánú samstarfi og samskiptum við þá þjónustuaðila sem hafa með nýframkvæmdir, ræstingar, öryggisvörslu og viðhald að gera. Á árinu 2022 verður áfram lögð áhersla á stafræna umbreytingu og sjálfbærni í rekstri húsanna. Tæknileg úrræði verða nýtt til að auka skilvirkni í þjónustu sem veitt er í stjórnsýsluhúsunum og unnið að uppþæslu ýmissa húskerfa með það fyrir augum að auka öryggi, lýðheilsu og hagkvæmni.

Undir hatti þjónustuumbreytinga starfa tvö teymi, það er umbreytingarteymi ásamt teymi þjónustuupplifunar. Teymi þjónustuupplifunar hefur umsjón með innleiðingu á þjónustustefnu Reykjavíkurborgar sem og ráðgjöf og mælingum á heildstæðri þjónustuupplifun innan borgarkerfisins. Þjónustustefnan var endurskoðuð árið 2021 og verður megin verkefni ársins 2022 að hringa af stað nýrri aðgerðaráætlun henni tengdri þar sem bæði nýjar og eldri áherslur verða innleiddar og fléttaðar inn í Græna planið og þá stafræna þjónustuumbreytingu sem komin er til framkvæmda. Einnig mun teymið standa fyrir fræðslu og ráðgjöf til starfsmanna borgarinnar um fyrirmyndar þjónustuveitingu sem og veita þjálfun í notendamiðaðri nálgun við hönnun þjónustu og úrlausn vandamála.

Umbreytingateymið vinnur að stafrænum umbreytingaverkefnum. Það tekur við áskorunum sem koma frá fagsviðum er varða þjónustuferla og leiðir vinnu við úrlausn þeirra á grundvelli þjónustustefnu Reykjavíkurborgar og Græna plansins. Fyrstu verkefni í nýju ferli fóru af stað á haustmánuðum 2021 og mun aukin hraði verða í framleiðslu verkefna á árinu 2022. Meginverkefni sem verða tekin fyrir eru meðal annars umsókn um skólaþjónustu, afgreiðslu og fyrirsprunaferlar skipulags- og byggingarfulltrúa, Gagnsjá, innritun í leikskóla og frístund. Í umbreytingateyminu starfa hönnuðir og framleiðendur en með hverju verkefni koma sérfræðingar frá sviðum borgarinnar, tæknifólk og aðrir lykilaðilar svo tryggja megi framgang og vinnslu hraða verkefnanna.

Skrifstofa gagnþjónustu

Árið 2022 verður rekstur upplýsinga- og skjalastýringar skilinn frá rekstri gagnþjónustu. Með því verður upplýsingagreind að skrifstofu gagnþjónustu og ný skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar tekur til starfa. Skrifstofa gagnþjónustu mun áfram ábyrgð á meðhöndlun og hagnýtingu gagna innan

borgarinnar en markmið hennar er að styðja við gagnadrifna ákvörðunartöku innan og skapa virði úr gögnum til að auðga þjónustupplifun borgarbúa.

Gagnaþjónustan leiðir þróun vöruhúss gagna og samþættingarlags í samvinnu við skrifstofu upplýsingatækniþjónustu, en vöruhúsið myndar gagnaundirstöður borgarinnar. Þegar hefur verið sett upp þróunar- og rekstrarumhverfi vöruhússins og byggir það á gagnalóns tæknihögun. Á árinu 2022 verður haldið áfram að ítra vöruhúsið meðal annars með því að koma mikilvægustu rekstrargögnum borgarinnar þangað inn. Í vöruhúsinu getur Reykjavíkurborg geymt gögn, tvinnnað þau saman og sett upp með samrýmdum hætti svo hægt sé að skoða og vinna með gögn frá mörgum mismunandi upprunakerfum á einn heildstæðan og áreiðanlegan hátt. Unnið verður áfram að því að bera kennsl á þau gögn sem eru mest notuð í rekstri borgarinnar og setja þau upp í vöruhúsinu þannig að þau séu strax tilbúin til greiningar á því augnabliki sem þeirra er þörf.

Gagnaþjónustan hefur einnig sett upp þróunarumhverfi fyrir gagnavinnsluferli og gagnakóða sem kallað er gagnavinnslustöð (e. data science platform), en þar eru gagnakóðar bæði þróaðir, útgáfustýrðir og settir í rekstur. Skrifstofan mun á árinu 2022 halda áfram að reka stafrænar gagnavörur borgarinnar sem gefnar hafa verið út svo sem mælaborð velferðar á vefnum, lifandi tölur yfir fjölda sundlaugagesta, gagnvirkt sorphirðudagatal, kosningamælaborð fyrir alþingis- og sveitastjórnarkosningar og margt fleira. Skrifstofan mun einnig spila lykilhlutverk í þróun nýs mælaborðs borgarbúa ásamt fleiri stafrænum vörum í stafrænni vegferð borgarinnar. Þá verður haldið áfram að ítra vörur sem gefnar voru út seinni hluta ársins 2021 svo sem mælaborð fyrir húsnaðisuppbýggingu, mælaborð fyrir atvinnu- og virknimiðlun, mælaborð fyrir eignasjóð og stafræna vegferð. Gagnaþjónustan sér til viðbótar um þróun og viðhald á viðskiptagreindarskýrslum og mun halda því áfram á árinu.

Skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar

Skrifstofa upplýsinga- og skjalastýringar ber ábyrgð á faglegri skjalastjórnun borgarinnar, framkvæmd skjalastefnu og endurskoðun hennar. Skrifstofan hefur umsjón með skjalamállum miðlægrar stjórnarsýslu og skrifstofum sviða sem hafa aðsetur í Höfðatorgi og í Ráðhúsi Reykjavíkur og sinnir daglegri upplýsingagjöf til þeirra og þjónustu, svo sem við skráningu, skönnun og afgreiðslu gagnabeitna.

Helstu verkefni á árinu verða þau að ljúka við endurskoðun skjalastefnu borgarinnar og útfæra almennar verklagsreglur. Þá verður unnið að endurskoðun skjalavistunaráætlana og samræmdu verklagi í notkun upplýsingakerfa sem halda utan um gögn. Fyrstu skrefin verða tekin í sameiningu málalykla ólíkra starfseininga í einn og sama lykilinn en með því skapast svigrúm til að breyta starfsháttum þvert yfir borgina. Sameining lykla styður við Reykjavíkurborg sem einn heildstæðan vinnustað og eina stjórnarsýslu og byggir enn frekar undir starfasemi sem getur brugðist hraðar við erindum og tekið ákvarðanir byggðar á öllum viðeigandi gögnum og upplýsingum hverju sinni.

Hlaðan verður áfram í brennidepli en hún miðar að því að koma miðlægu og notendavænu upplýsingastjórnunarkerfi í almenna virkni, auka samvinnu, yfirsýn og aðgengi gagna og samræma verklag. Innleiðing á nýju málakerfi í miðlæga stjórnarsýslu og stoðsvið borgarinnar heldur áfram, auk þess sem vonir standa til að lokið verði við innleiðingu á fundaviðmóti sem heldur utan um fundi ráða og nefnda, allt frá undirbúningi til birtingar fundargerða. Þá verður samningaviðmót innleitt í upphafi árs sem býður upp á yfirlit yfir stöðu samninga í vinnslu, verkþætti þeirra og ábyrgð, vöktun og eftirlit. Þá hefur uppsetning gæðakerfis verið í undirbúningi og hefst innleiðing á kerfi sem veita mun yfirsýn yfir gæðaskjöl borgarinnar.

Með innleiðingu Hlöðunnar fylgir einnig uppsetning skilalausnar fyrir rafræn skil, hefst því á árinu rafræn varðveisla og skil gagna borgarinnar til Borgarskjalasafns. Umtalsverð vinna verður áfram við frágang og skil þegar starfseiningar sem skjalastýring þjónustar taka Hlöðuna í notkun. Loka þarf eldri kerfum, ganga frá málum og undirbúa skjöl til langtímarvarðveislu. Helstu verkefni felast í flutningi gagna og að tryggja órofinn aðgang að þeim.

Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu

Skrifstofa upplýsingatækniþjónustu rekur eitt stærsta og umfangsmesta upplýsingatækniumhverfi landsins og á fjölbreytni þess sér enga hliðstæðu hérlendis. Skrifstofan veitir fjölbreytta þjónustu við notendur þvert á svið borgarinnar og annast umfangsmikinn rekstur tölvukerfa, viðhald þeirra og þróun. Helstu verkefni upplýsingatækniþjónustunnar er að tryggja rekstrarsamfellu upplýsingatækniinnviða, annast innkaup á upplýsingatækni, veita tæknilega þjónustu og ráðgjöf á sviði tæknilegra lausna, þróa virðisaukandi þjónustur og styðja við stafræna vegferð. Verkefni og ábyrgð skrifstofunnar skiptast í þrjár deildir auk teymis upplýsingatæknihönnuða sem starfar beint undir skrifstofustjóra.

Upplýsingatæknihönnun er teymi faglegra sérfræðinga í hugbúnaðarþróun, tæknilegum rekstri, öryggi, ferlum, gæði þjónustu og þekkingarmiðlunar sem starfa náið með skrifstofustjóra í að móta upplýsingatækniinnviði til framtíðar. Teymið leiðir vinnu við uppbyggingu og útfærslu á tæknihögun, það vinnur með öðrum einingum á upplýsingatækni sviði að hönnun lausna í upplýsingatækni og heldur utan um þróunarmynstur. Mikil vinna hefur á undanförunu ári verið lögð í að endurskoða alla tæknihögun og byggja upp öruggt upplýsingatækni umhverfi hjá Reykjavíkurborg. Mun sú vinna halda áfram á nýju ári þannig að hægt sé að tryggja heilsu, skilvirkni og yfirsýn á upplýsingatækni umhverfinu.

Undir kerfislausnir og hugbúnaðarþróun fellur hugbúnaðar- og samþættingarþróun en hún tryggir sjálfvirkt flæði upplýsinga milli kerfa borgarinnar, en þau telja hundruði. Með innhýsingu hugbúnaðarþróunar er tryggt að öll þróunarteymi viðhafi sama verklag, ferla og tækni. Megin áhersla deildarinnar er á virðisaukandi þróun hugbúnaðar- og samþættingarlausna ásamt því að tryggja stöðugar umbætur og þróun á kerfum borgarinnar með þjónustuhönnun að leiðarljósi. Helstu áskoranir deildarinnar á komandi ári er að auka hugbúnaðarþróun, tryggja að öll vöruhönnun sé framleidd með sama hætti sem og tryggja persónuvernd, áreiðanleika og tiltækileika upplýsinga.

Kerfisstjórn og tæknirekstur sér um rekstur á öllum upplýsingatækniinnviðum borgarinnar og tryggir öryggi þeirra. Rekur deildin um 900 upplýsingakerfi auk þess að hafa umsjón með vefumhverfi borgarinnar og 400 vefjum hennar, 2 vélasölum, hýsingu allra gagna borgarinnar og kerfa í 2 gagnaverum, 72 símkerfum og yfir 300 netskápum svo fátt eitt sé nefnt. Áherslurnar árið 2022 verða áfram á umbætur á tæknilegum innviðum borgarinnar en helstu áskoranirnar felast í því að ná ítarlegri yfirsýn yfir tækni umhverfið fyrir upplýsingatæknihönnuði sviðsins að móta framtíðarhögun innviðanna. Þeirri vinnu er meðal annars ætlað að varpa ljósi á þá sívaxandi ógn sem stafar af eldri tölvukerfum og tækjum í tölvuumhverfi borgarinnar sem jafnvel hafa verið tekin í notkun án vitneskju eða í samstarfi við skrifstofu upplýsingatækniþjónustu. Áfram verður unnið að úthýsingu á rekstrarþáttum árið 2022 svo sem Oracle gagnagrunnsrekstri og Linux netþjónarekstri.

Áherslur stoð- og tækniþjónustu árið 2022 verða á áframhaldandi innleiðingu eignaumsjónakerfis fyrir tölvubúnað sem tengist innra tölvuneti Reykjavíkurborgar og nýs verkbeiðnakerfis sem unnið hefur verið að samhliða. Að auki hefst innleiðing á eignaumsjónarkerfi til að halda utan um hugbúnaðarleyfi sem tryggja mun að einungis sé notaður hugbúnaður sem leyfi er fyrir. Hjá stoð- og tækniþjónustu er einnig öll almenn notendaumsjón og aðgangsumsýsla að kerfum borgarinnar. Ráðist verður í kaup og innleiðingu auðkenna- og aðgangsumsjónarkerfis til að tryggja örugga afhendingu auðkenna, sjálfvirkni við endursetningu lykilorða, utanumhald aðgangshlutverka fyrir starfseiningar og bæta yfirsýn stjórnenda með aðgangi sinna starfsmanna.

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarskjalasafn Reykjavíkur fer með ráðgjöf og fræðslu um skjalavörslu og skjalastjórn og sinnir eftirliti með skjalastjórnun borgarinnar. Safnið heldur úti lesstofu fyrir almenning og fræðimenn auk þess að miðla skjölum, til dæmis með sýningum og á vefsíðu safnsins. Þjónusta við viðskiptavinum er mikilvægt hlutverk Borgarskjalasafns og er góð skráning forsenda þess að gera skjöl aðgengileg öllum.

Á árinu 2022 verður áfram unnið að innsetningu efnis í umsýslukerfið Scope sem halda mun utan um safnkost safnsins og miðla skjalaskrá og ljósmynduðum skjölum á vef þess. Umsýslukerfið er liður í því

að uppfylla kröfur Þjóðskjalasafns Íslands til héraðsskjalasafna um hugbúnað til að halda utan um safnkostinn. Unnið verður jafnframt að því að færa vefsíðu Borgarskjalasafns í nýtt vefumhverfi með það fyrir augum að auka rafræna miðlun skjala og ljósmynda og bæta aðgengi almennings að þeim.

Safnið hefur hafið móttöku á tilkynningum um rafræn kerfi og samþykkt hafa verið 15 kerfi til rafrænnar langtímavarðveislu. Öll kerfi borgarinnar hafa verið kortlögð og verður á árinu kallað eftir tilkynningum um kerfi sem eftir er að tilkynna. Gerður var samningur við Netværket Elektronisk Arkivering (NEA), um ráðgjöf og þjónustu varðandi langtímavarðveislu rafrænna gagna en NEA er samstarfsvettvangur 29 sveitarfélaga í Danmörku, sem Borgarskjalasafnið í Kaupmannahöfn stýrir. Samningurinn er til reynslu og gildir til ársloka 2021 en stefnt er að því að hann verði framlengdur að þeim tíma liðnum.

Borgarskjalasafn tekur við eldri skjölum stofnana borgarinnar og einkaaðila til varðveislu og veitir aðgang að þeim. Áhersla Borgarskjalasafns verður áfram á skjalastjórn stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og eftirlit með þeim, vinnu við yfirferð skjalavistunaráætla og málalykla, samræmingu í skjalastjórn sviða og aukinn skilning á mikilvægi skjalastjórnunar. Áfram verður samstarf við önnur héraðsskjalasöfn um skjalastjórn sveitarfélaganna og söfnun einkaskjalasafna. Sérstaklega verður leitað eftir söfnum hópa sem á hallar eins og kvenna, innflytjenda og hinsegin fólks.

KYNJUÐ FJÁRHAGS- OG STARFSÁÆTLUN

Markmið PON með kynjaðri starfs- og fjárhagsáætlunargerð er að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda leiði til jafnra tækifæra íbúa borgarinnar óháð kyni, aldri, menntun eða stöðu þeirra í samfélaginu. Jafnréttisskimun er orðin sjálfsgæddur hlutur í ákvörðunarferli um ný verkefni auk þess sem byggt er á niðurstöðum skimunar við forgangsröðun fjármagns í stafrænni vegferð og uppbyggingu upplýsingatækniinnviða. Á árinu 2022 verður unnið út frá samþykktri áætlun um greiningu á þjónustubáttum, með tilliti til dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins. Sá hluti þjónustunnar sem verður greindur að þessu sinni snýr að þjónustuveitingu í þjónustuveri þ.e. framlínu, móttöku símtala, netsamtölum og öðrum samskiptaleiðum borgarinnar við íbúa og fyrirtæki.

FJÁRFESTINGARÁÆTLUN ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐS 2021

Stafræn umbreyting nær til allrar starfsemi Reykjavíkurborgar og felur í sér samstarf allra sviða til þess að mæta þjónustubörf íbúa og fyrirtækja borgarinnar á skilvirkan máta og svara kröfu um aukna áherslu á sjálfbærar lausnir og öryggi upplýsingatækniinnviða. Fjárfestingaráætlun sviðsins skiptist því í hugbúnað og ný upplýsingakerfi, stafræna umbreytingu og rafvæðingu ferla, hönnun og umbreytingu þjónustu, upplýsinga- og gagnastýringu og loks upplýsingatækniinnviði og notendabúnað og nemur hún samtals um 10.000 m.kr. 2021 t/m 2023. Verkefnaráð PON hefur það hlutverk að tryggja að fjárfestingar séu virðisaukandi og í samræmi við heildaráherslur og stefnur borgarinnar hverju sinni. Verkefnaskrá er stjórnþæki ráðsins og stuðlar að betri yfirsýn allra helstu hagsmunaaðila með skráningu, forgangsröðun og aðhaldi með framgangi verkefna.

Nánar um verkefni á fjárfestingaráætlun 2022

Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi: Tæplega 40 verkefni frá sviðum borgarinnar hafa verið samþykkt á verkefnaskrá og bíða frekari forgangsröðunar. Meðal verkefna frá fag- og kjarnasviðum sem brýnt er að fari af stað á árinu 2022 eru: sjálfvirknivæðing meginferla fjármála- og áhættustýringarsviðs og útboð á færsluhirðingu (FAS); greining og innkaup á lausn fyrir starfsfólk sem sinnir heima- og búsetuþjónustu fyrir skjólstaðinga velferðarsviðs (VEL) og nýr hugbúnaður fyrir sjálfvirknivæðingu bílastæðisjóðs og sjálfvirknivæðing íbúakorta (USK). Meðal þeirra verkefna sem áfram verður haldið með frá fyrra ári eru: rafræn vinnsluská persónuupplýsinga sem samræma skal allar skár yfir vinnslu persónuupplýsinga hjá borginni (SBB); fræðslukerfi og starfsumsóknarkerfi borgarinnar (MOS); eignausmjónarkerfi (USK); lýðræðisgáttir (SBB); nýjar tengingar á vef Borgarbókasafnsins (MOF); lausn fyrir framleiðslueldhús (VEL).

Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla: Stærstu áskoranir sem ávarpaðar verða á árinu 2022 eru meðal annars áskorun skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs tengt verkefninu Betri borg fyrir börn og umsókn um skólaþjónustu (SFS og VEL), Mínar síður Reykjavíkurborgar (PON), afgreiðslu- og fyrirspurnarferli skipulags- og byggingarfulltrúa (USK) auk innritunar í leikskóla og frístund barna (SFS). Þá verður lokið við innleiðingu á rafrænum undirritunum, þróun starfsmannagáttar starfsmanna Reykjavíkurborgar fer af stað, gagnahlaðborð Reykjavíkur verður sett upp ásamt öðrum verkefnum sem sviðin munu forgangsraða jafnóðum inn til verkefnaráðs.

Notendabúnaður og öryggi upplýsingatækniinnviða: Undirbúningur vegna útboðs á alþjónustu við prentumhverfi og leigu og þjónustu vegna prentara fyrir endanotendur í tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar hófst á árinu 2021 og stefnt er að útboði á árinu 2022. Þá hófst undirbúningur að kaupum og innleiðingu á eignaumsjónarkerfi fyrir hugbúnaðarleyfi og búnað borgarinnar, en kerfið verður tekið í notkun ekki síðar en á árinu 2022. Enn er brýn nauðsyn að bregðast við nýjum kröfum um gagnaöryggi og verður vinna því hafin við útboðsferli á úthýsingu vélasala borgarinnar og færslu gagna úr kerfum og núverandi gagnageymslum og netþjónum yfir á nýjar gagnageymslur og netþjóna í gagnaveri. Þá er stefnt að kaupum og uppsetningu á nýjum netskápum auk miðlægrar aðgangsstýringar í um 300 stofnanir og útstöðvar borgarinnar, svo þær uppfylli reglugerðir um öryggi. Endurbætur á netinnviðum á starfsstöðum borgarinnar halda einnig áfram í samræmi við auknar þarfir. Veldisvöxtur er í gagnaflutningum innan og utan kerfis og tryggja þarf að net sé aðgengilegt, öruggt og áreiðanlegt. Kaup á búnaði og stafrænni tækni fyrir leikskóla, grunnskóla og frístund barna verður aukin til muna og fjárfest í innleiðingu búnaðarins í öllum hverfum borgarinnar með sérstöku innleiðingarteymi. Til viðbótar fer í gang útboðsferli fyrir tölvubúnað fyrir endanotendur í tölvuumhverfi Reykjavíkurborgar en endurnýja þarf árlega að meðaltali um 25% alls tölvubúnaðar á útstöðvum svo ástand og afkastageta búnaðar sé góð og ekki skapist tækniskuld sem erfitt er að vinna upp. Þá þarf að klára innleiðingu á fjarfundabúnaði á starfsstaði borgarinnar, sem misjafnlega eru til þess búnir að halda uppi fjarþjónustu og fjarfundi þannig að þeir skili árangri í starfsemi.

Hönnun og umbreyting þjónustu: Mikill kraftur verður í átaki í teikningaskönnun sem hófst formlega undir lok árs 2021. Áætlað er að um 500.000 teikningar verða skannaðar, skráðar og gerðar aðgengilegar á vef fyrir notendur á árinu og sambærilegt magn árið 2023. Áætlað er að um 4000 heimsóknir í þjónustuverið á Höfðatorgi, séu tilkomnar vegna teikningaskoðunar og afhendingar þeirra á ársgrundvelli. Verkefnið felur því í sér mikla þjónustubætingu fyrir notendur þjónustunnar þ.e. íbúa borgarinnar og fyrirtæki, hagræði í störfum starfsfólks auk þess sem græn áhrif eru talsverð.

Upplýsinga- og gagnastýring: Til að tryggja skilvirka innleiðingu Hlöðunnar, verður áfram starfrækt sérstakt teymi til að vinna í ferlum og uppsetningu þess á starfsstöðvum borgarinnar. Stór liður í stafrænni vegferð er svo áframhaldandi uppbygging á gagnalandslagi borgarinnar og gagnavinnslustöð þar sem gagnahugbúnaður svo sem gagnavinnslur, kóðar, mælaborð og tölfraeðilíkon eru þróuð, útgáfustýrð og að lokum settur í rekstur kerfa. Einnig verður áfram fjárfest í þróun og smíði smáforrita svo auka megí innri viðskiptagreind og skilvirkni í rekstri og þjónustu.

	Áætlun 2022	Stoð í grænu plani	Jafnréttisskimun
Rannsóknir og nýsköpun	14	8.1, 12.1-3	Já
Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla	1.181	8.7	Já
Hugbúnaður og ný upplýsingakerfi	1.307	8.7	Já
Upplýsinga- og gagnastýring	118	8.7	Já
Hönnun og umbreyting þjónustu	45	8.7	Já
Notendabúnaður og öryggi upplýsingatækniinnviða	1.530	8.6-7, 9.1	Já
Heildarfjárfesting samtals	4.195		


LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Skrifstofa sviðsstjóra					
Fjöldi nýrra ferla				6	16
Fjöldi endurskoðaðra ferla					4
Skrifstofa þjónustu og umbreytinga					
Fjöldi símtala	122971	109982	117902	113000	107500
Fjöldi netsamtala	6740	7442	8450	9700	11000
Fjöldi ábendinga	584	6168	6575	6800	7500
Fjöldi heimsókná í þjónustuver í Borgartúni	40242	14948	14077	13800	13500
Rekstrarþjónusta stjórnýsluhúsa					
Seldar máltíðir í mötuneyti Ráðhúss	22300	17600	14455	14452	23000
Seldar máltíðir í mötuneyti Höfðatorgs	69790	74800	49809	42047	73000
Fjöldi viðburða í Ráðhúsi	81	80	12	20	80
Fjöldi viðburða í Höfða	100	80	8	10	80
Skrifstofa upplýsingatæknibjónustu					
Þjónustuborð - Fjöldi símtala	19040	16125	21848	19000	25000
Fjöldi afgreiddra verkbeiðna	29020	29920	40236	37000	45000
Fjöldi útstöðva - Borðtölvur	4427	4060	2429	2900	2100
Fjöldi útstöðva - Fartölvur	3546	3970	4722	4800	5100
Fjöldi útstöðva - Spjaldtölvur og Chromebook	1344	3237	3292	4000	12000
Fjöldi nettengdra prentara	845	873	924	930	400
Fjöldi skráðra virkra notenda í kerfum	26949	27887	28490	30500	30000
Fjöldi þráðlausa senda	1430	1530	1630	1850	2150
Fjöldi netskipta og beina	387	392	400	410	432
Fjöldi kerfa í notkun	980	1020	1210	1250	1250
Fjöldi hugbúnaðarleyfa	267000	268000	278346	298000	300000
Fjöldi liða í innri gjaldskrá	160000	180000	180000	150000	150000
Skrifstofa skjalastýringar					
Fjöldi mála stofnuð í GoPro brunnnum	11514	13831	12800	11555	8000
Fjöldi skráðra skjala í GoPro brunnnum	89637	119777	117504	126926	70000
Fjöldi mála stofnuð í Hlöðunni			332	578	6000
Fjöldi skráðra skjala í Hlöðunni			3318	6069	100000
Skrifstofa gagnabjónustu					
Fjöldi gagnavara í rekstri			10	11	15
Fjöldi vefheimsókna - gagnavörur			34057	45000	70000
Skrifstofa stafrænnar Reykjavíkur					
Fjöldi heimsókna á vefinn reykjavik.is	1886792	2458800	2050000	2200000	2500000
Fjöldi vefja í eigu Reykjavíkurborgar	460	469	450	210	200
Borgarskjalasafn					
Hillumetrar af mótteknum skjölum	200	150	160	90	130
Fjöldi fyrirspurna	1231	1352	1169	1742	1700



SKRIFSTOFUR MIÐLÆGRAR STJÓRNSÝSLU

SKIPURIT



HLUTVERK

Miðlæg stjórnsýsla samanstendur af skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, skrifstofu borgarstjórnar, skrifstofu borgarlögmanns, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu auk innri endurskoðunar. Miðlæg stjórnsýsla sinnir fjölbreyttum verkefnum, samhæfingu og eftirliti innan stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og fylgir eftir stefnumörkun og ákvörðunum borgarstjórnar, borgarráðs og mannréttinda- og lýðræðisráðs og greiðir fyrir lýðræðislegum stjórnarháttum bæði inn á við og út á við. Miðlæg stjórnsýsla hefur yfirumsjón með innleiðingu miðlægrar stefnumörkunar, þ.m.t. Græna plansins, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, alþjóðastefnu, atvinnustefnu, húsnæðisáætlun, lýðræðisstefnu, lýðheilsustefnu og matarstefnu ásamt stefnu í samskipta- og upplýsingamálum. Þá sinnir miðlæg stjórnsýsla samskiptum við B-hluta fyrirtæki og byggðasamlög.


FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Rekstrartekjur	89.063	73.952	85.649
Tekjur samtals	89.063	73.952	85.649
Laun og launatengd gjöld	1.361.099	1.402.353	1.442.009
Annar kostnaður	265.418	394.711	417.438
Rekstrargjöld samtals	1.626.516	1.797.064	1.859.447
Rekstrarniðurstaða	1.537.453	1.723.112	1.773.798

STARFSFÓLK

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi stöðugilda	69,58	59,50	64,95
Eftir skrifstofum / þjónustupáttum:			
Borgarlögmaður	9,66	9,00	9,00
Innri endurskoðun	12,34	11,70	12,75
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa	11,84	7,80	10,20
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	28,92	24,00	26,00
Skrifstofa borgarstjórnar	6,83	7,00	7,00

SKIPTING REKSTRAR 2021



MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUPÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA BORGARLÖGMAÐUR

Hjá embætti borgarlögmanns eru níu stöðugildi, þ.e. átta lögmenn og skrifstofustjóri.

Borgarlögmaður er í fyrirsvari fyrir Reykjavíkurborg og stofnanir hennar um lögfræðileg málefni. Hlutverk borgarlögmanns er meðal annars að annast fyrirsvar og réttargæslu fyrir hönd Reykjavíkurborgar fyrir dómstólum, kærunefnd útboðsmála, umboðsmanni Alþingis og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). Þá er borgarlögmaður í fyrirsvari vegna krafna um skaðabætur og kjarasamningsbundnar slysabætur sem beint er gegn Reykjavíkurborg og annast uppgjör þeirra. Enn stendur yfir vinna við endurskoðun reglna um kjarasamningsbundnar slysatryggingar á grundvelli bókunar í gildandi kjarasamningum. Sú vinna mun halda áfram á næsta starfsári, en þá er stefnt að því að nýjar reglur liggi fyrir til samþykktar.

Áfram er búist við mikilli vinnu við málflutning en ekkert lát hefur verið á fjölgun dómsmála, bæði almennum einkamálum og flýtimeðferðarmálum, milli ára. Þá eru flest dómsmálanna bæði flóknari og umfangsmeiri en verið hefur sem krefst meiri vinnu af hálfu starfsfólks embættisins, auk þess sem þau eru sum hver rekin fyrir þremur dómstigum. Þannig hefur heildarfjöldi dómsmála aukist um rúmlega 11% á milli ára. Þar af hefur mikil aukning verið á fjölda barnaverndar- og lögræðismála, en þau mál sæta lögbundinni flýtimeðferð fyrir dómi og gera því ríkari kröfur til skjótra vinnubragða.


Eitt af verkefnum borgarlögmanns er að veita ráðgjöf á sviði opinberra innkaupa. Þessi þáttur í starfsemi embættisins hefur verið fyrirferðarmikill síðastliðin ár og er fyrir séð að hann verði það áfram á næsta starfsári. Meðal annars má rekja aukið álag í innkaupamálum undanfarin ár til breytts lagaumhverfis, en ákvæði laga nr. 120/2016 um opinber innkaup tóku að fullu gildi gagnvart sveitarfélögum um mitt ár 2019. Það hafði í för með sér að um 70 fleiri verksamningar falla nú undir lögin en áður, auk þess sem lögin heimila aukið svigrúm kaupanda til viðræðna við bjóðendur. Slík innkaupaferli taka mun lengri tíma og útheimta umfangsmeiri ráðgjöf en almennt á við um einföld útboð. Samhliða þessu breytta lagaumhverfi breyttist einnig og jókst hlutverk innkaupa- og framkvæmdaráðs í kjölfar skipulagsbreytinga hjá Reykjavíkurborg, en borgarlögmaður sinnir lögfræðilegri ráðgjöf við ráðið. Þá er enn í gangi vinna við endurskoðun á innkaupareglum Reykjavíkurborgar og viðbúið að hún mun standa fram á næsta ár. Þegar afrakstur þeirrar vinnu liggur fyrir mun verða enn meiri þörf á kynningu og fræðslu af hálfu borgarlögmanns á sviði innkaupamála innan borgarkerfisins. Þá hefur kærumálum á hendur Reykjavíkurborg fyrir kærunefnd útboðsmála fjölgað mikið milli ára, en borgarlögmaður annast fyrirvar fyrir hönd Reykjavíkurborgar gagnvart nefndinni. Nú er svo komið að fyrir nefndina rata á annan tug mála árlega en fyrir fáeinum árum var meðaltalið tvö til þrjá mál á ári. Hvert kærumál útheimtir mikla vinnu við hagsmunagæslu og samskipti innan borgarkerfisins. Viðbúið er að þessi þróun á aukningu á fjölda kærumála muni halda áfram.

Að öðru leyti en hér greinir að framan taka verkefni embættis borgarlögmanns mið af þeim málum sem upp koma á hverjum tíma. Meginmarkmið starfsemi embættis borgarlögmanns er að gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar og að veita vandaða lögfræðilega ráðgjöf á hlutlægan hátt um alla þætti stjórnkerfis Reykjavíkurborgar.

INNRI ENDURSKOÐUN OG RÁÐGJÖF

Innri endurskoðun fékk á árinu nýtt nafn og kallast nú Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar. Það gerðist í kjölfar þess að borgarráð samþykkti þann 27. febrúar 2020 að sameina á einum stað starfsemi eftirlitseininga borgarinnar undir stjórn og ábyrgð innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðandi heyrir undir borgarráð og er ráðinn af ráðinu að fenginni umsögn endurskoðunarnefndar. Hlutverk innri endurskoðanda er að veita stjórnendum faglega og óháða ráðgjöf, meta og gera úttektir á virkni áhættustýringar, innra eftirlits og stjórnarháttanna Reykjavíkurborgar. Jafnframt að veita ráðgjöf um persónuvernd, upplýsa, fylgjast með og sjá um önnur þau verkefni sem greinir í 39. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins sbr. lög nr. 90/2018. Hlutverk innri endurskoðanda er jafnframt að leiðbeina íbúum í samskiptum sínum við borgina, m.a. um leiðir þeirra til að leita réttar síns telji þeir að á þeim hafi verið brotið. Einnig að fræða starfsmenn borgarinnar og leiðbeina þeim um mál sem tengjast hlutverki innri endurskoðanda, þ. á m. um framkvæmd innra eftirlits, um persónuvernd og meginreglur stjórnarsýslulaga. Auk framangreinds tekur innri endurskoðandi á mótí gögnum og upplýsingum um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi og annast mál í samræmi við lög um vernd uppljóstrara nr. 40/2020.

Skipulagi Innri endurskoðunar og ráðgjafar er lýst hér að neðan en mikil áhersla er lögð á sveigjanlegt teymisskipulag þar sem innri endurskoðandi fer með yfirstjórn allra fagþátta og mannaforráð. Verkefnastjórar vinna að sérfræðiverkefnum og fara með tímabundna teymisstjórnun í einstökum verkefnum.



Skrifstofa innri endurskoðanda

Starfssvið Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar nær til A hluta Reykjavíkurborgar, eins og hann er afmarkaður í 1. tölul. 1. mgr. 60 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Að því marki sem A-hlutinn ber ábyrgð á B-hlutanum, eins og hann er afmarkaður í 2. tölul. sömu gr., nær starfssviðið einnig til allrar samstæðu borgarinnar. Viðfangsefni er lúta að innri endurskoðun taka til allrar samstæðunnar. Verkefni umboðsmanns borgarbúa ná til A hlutans auk Félagsbústaða og verkefni persónuverndarfulltrúa til A-hluta.

Á skrifstofu innri endurskoðanda er rekin sérstök vefgátt fyrir móttöku uppljóstrana, svo og nafnlausra tilkynninga um lögbrot og aðra ámælisverða háttsemi. Í gáttinni sem er aðgengileg á heimasíðu Innri endurskoðunar og ráðgjafar (www.innriendurskodun.is) er boðið upp á stofnun og notkun öruggs pósthólfs fyrir frekari samskipti við uppljóstrara og þá sem senda inn nafnlausar tilkynningar. Sérstök áhersla er lögð á að gæta leyndar um uppljóstrara samkvæmt lögum nr. 40/2020. Í því felst að gæta skal trúnaðar gagnvart utanaðkomandi aðilum um nöfn uppljóstrara og aðrar þær persónuupplýsingar sem geta leitt í ljós hverjir þeir eru.

Persónuvernd

Innri endurskoðandi hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa til að sinna þeim verkefnum er falla undir b lið 1. mgr. 2. gr. samþykktar sinnar. Persónuverndarfulltrúi veitir stjórnendum Reykjavíkurborgar ráðgjöf um persónuvernd, upplýsir þá, fylgist með og sér um önnur þau verkefni sem greinir í 39. gr. reglugerðar Evrópubingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016, sbr. lög nr. 90/2018. Persónuverndarfulltrúi sinnir fræðsluhlutverki og ráðgjöf við öll fag- og kjarnasvið Reykjavíkurborgar í samvinnu við sérfræðinga á sviðum eftir því sem við á og er í samráði við Persónuvernd þegar það á við. Persónuverndarfulltrúi leiðir samstarfsteymi persónuverndarsérfræðinga Reykjavíkurborgar sem og skal vera vettvangur fyrir gagnvirka fræðslu til að stuðla að samræmdri framkvæmd um persónuverndartengd málefni. Þar á meðal fræðslu um gerð vinnslusamninga, um viðbrögð við öryggisbrestum, um fyrirfram samráð við Persónuvernd, um mat á áhrifum af vinnslu á persónuvernd („MÁP“), um staðlaða fræðslu og um stefnu á sviði persónuverndar- og öryggismála.

Innri endurskoðun

Innri endurskoðun er unnin í samræmi við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun og er hlutverkið að veita stjórn og stjórnendum Reykjavíkurborgar faglegra og óháða ráðgjöf með það að markmiði að bæta rekstur og stjórnsýslu, meta árangur og bæta áhættustýringu.

Innri endurskoðunaráætlun næsta starfsárs verður lögð fyrir endurskoðunarnefnd í janúar 2022. Val og forgangsröðun verkefna í innri endurskoðunaráætlun er byggt á mati á áhættu í starfsemi Reykjavíkurborgar hverju sinni og hugsanlegum ávinningi sem ætla má að leiði af hverju verkefni fyrir sig. Við gerð innri endurskoðunaráætlunar er tekið tillit til innleggs frá kjörnum fulltrúum, stjórnendum borgarinnar og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðun gerir jafnframt innri

endurskoðunaráætlanir fyrir Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Orkuveitu Reykjavíkur, Félagsbústaði hf., Faxaflóahafnir sf. og Malbikunarstöðina Höfða hf. og hafa gildandi áætlanir verið lagðar fyrir og samþykktar af stjórnnum þessara félaga. Næstu áætlanir verða fyrir árin 2022-2023 sem fyrirhugað er að leggja fyrir næsta haust. PwC sinnir innri endurskoðun hjá SORPU bs. og hjá Strætó bs. er það Deloitte sem sinnir innri endurskoðun félagsins.

Umboðsmaður borgarbúa

Viðfangsefni umboðsmanns borgarbúa er að vakta og fylgjast með eðli kvartana borgarbúa til einstakra fag- og kjarnasviða og eftir atvikum bregðast við með frumkvæðisathugunum. Hann veitir borgarbúum ráðgjöf, greiðir götu þeirra og leiðbeinir þeim í samskiptum sínum við borgina, m.a. um leiðir þeirra til að leita réttar síns telji þeir að á sér hafi verið brotið.

Tilgangurinn er að styrkja tengsl á milli borgarbúa og borgarstarfsmanna og stuðla að auknu réttaröryggi borgarbúa í stjórnsýslufrákvæmd og þjónustu Reykjavíkurborgar.

MANNRÉTTINDA- OG LÝÐRÆÐISSKRIFSTOFA

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa framfylgir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stendur vörð um að borgarbúum sé ekki mismunað vegna uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Einnig ber skrifstofan ábyrgð á lýðræðisverkefnum og samráði við notendur. Skrifstofan vinnur með mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði Reykjavíkurborgar og fylgir eftir ákvörðunum þess. Einnig fylgir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa eftir stefnumótun innan málaflokksins í samvinnu við ráðið og eflir samráð innan og utan borgarinnar í þeim málaflokkum sem stefnan nær til. Á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu eru vistuð eftirtalin ráð og nefndir: Öldungaráð Reykjavíkurborgar, Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar, Ofbeldisvarnarnefnd og Aðgengis og samráðsnefnd fatlaðs fólks og níu íbúaráð.

Megináherslur og helstu breytingar milli ára Á árinu 2021 var staða verkefnastjóra kynjaðrar starfs- og fjárhagsáætlunar (KFS) færð frá fjármála- og áhættustýringasviði yfir til mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Með verkefninu voru færðar 14 m.kr. til mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Þar af var eitt stöðugildi auk kostnaðar við verkefnið. Viðauki var samþykktur á árinu 2021 og var fjármagnið því ekki í upphaflegri áætlun 2021 en er í endurskoðaðri áætlun. Starfsfólk í byrjun árs 2021 voru 10,2 stöðugildi á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Á árinu bættist eitt stöðugildi við vegna KFS verkefnis. Gert er ráð fyrir að stöðugildi aukist um eitt á árinu 2022 vegna innleiðingar lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar.

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRNAR

Skrifstofa borgarstjórnar fer með alla umsýslu fyrir borgarstjórn, borgarráð og forsætisnefnd, sem og ýmsar aðrar nefndir. Skrifstofan heldur utan um og ber ábyrgð á þjónustu við borgarfulltrúa og aðra kjörna fulltrúa í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar. Hún veitir kjörnum fulltrúum lögfræðilega ráðgjöf og fræðslu og hefur umsjón með kjörum þeirra og starfsaðstöðu. Einnig veitir skrifstofan nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar, sem og starfsmönnum þeirra, ýmsa ráðgjöf, s.s. lögfræðilega ráðgjöf á sviði fundarskapa, ritun fundargerða og stjórnkerfis Reykjavíkurborgar. Skrifstofan ber ábyrgð á að samþykktir um stjórn borgarinnar og samþykktir fyrir einstök ráð og nefndir séu í samræmi við lög og reglur, auk þess sem hún annast framkvæmd allra almennra kosninga í Reykjavík. Þá er undirbúningur og meðferð umsagna Reykjavíkurborgar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða á verksviði skrifstofunnar, sem og erlend samskipti borgarstjórnar. Skrifstofan sér um birtingu fundargagna og fundargerða borgarstjórnar og borgarráðs, auk beinna útsendinga af fundum borgarstjórnar og vistun og birtingu umræðna á netinu. Á skrifstofunni eru 7,5 stöðugildi skrifstofustjóra, verkefnisstjóra og fulltrúa.

Á árinu 2022 er gert ráð fyrir sambærilegum fjölda mála sem afgreidd eru í borgarráði og með embættisafgreiðslum skrifstofu borgarstjórnar en mála fjöldi hefur stöðugt verið aukast frá síðasta kjörtímabili. Að sama skapi er gert ráð fyrir að töluverð aukning verði á málum sem fara til umfjöllunar

borgarstjórnar. Eitt af meginverkefnum skrifstofunnar er að auka og bæta aðgengi kjörinna fulltrúa og almennings að upplýsingum af vettvangi nefnda og ráða, sérstaklega á vef Reykjavíkurborgar, auk þess sem haldið verður áfram að bæta rafrænt aðgengi að fundargögnum og fundargerðum borgarstjórnar, borgarráðs og fagráða. Gert er ráð fyrir áframhaldandi vinnu við innleiðingu Hlöðunnar á árinu og nýju fundargerðakerfi því samhliða m.a. til að auðvelda opinbera birtingu dagskrár og fundargagna við boðun funda. Áfram verður unnið að breytingum á sal borgarstjórnar m.a. vegna innleiðingu nýrrar tækni við fjarfundi, upptökur, útsendingar og streymi á fundum borgarstjórnar. Áfram verður unnið að vistun á upptökum borgarstjórnarfunda á vef Reykjavíkurborgar og verður áhersla lögð á að bæta leitarmöguleika í umræðum og fundargerðum ásamt öðrum endurbótum á síðu borgarstjórnar í beinni. Skrifstofa borgarstjórnar vinnur heildarumsögn sveitarstjórnarinnar um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða í mikilli samvinnu við byggingarfulltrúa, skipulagsfulltrúa, heilbrigðiseftirlit og slökkvilið. Áfram hefur verið unnið að þróun verkferla í málaflokknum þannig að málsmeðferð er nú vandaðri og þjónusta við rekstraraðila er stórbætt eftir að hún færðist á eina hendi. Meginverkefni næsta árs, að undanskilinni kjarnastarfsemi skrifstofunnar, verður þó án efa að undirbúa og framkvæma borgarstjórnarkosningar samkvæmt nýjum kosningalögum, sem verða haldnar 14. maí 2021 og að taka við nýrri borgarstjórn í kjölfarið.

Hagræðing: Fjármagn skrifstofu borgarstjórnar er að meginstefnu nýttur í launakostnað kjörinna fulltrúa þ.e. 23 borgarfulltrúa og 8 varaborgarfulltrúa. Á skrifstofunni sjálfri er 7,5 stöðugildi sem hafa ekki tekið breytingum þrátt fyrir að borgarfulltrúum hafi fjölgað úr 15 í 23 og allir fundir lengst. Málafjöldi í borgarráði hefur aukist um ríflega 300% frá upphafi kjörtímabils. Hagræðing á skrifstofu borgarstjórnar verður þ.a.l. ekki mætt nema með flötum niðurskurði á alla liði skrifstofunnar nema launakostnaði.

Hagræðing mun því aðallega birtast á eftirfarandi hátt:

- Lengdur málsmeðferðartími erinda.
- Lækkun á sérfræðiaðstoð við borgarstjórnarflokka.
- Lækkun á styrkjaþotti borgarráðs.
- Hagræðing og sparnaður vegna fundarkostnaðar borgarráðs og borgarstjórnar.
- Lækkun á ferðakostnaði kjörinna fulltrúa á vegum borgarráðs og borgarstjórnar.

SKRIFSTOFA BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA

Borgarstjórnin í Reykjavík er framkvæmdastjóri og æðsti yfirmaður Reykjavíkurborgar. Borgarritari er einn af staðgenglum borgarstjóra og æðsti embættismaður borgarinnar að undanskildum borgarstjóra. Borgarritari hefur yfirumsjón með miðlægri stjórnsýslu, fer með forystu- og samhæfingarhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar og er tengiliður Reykjavíkurborgar við byggðasamlög og B-hluta fyrirtæki.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hefur unnið starfsáætlun¹ sem nær til árána 2021-2025 og felur í sér skilgreiningu á hlutverki og markmiðum til lengri tíma auk þess sem settar eru fram aðgerðir til skemmri tíma. Aðgerðaáætlunin nær til loka árs 2022 og verður þá endurskoðuð. Samhliða fer fram uppfærsla á markmiðum og mælikvörðum eins og þurfa þykir.

Starfsáætlunin byggir á þeirri hugmyndafræði sem sett er fram í Græna planinu, fjármálastefnu og fjárfestingarstefnu Reykjavíkurborgar og á grunngildum Reykjavíkurborgar um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika, festu, fyrirsjáanleika og gagnsæi. Hún byggir á kröfum fjármálastefnunnar um langtíma stefnumótun fyrir hvern málaflokk til ekki skemmri tíma en fimm ára í senn, þar sem lýst er áherslum og markmiðum sem rúmast innan þess fjárhagsramma sem ákveðinn er í fimm ára áætlun. Fjármálastefna Reykjavíkurborgar leggur einnig áherslu á gagnsæi byggt á reglubundinni skýrslugjöf á mælanlegum

¹ Starfsáætlun skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, *Sjálfbær og heilbrigð Reykjavík*, og áætlun í starfi 2021-2025 má finna á vefsíðu skrifstofunnar: <https://reykjavik.is/skrifstofaogsvið/skrifstofa-borgarstjora-og-borgarritara-0>.

markmiðum. Í samræmi við áherslur fjármálastefnu er í starfsáætluninni skilgreint fyrir skrifstofuna og málaflokka innan hennar hlutverk, gildi, framtíðarsýn, meginmarkmið, markmið, mælikvarðar og lykiltölur auk aðgerðaáætlunar.

Hlutverk, framtíðarsýn, leiðarljós og gildi

Hlutverk skrifstofu borgarstjóra og borgarritar er að þjónusta borgarstjóra og undirbúa samræmda stefnumörkun Reykjavíkurborgar ásamt því að fylgja eftir innleiðingu Græna plansins. Skrifstofan ber ábyrgð á samhæfðri og áreiðanlegri upplýsingamiðlun um Reykjavíkurborg og starfsemi hennar. Hún vinnur að atvinnu- og borgarþróun Reykjavíkurborgar með það að háskvæmri nýtingu borgarlands að leiðarljósi. Skrifstofan ber ábyrgð á lýðheilsumálum Reykjavíkurborgar.

Helstu verkefni á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara:


- Ber ábyrgð á að þjónusta borgarstjóra sem framkvæmdastjóra, æðsta yfirmann Reykjavíkurborgar og sem opinberan fulltrúa borgarinnar.
- Ber ábyrgð á og fylgir eftir innleiðingu Græna plansins.
- Ber ábyrgð á undirbúningi á samræmdri stefnumörkun Reykjavíkurborgar.
- Þróar og innleiðir verkefni á sviði lýðheilsu þ.m.t. matarstefnu Reykjavíkurborgar.
- Ber ábyrgð á utanumhaldi um neyðarstjórn og gerð viðbragðsáætlana.
- Ber ábyrgð á samhæfðri stefnumörkun í samskipta- og upplýsingamálum.
- Ber ábyrgð að framfylgja stefnu Reykjavíkurborgar um nýting borgarlands hverju sinni.
- Þróar og innleiðir uppbyggingaráætlanir á borgarinnar.
- Annast þróun, leigu og sölu á ákveðnum fasteignum og lóðum borgarinnar.
- Ber ábyrgð á markaðsstarfi tengt atvinnu- og borgarþróun.
- Ber ábyrgð á samstarfi við atvinnulífið og þróun slíks samstarfs.
- Ber ábyrgð á innleiðingu alþjóðastefnu Reykjavíkur og þátttöku í innlendum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum á sviði rannsókna og nýsköpunar.

Framtíðarsýn skrifstofunnar: *Reykjavík er sjálfbær og heilbrigð borg þar sem íbúar búa við mikil lífsgæði.*

Leiðarljós skrifstofunnar: *Við erum framsækin, veitum áreiðanlega þjónustu og sinnum verkefnum okkar af fagmennsku.*

Gildi skrifstofunnar eru *fagmennska, þjónusta og samvinna.*

Eftirfarandi málaflokkar eru hýstir á skrifstofunni: 1. Þjónusta- og stjórnsýsla, 2. Stefnumótun, 3. Samskipti og mörkun, 4. Lýðheilsa, 5. Lóðaúthlutun og samningagerð, 6. Atvinnu- og borgarþróun.



Hér á eftir er umfjöllun um hlutverk, framtíðarsýn og meginmarkmið málaflokka skrifstofunnar. Ítarlegri umfjöllun um hlutverk er að finna í starfsáætlun skrifstofunnar og þar eru jafnframt sett fram mælanleg markmið, mælikvarðar og lykiltölur auk aðgerða.

Þjónusta og stjórnslá

Hlutverk málaflokks: Þjónusta og stuðningur við borgarstjóra í hlutverki sínu sem framkvæmdastjóri, æðsti yfirmaður Reykjavíkurborgar og sem opinber fulltrúi borgarinnar.

Framtíðarsýn málaflokks: *Framúrskarandi þjónusta við borgarstjóra, íbúa og samfélagið. Embætti borgarstjóra nýtur virðingar og íbúar finna til samstöðu og öryggis.*

Meginmarkmið: 1. Skilvirk og fagleg þjónusta og stjórnslá sem er til fyrirmyndar fyrir aðra starfsemi Reykjavíkurborgar, 2. Faglegur undirbúningur og utnumhald vegna þátttöku borgarstjóra sem opinber fulltrúi Reykjavíkurborgar í viðburðum og athöfnum innan lands og utan, 3. Traustar almannavarnir og forysta um starf neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar.

Á næstu árum eru aðgerðir í málaflokknum m.a. innleiðing þjónustustefnu Reykjavíkur, stafræn umbreyting ferla og endurútgáfa viðbragðsáætlunar Reykjavíkurborgar.

Stefnumótun

Hlutverk málaflokks: Að stuðla að skilvirkri innleiðingu Græna plansins og stefna og áætlana undir hatti þess, vinna að samhæfingu og umbótum á sviði stefnumótunar og stefnuframkvæmdar auk þess að efla verkefnastjórnun, markmiðadrifna starfsemi og gæðastjórnun á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Framtíðarsýn málaflokks: *Reykjavík er sjálfbær borg með skýra og samhæfða stefnu og framtíðarsýn.*

Meginmarkmið: 1. Umbætur í stefnumótun og stefnuframkvæmd hjá Reykjavíkurborg, 2. Markviss stuðningur og samhæfing innan Reykjavíkurborgar við stefnumótun og við innleiðingu Græna plansins og stefna og áætlana undir hatti þess, 3. Efling markmiðadrifinnar starfsemi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, 4. Markvisst gæðastarf, verkefnastýring og áhættustýring á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Á næstu árum eru aðgerðir í málaflokknum m.a. árleg uppfærsla forgangsaðgerða Græna plansins, samræmd kynningaráætlun á Græna planinu og stefnum Reykjavíkurborgar auk fræðslu- og umbótaaðgerða á sviði stefnumótunar.

Samskipti og mörkun

Hlutverk málaflokks: Stefnumörkun í samskipta- og upplýsingamálum og samhæfð og áreiðanleg upplýsingamiðlun um Reykjavíkurborg og starfsemi hennar.

Framtíðarsýn málaflokks: *Reykjavík er borgarsamfélag þar sem allir hafa greiðan aðgang að áreiðanlegum upplýsingum sem er miðlað á skýran og fjölbreyttan hátt. Lifandi samskipti við íbúa, gesti og umheiminn stuðla að traustri og jákvæðri ímynd Reykjavíkurborgar.*

Meginmarkmið: 1. Farsæl innleiðing samskiptastefnu Reykjavíkur, 2. Samhæfð og skilvirk samskiptastjórnun og upplýsingamiðlun með áherslu á notendamiðað aðgengi og fjölbreytta miðlun til allra hópa, 3. Áreiðanleg upplýsingamiðlun sem stuðlar að gagnsæi og öryggi og auðveldar íbúum aðkomu að starfsemi og þátttöku í ákvarðanatöku borgarinnar, 4. Jákvæð ímynd, traustur og vingjarnlegur tónn Reykjavíkurborgar með samhæfðri rödd, útliti og efnistöku í samskiptum.

Á næstu árum eru aðgerðir í málaflokknum m.a. mótun og innleiðing á samskiptastefnu Reykjavíkurborgar, nýtt verklag um samhæfða mörkun Reykjavíkurborgar og kynning á því innan borgarkerfis, samskipta- og viðbragðsáætlanir fyrir áhættur sem raungerast í rekstri og stafræn umbreyting ferla.

Lýðheilsa

Hlutverk málaflokks: Að vinna að þróun, framkvæmd og samræmingu verkefna á sviði lýðheilsu.

Framtíðarsýn málaflokks: *Reykjavík er heilsueflandi, sjálfbært og fjölskrúðugt borgarsamfélag sem stuðlar að öryggi, jöfnuði, virkri þátttöku og vellíðan allra.*

Meginmarkmið: 1. Áhersla á lýðheilsu er ofin inn í alla starfsemi og stefnumörkun Reykjavíkur, starfið byggir á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma og veldur ekki skaða, 2. Skilvirk innleiðing lýðheilsustefnu Reykjavíkur og aðgerðaáætlunar hennar, 3. Skilvirk innleiðing matarstefnu Reykjavíkur og aðgerðaáætlunar hennar.

Á næstu árum eru aðgerðir í málaflokknum einkum þær sem finna má í aðgerðaáætlunum lýðheilsustefnu og matarstefnu Reykjavíkurborgar auk þátttöku í lýðheilsborgarsamtökum Evrópu sem borgin fékk aðild að vorið 2021.

Lóðaúthlutun og samningagerð

Hlutverk málaflokks: Að vinna að hagkvæmri nýtingu borgarlandsins og innviða þess auk tekjuöflunar fyrir Reykjavíkurborg.

Framtíðarsýn málaflokks: *Í Reykjavík er skjót, skilvirk og gagnsæ úthlutun lóða og samningsgerð á uppbyggingarsvæðum sem aflar tekna til fjárfestingar í innviðum borgarinnar.*

Meginmarkmið: 1. Stafræn umbreyting á úthlutunarferli lóða, sölu byggingarréttar og annarrar samningagerðar, 2. Skilvirkt samstarf innan Reykjavíkurborgar við undirbúning fyrir og við úthlutun lóða og sölu byggingarréttar, 3. Reykjavíkurborg afli tekna af úthlutun lóða, sölu byggingarréttar og uppbyggingarsamningum til að fjárfesta í stofnkostnaði innviða, 4. Fjölgun leiguíbúða, búseturéttaríbúða og félagslegra íbúða á þéttingarsvæðum.

Á næstu árum eru aðgerðir í málaflokknum m.a. framkvæmd lóðaúthlutunaráætlunar og stafræn umbreyting í ferlum málaflokksins og í innheimtu.

Atvinnu- og borgarþróun

Hlutverk málaflokks: 1. Græna planið: Umsjón með innleiðingu, miðlun og eftirfylgni Græna plansins á sviði atvinnu- og húsnæðismála, 2. Miðlun og markaðsstarf: Mörkun og efling ímyndar Reykjavíkur og skipulögð markaðssetning bæði innan lands og utan á tækifærum í borginni á sviði atvinnu- og borgarþróunar, 3. Borgarþróun: Innleiðing uppbyggingar á þróunarreitum, framfylgd húsnæðisáætlunar og þróun fasteigna og lóða borgarinnar, 4. Innlent og alþjóðlegt samstarf: Samstarf við hagaðila í atvinnulífi borgarinnar, yfirsýn og samhæfing í alþjóðamálum og þátttaka í alþjóðlegum samstarfsverkefnum, rannsóknarsamstarfi og nýsköpun.

Framtíðarsýn málaflokks: *Í Reykjavík er grænt, alþjóðlegt, samkeppnishæft borgarsamfélag þar sem frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir laðar fólk að til búsetu, heimsókna og athafna. Reykjavík er borg tækifæranna þar sem grænn vöxtur gengur ekki á náttúruauðlindir og engin er skilinn eftir.*

Meginmarkmið: 1. Farsæl innleiðing Græna plansins og atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar, 2. Skýr mörkun og markviss efling ímyndar Reykjavíkur og skipulögð markaðssetning á tækifærum í borginni, 3. Skilvirk og fagleg uppbygging á þróunarreitum til að skapa sjálfbær hverfi og húsnæði fyrir alla, 4. Hagkvæm nýting fasteigna borgarinnar til að stuðla að nýsköpun, fjölbreyttri starfsemi og lífandi borgarumhverfi, 5. Efling þekkingar- og nýsköpunarvistkerfis með áherslu á fjölbreytt samstarf, 6. Virk og áhrifarík þátttaka í innlendu og alþjóðlegu samstarfi þar sem Reykjavíkurborg bæði gefur af sér og lærir af öðrum, þ.m.t. umsóknum í sjóði til að efla hæfni Reykjavíkur til að takast á við framtíðina og umbreytingar sem henni fylgja.

Á næstu árum eru aðgerðir í málaflokknum fjölmargar í eftirfarandi flokkum og má nánar má sjá um í starfsáætlun skrifstofu borgarstjóra og borgarritara: 1. Stefnur og áætlanir, 2. Samstarf við atvinnulífið, 3. Þróunarreitir og þróunarverkefni, 4. Rannsóknarsamstarf og nýsköpun, 5. Kannanir og greiningar, 6. Miðlun og markaðsstarf, 7. Stafræn umbreyting og verkferlar.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Þjónusta- og stjórnsýsla					
Stjórnsýsluerindi	556	636	687	500	550
Móttökur	43	39	8	5	80
Ávörp, greinar og bréf	185	195	99	85	190
Mál til vinnslu í borgarráði	N/a	N/a	226	250	250
Fyrirspurnir, umsagnir og tillögur úr borgarráði	N/a	N/a	24	24	25
Erindi frá fagráðum/nefndum	N/a	N/a	4	6	6
Erindisbréf starfshópa borgarstjóra og borgarritara	25	24	20	20	25
Samskipti og mörkun					
Fréttatilkynningar	810	812	428	330	430
Fjölmiðlafyrirspurnir	340	350	357	200	250
Húsnæðis- og lóðamál					
Fjölgun íbúða í Reykjavík (tilbúnaðar íbúðir - Alls)			791	1432	1009
- Fjölgun almennra íbúða	-	-	731	601	530
- Fjölgun íbúða húsnæðisfélaga	-	-	60	831	479
Hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur	-	-	1 verkefni	4 verkefni	6 verkefni
Fjöldi lóðaúthlutanna	45	22	25	19	24
- þar af fjölbylishús	9	5	4	10	17
- þar af íbúðakjarni	2	1	1	1	2
- þar af einbyli	16	9	9	4	0
- þar af rað-, þar- og tvíbylishús	16	3	7	3	0
- þar af atvinnulóðir	2	4	4	5	5
Fjöldi íbúða í lóðaúthlutun	671	227	299	307	1000
Uppbyggingarsamningar					
- Fjöldi samninga	6	6	3	7	5
- Fjöldi íbúða	108	313	108	1025	500
- Fjöldi leigu- og búseturéttaríbúða á uppbyggingarsvæðum	49	379	37	155	100
- Kaupréttur Félagsbústaða	13	95	4	49	25
Lóðarvilyrði - Fjöldi	9	15	9	7	5
- þar af fjölbylishús	6	12	4	2	2
- þar af íbúðakjarni	0	1	2	1	1
- þar af atvinnulóðir	3	2	3	4	2
Atvinna og verslun					
Fjöldi fyrirtækja í Reykjavík	N/a	33.417	N/a	35.545	Skv. talningu
Verslun og þjónusta í miðbænum (Alls)	N/a	585	575	586	N/a
- Verslun	N/a	283	270	269	N/a
- Veitingar	N/a	217	220	219	N/a
- Menning og önnur þjónusta	N/a	85	85	98	N/a
Alþjóðamál og rannsóknarsamstarf					
Alþjóðlegir samningar, samtök og annað samstarf					
- Samningar/sáttmálar	N/a	13	N/a	N/a	Skv. talningu
- Formleg samtök	N/a	39	N/a	N/a	Skv. talningu
- Annað samstarf	N/a	124	N/a	N/a	Skv. talningu
Fjöldi rannsóknar- og nýsköpunarstyrkja	-	2	2	2	3
- Upphæð rannsóknar- og nýsköpunarstyrkja	-	€ 953.343	€ 15.000	€ 236.250	€ 400.000
Lýðheilsa					
Lýðheilsamat - Fjöldi verkefna	0	0	0	1	2

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI FRH.

	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útsp. 2021	Áætlun 2022
Borgarlögmaður					
Almenn stjórnslumál					
Í vinnslu	56	49	60	70	80
Lokið	283	285	290	305	310
Samtals	339	334	350	375	390
Dómsmál					
Í rekstri	53	35	45	50	55
Lokið	181	229	235	250	260
Samtals	234	264	280	300	315
Þar af fyrir Velferðarsvið	186	153	160	170	180
Uppgjör slysabótamála skv. kjarasamningum					
Innkomin	106	116	125	135	145
Í vinnslu	203	193	210	220	230
Fullnaðaruppgjör bóta	100	102	220	220	220
Samtals greiddar bætur (þ.kr.)	178.159	136.069	105.002	144.000	150.000
Önnur slysa-/skaðabótamál					
Samtals greiddar bætur (þ.kr.)					



EIGNASJÓÐUR

LEIÐARLJÓS

Eignasjóður er drifkraftur sjálfbærrar borgarþróunar með vandaðri eignaumsýslu og framsækinni atvinnustefnu í nánu samstarfi við aðra sem málið varðar—og með hag allra borgarbúa í huga.

HLUTVERK OG VERKASKIPTING

Eignasjóður Reykjavíkurborgar er einn stærsti fasteignasjóður landsins með yfir 400 fasteignir. Sjóðurinn fer með rekstur, viðhald, kaup og sölu eigna borgarinnar, svo sem lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað og fellur undir A-hluta í rekstri borgarinnar.

Eignasjóður annast eignaumsýslu Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á eigandafyrirsvari eignasjóðs Reykjavíkurborgar (lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað) og fylgir eftir Aðalskipulagi 2010 - 2030 með heildstæða og sjálfbæra borgarþróun að leiðarljósi. Eignasjóður ber ábyrgð á meðhöndlun fjárfestingaverkefna, þ.e. framgangi fjárfestingaráætlunar í samræmi við verklagsreglur og fjárhagsleg viðmið auk þess að hafa eftirlit með framkvæmdakostnaði og framvindu fjárfestingaráætlunar.

Hér fyrir neðan er lýst í stórum dráttum núverandi verkaskiptingu vegna verkefna eignasjóðs.

EIGNASKRIFSTOFA

- Ber ábyrgð á eigandafyrirsvari eignasjóðs Reykjavíkurborgar (lönd, lóðir og aðrar fasteignir, samgöngumannvirki og lausabúnað).
- Próar og innleiðir mælikvarða til samanburðar á rekstri fasteigna og gerir þá aðgengilega til stýringar.
- Ber ábyrgð á skráningu eigna og meðhöndlun í Eignakerfi.
- Ber ábyrgð á tryggingum eigna og meðhöndlun á tjónum í samstarfi við USK.
- Ber ábyrgð á gerð fjárfestingaráætlunar og aðgengi að sundurliðuðum upplýsingum í fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar þvert á verkefni, ár og útgáfur til eftirlits og skýrslugerðar.
- Hefur eftirlit með stjórnsýslulegri meðhöndlun fjárfestingaverkefna, þ.e. framgangi fjárfestingaráætlunar í samræmi við verklagsreglur og fjárhagsleg viðmið.
- Hefur eftirlit með framkvæmdakostnaði og framvindu fjárfestingaráætlunar.
- Ber ábyrgð á gerð leigusamninga vegna eigna, reikningagerð og samskiptum við leigutaka.
- Ber ábyrgð á gerð leigusamninga vegna framleigueigna, eftirfylgni með þeim og samskiptum við leigusala.
- Annast kaup og sölu eigna.
- Ber ábyrgð á tekjuáætlun í samráði við skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ (USK)

- Ber ábyrgð á verklegum framkvæmdum og fylgir eftir fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar. Í því felst þarfagreining fyrir notendur vegna einstakra verka, framsetning og mat á valkostum, gerð og framlagning kostnaðaráætlana, gerð áhættumats, framvinduskýrslna og skilamats.
- Ber ábyrgð á að setja fram líftímagreiningu (life cycle kostnaðarmat) við undirbúning framkvæmda og nýta við mat á valkostum.
- Ber ábyrgð á stjórnsýslulegri meðhöndlun framkvæmda- og viðhaldsverkefna, þ.e. framlagningu í borgarráði og/eða öðrum ráðum í samræmi við reglur borgarinnar og skilyrði sveitarstjórnarlaga um meðhöndlun fjárheimilda.
- Ber ábyrgð á reglubundinni skýrslugjöf um stöðu framkvæmda- og viðhaldsverkefna í samanburði við áætlanir þvert á verkefni, ár og útgáfur.
- Annast eftirlit með ástandi fasteigna og metur viðhaldspörf þeirra.
- Ber ábyrgð á gerð viðhaldsáætlana fasteigna og forgangsraðar í samræmi við fjárheimildir, leggur fram til samþykktar og fylgir þeim eftir.
- Ber ábyrgð á samskiptum við notendur fasteigna vegna viðhalds.
- Ber ábyrgð á breytingum og endurnýjun lóðarleigusamninga.
- Ber ábyrgð á framkvæmd á niðurrifi fasteigna Eignasjóðs.

VERKEFNASTOFA ÞRÓUNARMÁLA Á SKRIFSTOFU BORGARSTJÓRA OG BORGARRITARA

- Ber ábyrgð á eigna- og atvinnuþróunarverkefnum.
- Vinnur að þróun og nýtingu borgarlandsins í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur.
- Tekur þátt í ramma- og deiliskipulagsvinnu þróunarsvæða og skipulagsgerð með utanaðkomandi þróunaraðilum eftir því sem við á.
- Annast tillögugerð til borgarráðs vegna úthlutunar lóða og sölu byggingarréttar.
- Ber ábyrgð á stofnun lóða, gerð lóðaleigusamninga og fylgir eftir innheimtu vegna þeirra.
- Ber ábyrgð á samstarfsverkefnum um atvinnuþróun, t.d. vegna frumkvöðlasetra í Reykjavík.
- Ber ábyrgð á stefnumótun og markaðssetningu á tækifærum í Reykjavík til fyrirtækja, fjárfesta og stofnana o. fl.

ÞJÓNUSTU- OG NÝSKÖPUNARSVIÐ (ÞON)

- Ber ábyrgð á þróun og rafvæðingu þjónustuferla borgarinnar.
- Ber ábyrgð á þróun og innleiðingu á vefum og veflausnum borgarinnar.
- Ber ábyrgð á tæknilegri umbótastofu sem annast m.a. viðskiptaþróun og val á tæknilegum notendalausnum.
- Ber ábyrgð á gagnastjórnun og uppbyggingu á viðskiptagreindarbúnaði og lausnum.
- Ber ábyrgð á hugbúnaðarþróun í samræmi við viðskiptaþróun og -hagsmuni.
- Ber ábyrgð á upplýsingatækniinnviðum og öryggi þeirra.
- Ber ábyrgð á notendabúnaði borgarinnar, skráningu hans og aldursgreiningu, og endurnýjunaráætlun.

- Ber ábyrgð á rekstri stjórnsýslubygginga, öryggiskerfum og aðgangsstýringu þeirra.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022

Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.)	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022	Skipting áætlunar 2022		
				Eignaskrifstofa	Verkefnastofa þróunarmála	USK eignasjóði
Leigutekjur	22.867	24.168	26.209	26.209	0	0
Aðrar tekjur	2.026	4.944	6.234	584	5.000	650
Rekstrartekjur samtals	24.893	29.111	32.443	26.793	5.000	650
Laun og launatengd gjöld	2.171	2.418	2.601	119	76	2.406
Annar rekstrarkostnaður	6.053	6.029	6.506	4.604	254	1.647
Afskriftir	5.877	6.402	7.227	7.227	0	0
Rekstrargjöld samtals	14.101	14.850	16.334	11.951	330	4.053
Fjármagnsliðir	-6.801	-7.869	-7.433	-7.433	0	0
Rekstrarniðurstaða	3.991	6.392	8.677	7.409	4.670	-3.403

Áætlaðar leigutekjur eignasjóðs á árinu 2022 eru 26.209 m.kr. Tekjur af sölu byggingarréttar eru áætlaðar 5.000 m.kr. og söluhagnaður af sölu fasteigna 400 m.kr.

FJÁRFESTINGAR- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2022

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun ársins 2022 gerir ráð fyrir að 32.435 m.kr. verði varið til fjárfestinga. Er það 10.437 m.kr. hækkun frá áætlaðri raunútkomu fjárfestinga og framkvæmda á árinu 2021. Hækkunin skiptist þannig að 7.294 m.kr. eru vegna byggingarframkvæmda og 1.104 m.kr. vegna gatna- og umhverfisframkvæmda. Aðrar fjárfestingar hækka um 2.039 m.kr.

Fjárfesting (fjárhæðir í þús. kr.)	Áætlun 2022
Byggingaframkvæmdir	
Menningar- og ferðamálasvið	1.917.000
Skóla- og frístundasvið - grunnskólar	4.985.000
Skóla- og frístundasvið - leikskólar	4.830.000
Íþrótt- og tómsundasvið	4.645.000
Velferðarsvið	555.000
Ýmsar fasteignir	407.000
Bílastæðasjóður	50.000
Byggingaframkvæmdir samtals	17.389.000
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	
Þjóðvegir, hluti Rvk. og aðrar umferðargötur	1.551.000
Nýbyggingahverfi	2.905.000
Miðborgin	950.000
Umhverfi- og aðgengismál	2.080.000
Umferðaröryggismál	250.000
Umhverfissvið- Ýmsar framkvæmdir	1.525.000
Gatna- og umhverfisframkvæmdir	9.261.000
Lóðir, lönd og skipulagseignir	100.000
Endurbætur, meiriháttar viðhald og átaksverkefni	1.030.000
Áhöld, tæki og hugbúnaður	4.655.000
FJÁRFESTING SAMTALS	32.435.000
Gatnagerðargjöld	-3.600.000
FJÁRFESTING NETTÓ:	28.835.000

HELSTU BYGGINGAFRAMKVÆMDIR 2022

Menningar- og ferðamálasvið: Undirbúningur hefst að umfangsmiklum breytingum á Grófarhúsi, bæði að innan sem utan. Stofnað verður til samkeppni um framkvæmdina í heild þ.e. notkunarform og útlit. Unnið er að undirbúningi vegna stofnunar safns Nínu Tryggvadóttur sem verður til húsa í Hafnarhúsi ásamt Listasafni Reykjavíkur. Opnað verður nýtt safn í Aðalstræti 2. Áfram verður fjárfest í búnaði fyrir Borgarleikhús. Að auki verður fé varið til ýmissa verkefna vegna sviðsins til dæmis endurbætur á Sólheimasafni og sjálfsgreiðsluvélar í borgarbókasafni.

Skóla- og frístundasvið: Farið verður í hönnunarsamkeppni um grunn- og leikskóla í nýjum hverfum. Endurbýggingu grunn- og leikskólalóða samkvæmt forgangsröðun verður fram haldið og ráðgert að verja samtals 500 m.kr. til verkefnisins á árinu 2022. Uppbygging leikskóla verður áfram í forgrunni á næstu árum, með nýjum leikskólum á uppbyggingasvæðum, viðbyggingum við eldri leikskóla og opnun ungbarnadeilda. Ráðgert er að verja um 10.000 m.kr. til þessa verkefnis á næstu 5 árum. Jafnframt er unnið að þarfagreiningu vegna uppbyggingar grunnskóla í nýjum hverfum og farið verður í miklar endurbætur og mögulegar viðbyggingar við skóla í eldri hverfum. Átak verður gert í viðhaldsmálum skólahúsnæðis en bætt verður aukalega við áætlunina á næstu 7 árum alls 10.000 m.kr. í viðhaldsverkefni samkvæmt úttektarskýrslum sem unnar voru á árinu 2021. Áfram verður haldið með endurbætur og breytingar á Vörðuskóla.

Íþróttá- og tómstundasvið: Stefnt er á að ljúka verkframkvæmdum við íþróttamiðstöð í Úlfarsárdal. Þegar er sambyggður grunn- og leikskóli ásamt menningarhúsi tilbúið. Rennibraut verður sett upp við nýja sundlaug í Úlfarsárdal. Framhald verður á verkframkvæmdum við íþróttamannvirki á ÍR svæðinu. Áfram verður fjárfest í endurnýjun á búnaði og uppbyggingu skíðasvæða í Bláfjöllum og Skálafelli til samræmis við samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Framkvæmdir munu hefjast við nýtt vísinda- og upplifunarsafn í Laugardal. Undirbúningur mun hefjast við gerð dans- og fimleikahúss í Breiðholti sem og íþróttahúss í Laugardal. Þá hefst einnig undirbúningur að gerð vetrargarðs í Breiðholti, fjölnota knatthúsi KR og haldið verður áfram með samvinnu við Kópavogsbæ að nýrri sundlaug í Fossvogi. Þá verður áfram fé varið til annarra verkefna vegna stofnana sviðsins s.s. bættar skíðalyftur í hverfum, endurnýjun áhaldna og tækja í sundlaugum og íþróttahúsum, gervigrasvellir endurnýjaðir og aðstaða á Tjaldsvæðinu í Laugardal áfram bætt.

Velferðarsvið: Ráðgert er að fjölga hjúkrunarrýmum á næstu árum í samstarfi við ríkið. Undirbúningur er hafin við nýtt hjúkrunarheimili við Mosaveg. Byggt verður nýtt vistheimili barna. Einnig verður byggt nýtt heimili fyrir börn með þroska og geðraskanir og undirbúningur hefst við endurbætur og stækkun á Konukoti. Verið er að skoða framtíðarmöguleika með framleiðslueldhús, stækkun eða fjölgun.

Lóðir, lönd og skipulagseignir ásamt ýmsum fasteignum: Áætlanir eru um byggingu nýrrar saltgeymslu fyrir bælistöðvar borgarinnar. Haldið verður áfram með úrbætur á ýmsum húskerfum og búnaði stjórnsýsluhúsa. Gert er ráð fyrir lágmarks endurbótum á eignum borgarinnar í Gufunesi.

AÐRAR FJÁRFESTINGAR

Áhöld, tæki og hugbúnaður: Fjárfestingaráætlun vegna áhaldna, tækja og hugbúnaðar verða áfram helstar í stafrænni umbreytingu sem skiptist í rannsóknir og nýsköpun, rafvæðingu ferla, hugbúnað og ný upplýsingakerfi, upplýsinga- og gagnastýringu, hönnun og umbreytingu þjónustu, upplýsingatækniinnviði og notendabúnað og loks stjórnsýsluhús og sjálfbærni þeirra. Þetta er nokkur aukning frá árinu áður vegna áframhaldandi áherslu á upplýsingatækni og stafrænar lausnir svo eitthvað sé nefnt.

Jafnframt verður fjárfest í ýmsum tækjum vegna Umhverfis- og skipulagssviðs þar á meðal verður áfram haldið með endurnýjun sorpbíla sem munu einnig safna sérstaklega lífrænum úrgangi.

HELSTU GATNA- OG UMHVERFISFRAMKVÆMDIR 2022

Helstu verkefni gatna- og umhverfisframkvæmda á árunum 2022-2026 verða vegna þéttingar byggðar, áherslu á umhverfis- og aðgengismál með vistvænni endurnýjun götulýsingar, fjölgun götutrjáa, uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla, endurheimtingu votlendis og vistvænni samgöngur með borgarlínu sem grunnstef en ráðgert er að verja um 3.080 m.kr. vegna samgöngusáttmála á tímabilinu.

Helstu nýframkvæmdir við gatnagerð sem fyrirhugaðar eru á árinu 2022 eru einkum á íbúasvæðunum í Úlfarsárdal, Skerjafirði, Vogabyggð og Bryggjuhverfi. Að auki á uppbyggingarsvæðum í Gufunesi og Ártúnshöfða þar sem rísa munu blandaðar byggðir íbúða og atvinnuhúsnæðis.

Haldið verður áfram að vinna að bættu umferðaröryggi almennt í borginni. Þá verður haldið áfram uppbyggingu á nýjum göngu- og hjólastígum í borginni í samræmi við markmið Hjólreiðaáætlunar sem og endurnýjun á gönguleiðum í eldri hverfum. Haldið verður áfram með ýmis verkefni á sviði umhverfis- og loftslagsmála eins og LED væðingu götulýsingar. Má þar t.d. nefna fjölgun grenndarstöðva í borginni og áherslur á líffræðilega fjölbreytni. Þá verður haldið áfram með uppbyggingu og lagfæringar á leikvöllum, torgum og opnum svæðum.

Haldið verður áfram brýnum framkvæmdum við endurnýjun malbiksyfirlaga á götum borgarinnar samkvæmt áætlun þar um.

GRÆNAR FJÁRFESTINGAR 2022-2026

Á árinu 2022 er ráðgert að verja 25.321 m.kr. til grænna fjárfestinga. Má nefna hjólareiðaáætlun Reykjavíkurborgar í þessu samhengi, svo og Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2010 – 2030 þar sem kveðið er á um friðun grænna og opinna svæða, þéttingu byggðar, styrkingu almenningsgangna, vistvænar lausnir í sorphirðu og kröfur um vithæfar lausnir við nýbyggingar. Á næstu fimm árum er ráðgert að um 76% fjárfestinga Reykjavíkurborgar verði grænar fjárfestingar sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda með vistvænum byggingum, með því að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og styðja grænan vöxt til samræmis við umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar.

Grænar fjárfestingar	2022	2023	2024	2025	2026
Græn uppbygging borgarinnar	2.400.000	2.744.000	2.474.000	2.694.000	2.514.000
Grænar samgöngur	1.746.000	1.846.000	1.746.000	1.526.000	1.526.000
Lýðheilsa, íþróttir og hreyfing	4.170.000	5.048.000	4.400.000	2.065.000	2.462.000
Græn svæði og gróður	630.000	410.000	410.000	410.000	210.000
Græn íbúðauppbygging	700.000	850.000	800.000	700.000	350.000
Menntun og menning	10.020.000	11.155.000	9.810.000	8.100.000	6.100.000
Skapandi borg - ný og græn atvinnusvæði	700.000	700.000	200.000	200.000	
Stafræn umbreyting	4.205.000	3.769.000	1.549.000	1.410.000	1.590.000
Orkuskipti alls staðar	750.000	810.000	710.000	346.000	110.000
Samtals	25.321.000	27.332.000	22.099.000	17.451.000	14.862.000

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Eignarekstur					
Fjöldi fasteigna í rekstri	530	539	533	528	536
Flatarmál fasteigna í rekstri m ²	579.672	596.727	607.782	609.708	617.780
Fjöldi bifreiða í eigu eignasjóðs	164	123	139	99	119
Fjöldi vinnuvéla í eigu eignasjóðs	10	6	6	6	6
Úthlutun og sala byggingaréttar					
Fjöldi úthlutanna	45	22	25	19	24
þar af fjölbýlishús	9	5	4	10	17
þar af íbúðakjarni	2	1	1	1	2
þar af einbýli	16	9	9	4	0
þar af rað-, þar- og tvíbýlishús	16	3	7	3	0
þar af atvinnulóðir	2	4	4	5	5
Fjöldi íbúða	671	227	299	307	1000
Uppbyggingarsamningar					
Fjöldi samninga	6	6	3	7	5
Fjöldi íbúða	108	313	108	1025	500
Fjöldi leigu- og búseturéttaríbúða á uppbyggingarsvæðum	49	379	37	155	100
Kaupréttur Félagsbústaða	13	95	4	49	25
Lóðarvilyrði					
Fjöldi	9	15	9	7	5
þar af fjölbýlishús	6	12	4	2	2
þar af íbúðakjarni	0	1	2	1	1
þar af atvinnulóðir	3	2	3	4	2

SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR

Undir sameiginlegum kostnaði eru færðir ýmsir kostnaðarliðir sem eru sameiginlegir fyrir innri starfsemi Reykjavíkurborgar eða falla ekki með beinum hætti undir starfsemi fagsviða. Um er að ræða styrki og ýmis framlög, sérstök framlög vegna atvinnumála, rekstur miðlægra tölvukerfa, innheimtukostnað skatttekna, sameiginlegan launa- og starfsmannakostnað, breytingar lífeyrisskuldbindinga og ýmis önnur útgjöld. Þar á meðal er vistað fjármagn til ófyrirséðra útgjalda eða verkefna sem ekki eru hafin.

Styrkir og ýmis framlög eru áætluð 621 m.kr. Þar af eru 510 m.kr. vegna afsláttar elli- og örorkulífeyrisþega af fasteignagjöldum. Styrkir borgarráðs nema 25 m.kr., hverfissjóður nemur 20 m.kr. og ýmsar samningsbundnar greiðslur um 66 m.kr.

Framlög til atvinnumála eru áætluð 67 m.kr. Þar af verði 52 m.kr. varið til atvinnuátaksverkefna og 15 m.kr. til atvinnuþróunar og sóknaráætlunar.

Rekstur miðlægs tölvukerfis. Rekstur bókhalds og launakerfa er áætlaður um 133 m.kr. Þar af er rekstur miðlægs bókhaldskerfi 52 m.kr. og rekstur miðlægs launakerfi 81 m.kr.

Innheimtukostnaður skatttekna og fasteignamatsskrá. Innheimtukostnaður skatttekna er áætlaður 827 m.kr. Þar af er innheimtukostnaður staðgreiðslu áætlaður 521 m.kr., en útgjöld nema 0,5% af brúttó útsvarstekjum og greiðast til Fjársýslu ríkisins sem annast innheimtu útsvarsins. Útgjöld vegna fasteignamatsskrár eru áætluð 260 m.kr. en þau eru greidd til Þjóðskrár sem heldur utan um fasteignamat og er 1% af tekjum af fasteignasköttum. Innheimtukostnaður vegna fasteignaskatta er áætlaður 46 m.kr.

Starfsmannakostnaður. Undir liðinn launa og starfsmannakostnaður eru vistuð miðlægt útgjöld sem eiga eftir að færast til fagsviða samtals 3.318 m.kr. Þar eru m.a. áætluð útgjöld vegna ýmissa samninga í einkareknum grunnskólum, leikskólum og velferðarúrræðum og vegna væntra áhrifa kjarasamninga KÍ á árinu 2021. Slysabætur eru áætlaðar 164 m.kr. og breyting orlofsskuldbindingar 972 m.kr. sem er nokkuð hærra en á liðnu ári vegna lengingar orlofs í 30 daga m.v. 100% starf sem nær nú til allra starfsmanna á vinnumarkaði.

Kosningar. Útgjöld vegna sveitastjórnarkosninga 2022 eru áætluð 110 m.kr.

Ýmis kostnaður er áætlaður 4.817 m.kr. m.kr. Þar af hefur verið tekið frá fjármagn á liðnum ófyrirséð; sem nemur 3.730 m.kr. Fjármagnið er annars vegar til þess að mæta ófyrirséðum útgjöldum borgarinnar, en þar eru einnig vistaðar fjárheimildir vegna stærri verkefna sem eru ekki komin í rekstur en áætlað er að fari af stað á árinu s.s. uppbygging leikskólalássa, uppbyggingaráætlun í sértækum búsetuúrræðum og fleira. Auk þess sem teknar hafa verið frá um 230 m.kr. til áframhaldandi vinnumarkaðsaðgerða undir forystu velferðar-, mannauðs- og starfsþróunarsvið. Undir ýmsan kostnaður falla einnig til um 895 m.kr. vegna innri leigu sem er annars vegar hluti af leigu Ráðhúss og hins vegar innri leiga hugbúnaðar. Þá er gert er ráð fyrir 30 m.kr. til Nýsköpunarsjóðs námsmanna, 44 m.kr. til reksturs Höfða og 4 m.kr. til reksturs á Úlfjótavatni. Kostnaður við ytri endurskoðun er áætlaður 25 m.kr. og 23 m.kr. við endurskoðunarnefnd. Kostnaður við móttökur er áætlaður 20 m.kr.

Aðgerðaráætlun. Á árinu 2022 er gert ráð fyrir auknum framlögum frá ríkinu vegna verkefna sem flutt hafa verið til sveitarfélaga en eru vanfjármögðuð einkum málaflökkur fatlaðra. Vísað er í umfjöllun um aðgerðaráætlun í greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs um frumvarp að fjárhagsáætlun.

Breyting lífeyrisskuldbindinga. Gert er ráð fyrir að gjaldfærsla vegna breytingar á lífeyrisskuldbindingum nemi 4.000 m.kr. árið 2022. Að auki eru gjaldfærðar 385 m.kr. af fyrirfram greiddu uppgjöri við Brú lífeyrissjóð. Vísað er í umfjöllun um lífeyrisskuldbindingar í greinargerð fjármála- og áhættustýringarsviðs um frumvarp að fjárhagsáætlun.

FRAMLÖG TIL B-HLUTA FYRIRTÆKJA

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins árið 2022 eru áætluð 1.314,5 m.kr. Þar af er gert ráð fyrir að rekstrarframlag verði 1.238 m.kr., framlag til Almannaframtals verði 11,9 m.kr. og framlag í fjárfestingasjóð verði 64,2 m.kr.

Áætlun Slökkviliðsins gerir ráð fyrir að rekstrarframlög eigenda árið 2022 nemi 2.195,6 m.kr., að 21,1 m.kr. fari til Almannaframtals og 116 m.kr. fari í fjárfestingasjóð.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda miðar við hlutfall íbúa 1. desember ár hvert. Hjalögð tafla lýsir skiptingu framlaga miðað við áætlun Slökkviliðsins. Nánari lýsing á fjárhagsáætlun Slökkviliðsins fyrir árið 2022 má finna í kafla um B-hluta fyrirtæki hér fyrir aftan.

(Fjárhæðir í þús. kr)	Hlutfallsleg skipting m.v. íbúafjölda	Rekstrarframlag til SHS	Framlag til Almannaframtals	Framlag í fjárfestingasjóð	Samtals framlög
Samtals framlög eigenda		2.195.575	21.093	115.979	2.332.647
Reykjavík	56,4%	1.238.412	11.898	64.177	1.314.487
Kópavogur	16,2%	355.295	3.413	18.412	377.120
Hafnarfjörður	12,6%	276.655	2.658	14.337	293.650
Garðabær	7,5%	164.290	1.578	8.514	174.382
Mosfellsbær	5,3%	116.810	1.122	6.053	123.985
Seltjarnarnes	2,1%	44.113	424	4.486	49.023

STRÆTÓ BS.

Framlög Reykjavíkurborgar til Strætó bs. eru áætluð 2.509 m.kr., auk þess sem Reykjavík greiðir 196 m.kr. framlag vegna nemendafargjalda. Í áætlun Strætó er gert ráð fyrir að framlög eigenda nemi 4.164 m.kr. án tillits til nemendafargjalda.

Skipting á rekstrarframlagi milli eigenda er fundin út með hlutfallslegri kostnaðarskiptingu, sem tilgreind er í eigendasamkomulagi.

Taflan lýsir skiptingu á framlögum sveitarfélaga miðað við áætlun Strætó.

Rekstrarframlög	Hlutfallsleg skipting	Áætluð framlög 2022
Reykjavík	60%	2.508.810
Kópavogur	15%	633.344
Hafnarfjörður	10%	415.984
Garðabær	7%	309.802
Mosfellsbær	5%	220.276
Seltjarnarnes	2%	75.785
Samtals	100%	4.164.001

B-HLUTA FYRIRTÆKI



FAXAFLÓAHAFNIR

LEIÐARLJÓS

Faxaflóahafnir þróast áfram sem öflug alþjóðleg viðskipta- og þjónustumiðstöð. Faxaflóahafnir munu nýta náttúru- og staðarkosti, eignir fyrirtækisins og þekkingu starfsmanna í þágu atvinnulífs og viðskipta.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022-2026


Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022	Fimm ára áætlun				
				Áætlun 2023	Áætlun 2024	Áætlun 2025	Áætlun 2026	
Rekstrartekjur	3.484.901	3.964.620	4.319.344	4.422.856	4.646.436	4.669.548	4.892.074	
Tekjur samtals	3.484.901	3.964.620	4.319.344	4.422.856	4.646.436	4.669.548	4.892.074	
Laun og launatengd gjöld	1.199.947	1.273.979	1.415.995	1.415.995	1.415.995	1.415.995	1.415.995	
Annar kostnaður	1.317.814	1.429.469	1.620.458	1.630.458	1.630.458	1.630.458	1.630.458	
Afskriftir	748.285	841.000	950.000	1.020.120	1.130.840	1.248.310	1.355.270	
Gjöld samtals	3.266.046	3.544.448	3.986.453	4.066.573	4.177.293	4.294.763	4.401.723	
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	218.854	420.172	332.891	356.283	469.143	374.785	490.351	
Fjármagnsliðir	-12.841	9.015	7.000	2.000	-7.000	-15.000	-24.000	
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	206.013	429.187	339.891	358.283	462.143	359.785	466.351	
Söluhagnaður	185.327			2.170.000	350.000			
Matsbreytingar								
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага								
Hlutdeild í afkomu dótturféлага								
Rekstrarniðurstaða	391.340	429.187	339.891	2.528.283	812.143	359.785	466.351	

STARFSFÓLK


	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi starfsmanna	68	71	73
Fjöldi stöðugilda	68	71	73
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Stjórnendur	8	8	8
Hafnarþjónusta	33	35	37
Rekstrardeild	15	13	13
Hliðgæsla	4	5	5
Tæknideild	3	4	4
Skrifstofa	5	6	6

SKIPTING REKSTRAR 2021

Skipting rekstrartekna



Skipting rekstrargjalda



HLUTVERK

Meginhlutverk Faxaflóahafna sf. er að vera helsta inn- og útflutningshöfn landsins og alþjóðleg þjónustumiðstöð fyrir flutninga, sjávarútveg, iðnað, hafsækna ferðaþjónustu og aðra hafnartengda starfsemi á Norður – Atlantshafi. Að auki er hlutverk Faxaflóahafna sf. þróun lands og lóða á hafnarsvæðum fyrirtækisins.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsáætlun ársins 2022, ásamt tilheyrandi langtímaáætlun, er leiðarljós fyrirtækisins í þróun og verkefnum. Stærri verkefni á vegum Faxaflóahafna sf. munu standa yfir um nokkurn tíma og miða að því að bæta aðstöðu, auk endurnýjunar mannvirkja, sem ætlað er að sinna þjónustu við skip og fyrirtæki til lengri tíma. Þættir sem hafa áhrif á þessar áætlanir eru m.a. nýjar þarfir, breyttar aðstæður, opinbert regluverk, þróun vöruflutninga, stærð og fjöldi skipa, auk breytinga á starfsemi fyrirtækja á landi Faxaflóahafna. Umhverfismál og sjálfbærni hafa sífellt meira vægi í okkar samfélagi. Faxaflóahafnir sf. vilja vera leiðandi í þessum málaflokkum og munu rekstur og framkvæmdir félagsins bera þess merki.

Í fjárhagsáætlun ársins 2022 eru nokkur verkefni sem vert er að nefna sérstaklega:

Gamla höfnin:

- ⚓ Lokið verður við fyrsta áfanga landtenginga á Faxagarði.
- ⚓ Innsta Verðbúðabryggjan verður rifin og endurbyggð.
- ⚓ Unnið verður að endurbótum á sjóvarnargarði við Örfirisey.

- ⚓ Vinna við uppsetningu háspennuteningar á Miðbakka hefst á árinu og er stefnt að því að hægt verði að landtengja stærri skip við bakkann á árunum 2022-2023.

Sundahöfn:

- ⚓ Áfram verður unnið að mati á umhverfisáhrifum vegna landfyllinga í Vatnagörðum og lengingu Skarfabakka að Kleppsbakka. Auk þess að unnið verður nýtt deiliskipulag fyrir svæðið. Reiknað er með að þeirri vinnu ljúki á árinu.
- ⚓ Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir í Vatnagörðum þegar niðurstöður mats á umhverfisáhrifum liggja fyrir.
- ⚓ Undirbúningur á bættri aðstöðu fyrir farþegaskipti á Skarfabakka. Stefnt er að því að kaupa nauðsynlegan búnað og koma upp bráðabirgðaaðstöðu á bakkanum vorið 2022.
- ⚓ Unnið verður áfram að landtengingum flutningaskipa í Sundahöfn.

Grundartangi:

- ⚓ Gert er ráð fyrir endurbótum og lagfæringu á þekju Tangabakka.
- ⚓ Komið verði á nýrri umferðartengingu að hafnarsvæðinu þar sem aðskilja á umferð þungaflutninga frá almennri umferð. Í framhaldinu mun Vegagerðin taka við veghaldi almennar umferðar að hafnarsvæðinu.
- ⚓ Gert er ráð fyrir fjármunum til fyllinga og þróunar baklands við Tangabakka.
- ⚓ Gert er ráð fyrir kaupum/endurnýjun á farmverndarbúnaði og girðingum.
- ⚓ Gert er ráð fyrir að lokið verði við endurnýjun fenderbúnaðar Tangabakka.

Akranes:

- ⚓ Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við lengingu á Aðalhafnargarði á Akranesi hefjist á árinu.

Framkvæmdir árána 2022 til 2026 byggist á þeirri fjárfestingaráætlun sem liggur fyrir. Gert er ráð fyrir óverulegum breytingum í umfangi rekstrar og tekna þessi ár. Sérgreind viðhaldsverkefni undir rekstri ráðast af forgangsroðun á hverju ári, en þau nema um 10% af rekstrartekjum fyrirtækisins. Miðað er við að á árunum 2022 – 2026 skili sér lóðatekjur vegna úthlutunar lóða í Sundahöfn og á Grundartanga.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Rekstur Faxaflóahafna sf. felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna. Faxaflóahafnir munu áfram kappkosta að veita örugga og skilvirka hafnarþjónustu. Auk þess þróar fyrirtækið land og lóðir og viðheldur hafnarvirkjum og öðrum eignum. Aukin áhersla er á umhverfispátt og loftslagsmál þar sem unnið verður að því að koma upp búnaði til landtengingar flutningaskipa og farþegaskipa í höfnum Faxaflóahafna. Flokkun úrgangs verður einnig í brennidepli og nýjum flokkunarílátum verður komið fyrir á hafnarsvæðum. Áfram verður mikil áhersla á öryggismál í allri starfsemi fyrirtækisins. Aukin áhersla á upplýsingatækni og snjalllausnir til að tryggja skilvirgni, jafnt í rekstri sem í þjónustuþáttum fyrirtækisins verður sýnileg á næstu árum. Eftir aðhald í stórum viðhaldsverkefnum og fjárfestingarverkefnum á þeim tíma sem rekstur dróst saman vegna Covid-19 er nú farið í nauðsynleg viðhaldsverkefni og fjárfestingar sem skapa munu verðmæti og jákvæð samfélagsáhrif fyrir fyrirtækið og eigendur þess. Fjárhagsáætlun 2022 og fjárfestingaráætlun 2022 – 2026 bera merki viðspyrnu og framsækni til hagsbóta fyrir alla hagaðila Faxaflóahafna.

FJÁRFESTINGAR

Fjárfestingar á árinu 2022 eru áætlaðar 1.890 m.kr. Á árunum 2023 – 2026 er gert ráð fyrir talsverðri aukningu í fjárfestingum félagsins og má þar helst nefna rafvæðingu hafna, uppbyggingu í Sundahöfn með landfyllingu í Vatnagörðum, lengingu á hafnarbökkum og dýpkunum. Auk þess er gert ráð fyrir uppbyggingu á aðstöðu fyrir farþegaskipti á Skarfabakka og á eigin aðstöðu Faxaflóahafna á svæðinu. Á tímabilinu verður einnig unnið við lengingu Aðalhafnargarðs á Akranesi.

Fjárfestingar skiptast á hafnarsvæðin með eftirfarandi hætti:

	m.kr.
Gamla höfnin	595
Sundahöfn	565
Grundartangi	220
Akranes	415
Borgarneshöfn	0
Tæki og áhöld	95
Alls	1890

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Covid-19 faraldurinn hefur haft umtalsverð áhrif á tekjur félagsins þar sem komum farþegaskipa hefur fækkað verulega. Gert er ráð fyrir að sú þróun snúist við og að komum farþegaskipa fjölgi á næstu árum. Þrátt fyrir þetta högg á tekjur félagsins er fjárhagstaða þess sterk og fyrirtækið vel í stakk búið til að takast á við þær áskoranir sem framundan eru. Breyting í efnahagsþróun verður einatt fyrst vart á hafnarsvæðum hvort heldur er í samdrætti eða vexti. en skilar sér vel þegar betur árar. Gert er ráð fyrir lántökum á árunum 2024 og 2026 vegna fjárfrekra framkvæmda á næstu árum.

Hér má sjá breytingar á milli ára:

<i>Fjárhæðir í þús.kr.</i>	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útsp. 2021	Áætlun 2022
Tekjur	3.966	4.121	3.485	3.965	4.319
Gjöld	2.890	3.258	3.266	3.544	3.986
Rekstrarafgangur	1.076	863	219	420	333
Fjárfestingar	1.454	2209	2.151	652	1.890

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útsp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi skipa > 100 brt.	1.474	1.378	1685	1.240	1.350
Brúttótonn skipa í þús. tonna	12.143	13.592	6.849	10.000	12.000
Heildarflutningar í þús. tonna	4.205	3.914	3.372	4.143	4.242
Innflutningur - annað en stóriðja í þús. tonna	1.442	1.336	1.090	1.349	1.381
Innflutningur til stóriðju	1.300	1.200	1.121	1.542	1.579
Útflutningur - annað en stóriðja í þús. tonna	454	471	383	422	423
Útflutningur frá stóriðju	482	425	422	463	474
Landaður afli í þús. tonna	119	77	68	85	81
Skemmtiferðaskip	152	190	7	68	120
Fjöldi farþega	144.658	188.630	2.966	30.500	70.000
Fjöldi starfsmanna (föst stöðugildi)	68	69	68	71	73
Eignarland alls í hekturum	884	885	885	885	885
Lóðir samkv. skipulagi í eigu Faxaflóahafna í hekturum	324	325	326	326	326
Lengdir hafnarbakka og bryggja í metrum	8.216	8.690	8.273	8.273	8.273




FÉLAGSBÚSTAÐIR

LEIÐARLJÓS

Félagsbústaðir tryggja framboð af félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík; öruggu og vistlegu húsnæði og veita leigjendum góða þjónustu. Í heiðri eru höfð gildi um samvinnu, virðingu og þjónustu.

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022-2026


Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022	Fimm ára áætlun			
				2023	2024	2025	2026
Rekstrartekjur	4.818.733	5.103.962	5.495.259	5.773.710	6.004.141	6.254.166	6.505.295
Tekjur samtals	4.818.733	5.103.962	5.495.259	5.773.710	6.004.141	6.254.166	6.505.295
Laun og launatengd gjöld	323.794	362.019	428.099	438.095	451.574	465.438	479.699
Annar kostnaður	2.169.459	2.319.595	2.616.949	2.755.745	2.856.941	2.912.471	3.005.152
Afskriftir	18.661	20.493	17.600	17.600	17.000	16.800	16.000
Gjöld samtals	2.511.914	2.702.107	3.062.648	3.211.440	3.325.515	3.394.710	3.500.852
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	2.306.819	2.401.855	2.432.611	2.562.271	2.678.626	2.859.457	3.004.443
Fjármagnsliðir	-2.605.731	-3.141.532	-2.411.038	-2.576.399	-2.698.634	-2.822.179	-2.946.714
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	-298.912	-739.677	21.573	-14.128	-20.008	37.278	57.730
Tekjuskattur	0	0	0	0	0	0	0
Matsbreytingar	1.741.627	17.196.988	5.913.325	5.732.301	4.086.116	2.819.566	2.850.847
Hlutdeild í afkomu hluteldarfélaga	0	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	0	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	1.442.715	16.457.311	5.934.898	5.718.173	4.066.108	2.856.844	2.908.577

STARFSFÓLK

Hjá félagsbústöðum starfar fjölbreyttur hópur starfsmanna við viðhald, byggingaframkvæmdir, fasteignakaup, samskipti við leigjendur, gerð leigusamninga, standsetningar íbúða við leigjendaskipti, fjármál og fl.

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi starfsmanna	26	29	31
Fjöldi stöðugilda	25	28	31
Stöðugildi eftir þjónustupáttum:			
Eigna- og viðhaldssvið	8	9	11
Fjármálasvið	8	9	9
Framkvæmdastjóri og fasteignapróun	3	2	2
Þjónustu- og upplýsingasvið	6	8	9

SKIPTING REKSTRAR 2022



HLUTVERK

Félagsbústaðir hf. hafa umsjón með uppbyggingu og rekstri félagslegs leiguhúsnæðis fyrir eiganda sinn, Reykjavíkurborg. Félagið leigir út almennt félagslegt leiguhúsnæði, húsnæði fyrir fatlað fólk, húsnæði fyrir heimilislausu með miklar og flóknar þjónustubarfir ásamt þjónustuíbúðum fyrir aldraða. Uppbygging og fjölgun íbúða tekur mið af húsnæðisáætlun Reykjavíkurborgar og áherslum borgaryfirvalda í málaflokknum.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Eftirfarandi er frumvarp að fjárhagsáætlun Félagsbústaða hf. fyrir tímabilið 2022-2026 og útkomuspá fyrir árið 2021. Áætlunin er unnin samkvæmt gangvirðisuppgjöri sem felur í sér að fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar heldur endurmetnar í samræmi við fasteignamat. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að umhverfi þróist í takti við vísitölur eins og skilgreint hefur verið af fjármála- og áhættustýringarsviði Reykjavíkurborgar á tímabilinu 2022 til 2026 auk þess sem hún byggir á spá greiningardeilda bankanna um þróun vísitölu íbúðaverðs til næstu 2 ára, 5% hækkun árið 2022 og 4,5% hækkun árið 2023, og svo hóflegra verðhækkana eftir það. Þessu til viðbótar setti stjórn félagsins stjórnendum þær skorður að áætlun félagsins skyldi skila jákvæðri breytingu á handbæru fé öll ár áætlunar, þ.e. að veltufé frá rekstri nægi fyrir afborgunum langtímalána ár hvert.

Á árinu 2022 er áætlað að festa kaup á 95 íbúðum, byggingarframkvæmdir hefjast við íbúðakjarna við Háteigsveg 59 og Vindás/Brekknáas og áætlað að þeim ljúki um mitt ár 2023. Þá er gert ráð fyrir að byggingu Stjórnugrófar, Rökkvatjarnar og Hagasels sem allt eru íbúðakjarnar verði lokið á árinu 2022. Áætlað er að ljúka breytingum á Laugavegi 105 þannig að húsið uppfylli reglugerð um íbúðir fyrir fatlaða. Á árinu 2022 er áætlað að ljúka breytingu á Njálsgötu 65 en þar eru nú 17 íbúðir. Á árinu 2022 verður unnið að því að fegra ásýnd stórra fjölbýlishúsa og gerðar heildstæðar áætlanir sem miða að auknum lífsgæðum í fjölbýlishúsum félagsins.

Áfram verður lögð aukin áhersla á að tryggja leigjendum faglega og tímasetta þjónustu, auka þátttöku og ábyrgð leigjenda í húsfélögum, efla tengsl við íbúa í fjölbýlishúsum Félagsbústaða og taka örugglega á þungum nábylismálum sem ógna kunna öryggi og vellíðan.

Þá er áætlað að fram fari vinna við að skilgreina velsældarvísa fyrir starfsemi Félagsbústaða og setja áætlanir um hvernig vinna má með þá.

Tekjur og gjöld

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022	Fimm ára áætlun			
				2023	2024	2025	2026
Leigutekjur	4.299.800	4.705.344	5.034.019	5.289.878	5.501.612	5.731.352	5.962.105
Aðrar tekjur	361.451	398.619	461.240	483.833	502.529	522.815	543.190
Rekstrartekjur samtals	4.661.250	5.103.962	5.495.259	5.773.710	6.004.141	6.254.166	6.505.295
Rekstur fasteigna	491.750	570.172	614.414	642.843	666.424	691.997	717.692
Viðhald og framkvæmdir	1.043.715	1.045.038	1.181.481	1.226.913	1.260.870	1.250.833	1.281.543
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	513.405	541.798	633.559	696.262	735.796	773.476	805.138
Rekstur og viðhald eignasafns samtals	2.048.870	2.157.008	2.429.455	2.566.019	2.663.090	2.716.306	2.804.373
Laun og launatengd gjöld	323.794	362.019	428.099	438.095	451.574	465.438	479.699
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	140.807	145.811	155.095	157.326	160.851	162.965	166.780
Framlag í afskriftareikning viðskiptakrafna	-1.558	37.268	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður samtals	463.044	545.099	633.193	645.421	662.425	678.404	696.479
Rekstrargjöld samtals	2.511.914	2.702.107	3.062.648	3.211.440	3.325.515	3.394.710	3.500.852
Vaxtagjöld	1.081.598	1.116.401	1.152.681	1.225.920	1.242.765	1.327.062	1.359.857
Verðbóttagjöld	1.524.132	2.025.131	1.258.357	1.350.479	1.455.869	1.495.117	1.586.857
Fjármagnsliðir samtals	2.605.730	3.141.532	2.411.038	2.576.399	2.698.634	2.822.179	2.946.714
Matsbreyting fjárfestingareigna	1.741.627	17.196.988	5.913.325	5.732.301	4.086.116	2.819.566	2.850.847
Söluhagnaður eigna til eigin nota	157.483	0	0	0	0	0	0
Rekstrarniðurstaða	1.442.716	16.457.311	5.934.898	5.718.173	4.066.108	2.856.844	2.908.577
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	2.149.336	2.401.855	2.432.611	2.562.271	2.678.626	2.859.457	3.004.443
Rekstrarniðurstaða fyrir verðbætur og matsbreytingu	1.067.738	1.285.454	1.279.930	1.336.351	1.435.861	1.532.395	1.644.586
Rekstrarniðurstaða fyrir matsbreytingu	-456.393	-739.677	21.573	-14.128	-20.008	37.278	57.730

Rekstrartekjur ársins 2022 eru áætlaðar 5.495 m.kr. sem er 7,7% aukning m.v. útkomuspá fyrir árið 2021 sem gerir ráð fyrir að tekjur verði 5.104 m.kr. Leigutekjur aukast um 7,0% milli ára og skiptist áætluð aukning tekna á milli 2,4% hækkunar vegna verðlagsbreytinga og um 4,6% vegna magnaukningar ef miðað er við áætlaðar tekjur 2021. Rekstrartekjur aukast svo um 5% árið 2023 og um 4% öll árin 2024 til 2026.

Rekstrargjöld 2022 eru áætluð 3.063 m.kr. og aukast um 13,3% m.v. útkomuspá 2021. Rekstrargjöld skiptast í rekstur og viðhald eignasafnsins og skrifstofu- og stjórnunarkostnað. Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld aukist um á bilinu 2% til 6% á árunum 2023 til 2026.

Rekstur og viðhald eignasafnsins skiptist í þrjá megin flokka þ.e. rekstur fasteigna sem samanstendur af húsfélagsgjöldum stakra íbúða, rafmagni, hita íbúða, lóðaumhirðu, rekstur öryggis- og eftirlitskerfa og annars tilfallandi rekstrarkostnaðar leigugeininga þar sem Félagsbústaðir eiga allt fjölbýlishúsið og sjá um rekstur sem er í höndum húsfélaga þar sem félagið á stakar eignir. Í öðru lagi er viðhalds- og framkvæmdakostnaður, þar á meðal er framkvæmdakostnaður húsfélaga þar sem félagið á stakar íbúðir, verktakakostnaður þ.e. efnis- vinnu- aksturs- og tækjakostnaður iðnaðarmanna auk tilfallandi kostnaðar vegna framkvæmda s.s. leyfisgjöld og hönnunarkostnaður. Nánar er gerð grein fyrir verktakakostnaði í kaflanum framkvæmdir og viðhald. Í þriðja lagi eru lögbundin opinber gjöld þ.e. fasteignagjöld, vatns- og fráveitugjöld og brunatrygging fasteigna.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkar um 88 m.kr. frá útkomuspá eða um 16,2%. Hækkunin skýrist að mestu af hækkun launa og launatengdra gjalda um 66 m.kr. sem skýrist af kjarasamningsbundnum launahækkunum og fjölgun stöðugilda úr 28 í 31. Ekki er gert ráð fyrir frekari aukningu stöðugilda á árunum 2023 til 2026. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 6,4% milli ára en stærstu útgjaldaliðir þar eru ýmis sérfræðipjónusta, upplýsingatækni-kostnaður og annar skrifstofu- og starfsmannakostnaður. Afskrifaðar tapaðar kröfur eru áætlaðar 50 m.kr. á árinu 2022 eða 34,2% hærri en útkomuspá 2021.

Þróun undirlíða	2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022	Fimm ára áætlun			
				2023	2024	2025	2026
Leigutekjur	3,4%	9,4%	7,0%	5,1%	4,0%	4,2%	4,0%
Aðrar tekjur	5,6%	10,3%	15,7%	4,9%	3,9%	4,0%	3,9%
Rekstur og viðhald eignasafns	4,3%	5,3%	12,6%	5,6%	3,8%	2,0%	3,2%
Rekstur fasteigna	9,2%	15,9%	7,8%	4,6%	3,7%	3,8%	3,7%
Viðhald og framkvæmdir	0,2%	0,1%	13,1%	3,8%	2,8%	-0,8%	2,5%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	8,4%	5,5%	16,9%	9,9%	5,7%	5,1%	4,1%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3,2%	17,7%	16,2%	1,9%	2,6%	2,4%	2,7%
Laun og launatengd gjöld	9,4%	11,8%	18,3%	2,3%	3,1%	3,1%	3,1%
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	28,5%	3,6%	6,4%	1,4%	2,2%	1,3%	2,3%
Útgjöld í hlutfalli af rekstrartekjum							
Rekstur og viðhald eignasafns	44,0%	42,3%	44,2%	44,4%	44,4%	43,4%	43,1%
Rekstur fasteigna	10,5%	11,2%	11,2%	11,1%	11,1%	11,1%	11,0%
Viðhald og framkvæmdir	22,4%	20,5%	21,5%	21,3%	21,0%	20,0%	19,7%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	11,0%	10,6%	11,5%	12,1%	12,3%	12,4%	12,4%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9,9%	10,7%	11,5%	11,2%	11,0%	10,8%	10,7%
Laun og launatengd gjöld	6,9%	7,1%	7,8%	7,6%	7,5%	7,4%	7,4%
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3,0%	2,9%	2,8%	2,7%	2,7%	2,6%	2,6%
Framlag í afskriftarreikning viðskiptakrafna	0,0%	0,7%	0,9%	0,9%	0,8%	0,8%	0,8%
Vaxtagjöld	23,2%	21,9%	21,0%	21,2%	20,7%	21,2%	20,9%
Afborganir langtímalána	20,4%	22,5%	22,5%	23,2%	24,0%	24,7%	25,4%

Fjármagnskostnaður

Áætlaðar afborganir af langtímalánum nema 1.237 m.kr. á árinu 2022, áætlaðar vaxtagreiðslur lánanna nema 1.153 m.kr. Greiðslubyrði lána nemur því 2.390 m.kr., gert er ráð fyrir að lántökur aukist í samhengi við auknar fjárfestingar. Vaxtagjöld á tímabilinu 2023 til 2026 aukast í takti við aukna lántöku en haldast nokkuð stöðug í hlutfalli við rekstrartekjur eða um 21%. Afborganir langtímalána taka hins vegar að aukast meira á tímabilinu 2023 til 2026 og aukast sem hlutfall af rekstrartekjum úr 22,5% árið 2022 í 25,4% árið 2026.

Efnahagur og sjóðstreymi

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022	Fimm ára áætlun			
				2023	2024	2025	2026
Fjárfestingareignir	99.103.263	121.337.824	131.472.386	140.590.612	146.967.149	151.758.646	157.248.645
Eignir til eigin nota	245.829	231.562	213.962	196.362	179.362	162.562	146.562
Langtímakröfur	41.313	43.052	44.107	45.180	46.311	47.468	48.684
Fastafjármunir samtals	99.390.404	121.612.439	131.730.456	140.832.154	147.192.822	151.968.676	157.443.891
Viðskiptakröfur	68.288	66.033	66.033	66.033	66.033	66.033	66.033
Aðrar skammtímakröfur	275.216	184.057	184.057	184.057	184.057	184.057	184.057
Handbært fé	727.334	340.679	398.704	408.742	418.205	424.003	427.933
Veltufjármunir samtals	1.070.837	590.769	648.794	658.832	668.295	674.093	678.023
Eignir samtals	100.461.241	122.203.208	132.379.250	141.490.986	147.861.118	152.642.769	158.121.913
Eigið fé	48.819.546	65.276.857	71.211.755	76.929.928	80.996.036	83.852.880	86.761.457
Skuldbindingar	2.959.767	4.836.867	6.055.425	7.161.288	7.884.468	8.483.640	9.281.209
Langtímaskuldir	46.620.844	50.092.003	53.009.946	55.197.970	56.678.773	57.891.371	59.566.191
Skammtímaskuldir	2.061.085	1.997.480	2.102.124	2.201.799	2.301.842	2.414.877	2.513.057
Skuldir og eigið fé samtals	100.461.241	122.203.208	132.379.250	141.490.986	147.861.118	152.642.769	158.121.913

Áætlað verðmæti heildareigna félagsins í árslok 2022 er 132.379 m.kr. Þar af er áætlað að verðmæti fjárfestingareigna verði 131.472 m.kr. Eigið fé er áætlað 71.212 m.kr. í árslok 2022 og skuldir og skuldbindingar 56.926 m.kr. og er eiginfjárlutfall því 53,8%. Fjárfestingareignir vaxa áfram í takti við fjárfestingaráætlun og þróun vísitölu íbúðaverðs auk þess sem skuldir og skuldbindingar félagsins halda áfram að hækka. Gert er ráð fyrir að eiginfjárlutfallið hækki úr 53,8% í 54,9% árið 2026.

Veltufé frá rekstri er áætlað 1.296 m.kr., áætlaðar fjárfestingar nema 3.988 m.kr., en nánar er fjallað um þær í kaflanum framkvæmdir og viðhald. Fjármögnunarmarkaðshreyfingar nema 2.750 m.kr. þar af eru nýjar lántökur áætlaðar 3.003 m.kr. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri aukist 2023 til 2026 og að það dugi fyrir afborgunum langtímalána öll árin.

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022	Fimm ára áætlun			
				2023	2024	2025	2026
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi	1.442.716	16.457.311	5.934.898	5.718.173	4.066.108	2.856.844	2.908.577
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Afskriftir eigna til eigin nota	18.661	20.493	17.600	17.600	17.000	16.800	16.000
Hrein fjármagnsgjöld	2.605.730	3.141.532	2.411.038	2.576.399	2.698.634	2.822.179	2.946.714
Matsbreyting fjárfestingareigna	-1.741.627	-17.196.988	-5.913.325	-5.732.301	-4.086.116	-2.819.566	-2.850.847
Söluhagnaður eigna til eigin nota	-157.483	0	0	0	0	0	0
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta	2.167.997	2.422.348	2.450.211	2.579.871	2.695.626	2.876.257	3.020.443
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	-194.134	-129.822	0	0	0	0	0
Nettó greidd vaxtagjöld	-1.084.766	-1.118.141	-1.153.736	-1.226.992	-1.243.896	-1.328.218	-1.361.073
Handbært fé frá rekstri	889.097	1.174.385	1.296.475	1.352.879	1.451.730	1.548.038	1.659.370

<i>Fjárhæðir í þús.kr.</i>	Raun 2020	Útsp. 2021	Áætlun 2022	Fimm ára áætlun			
				2023	2024	2025	2026
Fjárfestingarhreyfingar	-4.984.075	-4.141.232	-3.988.014	-3.136.023	-2.101.815	-1.836.945	-2.495.806
Fjármögnunarhreyfingar	3.763.559	2.580.192	2.749.564	1.793.182	659.549	294.704	840.366
Breyting á handbæru fé	-331.419	-386.655	58.025	10.038	9.463	5.798	3.930
Handbært fé í upphafi tímabils	1.058.753	727.334	340.679	398.704	408.742	418.205	424.003
Handbært fé í lok tímabils	727.334	340.679	398.704	408.742	418.205	424.003	427.933
Veltufé frá rekstri	1.083.231	1.304.208	1.296.475	1.352.879	1.451.730	1.548.038	1.659.370



Mynd 1: Yfirlitsmynd af Sævarhöfða, tekin í sumarið 2021.

MALBIKUNARSTÖÐIN HÖFÐI HF.


Malbikunarstöðin Höfði hf. er í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 voru sameinuð tvö borgarfyrtæki Malbikunarstöð - og Grjótnám Reykjavíkurborgar í eitt hlutafélag.

SKIPURIT

Malbikunarstöðin Höfði skiptist í 4 deildir, sjá skipurit. Nokkrar breytingar hafa orðið á skipuriti félagsins á árinu 2021 bæði í stjórn - og stjórnendateymi félagsins. Í lok nóvember 2020 var haldinn aukaaðalfundur þar sem Pawel Bartoszek hætti í stjórn og Helgi Geirharðsson tók sæti í stjórn í stað Pawels en Helgi var einnig kosinn stjórnarformaður félagsins að loknum aukaaðalfundi.

Í sumar hætti Baldur Einarsson sem tæknistjóri Höfða sökum aldurs eftir tæplega 15 ára starf hjá fyrirtækinu. Í lok sumars hætti Katrín Þuríður Pálsdóttir sem aðstoðarframkvæmdastjóri Malbikunarstöðvarinnar Höfða en hún hafði gegnt því starfi í tæp tvö ár en hún var áður verkefnastjóri hjá Höfða.

Í lok sumars hóf Hörður Gunnarsson störf hjá Höfða en hann tók við starfi rekstrarstjóra sem er ný staða hjá fyrirtækinu og á sama tíma var ákveðið að leggja niður stöðu aðstoðarframkvæmdastjóra og – tæknistjóra, sjá skipurit hér á eftir.



Hlutverk

Malbikunarstöðin Höfði hf. rekur grjótmulningsstöð og tvær malbikunarstöðvar, leggur út malbik og annast hálkueyðingu og snjómokstur. Fyrirtækið framleiðir malbik og steinefni í samræmi við ÍST EN staðla. Til að tryggja örugga og varanlega vegi leggur fyrirtækið mikinn metnað í rannsóknir og þróun. Framleiðsluvörur fyrirtækisins, bæði malbik og steinefni, eru CE merktar og vottaðar af viðurkenndan vottunaraðila innan ESB. British Standard (BSI) er vottunaraðili fyrirtækisins

Malbikunarstöðin Höfði hf., er traust fyrirtæki, sem vinnur stöðugt að endurbótum á framleiðsluvörum sínum, þjónustu og framkvæmdum á vegum fyrirtækisins.

Fyrirtækið fer að lögum og reglugerðum og framfylgir stöðlum varðandi framleiðsluvörur sínar. Fyrirtækið selur viðskiptavinum sínum góða vöru og veitir þeim jafnframt góða þjónustu og uppfyllir þannig kröfur og óskir viðskiptavina sinna.

Malbikunarstöðin Höfði er með vottuð gæðakerfi sem eru tekin út af óháðum aðila á því sviði. Malbikunarstöðin Höfði hefur byggt upp gæðakerfi sem uppfylla kröfur eftirfarandi kröfustaðla:

- ÍST EN ISO 9001:2015 Gæðastjórnun
- ÍST EN ISO 14001:2015 Umhverfisstjórnun
- ÍST EN ISO 45001:2018 Öryggis og heilbrigðisstjórnun
- ÍST 85:2012-Jafnlaunastaðall Jafnlaunavottun


FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022-2026

Rekstrarreikningur Malbikunarstöðvarinnar Höfða er ekki birtur af samkeppnisástæðum.

STARFSFÓLK

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi starfsmanna	39	36	34
Fjöldi stöðugilda	39	36	34
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Hráefnadeild	5	4	2
Framleiðsludeild	6	5	5
Framkvæmdadeild	20	19	19
Rannsóknir	2	2	2
Skrifstofa	6	6	6

SKIPTING REKSTRAR 2022



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Megináherslur fyrirtækisins næsta ár verða fólgnaðar í því að hefja starfsemi malbikunarstöðvar og uppbyggingu fyrirtækisins á nýrri lóð að Álhelli í Hafnarfirði. Áfram verður haldið að hagræða í rekstri en um leið að verja störf eins og nokkur kostur er.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er að víkja af svæðinu á Ártúnshöfða vegna uppbyggingar nýrrar íbúðabyggingar. Fyrirtækið hefur á undanförunum árum skoðað heppilegar lóðir fyrir sína starfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Nú í vor var ákveðið að kaupa lóð að Álhelli 18 í Hafnarfirði en lóðin var í eigu Munck á Íslandi sem hafði í skamman tíma rekið þar malbikunarstöð. Undirbúningur fyrir flutninga er hafinn og verið er að taka niður malbikunarstöðina að Sævarhöfða sem reist verður upp að nýju á lóð félagsins í Hafnarfirði. Búið er að samþykkja starfsleyfi fyrir malbikunarstöð sem staðsett er að Álhelli 18 og gildir það leyf til júní 2034. Ljóst er að um flókið, tímafrekt og kostnaðarsamt verkefni er að ræða en áætlað er að flytja starfsemi á áföngum. Núgildandi starfsleyfi félagsins að Sævarhöfða rennur út 31. desember 2022 en reiknað er með framleiðslu á malbiki verði hætt í lok árs 2021 en áfram verði unnin steinefni í grjótmulningsstöð. Miðað er við að halda að mestu óbreyttri starfsemi við Sævarhöfðann á meðan uppbygging fer fram á nýrri lóð en þó verður ekki mögulegt að reka malbikunarstöðvar á tveimur stöðum, tímabundið á árinu 2022 eins og til stóð í fyrri áætlun félagsins.

Með kaupum á lóð að Álhelli 18 í Hafnarfirði þá var hætt við áform um kaup á lóð á Esjumelum eins og stefnt var að við gerð síðustu fjárhagsáætlunar Malbikunarstöðvarinnar Höfða.

Miðað er við að árið 2022 verði unnið við niðurtekt á eldri malbikunarstöð (ViaNova) og asfalttanka við Sævarhöfða. Hægt verður að nýta einhvern hluta búnaðar úr eldri stöð, en reynt verður að selja búnað sem ekki nýtist á nýrri lóð og svo þarf að farga öðru sem til fellur í brotajárn. Ekki verður hægt að flytja grjótmulningsstöðina í þeirri mynd sem hún er í dag og því er gert ráð fyrir að hráefnadeildin verði lögð niður á árinu 2022. Miðað er við að fyrirtækið muni kaupa nánast allt hráefni fullunnið sem nota á í malbiksframleiðslu en til skoðunar er að fjárfesta í búnaði sem getur brotið gamalt malbik sem hægt er að endurvinnna í nýframleiðslu malbiks. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir á lóð í Hafnarfirði verði unnar í áföngum og að þeim verði að mestu lokið á árinu 2023.

Malbikunarstöðin Höfði mun þurfa að fjarlægja öll mannvirki af lóðinni við Sævarhöfða og miðað er við að fyrirtækið þurfi að greiða allan þann kostnað sem til fellur við rif og hreinsun mannvirkja. Áætlað er að þessar framkvæmdir verði unnar í áföngum og að þær framkvæmdir dreifist á árin 2021-2023.

Framleiðsla Malbikunarstöðvarinnar Höfða árið 2021 stefnir í að verða mun minni en gert var ráð fyrir í upphafi árs. Fyrirtækið náði nokkrum verkefnum sem voru í boði á höfuðborgarsvæðinu og víðar á Suður- og Vesturlandi. Nýtt fyrirtæki reisti malbikunarstöð árið 2020 sem staðsett er á Esjumelum en tilkoma þess hefur aukið samkeppni á þessum markaði sérstaklega í sölu og framleiðslu á malbiki. Í áætlunum Höfða er gert ráð fyrir að malbiksframleiðsla aukist aftur árið 2022 og einnig að aukning verði í malbiksútlögnum.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Hráefnadeild: Grjótmulningsstöð hráefnadeildar mylur innlent steinefni og gamalt malbik fyrir malbiksframleiðslu. Deildin hefur spilað lykilhlutverk í rekstri fyrirtækisins með vinnslu steinefnis úr Lambafellsnáum. Mikil sérþekking er innan fyrirtækisins á framleiðsluferli steinefna með kjálkabryt, keilubryt og kastbryt. Grjótmulningsstöðin er komin til ára sinna, henni fylgir hár viðhaldskostnaður og afköst eru takmörkuð en reiknað er með að hún verði ekki flutt í þeirri mynd sem hún er í dag. Það er gert ráð fyrir að deildin verði lögð niður í árslok 2022 og því þarf fyrirtækið að leita annarra leiða til að tryggja framleiðsludeildinni tilbúið steinefni í malbiksframleiðslu á hagstæðu verði.

Framleiðsludeild: Framleiðsludeild framleiðir nú malbik með tveimur malbikunarstöðvum, ViaNova sem var reist 1972 og Benninghoven var reist 2006. Deildin framleiðir allar tegundir malbiks, þ.e. með

endurunnu malbiki, steinríkt malbik og malbik með ýmsum tegundum íblöndunarefna. Í fjárhagsáætluninni er miðað við að Benninghoven stöðin verði staðsett á nýrri lóð. Miðað er við að nauðsynlegt sé að endurnýja ýmsan vél- og rafbúnað sem tilheyrir stöðinni samhliða vinnu við flutnings stöðvarinnar. Í ársbyrjun 2022 er gert ráð fyrir hægt verði að framleiða malbik, með Benninghoven stöðinni í Hafnarfirði.

Framkvæmdadeild: Framkvæmdadeildin sinnir malbiksútlagningu á sumrin og vetrarþjónustu á veturna. Framkvæmdadeildinni tilheyrir vélar og tæki til malbiksútlagna ásamt vörubifreiðum sem sinna flutningum á malbiki og steinefnum á sumrin og hálkueyðingu og snjómokstri á veturna. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag deildarinnar haldist óbreytt við flutning fyrirtækisins.

Rannsókn- og þróunardeild: Rannsókn- og þróunardeild þjónustar allar deildir fyrirtækisins með steinefnarannsóknum, hönnun malbiksuppskrifta, eftirlit með framleiðslu malbiks og rannsóknir á útlögðu malbiki. Gert er ráð fyrir að fyrirkomulag deildarinnar haldist óbreytt við flutning fyrirtækisins.

Skrifstofa: Skrifstofan inniheldur afgreiðslu, sölu- og markaðsdeild ásamt yfirstjórn fyrirtækisins.

FJÁRFESTINGAR

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir fjárfestingum sem tengjast annars vegar daglegum rekstri og hins vegar fjárfestingar vegna flutninga fyrirtækisins.

Við kaup á tækjum og búnaði er horft til framtíðar og hvernig tæki og búnaður gagnast á komandi árum. Tengist það að hluta flutningum en auk þess gera verkkaupar meiri kröfur um gæði, hagkvæmni í rekstri og rekjanleika framleiðslunnar sem krefst endurnýjunar á tækjabúnaði. Fylgst er með nýjungum á markaði og gerðar nauðsynlegar breytingar eftir því sem við á fyrir íslenskar aðstæður. Engar ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar án undangenginnar ítarlegrar umfjöllunar í stjórn fyrirtækisins.

Fjárfestingar varðandi flutning fyrirtækisins skiptist í hönnun, byggingarstjórn, eftirlit, aðstöðusköpun, frágang á nýrri lóð, athafnasvæði, flutning á malbikunarstöð, flutning búnaðar og efnishauga, frágang núverandi lóðar, lóðarverð, leyfismál og annar kostnaður. Stærsti hluti kostnaðar fellur á árunum 2021-2023.

Frágangur á lóðar við Sævarhöfða 6-10 er metinn á 200 m.kr. en miðað er við að kostnaður þessa árs verði 70 m.kr. en 50 m.kr. árið 2022 og 80 m.kr. árið 2023. Þessi kostnaður fellur undir annan framleiðslukostnað þessi ár í fjárhagsáætlun.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Eiginfjárlutfall	87%	88%	88%	82%	71%
Arðsemi eigin fjár	7%	8%	-1%	-20%	-9%
Veltufjárlutfall	6,05	6,14	6,33	3,19	3,3
Skuldahlutfall	13%	12%	12%	18%	29%

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir eftirfarandi lántöku til að fjármagna flutninga:

- Lán tekið 1.6.2021 að upphæð 150 m.kr. fastar afborganir til 5 ára, 4 greiðslur á ári, 5,8% fastir vextir
- Lán tekið 1.1.2022 að upphæð 210 m.kr. fastar afborganir til 15 ára, 4 greiðslur á ári, 6,5% fastir vextir

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Umsvif					
Framleiðsla malbiks, tonn	92.012	85.352	57.849	65.000	70.000
Framleiðsla hráefnisdeildar, tonn	41.894	44.910	39.165	32.000	33.500
Útlagning malbiks, tonn	37.765	39.118	25.378	29.000	34.000



ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

HLUTVERK OG SKIPULAG

Orkuveita Reykjavíkur, (OR) er orku- og veitufyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum í þeim sveitarfélögum sem hún þjónar. Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt og af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. Gildi Orkuveitu Reykjavíkur eru: framsýni, hagsýni og heiðarleiki.

Skipulag OR má rekja til gildistöku breytinga á raforkulögum í ársbyrjun 2014. OR er nú samstæða þjónustufyrirtækja með þjónandi móðurfélagi. Dótturfélögin eru Veitur, sem sér um uppbyggingu og rekstur veitukerfa sem flest eru starfrækt með sérleyfi, Orka náttúrunnar, sem rekur orkuver og selur rafmagn á samkeppnismarkaði, Ljósleiðarinn, en undir merkjum hans byggir Gagnaveita Reykjavíkur upp fjarskiptakerfi á samkeppnismarkaði, og Carbfix, sprotafyrirtæki til útbreiðslu á samnefndri aðferð til kolefnisbindingar.

OR SAMSTÆÐAN

Móðurfélagið, Orkuveita Reykjavíkur, er sameignarfyrirtæki sem starfar samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur Orkuveitu Reykjavíkur eru þrír; Reykjavíkurborg, Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. OR lýtur stjórn sem kjörin er af sveitarstjórnnum eigenda. Forstjóri OR fer með hluti OR í dótturfélögum. Innan móðurfélagsins eru fjögur svið sem þjóna allri samstæðunni; Mannauður og menning sem heldur utan um mannauðsmál, símenntun og aðbúnað, Rannsóknir og nýsköpun sem er sameiginlegt þróunarsvið vísinda- og tæknifólks, Fjármál sem hefur meðal annars umsjón með fjármögnun, reikningshaldi, upplýsingatækni, innkaupum og áhættustýringu og Þjónusta sem hefur meðal annars umsjón með þjónustuveri og reikningagerð. Undir forstjóra heyrja Stjórnhættir og stefna þar sem starfa sérfræðingar í ýmsum málaflokkum sem starfa með öllum fyrirtækjunum í samstæðunni.

EIGENDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR



Reykjavíkurborg
93,539%



Akraneskaupstaður
5,528%




Borgarbyggð
0,933%

Fyrstu arðgreiðslur til eigenda eftir hrun voru árið 2017.

Arðgreiðslur taka ávallt mið af:

- Arðgreiðsluskilyrðum sem stjórn OR og eigendur samþykktu undir lok árs 2015
- Markmiðum stjórnar og eigenda um arðsemi rekstursins og einstakra þátta hans
- Kröfu í eigendastefnu OR um sanngjarnt verð fyrir þjónustu
- Opinberum reglum um arðsemi sérleyfisþátta

SKIPURIT SAMSTÆÐU OR



STEFNA OR

OR nýtir náttúruna á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt og af virðingu án þess að ganga á rétt komandi kynslóða. OR kappkostar að mæta þörfum viðskiptavina með góðri þjónustu á sanngjörnu verði, traustum rekstri og hlýju viðmóti. Framtíðarsýn samstæðunnar hvílir á nokkrum grunnstoðum og hefur samfélagsábyrgð að leiðarljósi. Grunnstoðirnar eru lykiláherslur í starfseminni:

- nýta náttúrugæði á sjálfbæran og ábyrgan hátt
- vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og vinna að stöðugum umbótum
- bera virðingu fyrir þörfum viðskiptavina og veita góða og örugga þjónustu
- Búa yfir fjárhagslegum styrk og hagkvæmni sem tryggir þjónustu í takti við þarfir samfélagsins
- vera eftirsóknarverður vinnustaður þar sem fagþekking og þjónustuvilji fer saman


Heildarstefna OR er stefna samstæðunnar. Svið og dótturfélög í samstæðu OR hafa jafnframt mótað sér framtíðarsýn og stefnu varðandi það hvernig þau uppfylla hlutverk sitt innan samstæðunnar þannig að þau geti sameiginlega náð árangri.

INNGANGUR

Fjárhagsspá samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur fyrir árið 2022 og langtímaspá fyrir árin 2023-2027 er samandregin fyrir móðurfélagið og dótturfélögin Veitur, Orku náttúrunnar, Gagnaveitu Reykjavíkur og Carbfix. Spá hvers dótturfélags hlaut samþykki viðkomandi stjórnar áður en samstæðuspáin var samþykkt í stjórn OR.

Við gerð fjárhagsspár fyrir samstæðu OR er beitt stefnumiðaðri spágerð (e. Beyond budgeting). Í aðferðinni felst að skráð stefna fyrirtækjanna er lögð til grundvallar og þau mælanlegu markmið sem af stefnunni leiða. Meginmarkmið samstæðu OR er að gegna þeim grunnhlutverkum sem lýst er í eigendastefnu OR af samfélagslegri ábyrgð. Fyrirtækin hafa komið sér upp margvíslegum mælikvörðum í þessu skyni og er staða þeirra birt árlega í Ársskýrslu OR. Fjárhagsleg markmið og lykilmælikvarðar eru einnig sett fram með myndrænum hætti í þessari spá.

ÞJÓNUSTUÖRYGGI VEITNANNA 2020








Þjónustuöryggi er reiknað þannig að samanlagðri tímalengd ófyrirséðra truflana sem viðskiptavinir verða fyrir er deilt niður á alla viðskiptavini hversrar veitu. Hlutfallið segir svo til um hversu stóran hluta ársins að jafnaði hver viðskiptavinur naut þjónustu.

Helstu fjárfestingar sem ráðist er í á spátímabilinu til að efla þjónustuna og treysta sjálfbærni starfseminnar eru:

- Allsherjaruppfærsla á orkumælum hjá viðskiptavinum. Nýir snjallmælar skapa tækifæri til fjölbreyttari og betri þjónustu við viðskiptavini.
- Ný aðveitustöð rafmagns við Sundahöfn í Reykjavík sem í senn eflir afhendingaröryggi rafmagns og gefur kost á landtengingu stórra skipa sem brenna þá síður jarðefnaeldsneyti.
- Dælustöð fráveitu við Elliðavog. Hún er af nýrri kynslóð þar sem ekki þarf að losa skólp í sjó þó unnið sé að viðhaldi.
- Tvöföldun Suðuræðar hitaveitu á höfuðborgarsvæðinu og dælustöð sem eykur flutningsgetu og rekstraröryggi.
- Aðlögun og uppbygging veitukerfa vegna Borgarlínu og annarra fjárfestinga í innviðum samgangna.
- Veitukerfi vegna endurbyggingar Höfðahverfis í Reykjavík.
- Viðhaldsboranir og tvöföldun Hverahlíðarlagnar til gufuöflunar fyrir virkjanirnar á Hengilssvæðinu.
- Uppfærsla stjórnbúnaðar Nesjavallavirkjunar
- Jarðfræðirannsóknir á Hengilssvæðinu.
- Styrking stíflumannvirkja og hreinsun lóns við Andakílsárvirkjun.
- Lagning ljósleiðara til heimila í þéttbýli Reykjanesbæjar, Árborgar og Voga á Vatnsleysuströnd.
- Önnur uppbygging og styrking gagnaflutningskerfisins sem arðsöm telst, meðal annars m.t.t. uppbyggingar 5G farsímakerfis.
- Frekari þróun og aukin þekking kolefnisförgunar í bergi með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftslagsbreytingum.
- Uppbygging Elliðaárstöðvar, sögu- og tæknisýningar í Elliðaárdal, ásamt frágangi og enduruppbyggingu í dalnum.
- Enduruppbygging þess hluta skrifstofuhúsnaðis OR við Bæjarháls sem er alvarlega skemmdur af raka.

Markmið um aukin lífsgæði

Orkuveita Reykjavíkur vinnur jafnframt að fimm skilgreindum markmiðum til ársins 2023 með aukin lífsgæði að leiðarljósi.

 <p>FJÖLGUN RAFBÍLA</p>	 <p>LÉTTARA KOLEFNIS- SPOR</p>	 <p>HEIL HEIM</p>	 <p>ÁNÆGT STARFS- FÓLK</p>	 <p>GÓÐUR SAMFÉLAGS- PEGN</p>
Heildarfjöldi tengjanlegra rafbíla	Stærð kolefnisspors miðað við árið 2015	Fjarvera starfsfólks vegna veikinda eða slysa	Starfsánægja samkvæmt greiningu	Afstaða almennings til vörumerkja OR
Markmið: 40.000	Viðmið: -30%	Markmið: < 3,6%	Viðmið: 4,2	Viðmið: 5,7
Staða: 22.029	Markmið: -40%	Staða: 2,3%	Markmið: 4,5	Markmið: 6,3
	Staða: -20%		Staða: 4,3	Staða: 6,2

Viðmið í loftslagsmálum er sótt í Parísarsáttmálann, um starfsánægju í gagnagrunninn Ísland í vinnunni og í vörumerkjameiningum meðaltal mælinga á afstöðu til vörumerkja íslenskra fyrirtækja á starfssviði samstæðu OR.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Orkuveita Reykjavíkur er aðili að Global Compact og starfar að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með sérstakri áherslu á fimm þeirra.

<p>5 JAFNRÉTTI KYNJANNA</p> 	<p>6 HREINT VATN OG HREINLÆTISADSTABA</p> 	<p>7 SJÁLFBÆR ORKA</p> 	<p>12 ABYRG NEYSLA OG FRAMLEIBSLA</p> 	<p>13 AÐGERDIR Í LOFTSLAGSMÁLUM</p> 
Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað	Tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu, allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu	Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði	Sjálfbær neyslu- og framleiðslu-mynstur verði tryggð	Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslags-breytingum og áhrifum þeirra

Fjárhagsspá Orkuveitu Reykjavíkur 2022 og fimm ára spá 2023–2027 fer til umfjöllunar hjá Reykjavíkurborg, sem hluti af fjárhagsáætlun samstæðu Reykjavíkurborgar.

ÁHERSLUR 2022-2027

Veitur

Hlutverk: Hlutverk Veitna er að þróa og byggja upp veitukerfi sem eru grundvöllur lífsgæða.

Megináherslur 2022-2027: Samkvæmt stefnu og framtíðarsýn Veitna, sem var samþykkt vorið 2018, er starfsfólk félagsins á þeirri vegferð að breyta fyrirtækinu úr hefðbundnu veitufyrirtæki í framsækið þjónustu- og þekkingarfyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum og virkni samfélagsins.

Helstu fjárfestingar: Stærstu einstöku fjárfestingaverkefni á tímabilinu eru m.a. uppbygging nýrra hverfa á höfuðborgarsvæðinu, aðlögun og uppbygging veitukerfa vegna Borgarlínu og annarra fjárfestinga í innviðum samgangna. Endurnýjun á aðveituæð hitaveitu Akraness og Borgarbyggðar, innleiðing stafrænna mæla og bygging nýrrar aðveitustöðvar fyrir rafveitu.

Orka náttúrunnar

Hlutverk: Orka náttúrunnar á og rekur virkjanir sem framleiða rafmagn fyrir fyrirtæki og heimili um landið allt og heitt vatn fyrir veitusvæði Veitna. Tilgangur starfsemi Orku náttúrunnar er að auka lífsgæði og skapa verðmæti á sjálfbæran hátt sem og að vera leiðandi afl í nýsköpun og þróun endurnýjanlegrar orku.

Megináherslur 2022-2027: Stefna Orku náttúrunnar er leiðarljós við gerð þessarar fjárhagsspar. Stefnustraumar ON eru fimm talsins: Ánægðir viðskiptavinir og fjölbreyttir markaðir, fyrirmynd í rekstri, græn nýsköpun, stafræn forysta og menningin okkar. Meðal áherslna á spátímabilinu er ábyrg nýting auðlinda; öruggur og hagkvæmur virkjanarekstur; þróun jarðhitagarðs, þjónusta við rafbílaeigendur og markviss skref í átt að sporléttri vinnslu.

Helstu fjárfestingar: Fjárfestingar ON miða að því að tryggja áframhaldandi góða nýtingu virkjana og að uppfylla opinberar kröfur sem og metnað ON í umhverfismálum. Fjárfest verður í nauðsynlegri uppfærslu á stjórnbúnaði Nesjavallavirkjunar, lofthreinsistöð á Hellisheiði í þeim tilgangi að gera rekstur virkjunarinnar sporlausan árið 2025 auk þess sem gert er ráð fyrir byggingu Hverahlíðarlagnar II, endurbótum á stíflumannvirkjum Andakílsárvirkjunar og rannsóknum á nýjum svæðum.

Ljósleiðarinn

Hlutverk: Tilgangur Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., sem starfar undir merki Ljósleiðarans, er rekstur fjarskipta- og gagnaflutningskerfis og skyld starfsemi.

Megináherslur 2022-2027: Áhersla er lögð á að fjölga heimilum og fyrirtækjum sem geta tengst Ljósleiðaranum og að fjölga viðskiptavinum.

Helstu fjárfestingar: Á spátímabilinu er stefnt að því að ljúka lagningu ljósleiðara til heimila í þéttbýli Reykjanesbæjar, Árborgar og Voga á Vatnsleysuströnd. Ásamt því að tengja nýbyggingar á starfssvæði ljósleiðarans og að opna net ljósleiðarans verði í boði til sem flestra heimila og fyrirtækja á landinu enda séu verkefni arðbær.

Carbfix

Hlutverk: Carbfix stuðlar að frekari þróun, þekkingu og útbreiðslu kolefnisförgunar í bergi með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sporna gegn loftslagsbreytingum.

Megináherslur 2022-2027: Fjárhagsspá endurspeglar stefnuáherslur um að Carbfix sé í fararbroddi í umhverfisvænni og hagkvæmri kolefnisförgun, vinni að frekari þekkingarsköpun og byggji upp skilvirkan og hagkvæman rekstur.

Helstu fjárfestingar: Uppbygging á frekari hreinsun og förgun kolefnis við Hellsheiðar- og Nesjavallavirkjun. Undirbúningur uppbyggingar Coda Terminal, móttöku- og förgunarmiðstöðvar fyrir CO₂. Fýsileikakönnun á förgun CO₂ frá Sorpu með sölu á kolefniskvótum að markmiði. Áframhaldandi nýsköpun og þróun Carbfix tækninnar, m.a. með tilraunaniðurdælingu með sjó.

FORSENDUR FJÁRHAGSSPÁR OR 2022-2027

Forsendur fjárhagsspár 2022-2027 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem gefin var út í mars 2021 sem og spám frá Seðlabanka Íslands, Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur. Forsendur um þróun álverðs byggja á upplýsingum frá London Metal Exchange. Við vaxtaspár var miðað við fóligna framvirka vexti eftir myntum og vaxtakjör einstakra samninga.

Lýsing	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027
Vísitala neysluverðs, breyting (%)	4,1	2,4	2,5	2,5	2,5	2,5	2,5
Byggingavísitala (%)	5	2,6	2,5	2,6	2,5	2,6	2,5
Launavísitala, breyting (%)	7,1	6,3	4,2	4,2	4,1	4,2	4,2
Gengisvísitala (%)	-2,1	-1,0	-0,3	0,0	0,0	0,0	0,0
Álverð, meðalverð ársins (\$)	2.421	2.583	2.535	2.484	2.457	2.436	2.382

FORGANGSRÖÐUN OG MAT Á FJÁRFESTINGUM


Í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur er hlutverk og kjarnastarfsemi fyrirtækisins skilgreind og liggur hún til grundvallar forgangsröðunar fjárfestinga. Þau verkefni sem tilgreind eru í fjárfestingarspá hafa hlotið ítarlega umfjöllun innan fyrirtækisins. Fjárfestingarákvarðanir fara í gegnum nokkur stig í undirbúningi með reglulegri viðkomu í hliðum (e. Stage-Gate) þar sem hvert og eitt fjárfestingarverkefni þarf í senn að standast samræmdar kröfur til slíkra verkefna og samanburð við önnur verkefni, meðal annars hvað varðar hagkvæmni og ávinning. Þegar verkefni hefur staðist slíkt próf fer það í samþykktarferli hvers fyrirtækis innan samstæðunnar og jafnvel til móðurfyrirtækis eða eigenda, sé umfang þess slíkt.

Fjárfestingar í veitukerfum eru umfangsmesti fjárfestingaflokkur innan samstæðu OR. Við val slíkra verkefna er enn fremur stuðst við hlutlæga greiningu m.a. á eftirfarandi þáttum:

- Aukinni notkun eða fjölgun viðskiptavina
- Bilanasögu lagna og búnaðar
- Aldri lagna eða búnaðar
- Efni í lögnum og búnaði
- Ástandsgreiningu lagna
- Öryggi starfsfólks og viðskiptavina
- Afhendingaröryggi til viðskiptavina
- Áhættu

FJÁRHAGSSPÁ 2022-2027

Rekstur




Mynd 1 – Milljarðar króna

Tekjur hækka á spátímabilinu um 13,4 ma.kr. eða 24,8% að mestu vegna aukinnar rafmagnssölu, aukinnar notkunar á heitu vatni og efnissölu. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður án afskrifta aukist frá 2022 til 2027 um 5,9 ma.kr. eða 29,5%. Aukinn rekstrarkostnað má að mestu rekja til verðlagsbreytinga.


EBITDA stendur fyrir framlegð rekstursins án fjármagnsliða, afskrifta og skatta. EBIT er rekstrarafkoman án fjármagnsliða og skattgreiðslna. Framlegð reksturs OR samstæðunnar hefur verið stöðug og góð síðustu ár. Framlegðin þarf meðal annars að standa undir fjárfestingum fyrirtækjanna í samstæðu OR. Reksturinn krefst verulegra fjárfestinga til að halda við veitukerfum og virkjunum, sinna nýjum viðskiptavinum og mæta auknum kröfum sem til rekstursins eru gerðar.

Framlegð



Mynd 2 – EBITDA / Rekstrartekjur


Afkoma



Mynd 3 – Milljarðar króna

Eins og sjá má á mynd 3 er gert ráð fyrir að afkoman batni á tímabilinu og er gert ráð fyrir að hún verði jákvæð um 17,9 ma.kr. árið 2027. Hafa ber í huga að óreglulegir fjármagnsliðir eins og breytingar á virði framvirkra raforkusölusamninga geta haft veruleg áhrif á afkomu félagsins.

Eignir og eiginfjárhlutfall



Mynd 4 - Eignir í milljörðum króna

Áætlað er að eignir hækki á næstu árum vegna aukinna fjárfestinga í veitukerfum OR. Áfram verði haldið á þeirri vegferð að greiða niður skuldir. Eiginfjárhlutfall styrkist jafnt og þétt á tímabilinu 2022-2027, þ.e. frá því að vera 52,5% í árslok 2022 í 62,1% í árslok 2027.


Handbært fé með bundnum innstæðum og markaðsverðbréfum



Mynd 5 – Milljarðar króna

Handbært fé frá rekstri er einkum nýtt til fjárfestinga og afborgana af lánnum. Hluti skulda verður endurfjármagnaður á tímabilinu með nýrri lántöku. Að teknu tilliti til væntra tekjuskattgreiðslna og arðgreiðslna er gert ráð fyrir að handbært fé og bundnar innstæður í árslok 2027 verði 15,0 ma.kr.


Fjárfestingar



Mynd 6 – Milljarðar króna


Helstu fjárfestingar 2022-2027	milljarðar kr.
Veitukerfi	72,3
Virkjanir	30,7
Aðrar fjárfestingar	9,2
Fjárfestingar alls	112,2

Fjármögnun



Mynd 7 – Milljarðar króna

Afborganir langtímaskulda og handbært fé frá rekstri




Mynd 8 – Milljarðar króna

Árlegar afborganir skulda eru áætlaðar á milli 11,2 og 19,8 ma.kr. á árunum 2022-2027, samtals 99,8 ma.kr.

Lántökur eru áætlaðar 43,3 ma.kr. á tímabilinu.

Arðgreiðslur til eigenda eru áætlaðar 33 ma.kr. á tímabilinu

Nettó vaxtaberandi skuldir og fjármögnunargreifingar




Mynd 9 – Milljarðar króna

Nettó vaxtaberandi skuldir lækka á tímabilinu um 35,9 ma.kr. frá árslokum 2021 samkvæmt fjárhagsspá 2022-2027.

LYKILTÖLUR

Markvisst er unnið að því að styrkja fjárhag fyrirtækisins. Það felur í sér að ná og viðhalda settum markmiðum um stöðu lykiltalna í rekstri s.s. veltufjárhlutfalls, eiginfjárhlutfalls, vaxtaþekju o.fl. Spáin byggir á ákveðnum lykilmælikvörðum til samræmis við áherslur í eigendastefnu OR og beitt er stefnumiðaðri spágerð (e. Beyond Budgeting).

Í samræmi við eigendastefnu OR eru í gildi aðgreiðslukilyrði fyrir fyrirtækið. Þau fela í sér að fjárhagsleg markmið skulu uppfyllt áður en ákveðið er að greiða arð til eigenda og eftir að arður hefur verið greiddur.



Markmið > 40%




Markmið > 1,0



Markmið > 13%



Markmið > 3,5



HORFUR OG SPÁ 2021-2027 - REKSTRARREIKNINGUR

	Raun 2020	Horfur 2021	Spá 2022	Spá 2023	Spá 2024	Spá 2025	Spá 2026	Spá 2027
Rekstrartekjur	48.627	52.305	54.187	56.758	59.499	62.044	64.880	67.614
Rekstrargjöld	19.172	19.295	20.087	21.646	22.959	24.157	25.828	26.012
EBITDA	29.454	33.010	34.100	35.112	36.540	37.886	39.052	41.602
Afskriftir	13.056	13.089	13.525	13.993	14.439	14.862	15.250	15.615
EBIT	16.398	19.921	20.576	21.120	22.101	23.024	23.802	25.987
Fjármagnsliðir	-10.848	1.032	-7.636	-6.382	-6.016	-5.796	-5.594	-5.123
Vaxtatekjur	581	359	398	427	513	604	603	593
Vaxtagjöld	-7.809	-7.883	-6.523	-6.370	-6.788	-6.939	-6.773	-6.526
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum	-3.621	8.557	-1.510	-438	259	540	575	810
Hagnaður fyrir tekjuskatt	5.550	20.954	12.940	14.737	16.085	17.228	18.207	20.865
Tekjuskattur	-78	5.669	1.809	2.152	2.332	2.433	2.486	2.928
Hagnaður (tap) ársins	5.628	15.284	11.131	12.586	13.753	14.795	15.721	17.937

HORFUR OG SPÁ 2021-2027 – EFNAHAGSREIKNINGUR

	Raun 2020 (mkr)	Horfur 2021 (mkr)	Spá 2022 (mkr)	Spá 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)
Eignir	394.164	391.419	389.661	391.431	397.649	402.073	400.317	404.317
Fastafjármunir	356.110	358.826	359.589	365.751	371.174	375.116	377.224	379.051
Veltufjármunir	38.054	32.593	30.072	25.680	26.476	26.957	23.093	25.266
Eigið fé og skuldir	394.164	391.419	389.661	391.431	397.649	402.073	400.317	404.317
Eigið fé	188.126	198.930	204.432	211.850	220.103	229.398	239.119	251.056
Skuldir	206.038	192.488	185.229	179.581	177.547	172.676	161.198	153.261
Langtímaskuldir	175.626	167.363	156.818	153.504	149.785	145.883	137.723	131.639
Skammtímaskuldir	30.413	25.126	28.411	26.077	27.761	26.793	23.475	21.622

HORFUR OG SPÁ – SJÓÐSTREYMI

	Raun 2020 (mkr)	Horfur 2021 (mkr)	Spá 2022 (mkr)	Spá 2023 (mkr)	Spá 2024 (mkr)	Spá 2025 (mkr)	Spá 2026 (mkr)	Spá 2027 (mkr)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	29.330	32.534	34.168	35.119	36.484	37.842	39.012	41.436
Innborgaðar vaxtatekjur	397	359	398	427	513	604	603	593
Greidd vaxtagjöld	-4.852	-4.528	-4.481	-4.392	-4.495	-4.344	-4.000	-3.791
Greiddur tekjuskattur	-1.710	-1.844	-3.380	-2.481	-3.179	-2.881	-2.899	-2.953
Greiddslur annarra fjármagnsliða	-12	-120	-300	551	700	700	700	700
Handbært fé frá rekstri	23.152	26.401	26.405	29.223	30.024	31.921	33.417	35.984
Fjárfestingarhreyfingar								
Fjárfesting rekstrarfjármuna	-19.310	-19.275	-20.585	-19.567	-19.442	-18.466	-17.000	-17.138
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	-4.141	0	5.867	0	0	0	2.500	-1.500
Fjárfestingarhreyfingar alls	-23.450	-19.275	-14.718	-19.567	-19.442	-18.466	-14.500	-18.638
Fjármögnunarhreyfingar								
Ný langtímalán	29.965	10.606	11.133	10.500	11.500	9.500	700	0
Afborganir langtímaskulda	-22.263	-20.523	-19.877	-19.520	-16.127	-17.453	-15.600	-11.253
Greiddur arður	-3.000	-4.000	-5.000	-5.000	-5.500	-5.500	-6.000	-6.000
Fjármögnunarhreyfingar alls	4.703	-13.917	-13.744	-14.020	-10.127	-13.453	-20.900	-17.253
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	6.935	-6.790	-2.057	-4.364	455	2	-1.984	92
Handbært fé í ársbyrjun	8.657	15.816	9.026	6.962	2.598	3.053	3.055	1.072
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	228	0	-7	0	0	0	0	0
Handbært fé í lok tímabils	15.820	9.026	6.962	2.598	3.053	3.055	1.071	1.164




Starfsmenn SHS hlaupa til styrktar Píeta samtökunum 2021. Úr myndasafni SHS.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

LEIÐARLIJÓS

Leiðarljós SHS er að veita gæðabjónustu vegna forvarna og fyrstu viðbragða til að vernda líf, heilsu fólks, umhverfi og eignir. Hjá liðinu starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk með skýr markmið.

SKIPURIT



FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022-2026


Að teknu tilliti til kjarasamningsbundinna launahækkana og magnaukningar, launþróunar, nýráðningar vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks og áhrifa hennar á mönnun aðgerðasviðs SHS er gert ráð fyrir að fjárhagsáætlun samstæðunnar verði samkvæmt eftirfarandi töflu. Áætlun 2023-2026 er á verðlagi 2022.

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022	Fimm ára áætlun			
				2023	2024	2025	2026
Rekstrartekjur	3.233.044	3.950.700	4.153.382	4.198.382	4.198.382	4.198.382	4.198.382
Tekjur samtals	3.233.044	3.950.700	4.153.382	4.198.382	4.198.382	4.198.382	4.198.382
Laun og launatengd gjöld	2.796.567	3.138.200	3.452.316	3.452.316	3.452.316	3.452.316	3.452.316
Annar kostnaður	510.217	538.900	596.766	596.766	596.766	596.766	596.766
Afskriftir	124.119	129.000	134.000	135.000	135.000	135.000	135.000
Gjöld samtals	3.430.903	3.806.100	4.183.082	4.184.082	4.184.082	4.184.082	4.184.082
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	-197.859	144.600	-29.700	14.300	14.300	14.300	14.300
Fjármagnsliðir	-11.814	-14.000	-14.000	-13.000	-13.000	-13.000	-13.000
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	-209.673	130.600	-43.700	1.300	1.300	1.300	1.300
Rekstrarniðurstaða	-209.673	130.600	-43.700	1.300	1.300	1.300	1.300

STARFSFÓLK

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi starfsmanna	190	202	227
Fjöldi stöðugilda	190	202	227
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Aðgerðasvið	167	178	203
Forvarnarsvið	10	11	11
Stoðsvið	13	13	13

SKIPTING REKSTRAR 2022



HLUTVERK

Hlutverk SHS er að sinna eldvarnaeftirliti, forvörnum og viðbúnaði við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt að sinna björgun fastklemmds fólks og öðrum þeim störfum sem því er falið samkvæmt lögum og samningum þar að lútandi. SHS sinnir sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu skv. samningi við ríkið.

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) er skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna sex sem eru eigendur liðsins. Slökkviliðsstjóri sér um daglega stjórn SHS. Hann er jafnframt framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Starfsemi SHS skiptist í tvö kjarnasvið, aðgerðasvið og forvarnarsvið, og þrjár stoðeiningar. Stjórnendur sviða og stoðeininga skipa framkvæmdastjórn SHS ásamt slökkviliðsstjóra.

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING 2022

Rekstrarniðurstaða

Í samræmi við ákvörðun á stjórnarfundi 15. október sl. þar sem samþykkt var að víkja frá þeirri meginforsendu að byggðasamlög skili fjárhagsáætlun með jákvæðri rekstrarniðurstöðu, er gert ráð fyrir 44 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu 2022. Gert er ráð að framlag í fjárfestingarsjóð lækki um 45 m.kr. miðað við forsendur í stofnsamþykktum SHS, en hækki aftur 2023-2026 og verði þá í takt við stofnsamþykktir og að rekstrarniðurstaða komist í jafnvægi aftur.

Rekstrartekjur

Tekjur frá eigendum eru áætlaðar 2.285 m.kr. eða um 55% af heildartekjum og hækka samtals um 161 m.kr. (7,6%) frá 2021. Áætlaðar tekjur af sjúkraflutningum eru um 40% af heild eða 1.663 m.kr. og hækka um 293 m.kr. (21,5%). Aðrar tekjur eru áætlaðar samtals um 205 m.kr. eða um 5% af heildartekjum, sem er um 7 m.kr. (3,7%) hækkun.

Samningar um sjúkraflutningana eru lausir í lok árs, eftir að hafa verið tvíframlengdir. Mikil óvissa er í rekstri SHS um þetta viðamikla verkefni og stóran tekjulið sem því fylgir.

Fjárhagsáætlun fyrir 2022 gerir ráð fyrir að samningaviðræðum við Sjúkratryggingar Íslands um sjúkraflutninga verði lokið fyrir árslok og að nýr samningur taki meðal annars mið af verðlagsþróun, fjölgun íbúa á svæðinu og kostnaðarauka vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks.

Framlag eigenda vegna reksturs SHS

Meginástæða hækkunar á framlagi eigenda vegna reksturs umfram verðlagshækkun er hækkun á launakostnaði. Þar vegur þýngst stytting á vinnutíma vaktavinnufólks, sem að óbreyttu tekur gildi 1. maí 2022, kjarasamningsbundnar launahækkunir í byrjun árs 2022 og fyrirsjáanleg launapróun starfsmanna varðliðsins vegna menntunar og starfsþróunar árið 2022.

Framlag til rekstrar miðað við framangreindar forsendur er um 2.196 m.kr. sem er uppsafnað um 10,8% hækkun miðað við áætlun 2021, þar af er hækkun verðlags um ríflega 4,9% og áætlaður hlutur eigenda á móti Sjúkratryggingum Íslands vegna áhrifa styttingar vinnutíma vaktavinnufólks á launakostnað vegur um 5,6%.

Framlag eigenda til AHS

Gert er ráð fyrir að framlagið hækki um 4,9% eða í takt við áætlaða hækkun launa- og neysluvísitölu 2022.

Framlag í fjárfestingarsjóð

Fjárfestingarframlag eigenda er stofnsamningsbundið, tengt SDR gengi og háð fjölda slökkvistöðva, sem eru fjórar í dag. Fjárfestingarframlag eigenda 2022 ætti að vera um 114 m.kr. ef miðað við væri við ákvæði í stofnsamningi og gengi SDR eins og það er 31. ágúst 2021. Stjórn SHS hefur samþykkt að á árinu 2022 verði framlag í fjárfestingarsjóð lækkað um 45 m.kr. og verði því tæpar 69 m.kr. Heildarlækkun á framlaginu er því 54 m.kr. (-44%) þegar tekið hefur við tillit framangreindrar lækkunar og 7,6% lækkun á gengi SDR milli ára.

Tekjur af sjúkraflutningum – ríkissjóður

Útkomuspá fyrir 2021 gerir ráð fyrir að tekjur af sjúkraflutningum verði 130 m.kr. (9,5%) hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Þar vegur þýngst fjölgun sjúkraflutninga, meðal annars vegna Covid-19.

Útkomuspá 2021 gerir ráð fyrir að tekjur vegna sjúkraflutninga verði um 1.499 m.kr., þar af eru tekjur af Covid-19 flutningum áætlaðar um 98 m.kr.

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir að nýr samningur við Sí taki gildi í upphafi árs 2022 og forsendur fjárhagsáætlunar ganga því út frá því að nýr samningur taki mið af núverandi samningi, þ.e. taki breytingum í takt við verðlag, þar sem hækkun launavísitölu vegur 86% og hækkun neysluvísitölu vegur 14%. Auk þess er hann háður magnbreytingum, bæði íbúafjölda á þjónustusvæðinu og fjölda sjúkraflutninga. Jafnframt er gert ráð fyrir að nýr samningur taki tillit til kostnaðaraukningar í tengslum við styttingu vinnuviku vaktavinnufólks hjá SHS.

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir að fjöldi sjúkraflutninga verði að mestu í takt við fjölda flutninga án Covid-19 í ár og hlutfallslega fjölgun íbúa í samræmi við mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (1,5%). Einnig er gert ráð fyrir að hlutfall innheimtra flutninga verði um 85% líkt og fyrir Covid-19.

Gert er ráð fyrir að heildartekjur af sjúkraflutningum 2022 verði um 1.663 m.kr. sem er um 294 m.kr. (21,5%) hækkun miðað við áætlun 2021. Sé einungis litið til almennra sjúkraflutninga (án Covid) nemur

hækkun frá útkomuspá 2021 um 262 m.kr. Uppsafnað er það um 18,7% hækkun, þar af eru ríflega 4,9% vegna verðlagshækkana og 13,1% vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks og magnaukningar.

Húsaleigutekjur SHS samstæðu

Gert er ráð fyrir að húsaleigutekjur hækki í takt við þróun neysluvísitölu 2022 og verði um 113 m.kr.

Aðrar sértekjur

Gert er ráð fyrir að aðrar sértekjur hækki um 4,4 m.kr. (5%) eða í takt við verðlag og verði um 92 m.kr. 2022.

Rekstrargjöld 2022

Rekstrargjöld SHS samstæðunnar eru áætluð 4.049 m.kr. á árinu 2022 sem er um 502 m.kr. (14,2%) hækkun frá áætlun 2021. Laun og launatengd gjöld hækka um 444 m.kr. (14,8%) og annar rekstrarkostnaður um 58 m.kr. (10,7%) frá áætlun 2021.

Laun og launatengd gjöld eru um 86% af rekstrargjöldum fyrir afskriftir og fjármagnskostnað og önnur rekstrargjöld um 14%. Hér er gerð grein fyrir helstu þáttum sem hafa bein áhrif á launakostnað næsta árs og þróun annars rekstrarkostnaðar.

Launakostnaður

Flöt hækkun mánaðarlauna 1. janúar 2022 er um 5,3% (vegið meðaltal) og önnur laun, s.s. vaktalag og yfirvinna, hækka í takt við hækkun mánaðarlauna. Þá er ekki búið að taka tillit til launaþróunar í starfi vegna menntunar, aldurs og stöðu.

Stytting vinnutíma vaktavinnufólks kallar á magnbreytingar, nýráðningar, en eins og áður hefur komið fram mun vinnutími vaktavinnufólks stytast í 36 stundir frá og með 1. maí 2022. Frekari stytting í allt að 32 stundir er möguleg og grundvallast á vægi vinnustunda. Hér er gert ráð fyrir að meðaltalsvinnuvika vaktavinnufólks verði um 34 stundir á viku.

Framangreind stytting vinnutíma vaktavinnufólks og mönnun aðgerðasviðs í takt við 2021 þýðir að ráða þarf inn um 25 manns í varðliðið vegna styttingar vinnuvikunnar. Heildarkostnaður, eftir að búið er að taka tillit til áætlaðra breytinga á launamyndun í tengslum við styttingu vinnutíma vaktavinnufólks, er um 229 m.kr. 2022 á verðlagi 2021, sem er um 9,2% hækkun heildarlaunakostnaðar varðliðsins miðað við áætlun 2021.

Launamyndun vaktavinnufólks breytist og mun taka meira mið af vaktabyrði en áður. Hvernig það verður útfært hjá SHS liggur ekki fyrir og er hluti af því sem þarf að taka fyrir í sameiginlegum vinnuhóp samningsaðila og rekstraraðila.

Launaþróun varðliðsins hækkar launakostnað 2022 um 42 m.kr. Áætlunin gerir ráð fyrir að þriðjungur varðliðsmanna fari upp um launaflokka vegna starfsaldurs og aukinnar menntunar. Einnig er gert ráð fyrir að fjölga þurfi í stöður varðstjóra vegna breytinga á vaktakerfi í kjölfar styttingar vinnutíma vaktavinnufólks.

Að teknu tilliti til ofangreinds hækkar heildarlaunakostnaðar hjá SHS 2022 um 444 m.kr. (14,8%) miðað við fjárhagsáætlun 2021.

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður SHS samanstendur af starfsmannakostnaði, rekstri og viðhaldi tækja, húsnæðiskostnaði og öðrum sameiginlegum kostnaði. Undir þennan lið falla stórir liðir sem taka annars

vegar mið af launavísitölu (5,4%), s.s. þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og hins vegar liðir sem taka mið af neysluvísitölu (2,4%), s.s. vinnufatnaður, námskeið og tölvubúnaður.

Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður hækki því samtals um 58 m.kr. (10,8%) 2022, miðað við áætlun 2021. Þar vegur þyngst kostnaðarauki vegna fjölgunar starfsmanna vegna styttingar vinnutíma vaktavinnufólks og breyting á vaktakerfi, samtals um 40 m.kr., þ.e. aukinn matarkostnaður, fatnaður, læknisskoðun, tryggingar o.fl.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, gildistími 1. janúar 2020 til 30. september 2023, er gert ráð fyrir að stytting vinnuviku vaktavinnufólks taki gildi frá og með 1. maí 2022. Helstu breytingarnar eru að vinnuvikan styttist úr 40 í 36 virkar stundir og launamyndun vaktavinnufólks tekur mið af fleiri þáttum en áður. Í nýju launamyndunarkerfi fjölga vaktaálagflokki og vægi vinnustunda er metið eftir áhrifum á heilsu og öryggi starfsfólks, sem getur leitt til aukinnar styttingar vinnutíma í allt að 32 tíma á viku. Þá verður greiddur sérstakur vaktahvati sem tekur mið af fjölbreytileika og fjölda vakta.

Það er mat samningsaðila að framangreindar breytingar séu til þess fallnar að auka möguleika vaktavinnufólks til að vinna hærra starfshlutfall en áður og hækka þannig tekjur sínar og ævitekjur. Þetta á ekki við hjá SHS þar sem allir starfsmenn eru í fullu starfshlutfalli.

Markmið kerfisbreytinganna er að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólks og auka möguleika þess til að samþætta betur vinnu og einkalíf, þannig að störf í vaktavinnu verði eftirsóknarverðari.

Í fjárhagsáætlun 2022 þarf því að gera ráð fyrir að vinnuvikan fyrir fólk í vaktavinnu styttist úr 40 stundum í 36 á viku, fyrir fullt starf. Frekari stytting í allt að 32 stundir er möguleg og grundvallast á vægi vinnustunda eins og áður hefur komið fram. Launamyndun vaktavinnufólks breytist og mun taka meira mið af vaktabyrði en áður. Hvernig það verður útfært hjá SHS liggur ekki fyrir og er hluti af því sem þarf að taka fyrir í sameiginlegum vinnuhópi samningsaðila og rekstraraðila eins og vitnað er hér í að ofan í umfjöllun um áætlaðan launakostnað SHS 2022.

Reiknað er með að mönnun aðgerðasviðs verði í takt við 2021, sem tekur meðal annars mið af brunavarnaáætlun SHS sem samþykkt 2018 og auknu álagi í sjúkraflutningum. Í brunavarnaráætluninni er árlegt endurskoðunarákvæði til að tryggja að SHS sé ávallt nægjanlega vel mannað til að sinna lögbundnum verkefnum og að önnur verkefni skerði ekki getu þess á neinn máta. Það er á borði Mannvirkjastofnunar að framkvæma árlega úttekt á mönnun liðsins.

Helstu verkefni aðgerðasviðs eru slökkvistörf og sjúkraflutningar. Heildarfjöldi boðana á árinu 2022 er áætlaðar um 37 þúsund, sem skiptist í 35,7 þúsund boðanir sjúkrabifreiða og 1,3 þúsund boðanir slökkvibifreiða.

Gert er ráð fyrir að verkefni forvarnarsviðs SHS 2022 verði í takt við árið 2021 eða í kringum 2.400. Nokkuð stór hluti af sértekjum SHS verða til á forvarnarsviðinu, m.a. vegna eftirlits og eftirfylgni kröfugerða, öryggisvakta og öryggis- og lokaúttekta.

Stoðeiningar SHS sinna bókhaldi, launum, innheimtu, uppgjörum og áætlanagerð, vinna greiningar á rekstri og aðrar stjórnendaupplýsingar, sinna stjórnsýslulegum erindum, stefnumótun, innra eftirliti, mannauðsmálum, rekstri tölvukerfa og þróun hugbúnaðar fyrir rekstur, aðgerðir og forvarnir. Stoðeiningarnar vinna náið saman og með starfsmönnum aðgerðasviðs og forvarnarsviðs að uppbyggingu og viðhaldi þjónustu liðsins við eigendur þess og almenning á höfuðborgarsvæðinu.

FRAMLÖG

Greiðslur sveitarfélaga	Á-2021	Á-2022	Breytingar Á-2022	Hlutfall
Heild				
Vegna reksturs SHS.....	1.981.600	2.195.575	213.975	10,8%
Vegna fjárfestinga SHS.....	123.100	68.787	(54.313)	-44,1%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	20.100	21.094	994	4,9%
Alls:	2.124.800	2.285.456	160.656	7,6%
Sundurliðun á sveitarfélag				
Reykjavík	1.197.092	1.289.109	92.017	7,7%
Vegna reksturs SHS.....	1.116.414	1.238.412	121.998	10,9%
Vegna fjárfestinga SHS.....	69.353	38.799	(30.554)	-44,1%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	11.324	11.898	574	5,1%
Kópavogur	346.277	369.839	23.562	6,8%
Vegna reksturs SHS.....	322.940	355.295	32.355	10,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	20.062	11.131	(8.930)	-44,5%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	3.276	3.413	138	4,2%
Hafnarfjörður	273.710	287.981	14.271	5,2%
Vegna reksturs SHS.....	255.264	276.655	21.392	8,4%
Vegna fjárfestinga SHS.....	15.857	8.668	(7.190)	-45,3%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	2.589	2.658	69	2,7%
Garðabær	154.481	171.015	16.534	10,7%
Vegna reksturs SHS.....	144.070	164.290	20.220	14,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	8.950	5.147	(3.803)	-42,5%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	1.461	1.578	117	8,0%
Mosfellsbær	110.165	121.592	11.427	10,4%
Vegna reksturs SHS.....	102.740	116.810	14.070	13,7%
Vegna fjárfestinga SHS.....	6.382	3.660	(2.723)	-42,7%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	1.042	1.122	80	7,7%
Seltjarnarnes	43.075	45.919	2.844	6,6%
Vegna reksturs SHS.....	40.172	44.113	3.941	9,8%
Vegna fjárfestinga SHS.....	2.496	1.382	(1.113)	-44,6%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	407	424	16	4,0%
Kjósarhreppur	21	22	1	5,0%
Vegna reksturs almannavarna AHS..	21	22	1	5,0%

Fjárhæðir í þús.kr.

FJÁRFESTINGAR

Ljóst er að ekki verður gengið frá kaupum á nýrri körfubifreið í ár eins og til stóð, en í brunavarnaáætlun var gert ráð fyrir kaupum á tveimur nýjum körfubifreiðum á tímabilinu 2020-2022. Í ljósi stöðunnar er gert ráð fyrir að bjóða út kaup á tveimur nýjum stiga-/körfubifreiðum sem yrðu þá afhentar og greiddar á næsta ári eða 2022.

Jafnframt var gert ráð fyrir kaupum á nýrri dælubifreið sem staðsett yrði á slökkvistöðinni í Grundarhverfi á Kjalarnesi á þessu ári en ljóst er að það frestast til 2022.

Áætlaðar heildarfjárfestingar 2022 eru allt að 400 m.kr. Þar af eru um 300 m.kr. vegna framangreindra fjárfestinga í körfu-/stigabílum og slökkvibifreið fyrir Kjalarnes. Gert er ráð að framangreindar fjárfestingar verði að óbreyttu fjármagnaðar með handbæru fé.

Undirbúningur að byggingu á nýrri slökkvistöð í stað stöðvarinnar á Tunguhálsi er hafinn. Ekki liggur fyrir með hvaða hætti fjármögnun á byggingu nýrrar slökkvistöðvar verður háttáð en áhrifa hennar mun gæta í fjárhagsáætlunum á komandi árum.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Rekstur SHS er fyrst og fremst fjármagnaður með framlagi frá sveitarfélögum og tekjum frá ríkinu vegna sjúkraflutninga.

Miðað við núverandi útkomuspá 2021 verður rekstrarniðurstaða ársins jákvæð um 131 m.kr. sem kemur til vegna eingreiðslu frá SÍ á útlögðum kostnaði vegna Covid-19 sem að stærstum hluta féll til 2020. Fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir að reksturinn yrði í járnnum, þ.e. afkoma ársins yrði um 1,3 m.kr.

Undanfarna mánuði hefur verið leitast við að styrkja mönnun varðliðsins tímabundið til að bregðast við álagi í sjúkraflutningum, sem að hluta er tilkomið vegna Covid-19 en ekki síður þeirrar fjölgunar sem hefur verið á almennum flutningum. Það sem af er ári hefur flutningum að Covid-19 flutningum undanskildum fjölgað um 17%. Heilbrigðisráðuneytið áformar að bjóða út Covid-19 flutninga fyrir þá sjúklinga sem geta setið við flutning. Ekki er gert ráð fyrir þeim flutningum í áætlun 2022 hjá SHS.

Útkomuspáin gerir ráð fyrir að launakostnaður 2021 verði um 130 m.kr. hærri en áætlað var, vegna tímabundinna ráðningar starfsmanna til að styrkja mönnun varðliðsins vegna sjúkraflutninga til áramóta sem er í takt við auknar tekjur vegna sjúkraflutninga.

Fjárhagsáætlun ársins 2022 gerir ráð fyrir 44 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu, sem kemur til vegna ákvörðun stjórnar að lækka framlag í fjárfestingarsjóð um 45 m.kr., miðað við forsendur í stofnsamþykktum SHS. Gert er ráð fyrir að fjárfestingarframlagið hækki aftur 2023-2026 verði þá samræmi við ákvæði í stofnsamþykktum SHS og að rekstrarniðurstaða komist í jafnvægi aftur.


LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi boðana sjúkrabifreiða	31.820	32.186	32.979	39.000	35.700
Fjöldi boðana slökkviliðs	1.450	1.264	1.271	1.312	1.332
Fjöldi skoðana/umsagna forvarnasviðs	2.360	2.400	2.000	2.400	2.400
Stærðir					
Eiginfjárlutfall	76,7%	77,1%	74,6%	76,7%	76,5%
Veltufjárlutfall	1,6	1,1	0,8	1,1	0,5
Skuldsetningarhlutfall	10,3%	8,9%	10,7%	9,8%	9,7%
Uppgreiðslutími langtímaskulda	1,3	1,0	0,6	0,40	1,00



Strætó bs.

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna sex sem mynda stór- höfuðborgarsvæðið. Meginhlutverk byggðasamlagsins er að veita þjónustu á sviði almenningssamgangna innan þess fjárhagsramma sem samlaginu er sett og nýta það fjármagn sem best til að koma til móts við óskir og væntingar viðskiptavina sinna. Þjónustusvæði byggðasamlagsins nær yfir höfuðborgarsvæðið. Einnig sinnir Strætó bs. þjónustuhlutverki fyrir almenningssamgöngur á landsbyggðinni og akstur fatlaðra og aldraðra á höfuðborgarsvæðinu sem hefur hlotið nafnið Pant akstur.




Eins og skipuritið ber með sér eru svið starfseminnar fimm. Stefnumótun fyrirtækisins nær til allra sviða og rekstrarins í heild sinni. Umhverfis- og öryggisstjórnkerfin eru hins vegar sérstaklega hönnuð og sniðin að starfsemi Rekstrarsviðsins enda megin þungi starfseminnar og stærsti hluti starfsmanna þar undir. Stjórnkerfin teygja sig þó út til allra sviða þar sem önnur svið þjónusta Rekstrarsvið að stórum hluta.

Pant akstur

Pant akstur er ætluð til afnota fötluðu og öldruðu fólki sem getur ekki nýtt sér almenningssamgöngur eða eigið farartæki. Markmiðið er að gera þjónustu einfaldari, nútímalegri og betur sniðna að þörfum hvers notanda. Megintilgangur er að þeir sem ekki geta nýtt sér almenningssvagna er gert kleift að stunda atvinnu, nám og njóta tómsunda.

² Fjárhagsáætlun Strætó bs. sem kynnt er í eftirfarandi greinargerð er í samræmi við uppfærð gögn samlagsins frá 26.10.2021 sem ekki hefur verið tekið tillit til í samstæðuáætlun Reykjavíkurborgar.



Stjórn Pant er skipuð fimm fulltrúum, tveimur sérfræðingum í málefnum fatlaðra og tveimur í fjármálum sem koma frá sveitafélögunum ásamt framkvæmdastjóra Strætó bs. Þjónustuhópur er skipaður tveimur fulltrúum frá stjórn Pant akstur ásamt ÖBÍ, Þroskahjálpar, Hópbílum og sviðsstjóra Pant akstur. Hlutverk þjónustuhóps er að vera samráðsvettvangur þeirra aðila sem koma að þjónustunni, eftirlitshlutverk með framkvæmd þjónustunnar og fjalla um hluti sem betur mættu fara.

STARFSFÓLK

	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi starfsmanna	261	287	287
Fjöldi stöðugilda	219	258	258
Stöðugildi eftir þjónustubáttum:			
Rekstrarsvið	183	219	219
Samrekstur	24	27	27
Pant akstursþjónusta	12	12	12


Rekstrarsvið sér um rekstur almenningsvagna, þar með talið flotastýring, verkstæði og þvottastöð. Undir samrekstur heyrir skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver. Pant akstur annast akstursþjónustu fatlaðra, fatlaðra skólabarna og aldraðra íbúa í Reykjavík, Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarness. Í áætlun 2022 er gert ráð fyrir sama fjölda starfsmanna og útkomuspá/ áætlun 2021. Fjölgun starfsmanna frá 2020 skýrist að mestu af styttingu vinnuviku. Vinnutímastytting vaktavinnuhópa kom til framkvæmda 1.maí 2021. Strætó bs. þurfti að ráða um 25 starfsmenn vegna þessarar breytingar.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022-2026


Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2020	Útkomuspá/ Áætlun 2021	Áætlun 2022	Fimm ára áætlun			
				2023	2024	2025	2026
Rekstrartekjur	8.089.068	8.567.060	9.080.851	9.394.247	9.433.501	9.473.423	9.514.023
Tekjur samtals	8.089.068	8.567.060	9.080.851	9.394.247	9.433.501	9.473.423	9.514.023
Laun og launatengd gjöld	2.656.416	2.842.972	3.118.550	3.017.851	3.017.851	3.017.851	3.017.851
Annar kostnaður	5.568.034	5.877.025	5.817.478	5.918.174	5.918.174	5.918.174	5.918.174
Afskriftir	254.954	242.333	283.678	317.678	317.678	317.678	317.678
Gjöld samtals	8.479.404	8.962.330	9.219.706	9.253.702	9.253.702	9.253.702	9.253.702
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	-390.336	-395.271	-138.855	140.545	179.799	219.720	260.320
Fjármagnsliðir	-63.578	-67.500	-103.662	-94.139	-90.944	-87.570	-84.006
Rekstrarniðurstaða	-453.914	-462.771	-242.517	46.406	88.854	132.150	176.315

SKIPTING REKSTRAR 2022

Rekstrartekjur 2022



Rekstrarkostnaður 2022



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsáætlun 2022 gerir ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu upp á 242 m.kr. Heimsfaraldur Covid-19 hafði umtalsverð áhrif á starfsemi félagsins á árinu 2020. Fargjaldasala var verulega undir áætlun ársins 2020 og umtalsverður halli af rekstri. Útkomuspá 2021 gerir ráð fyrir að fargjaldasala taki lítillega við sér seinni hluta ársins, en ekki er gert ráð fyrir að fargjaldasala verði svipuð og fyrir heimsfaraldur Covid-19 fyrr en í fyrsta lagi 2022-2023, er þá einnig horft til nýs greiðslukerfis sem tekið verður í notkun á síðari hluta árs 2021. En er þetta að gefnu að frekar tilslakanir verði á samkomutakmörkunum. Einnig virðist sem hluti almenning hafi breytt ferðavenjum sínum. Sækja þarf þessa viðskiptavini með markvissum aðgerðum og /eða fá nýja reglulega notendur.

Eigendur Strætó bs. bæta rekstrarhalla upp með sérstökum framlögum sem innheimt er á grundvelli fjárhagsáætlunar. Því til viðbótar leggja eigendur fram framlag til niðurgreiðslu nemendafargjaldi og fargjaldi öryrkja og aldraðra sem fært er meðal fargjalda. Framlög frá eigendum eru áætluð 4.163 m.kr. sem er hækkun um 2,5% frá áætlun fyrra árs. Hækkunin er breyting á strætóvísitölu sem tekur mið af samsetningu rekstrarkostnaðar og hækkun vísitalna (þjóðhagsspá mars 2021).

	Vægi	Breyting	2022
Laun	48%	5,4%	2,6%
Olía	22%	-2,2%	-0,5%
Nvt	12%	2,4%	0,3%
Viðhald og viðgerðir (undirvísitala nvt)	12%	1,5%	0,2%
Varahlutir (undirvísitala nvt)	6%	-0,5%	0,0%
Vegið meðaltal	100%		2,5%

Fjárhagsáætlun 2022-2026 gerir ráð fyrir að eigendur komi inn með aukið framlag upp á 275 m.kr. frá árinu 2023 sem er nauðsynleg til að viðhalda vagnflota félagsins. Viðhaldskostnaður vagna hefur aukist síðustu ár og reiknað er með að þessi kostnaður fari hækkandi enda er meðalaldur vagnflota Strætó bs. 8,6 ár. Æskilegt er að meðalaldur vagnflota sé um 5-6 ár.

Framlag ríkis er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hluti almenningsgangna í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, auknu umferðaöryggi og umhverfisvernd og er til 2022, gert ráð fyrir óbreyttu ríkisframlagi út samningstímann. Framlag ríkis 2021 var áætlað 906 m.kr. en við bættist aukaframlag að fjárhæð 120 m.kr. vegna heimsfaraldurs Covid-19. Gert er ráð fyrir að framlag ríkisins verði það sama og árið 2021 eða um 906 m.kr.

Til staðar er samningur milli allra sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins að undaskildu Hafnarfirði varðandi framkvæmd akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara. Sveitarfélögin greiða Strætó bs. verktakakostnað, vegna aksturs umfram fargjöld frá notendum viðkomandi sveitarfélags. Aksturskostnaður skiptist milli sveitarfélaga miðað við skráða notkun. Akstur dróst verulega saman á árinu 2020 sem rekja má til heimsfaraldurs Covid-19 einnig þess að Hafnarfjörður dró sig út úr samkomulaginu um mitt ár 2020. Áætlun 2022 gerir ráð fyrir lítillægri fjölgun á ferðum frá útkomuspá 2021. En akstur er háður reglum á samkomutakmörkunum og stöðu heimsfaraldurs, enda um viðkvæman hóp að ræða.


Aðrar tekjur eru þóknar Strætó bs. af Pant akstri, akstri á landsbyggðinni, auglýsingatekjur og aukaakstur sveitafélaga. Áætlun 2022 gerir ráð fyrir að aðrar tekjur aukist um 30% sem skýrst að mestu af aukaakstri innan Garðabæjar og Hafnarfjarðar. Einnig er stefnt að því að fara í átak í sölu auglýsinga á vagna.

Laun og launatengd gjöld er stór hluti af rekstrarkostnaði félagsins eða 33%. Vinnutímastytting vaktavinnuhópa kom til framkvæmda 1.maí 2021 og verður að fullu komið til framkvæmda 2022. Áætlaður heildarkostnaður af þeim breytingum hljóðar upp á um 350 m.kr. En til að bregðast við auknum rekstrarkostnaði og samdrætti í tekjum þarf að hagræða í rekstri Strætó, en jafnframt verður reynt að viðhalda sambærilegu þjónustustigi og árið 2021. Hagræðing verður í formi samdráttar í rekstrarkostnaði og lántöku.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Yfirstjórn og skipulagssvið

Vinna við nýtt leiðanet heldur áfram og gert er ráð fyrir að fyrstu tillögur liggi fyrir á árinu. Á árinu er gert ráð fyrir sambærilegu þjónustustigi og á árinu 2020 þó með hagræðingu sem unnið er að, sjá mynd



Pant akstur

Unnið hefur verið að Innleiðing nýrra tæknilausna sem heldur áfram með það að markmiði að bæta og einfalda þjónustu við viðskiptavinum.

Fjármál og rekstur

Stærsta verkefnið síðustu ár hefur verið innleiðing og þróun á nýju rafrænu greiðslukerfi, stefnt var að taka það í notkun í apríl 2021 en var því frestað vegna heimsfaraldurs Covid-19 og stefnt er að taka það í notkun í nóvember 2021. Nýja kerfið nútímavæðir innheimtu fargjalda hjá Strætó og gerir viðskiptavinum enn auðveldara að greiða fyrir þjónustuna, ásamt því að auka öryggi greiðslunnar. Nýtt greiðslukerfi mun einnig gefa mikilvægar upplýsingar um notkun, sem mun hjálpa til við ákvörðunartöku er varðar leiðanet og fargjaldauppbyggingu. Á árinu samþykkti Alþingi breytingar á lögum um farþegaflutninga sem gefur Strætó heimild til að krefja farþega, sem staðnir eru að því að svindla sér inn í vagninn, um sérstakt farþegaálag. Unnið er að reglum og útfærslu sem í framhaldi verður lagt fyrir Samgönguráðuneytið til samþykktar.

Mannauðs- og gæðasvið

Hluti af mannauðs- og gæðasviði eru þjónustumál. Áfram verður unnið að því að styrkja þjónustumál Strætó. Það er langtíma verkefni með það að markmiði að efla enn frekar þjónustu, þekkingu og viðmót starfsmanna Strætó auk þess að fjölga farþegum. Megináhersla markaðs- og sölumála er innleiðing nýs

rafræns greiðslukerfis og ný gjaldskrárstefna. Hluti af þeirri stefnu tók gildi 1. janúar 2021 þegar gjaldfrjáls var fyrir börn 11 ára og yngri. Einnig mun stór hluti verkefna sviðsins fara í að sækja fram til að auka tekjur á ný eftir Covid-19. Á árinu 2022 verður haldið áfram að leggja mikla áherslu á umhverfis- og gæðamál. Haldið verður áfram endurbótum á vottuðum gæðakerfum Strætó með sérstakri áherslu á umbætur í umhverfismálum, flokkun sorps og þess háttar. Öryggismál skipa stóran sess hjá Strætó og áfram verður unnið að fækkun tjóna með sérstakri áherslu á fræðslu og forvarnir í samvinnu við VÍS. Jafnlaunavottun Strætó og viðhald vottunar mun einnig vera í forgrunni á árinu 2022. Önnur verkefni eru endurmenntun atvinnubílstjóra, en Strætó er með starfsleyfi frá Samgöngustofu til að vera fræðsluaðili á þeim námskeiðum.

Rekstrarsvið

Undir rekstrarsvið heyrir allur akstur Strætó, verkstæði, innkaupadeild og þvottastöð. Á sviðinu starfa um 219 starfsmenn. Í lok árs 2020 skrifaði Strætó og Veitur undir viljayfirlýsingu um að sameina krafta sína til að tryggja að uppbygging rafmagnsinnviða Veitna taki tillit til þarfa Strætó og annarra vistvænna ferðamáta. Greiningar voru unnar í kjölfarið og voru niðurstöður birtar í skýrslu Veitna. Niðurstaðan var að lítil þörf er að styrkja dreifikerfi rafveitu Veitna vegna uppbyggingu hleðslukerfis Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Strætó er með hleðslustöð við Hesthál með 750 kW afli og eina 150 kW hleðslustöð í Grafarvogi. Niðurstaða skýrslunnar benda til að beinast liggja við að ráðast fyrst í uppbyggingu hleðsluinnviða í Mjódd þar sem aðstæður eru eins og þær verða bestar, bæði með tilliti til leiðakerfis og dreifikerfis rafmagns. Í skýrslunni eru einnig tilteknað fleiri ákjósanlegir staðir í leiðarkerfi Strætó þar sem auðvelt er að tengja verulegt hleðsluafli við dreifikerfi Veitna. Getur uppbygging hleðsluinnviða á þessum stöðum byrjað smátt án mikilla fjárfestinga en vaxið í skrefum eftir því sem rafmagnsvögnum fjölga og hleðsluþörf eykst. Gert er ráð fyrir að fjárfesta fyrir 400 m.kr. á næsta ári í umhverfisvænum vögnum og innviðum tengdum þeim, en hluti af núverandi vögnum Strætó er kominn til ára sinna, en meðalaldur vagnafloata Strætó bs. er 8,6 ár. Í framhaldi er gert ráð fyrir að fjárfest verði í umhverfisvænum vögnum um 200-300 m.kr. á ári 2023-2026.

FRAMLÖG

Framlög eigenda eru innheimt út frá samþykktri fjárhagsáætlun og skiptist á eigendur eftir mannfjölda, akstri innan hvers sveitarfélags og akstri stofnleiða. Í neðangreindri töflu má sjá hvernig áætlað rekstrarframlag 2022 skiptist á eigendur:

Rekstrarframlag	Skipting	Áætlun 2021	Áætlun 2022
Reykjavík	60%	2.445.337	2.508.579
Kópavogur	15%	617.407	633.375
Hafnarfjörður	10%	405.387	415.872
Garðabær	7%	302.138	309.952
Mosfellsbær	5%	214.683	220.235
Seltjarnarnes	2%	73.697	75.603
Samtals	100%	4.058.650	4.163.616

FJÁRFESTINGAR

Vagnafloata Strætó er orðin gamall og ekki hefur verið fjárfest í nýjum vögnum eins og stefnt var að, sem rekja má að miklu leiti til heimsfaraldurs Covid-19. Gert er ráð fyrir að fjárfesta í nýjum vögnum fyrir allt að 400 m.kr. 2022, sem fjármagnað verður með grænni lántöku. Áætlað er að fjárfest verði á árinu 2023 fyrir 200 m.kr. 250 m.kr. 2024 og 300 m.kr. árin 2025-2026.

Áframhaldandi fjárfesting verður í nýju greiðslukerfi fyrir allt að 80 m.kr. 2022. Uppfærsla rafræns greiðslukerfis er næsta rökrétta skref á eftir greiðsluappinu sem kom í lok árs 2014. Nýtt greiðslukerfi mun hjálpa til við lausn ýmissa vandamála sem eru í núverandi fyrirkomulag, t.a.m.:

Athugasemdir innri endurskoðanda Strætó. Koma þarf að nauðsynlegum útbótum vegna athugasemda frá innri endurskoðanda vegna meðhöndlun reiðufjár og virkni bauka í vögnunum. Núverandi baukar sem eru í vögnum eru orðnir um 30 ára gamlir og taka þarf ákvörðun um kostnaðarsama endurnýjun eða hætta með þá í skrefum samhlíða upptök nýrra greiðsluleiða.

Eykur öryggi greiðslunnar m.t.t. svindls. Áætlað er að svindl geti verið allt að 250-300 m.kr. árlega, meðal annars vegna sjónrænnar staðfestingar fargjalds þar sem auðvelt getur verið að sýna falsað eða útrunnið kort án þess að vagnstjóri geti með góðu móti sannreynt gildi korts, farmiða og núverandi staðgreiðsla með peningum er mjög ónákvæm.

Létta álaginu af bílstjórum, með því að hætta sjónrænni staðfestingu.

Betri upplýsingar um innstig, greiðslumiðla og notkun viðskiptavina, opnar möguleika á nýjum uppgjörmöguleikum á milli sveitarfélaga t.d. með tillit til notkunar íbúa hvers sveitarfélags o.s.frv.

Samnýting – m.a. við Borgarlínu. Ópið rafrænt greiðslukerfi gerir okkur það mögulegt að samþætta rafræn greiðslukerfi við hin ýmsu greiðslukerfi sveitarfélaganna og nýta þannig fjárfestingu og sérfræðiþekkingu mun betur en ella.

Eykur möguleika á að tengja saman greiðslumöguleika mismunandi ferðamáta.

Eykur sveigjanleika í uppbyggingu gjaldskrár.

Jafnframt er áætlað allt að 40 m.kr. fyrir áframhaldandi þróun á nýtingu upplýsingatækni til að þjónusta viðskiptavini betur og uppfærslu á núverandi upplýsingakerfum, t.a.m. bókhaldskerfi i, innra neti fyrir starfsmenn og þróun á rauntímaupplýsingum fyrir viðskiptavini á stoppistöðvum, rafrænt talningarkerfi o.fl.

FJÁRHAGSLEG STAÐA

Gert er ráð fyrir að framangreindar fjárfestingar verði fjármagnaðar með eigið fé og lánsfé. Í útkomuspá 2021 er heimild fyrir 400 m.kr. lántöku til grænna fjárfestinga. Lausafjárstaða félagsins fer versnandi sem rekja má til tekjufalls vegna heimsfaraldurs Covid-19, áætlun 2022 gerir ráð fyrir að lausafjárstaða félagsins verði lítil um mitt ár 2022. Stefnt er lántöku til að bregðast við lausafjársvanda félagsins.

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRÍ

	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Farþegafjöldi (í þús)	11.406	12.183	8.850	9.642	9.735
Aldur strætisvagna	7,65	8,39	8,55	9,17	10,17
Eiginfjárlutfall	49,0%	46,8%	39,9%	26,4%	18,0%
Veltufjárlutfall	0,9	1,2	0,8	0,8	0,6
Arðsemi eigin fjár (ROE)	-9%	-1%	-13%	-14%	-8%
Vægi fargjaldtekna í rekstrarkostnaði	34%	35%	25%	25%	30%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjur	2,2%	3,1%	-2,0%	-1,9%	0,9%
Skuldsetningarhlutfall	51%	53%	60%	74%	82%




SORPA BS.

LEIÐARLJÓS

Gildi SORPU, sem eru leiðarljós starfsmanna fyrirtækisins, voru ákvörðuð af öllum starfsmönnum. Gildi SORPU eru frumkvæði, traust og samheldni.

SKIPURIT

Gerðar voru breytingar á stjórnskipulagi samlagsins á árinu 2020. Tilgangur breytinganna var að nútímavæða samlagið, auka áherslu á þvergangandi teymisvinnu, bæta nýtingu sérfræðinga og tæknimanna í fjölbættum viðfangsefnum samlagsins. Breytingarnar gera samlagið betur í stakk búið að bregðast hratt og örugglega við breytingum í umhverfi þess. Nýtt skipurit samlagsins endurspeglar þessar áherslur.



INNGANGUR

Rekstraráætlun SORPU bs., fyrir árin 2022 – 2026 var samþykkt á stjórnarfundum þann 21. október 2022. Hún endurspeglar að SORPA bs. hefur stigið stórt og framsýnt skref með vinnslu lífræns úrgangs í gas- og jarðgerðarstöðinni GAJU. Með því er stefnt í áttina að aukinni sjálfbærni og kolefnishlutleysi og gegnir GAJA mikilvægu hlutverki í að innleiða hringrásarhagkerfið á Íslandi.

Með gerbreyttri og umhverfisvænni úrgangsstjórnun breytist einnig sá kostnaður sem felst í meðhöndlun úrgangs. Samkvæmt lögum verður SORPA að innheimta raunkostnað af meðhöndlun úrgangs. Í því ljósi hafa gjaldskrár félagsins verið teknar til gagnarrar endurskoðunar.

Ný gjaldskrá tekur gildi 1. janúar 2022, gjaldskrárliðum er breytt til hækkunar og aukast tekjur SORPU sem nemur um 29% til að mæta samsvarandi auknum kostnaði við bættu úrgangsméðhöndlun. Stefnt er á að útflutningur á brennanlegum úrgangi til orkuvinnslu hefjist í einhverjum mæli á árinu 2022 og að urðun verði hætt í Álfsnesi í lok árs 2023 eins og viðauki við eigendasamkomulag SORPU kveður á um.

ÞRENGT AÐ URÐUN

Ljóst er að til að standa við eigendasamkomulag um urðun á árinu 2022 þarf að þrengja verulega að heimildum til urðunar.

Vegna þeirrar takmörkuðu auðlindar sem urðun í Álfsnesi er orðin með eigendasamkomulagi hafa stjórnendur SORPU lagt til við stjórn að breyta móttöku úrgangs til urðunar þannig að hann fari að meginsteftu fyrst gegnum Móttöku- og flokkunarstöð SORPU í Gufunesi. Þetta er auk þess gert til að

tryggja að enginn lífrænn úrgangur verði urðaður í Álfsnesi, í samræmi við eigendasamkomulag. Áhrif breytinganna af þessu á sveitarfélögin er hverfandi þar sem þau afhenda lítinn sem engan úrgang beint á urðunarstað til urðunar.

Stjórnendur SORPU binda loks miklar vonir við að verulegur árangur verði af samræmingu flokkunar og sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu öllu og sérsöfnunar á lífrænum úrgangi sem gert er ráð fyrir að hefjist árið 2022. Samhliða því er gert ráð fyrir að flokkun á úrgangi á upprunastað verði betri, með tilheyrandi aukningu á endurvinnslu og samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og afhendingu á úrgangi til SORPU.

HLUTVERK

Byggðasamlagið SORPA er í eigu sex sveitarfélaga; Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Hlutverk SORPU er að annast meðhöndlun úrgangs og sinna þannig lögbundinni skyldu sveitarfélaganna. Það felur í sér rekstur á móttöku- og flokkunarstöð, gas- og jarðgerðarstöð, urðunarstað og sex endurvinnslustöðvum. Endurvinnslustöðvar eru reknar samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin. SORPA hefur einnig umsjón með rekstri á grenndargámum fyrir hönd sveitarfélaganna og rekur nytjamarkaðinn Góða hirðinn og Efnismiðlun Góða hirðisins. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru tólf talsins og eru höfuðstöðvar SORPU að Gylfahlöt 5 í Reykjavík.

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022-2026

Fjárhæðir í þús.kr.	Raun 2020	Útsp. 2021	Áætlun 2022	Fimm ára áætlun			
				2023	2024	2025	2026
Rekstrartekjur	3.807.780	4.549.198	5.865.178	6.626.568	7.012.438	7.250.958	7.488.415
Tekjur samtals	3.807.780	4.549.198	5.865.178	6.626.568	7.012.438	7.250.958	7.488.415
Laun og launatengd gjöld	1.385.226	1.704.478	1.883.582	1.954.560	2.036.651	2.124.660	2.199.068
Annar kostnaður	2.116.146	2.205.873	3.007.363	3.534.820	4.239.530	4.334.931	4.491.391
Afskriftir	308.502	378.728	356.531	365.088	372.390	381.700	391.242
Gjöld samtals	3.809.874	4.289.078	5.247.476	5.854.468	6.648.571	6.841.291	7.081.701
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	-2.094	260.120	617.703	772.100	363.867	409.667	406.714
Fjármagnsliðir	-142.039	-167.073	-156.020	-146.404	-136.733	-127.151	-117.580
Rekstrarniðurstaða	-144.133	93.047	461.683	625.695	227.134	282.516	289.134

STARFSFÓLK


Á árinu 2022 eru áætlaður fjöldi stöðugilda 127. Fjölgun stöðugilda á milli ára er m.a. vegna innhýsingar á vinnu umhverfisverkfræðings hjá GAJA.

Starfsmannafjöldi á starfsstöðvum er eftirfarandi:


	Raun 2017	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útsp. 2021	Áætlun 2022
Fjöldi starfsmanna	140	135	134	137	156	162
Fjöldi stöðugilda	111,4	112,5	112,7	112,94	121	127
Stöðugildi eftir þjónustuþáttum:						
Góði hirðirinn	27,2	23	21,4	21,63	25,3	25
Álfsnes	13,2	15,8	15,3	14,42	14,5	14
Endurvinnslustöðvar	31,5	34,4	35,9	37,35	42	41
Móttöku- og flokkunarstöð	27,6	28,3	27,9	25,33	32,8	34
Fjármálasvið	7,1	5,9	6	7,62	6,2	7
Skrifstofa framkvæmdastjóra	4,8	5,1	6,2	6,59	6,2	6

SKIPTING REKSTRAR 2022

Rekstrartekjur 2022



Rekstrarkostnaður 2022



MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG GREINING

Fjárhagsáætlun SORPU bs. tekur mið af meginforsendum Reykjavíkurborgar. Magnspá gerir ráð fyrir aukningu í samræmi við neysluverðsvísitölu og fólksfjöldaspá SSH til ársins 2026. Vert er þó að nefna að SORPA stendur ásamt samfélaginu á miklum krossgötum varðandi úrgangsmál á Íslandi. Löggjöf til bættrar meðhöndlunar og flokkunar á úrgangi hefur verið samþykkt en verið er að skoða sviðsmyndir og áhrif hennar á starfsemi SORPU og ytri þátta.

Þó svo að heildarmagn neyslu og úrgangsstrauma breytist ekki mikið, þá er ljóst að skipting á magni innan úrgangsflokka mun breytast töluvert árið 2022. Þetta hefur bein áhrif á rekstraráætlanir SORPU m.t.t eyðingargjalda, hagræðingar á vinnsluferlum og gjaldskrárbreytinga. Því skal taka það fram að samspil stjórnenda SORPU, stjórnar og eigenda hefur aldrei verið jafn mikilvægt þar sem breytingar eru fram undan og bregðast þarf við þeim á skilvirkan og skipulagðan hátt.

Þeim breytingum sem verða við bættu úrgangsmeðhöndlun fylgir aukinn kostnaður og gert er ráð fyrir að gjaldskrá hækki um 31% á helstu flokkum fyrir árið 2022.

Kostnaðaráhrif kjarasamninga við Eflingu eru reiknuð upp á árinu 2022 en á spátíma 2023-2026 tekur áætlaður launakostnaður mið af launavísitölu. Mannaflapörf hefur verið endurskoðuð á starfsstöðvum en auka þarf við mannafla um eitt starfsgildi í móttöku og flokkunarstöð vegna aukinna umsvifa og frekari meðhöndlunar. Áætluð hækkun launakostnaðar fyrir árið 2022 er um 10,5%.

Fjárfestingar eru áætlaðar 583,5 m.kr. 2022. Þar að auki verður á árinu 2022 hafin framkvæmd við byggingu endurvinnslustöðvar á Lambhagavegi og kostnaður sem fellur til á árinu 2022 er áætlaður 408

m.kr. Mögulega verður þessi framkvæmd fjármögnuð með lántöku en annars verða eigendur að leggja fram framlög til verkefnisins.

Yfirdráttarlán samlagsins hefur verið ónýtt síðan á vormánuðum 2021 og ekki gert ráð fyrir að nýta þurfi heimildina fyrr en á seinni hluta ársins 2022. Einnig var hætt við að taka viðbótarlán að fjárhæð 300 m.kr. sem heimild var fyrir á árinu 2021.

Gjaldskrár samlagsins taka töluverðum breytingum á árinu 2022 og fyrir því liggja tvær meginástæður.

- Í fyrsta lagi hefur gas- og jarðgerðarstöð samlagsins í Álfsnesi tekið til starfa. Lífrænn úrgangur er nú tekinn til vinnslu í stýrðum iðnaðarferlum, fyrst í nýrri framleiðslulínu í móttöku- og flokkunarstöð í Gufunesi og svo í gas- og jarðgerðarstöð. Fram til ársins 2020 var þessi úrgangur urðaður og gjaldskrá fyrir lífrænan úrgang endurspeglar því gerbreytt vinnulag við meðhöndlun þessa efnisstraums. Verð á meðhöndlun hans hækkar um áramót til að úrgangsflokkurinn endurspegli raunkostnað við vinnslu hans.
- Í öðru lagi fela kjarasamningar við stéttarfélagið Eflingu í sér verulegan kostnaðarauka fyrir samlagið.
- Í þriðja og síðasta lagi hefur verið tekið saman lögfræðilegt álit fyrir samlagið sem dregur fram þá skýru niðurstöðu að samkvæmt lögum 55/2003 um meðhöndlun úrgangs ber samlaginu skylda til þess að innheimta raunverulegan kostnað sem fellur til við alla meðhöndlun úrgangs. Ákvæði laganna takmarka jafnframt sveitarfélög með þeim hætti að þau mega ekki innheimta meira en sem nemur heildarkostnaði við meðhöndlun úrgangs, auk þess kostnaðar sem sveitarfélögum er heimilað að innheimta vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu og kynningarmála. Stórfelldar breytingar á starfsemi samlagsins, sem leiða af gangsetningu gas- og jarðgerðarstöðvar, minni urðunar og útflutningi á úrgangi, hafa leitt til þess að raunverulegur kostnaður fyrir einstaka efnisstrauma hefur breyst og þess vegna hefur þurft að endurskoða allar gjaldskrár samlagsins.

Einnig má nefna að SORPA mun á árinu 2022 blása til sóknar í kynningar- og fræðslumálum, sérstaklega í tengslum við fyrirhugaða samræmingu á sorphirðu á höfuðborgarsvæðinu og aukna sérsöfnun. Fyrir liggur þar að auki að frá 1. janúar 2023 hafa sveitarfélög og byggðasamlög lagaheimild til að umbuna úrgangshöfum fjárhagslega eftir forgangsröðun sem tilgreind er í lögum um meðhöndlun úrgangs. Þetta er grundvallarbreyting frá gildandi lögum sem er til þess fallin að stuðla að verulega betri meðhöndlun úrgangs hjá SORPU. Heildarkostnaður við meðhöndlun úrgangs mun að mati stjórnenda SORPU ekki breytast við þetta árið 2023 þar sem í nýjum lögum felst krafa um áframhaldandi innheimtu raunheildarkostnaðar. Þegar þeir hvatar sem lögin heimila byrja að skila tilætluðum árangri má hins vegar gera ráð fyrir að heildarkostnaður við meðhöndlun úrgangs lækki með meiri og betri flokkun hjá heimilum og rekstraraðilum með tilheyrandi væntri lækkun á vinnslukostnaði SORPU.

MEGINÁHERSLUR ÞJÓNUSTUÞÁTTA OG HELSTU BREYTINGAR MILLI ÁRA

Á árinu 2022 er gert ráð fyrir 2,4% aukningu í magni en magnaukning úrgangs árin 2023 – 2026 er áætluð sú sama og hlutfallsleg fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu öllu. Þessi aukning er áætluð 0,88% á ári en gert ráð fyrir að tekjur aukist meira vegna aukins kostnaðar við útflutning.

Árið 2022 er gert ráð fyrir að sala aukist á árinu þegar gas- og jarðgerðarstöð er komin í fullan rekstur og sölusamningar á metani til iðnaðarnota verða verið virkjaðir.

Uppvinnsla: Á árinu 2021 hefur dregið verulega úr urðun lífræns úrgangs samkvæmt áætlun verða um 8.000 tonn af slíkum úrgangi urðuð 2021. Öll starfsemi samlagsins í Álfsnesi nefnist nú uppvinnsla, sem nær yfir starfsemi GAJA, gashreinsistöðvar og urðunarstaðar.

Engin veruleg breyting varð á mannafla í Álfsnesi með tilkomu GAJA heldur fluttist mannafla frá urðunarstað og gashreinsun yfir í GAJA. Á þessu er ein undantekning því ráðinn var til starfa

umhverfisverkfræðingur til GAJA, en á móti kemur að þjónustusamningum við ráðgjafarfyrtæki um sömu viðfangsefni hefur verið sagt upp.

Með því er umtalsverðri starfsemi sem telst til kjarnastarfsemi innhýst við rekstur urðunarstaðar og GAJA. Af þessari breytingu mun einnig hljóttast hagræði í rekstri.

Samkvæmt viðauka við eigendasamkomulag frá júlí 2020 var Gými lokað og hann rifinn haustið sama ár og unnið er að lagfæringu á ásýnd urðunarstaðarins í Álfsnesi.

Tekjur vegna þeirra deilda sem nefnast nú uppvinnsla einu nafni voru 1.665 m.kr. árið 2020, þær verða 1.898 m.kr. skv. útkomuspá 2021 og 2.279 m.kr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2022.

Rekstrarkostnaður var 1.090 m.kr. árið 2020, verður 1.156 m.kr. skv. útkomuspá 2021 og 1.704 m.kr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2022.

Helstu breytingar felast í því að laun og launatengd gjöld hækka um 28,7 m.kr. eða 11,9% vegna hækkana á kjarasamningum. Móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs hækkar um 272,3 m.kr. eða um 42% vegna aukinna eyðingargjalda og flutningskostnaðar. Einnig hækkar rekstur húsnæðis og lóðar um 43,5 m.kr. eða 29,4% vegna frágangs á urðunarstað og rekstur GAJA.

Móttöku- og flokkunarstöð: Gert er ráð fyrir að magn innan úrgangsflokka breytist vegna bættrar flokkunar við heimili og hjá rekstraraðilum. Þetta á sérstaklega við um sérsöfnun á lífrænum úrgang.

Gert er ráð fyrir því að fljótlega á árinu 2022 verði aukning á sérsöfnuðum lífrænum úrgangi og á sama tíma minnkun á almennum heimilisúrgangi. Þættir sem sérsöfnun við heimili, vitundarvakning til rekstraraðila og hagræðing muni styðja við þessa þróun. Þetta skilar hagræðingu á vinnsluleið til GAJA ásamt minnkun á heildarmagni til urðunar og brennslu. Jafnframt berst úrgangur til MTFS sem áður var skilað beint í Álfsnes til urðunar, til dæmis flokkar eins og fóður, mjöl og hveiti og deig.

Með gangsetningu forvinnslulínu almenns heimilisúrgangs í MTFS síðsumars 2020 jókst vélbúnaður stöðvarinnar umtalsvert. Unnið er að stöðugum betrubótum alls búnaðar stöðvarinnar með tilliti til öryggis, áreiðanleika og fyrirbyggjandi viðhalds. Með því móti er stuðst við að hámarka endurnýtingarhlutfall efnisstrauma sem til stöðvarinnar berast á sem hagkvæmasta hátt.

Með útflutningi brennanlegs úrgangs til að ná markmiðum um að hætta að urða verður sett upp plastpökkunarvél fyrir bagga og unnið er að uppfærslu annars eldri búnaðar til að mæta kröfum brennsluáðila. Undir handleiðslu sérfræðings í framleiðslustjórnun verður unnið að meiri festu við að flokka frá endurvinnsluefni til að varna því að þau berist til urðunar. Kallar það á meiri flokkun á gólfi og breyttrar skipulagningar.

Í MTFS er nýr starfsmaður sem sér um verkefnastjórn og utanumhald vegna uppsetningar pökkunarvélar og annarra breytinga sem er í gangi og verður hans hlutverk þegar þeim verkum lýkur að samræma viðhalds og þjónustumál vélbúnaðar á öllum starfstöðvum SORPU. Að undangengnu útboði á vinnuvélum hefur verið stigið stórt skref með endurnýjun á vinnuvélum sem komnar eru til ára sinna. Mannaflapörf stöðvarinnar er í stöðugri endurskoðun bæði með breytum verkferlum og breyttri flokkun frá viðskiptavinum. Jafnframt verður unnið að breytingum til batnaðar á starfsmannaaðstöðu um mitt ár 2022 sem er komin vel til ára sinna.

Tekjur vegna móttöku- og flokkunarstöðvar voru 1.589 m.kr. árið 2020, þær verða 2.168 m.kr. skv. útkomuspá 2021 og 2.970 m.kr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2022.

Rekstrarkostnaður var 1.452 m.kr. árið 2020, verður 1.749 m.kr. skv. útkomuspá 2021 og 2.589 m.kr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2022.

Mestu breytingar felast í því að móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs hækkar úr 1.248 m.kr. (2021) í 1.687 m.kr. (2022) vegna hækkana á eyðingagjöldum, flutningum og viðhaldi véla.

Endurvinnslustöðvar: Endurvinnslustöðvar eru reknar skv. þjónustusamningi SORPU við öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur þeirra eru ávallt jafnháar gjöldum og hefur rekstur þeirra því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins.

Endurvinnslustöðvarnar afla eigin tekna, meðal annars með innheimtu í hliði, af sölu inneignarkorta, sölu málma og raftækja ásamt umboðsgjaldi vegna móttöku skilgjalddsskyldra umbúða fyrir Endurvinnsluna hf.

Mismun á tekjum og gjöldum endurvinnslustöðvanna greiða sveitarfélögin í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi. SORPA bs. rekur einnig grenndargámakerfi fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, kostnaður af grenndargámakerfinu skiptist í samræmi við val hvers sveitarfélags á notkun.

Magn úrgangs sem berst endurvinnslustöðvunum er alla jafna áætlað út frá spá um breytingu á einkaneyslu og fjölsfjölda, skoðað í ljósi magntalna liðins árs. Ástandið árið 2021 hefur hins vegar verið mjög sérstakt, magnaukning á fyrri hluta ársins en samdráttur á seinni hluta.

Áætlaða þróun magns á endurvinnslustöðvunum næstu ár má sjá í næstu töflu. Skipting úrgangs milli flokka er áætluð sú sama og árið 2020 en samsetning úrgangsins sem berst endurvinnslustöðvunum hefur mikil áhrif á kostnað stöðvanna. Samsetning úrgangs hefur breyst undanfarin misseri, en markmiðið hefur verið að auka flokkun. Lykillinn að árangri á þessum sviðum er fræðsla til almennings og fyrirtækja og að endurvinnslustöðvar séu vel mannaðar af vel þjálfuðu starfsfólki. Í því samhengi er þó rétt að benda á að fyrir árið 2022 er gert ráð fyrir sama mannafla hjá endurvinnslustöðvunum og árið 2021.

Spá um magn úrgangs inn á endurvinnslustöðvar

	Raun		Spá				
	2020	Útksp. 2021	2022	2023	2024	2025	2026
Spá SSH um breytingu í einkaneyslu	-3,3%	2,3%	4,1%	3,5%	2,8%	2,7%	2,6%
Spá um fjölgun			0,88	0,88	0,88	0,88	0,88
EVST (tonn)	60.500	60.500	60.500	62.100	63.524	64.947	66.370

Heimsóknum á endurvinnslustöðvar hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Bílateljarar telja yfir 900.000 ökutæki inn á stöðvarnar og að því gefnu að tveir séu í hverjum bíl þá eru hátt í tvær milljónir viðskiptavina að heimsækja stöðvarnar á ári. Samningar við verktaka um gámaleigu og flutning runnu út 30. mars 2021 og hefur verið samið að nýju til 6 ára. Hagstæðustu tilboðin sem bárust voru 6% yfir kostnaðaráætlun. Samið var við Terra um 4 endurvinnslustöðvar, jafnframt var samið við IGF og Kubb um sitthvora stöðina.

Rekstrarkostnaður og tekjur vegna endurvinnslustöðva voru 1.532 m.kr. árið 2020, þær verða 1.576 m.kr. skv. útkomuspá 2021 og 2.090 m.kr. samkvæmt fjárhagsáætlun 2022. Helstu breytingar felast í því að móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs hækkar úr 985 m.kr. (2021) í 1.326 m.kr. (2022) vegna hækkunar á gjaldskrá MTFs.

Góði Hirðirinn: Markmið Góða hirðisins er að endurnýta, draga úr sóun og um leið tryggja jákvæða rekstrarafkomu svo hægt sé að styrkja líknarfélög og önnur félög sem vinna að góðgerðarmálum. Nothæfum og seljanlegum munum, s.s. húsgögnum, raftækjum og smáhlutum er skilað í nytjagáma endurvinnslustöðvanna og þeir síðan seldir í Góða hirðinum. Þannig nýtast munir aftur hjá nýjum eigendum og allur hagnaður af sölu þeirra rennur til góðgerðarmála. Í verslunina berast margir dýrgripir sem hafa menningarlegt og sögulegt gildi. Verslunin stuðlar þannig ekki aðeins að endurnotkun muna heldur einnig að varðveislu menningararfs og listmuna sem að öðrum kosti hefðu glatast.

Vegna breytinga í neyslumynstri Íslendinga og áhuga á hringrásarhagkerfinu sem stuðlað hefur að meiri endurnotum hafa vinsældir Góða hirðisins undanfarin ár aukist gífurlega og á það bæði við um þær nytjavörur sem berast og þeim viðskiptavinum sem versla við Góða hirðinn.

Húsnæði Góða hirðisins að Fellsmúla hefur verið fullnýtt í nokkur ár og vegna aukins áhuga á hringrásarhagkerfinu hefur magnið farið yfir þölmörk verslunarrýmisins. Um 600.000 nytjavörur hafa verið seldar á fyrstu 9 mánuðum ársins 2021.

Þessi aukning leiddi til tímabundinnar opunar á annarri verslun á Hverfisgötu í lok árs 2020. Viðtökurnar voru mjög jákvæðar og mikill áhugi á þeirri vöruframsetningu sem þar var í boði. Því var ákveðið að halda versluninni opinni áfram í betrubættu verslunarrými og á tímabilinu apríl-september 2021 voru seldar um 19. þúsund nytjavörur á Hverfisgötunni.

Vefverslun Góða hirðisins var opnuð í október 2020 og urðu vinsældir hennar fljótt miklar og frá janúar-september 2021 voru seldar um 12 þúsund nytjarvörur í gegnum vefverslunina.

Í lok september 2021 er endursöluhlutfall GH komið í 65% miðað við 52% árið á undan. Rekja má þessa aukningu til nýrrar verslunar á Hverfisgötu, opnun netverslunar og breyttu vinnuskipulagi. Það er því ljóst að fleiri fermetrar stuðla að aukinni endurnýtingu.

Árið 2022 verður spennandi hjá Góða hirðinum. Unnið verður að stækkun og flutningi á flaggskips verslun Góða hirðisins ásamt því að efla bæði verslunina á Hverfisgötu og vefverslunina.

Hækkandi kostnaður við Góða hirðinn í rekstraráætlun helst í hendur við auknar tekjur og kemur rekstur Góða hirðisins því ekki við annan rekstur SORPU.

FJÁRFESTINGAR

Uppvinsla: Bygging GAJA í Álfsnesi hófst seinni hluta árs 2018 og var stöðinni skilað af verktaka í apríl 2020. Uppkeyrsla hófst þá um haustið. Vinnsla á lífrænum úrgangi og framleiðsla á metaneldsneyti úr lífgasi hófust fljótlega eftir það.

Móttaka og vinnsla sláturúrgangs, sem er nýttur til lífdísselframleiðslu annars vegar gas- og jarðgerð í GAJU hins vegar er í undirbúningi í samvinnu við Ymir Technologies. Verkáætlun gerir ráð fyrir að vinnsla geti hafist í ársbyrjun 2023.

Árin 2022-2023 er gert ráð fyrir að haldið verði áfram með uppfærslu á núverandi gashreinsistöð í Álfsnesi og fjárfesta í flutningslausnum sem er forsenda þess að hægt sé að flytja og selja metan.

Möguleikar á vökvagerð metans (LNG) eru í skoðun og einnig er til skoðunar að koma upp gastúrbínu til framleiðslu á rafmagni úr hauggasi. Sú rafmagnsframleiðsla myndi nýtast til að knýja vélbúnað GAJA, a.m.k. að hluta.

Fram undan er fjárfesting í sigtunar- og hreinsibúnaði fyrir moltu sem framleidd er í GAJA, en til að uppfylla kvaðir starfsleyfis þarf að hreinsa moltuna og ná úr henni aukæfnum sem koma með blönduðum lífrænum heimilísúrgangi sem skilað er í GAJA, til dæmis plasti og málmum.

Önnur fjárfesting í Álfsnesi er vegna reglubundinna viðhalds- og endurnýjunarverkefna, til dæmis kaupa og endurnýjunar á vinnuvélum. Í fjárfestingaráætlun GAJU er gert ráð fyrir 60 m.kr. vegna úrbóta á loftræsingu. SORPA hefur falið verkfræðingum að kanna hvort um gallamál sé að ræða.

Samkvæmt svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs er stefnt að byggingu sorpbrennslustöðvar á næstu árum, enda liggur fyrir ákvörðun eigenda um að hætta urðun brennanlegs úrgangs. Brennslustöð er dýr framkvæmd, en þess má geta að heildarkostnaður við slíka stöð gæti numið um 20-30 ma.kr. Verkefnið kallar á víðtæka samvinnu og vandaðan undirbúning, sem þegar er hafinn.

Móttöku- og flokkunarstöð: Fjárfestingar vegna útflutnings á brennanlegum úrgangi og færsla verkstæðis eru þau verkefni sem aðallega koma til á árinu 2022. Innkaup vinnuvéla eru í gangi að undangengnu útboði og sökum langs afhendingartíma á þeim búnaði þá verða útgjöld vegna þessa bæði árið 2021 og 2022.

Fjárfestingar í uppfærslu búnaðar og endurnýjun tækja verða samkvæmt áætlun árið 2022 og þarfir fjárfestingarverkefna metnar hverju sinni áður en gengið verður til samninga.

Endurvinnslustöðvar: Á undanförunum árum hefur umfang úrgangs sem skilað er til endurvinnslustöðva vaxið verulega. Umferð hefur aukist og ástandið er víða orðið erfitt, einkum þó á stöðinni á Dalvegi. Bent hefur verið á að tryggja þurfi öryggi starfsmanna og viðskiptavina og lágmarka slyshættu.

Endurskoðun á fyrirkomulagi endurvinnslustöðva samlagsins er því löngu tímabær og hefur verið rætt um flutning stöðvarinnar við Sævarhöfða, lokun stöðvarinnar við Dalveg og stækkun stöðvarinnar við Jafnasel. Af hálfu samlagsins hefur ítrekað verið bent á þetta og settar fram hugmyndir um stækkun stöðvarinnar í Jafnaseli, og óskað eftir leiðbeiningum um hvað gæti tekið við, ef stöðinni við Dalveg verður lokað.

Lítið hefur þó þokast í þessum málum, með þeirri undantekningu þó að fyrir liggur að á árinu 2023 verður endurvinnslustöðinni á Sævarhöfða lokað en þess í stað opnuð endurvinnslustöð við Lambhagaveg. Áætlanir um fjárfestingar endurvinnslustöðvanna byggja því á þeirri forsendu að engin önnur breyting verði á fyrirkomulagi eða staðsetningu stöðvanna.

Áætlaður kostnaður við uppbyggingu nýrrar endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg er 1.020 m.kr. Samkvæmt ákvörðun eigenda er þó fjárfesting í endurvinnslustöðvum ekki hluti af fjárfestingaráætlun samlagsins, þess í stað verða ákvarðanir um slíkar fjárfestingar teknar af eigendum og undirbúningur og framkvæmd þeirra fjármagnaðar sérstaklega af þeim.

Aðalskrifstofa: Gert er ráð fyrir uppfærslu á tölvukerfum SORPU árið 2022 að fjárhæð 35 m.kr. Einnig er gert er ráð fyrir 15 m.kr. í fjárfestingar vegna skrifstofuhúsnæðis en mögulega verða skrifstofur fluttar í nýtt húsnæði.

FRAMLÖG VEGNA SORPU

Í upphafi árs 2021 lögðu eigendur 500 m.kr. stofnframlag til SORPU bs., ekki er gert ráð fyrir frekari stofnfjárframlögum á árunum 2022-2026

FRAMLÖG VEGNA REKSTURS ENDURVINNSLUSTÖÐVA

Kostnaðaráætlun vegna byggingar endurvinnslustöðvar á Lambhagavegi er samtals 1.020 m.kr. Kostnaður mun skiptast á eigendur í samræmi við töfluna hér að neðan.

Sveitarfélag	2022	2023
Reykjavík	230.676	346.015
Kópavogur	66.066	99.099
Hafnarfjörður	51.209	76.813
Garðabær	30.414	45.622
Mosfellsbær	21.502	32.252
Seltjarnarnes	8.133	12.200
Samtals	408.000	612.000

LYKILTÖLUR OG HELSTU MAGNTÖLUR Í REKSTRI

Kennitölur	Raun 2018	Raun 2019	Raun 2020	Útksp. 2021	Áætlun 2022
Veltufjárhlutfall	2,43	0,94	0,43	0,45	0,47
Eiginfjárhlutfall	75,8%	48,3%	48,6%	54,0%	55,4%
Arðsemi eigin fjár	17,7%	2,6%	-3,2%	2,1%	9,3%
Skuldsetningarhlutfall	5,4%	67,5%	57,6%	47,9%	48,6%
Veltufé frá rekstri /rekstrartekjum	18,0%	8,9%	5,8%	12,2%	15,1%
Framlegð /rekstrartekjum	17,7%	9,7%	8,0%	14,0%	16,6%

